

Skýrsla

umboðsmanns Alþingis

fyrir árið 2000

TIL ALÞINGIS

Í samræmi við 12. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, hef ég samið skýrslu þá, er hér fylgir, um störf mín á árinu 2000.

Í skýrslunni er fylgt því fyrirkomulagi sem tekið var upp í skýrslu umboðsmanns Alþingis fyrir árið 1998 að birta að meginstefnu til aðeins útdrætti (reifanir) vegna mála sem umboðsmaður hefur lokið með álit eða bréfi og ákveðið að birta opinberlega. Sem fyrr er vakin athygli á því að álit umboðsmanns birtast nú ásamt útdrætti (reifun) á heimasíðu hans (sjá: www.umbodsmaduralthingis.is) jafnóðum og málunum er lokið.

Skýrslan er í fimm köflum. Fyrsti kafli fjallar um störf umboðsmanns Alþingis og rekstur skrifstofu hans árið 2000. Í öðrum kafla eru töflur og tölfræðilegar upplýsingar um þau mál sem umboðsmaður kannaði á árinu, svo og tölfræðilegar upplýsingar um áður afgreidd mál. Í þriðja kafla eru birtar niðurstöður og álit í málum, sem ég og settir umboðsmenn Alþingis afgreiddum á árinu og ástæða þykir til að gera sérstaka grein fyrir í skýrslunni. Í fjórða kafla er gerð grein fyrir framvindu mála sem fjallað er um í fyrri skýrslum umboðsmanns. Fimmti kafllinn geymir skrár yfir atvikið og lagatiltök, svo og skrá yfir mál í númeraröð. Skrár þessar eru einnig aðgengilegar á heimasíðu umboðsmanns Alþingis og er stefnt að því þær birtist eingöngu þar þegar þær hafa verið tengdar leitarvél heimasíðunnar.

Tekið skal fram að vegna þess hversu snemma var lokið við frágang á skýrslunni liggja takmarkaðar upplýsingar fyrir um viðbrögð stjórnvalda við tilmælum sem ég beindi til þeirra í álitum sem ég sendi frá mér á árinu.

Reykjavík, 24. apríl 2001.

Tryggvi Gunnarsson.

Skýrsla

**umboðsmanns Alþingis
fyrir árið 2000**

Maí 2001

Efnisyfirlit

	Bls.
I. STÖRF UMBOÐSMANNS ALÞINGIS 2000	9
II. TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR UM SKRÁÐ MÁL OG AFGREIÐSLUR ÞEIRRA ÁRIÐ 2000	15
1.0. Skráð mál og afgreiðslur þeirra árið 2000	15
1.1. Málafjöldi	15
1.2. Skipting kvartana	15
1.3. Afgreiðsla mála	17
1.4. Skipting mála eftir aðilum, sem kvörtun beinist að	17
1.5. Skipting mála eftir viðfangsefnum	20
2.0. Tölfræðilegar upplýsingar um áður afgreidd mál	21
2.1. Skráð og afgreidd mál 1988–2000	21
2.2. Skipting mála eftir afgreiðslu þeirra 1988–2000	22
2.3. Mál er fallið hafa utan starfssviðs umboðsmanns 1988–2000	23
2.4. Mál flokkuð eftir ráðuneytum 1988–2000	24
2.5. Mál flokkuð eftir viðfangsefnum 1988–2000	24
III. ÁLIT OG AÐRAR NIÐURSTÖÐUR Í MÁLUM AFGREIDDUM ÁRIÐ 2000	25
1.0. Almennatryggingar	25
1.1. Fæðingarorlof. EES-samningurinn. Lagaskil. Framsending máls. Upplýsingaskylda stjórnvalda	25
1.2. Umönnunargreiðslur. Samtímis greiðslur bóta. Stjórnsýsluframkvæmd. Lögmætisreglan. Rökstuðningur	26
1.3. Umönnunargreiðslur. Lögmætisreglan	28
1.4. Endurupptaka. Hugtakið slys. Stjórnsýslukæra	29
1.5. Slysatrygging. Rannsóknarreglan. Rökstuðningur	30
1.6. Örorlumat. Rannsóknarreglan. Rökstuðningur	31
1.7. Styrkur til kaupa á bifreið. Rannsóknarreglan. Skyldubundið mat	32
1.8. Hjálpartæki. Rannsóknarreglan. Skyldubundið mat. Rökstuðningur. Form og efni úrskurða	33
1.9. Rökstuðningur. Endurkröfuréttur samkvæmt almennatryggingalögum	34
2.0. Fangelsismál	35
2.1. Agaviðurlög. Einangrun. Evrópskar fangelsisreglur. Heilbrigðisþjónusta í fangelsum. Mannréttindasáttmáli Evrópu. Rannsóknarreglan. Stjórnsýslukæra	35
2.2. Reynslulausn. Náðunarnefnd. Álitsumleitan. Andmælaréttur. Vandaðir stjórnsýsluhættir. Jafnræðisregla. Rannsóknarreglan. Rökstuðningur	46
2.3. Vararefning. Dagpeningar. Evrópskar fangelsisreglur. Lagaheimild	47

2.4.	Agaviðurlög. Dagsleyfi. Stjórnsýslukæra. Form og efni úrskurða ...	48
2.5.	Dagsleyfi. Evrópskar fangelsisreglur. Lögmatísreglan. Máls- hraði	48
3.0.	Foreldrar og börn	50
3.1.	Ættleiðing. Sáttmáli Evrópuráðsins um ættleiðingu barna. Skyldubundið mat. Leiðbeiningarreglur. Rökstuðningur. Jafn- ræðisregla	50
3.2.	Endurskoðun meðlagsfjárhæðar. Rökstuðningur. Málshraði	66
4.0.	Gjafsókn	68
4.1.	Lagaskilyrði fyrir gjafsókn. Skyldubundið mat. Rökstuðningur	68
5.0.	Húsnæðismál	69
5.1.	Félagslegar íbúðir. Útreikningur á greiðslu til seljanda. Rök- stuðningur. Birting stjórnsvaldsfyrirmæla	69
6.0.	Hæfi	71
6.1.	Örorkunefnd. Sérstakt hæfi	71
7.0.	Kosningar	72
7.1.	Kjörskrá. Tilkynning um breytt lögheimili	72
7.2.	Gildi kjörskrár og kjörseðla. Málskraði	85
8.0.	Landbúnaður	87
8.1.	Útflutningsskylda sauðfjárafurða. Vandaðir stjórnsýsluhættir. Málskraði. Andmælaréttur. Birting ákvörðunar. Leiðbeiningar- skylda	87
8.2.	Innlausn á jarðarhluta. Eignarnám. Sérstakt hæfi. Stjórnsvalds- ákvörðun. Rannsóknarreglan. Meðalhófsreglan	88
9.0.	Lögheimili	91
9.1.	Birting ákvörðunar. Leiðbeiningarskylda	91
10.0.	Málsmeðferð stjórnvalda	92
10.1.	Stjórnsýslukæra. Kæruheimild. Eftirlitsskylda stjórnvalda. Leið- beiningarskylda. Rannsóknarreglan. Áfengismál	92
11.0.	Námslán og námsstyrkir	94
11.1.	Rannsóknarreglan. Rökstuðningur	94
12.0.	Opinberir starfsmenn	95
12.1.	Kjaranefnd. Laun. Rökstuðningur. Leiðbeiningarskylda. Sjón- armið sem ákvörðun verður byggð á	95
12.2.	Staðfesting ráðningarsamnings. Vandaðir stjórnsýsluhættir. Stjórnsýslukæra. Eftirlit ráðuneyta með lægra settum stjórn- völdum. Skyldubundið mat. Rökstuðningur. Andmælaréttur. Rannsóknarreglan	96
12.3.	Kjaranefnd. Laun. Aukastarf. Skyldubundið mat. Jafnræðisregla. Rökstuðningur. Leiðbeiningarskylda. Aðgangur að gögnum	98

12.4.	Sveitarfélög. Úrskurðarvald félagsmálaráðuneytisins. Undanþágunefnd. Almenn hæfisskilyrði. Ráðningarsamningur. Umsókn um laust starf. Ágreiningur sem heyrir undir dómstóla. Leiðbeiningarskylda. Vandaðir stjórnarsýsluhættir. Rannsóknarreglan	100
12.5.	Auglýsing á lausum störfum. Rökstuðningur. Sjóarmið sem ákvörðun verður byggð á	101
12.6.	Álitsumleitan. Sjóarmið sem ákvörðun verður byggð á. Rannsóknarreglan. Rökstuðningur	103
12.7.	Starfsveiting lögreglufulltrúa. Leiðbeiningarskylda. Sjóarmið sem ákvörðun verður byggð á. Andmælaréttur. Rannsóknarreglan. Rökstuðningur	104
12.8.	Sjóarmið sem ákvörðun verður byggð á. Leiðbeiningarskylda. Rökstuðningur. Skylda til skráningar á munnlegum upplýsingum. Andmælaréttur	105
12.9.	Leiðbeiningarskylda. Andmælaréttur. Rannsóknarreglan. Aðgangur umsækjanda að upplýsingum. Skylda til skráningar á munnlegum upplýsingum. Sjóarmið sem ákvörðun verður byggð á. Rökstuðningur	106
12.10.	Rannsóknarreglan. Jafnræðisregla. Sjóarmið sem ákvörðun byggist á. Auglýsing á lausu starfi. Leiðbeiningarskylda. Aðgangur að upplýsingum hjá stjórnvöldum	108
12.11.	Veiting starfa tollvarða. Almenn hæfisskilyrði. Sjóarmið sem ákvörðun verður byggð á. Andmælaréttur. Rannsóknarreglan. Skylda til skráningar á munnlegum upplýsingum	109
12.12.	Frádráttur frá biðlaunum	110
12.13.	Auglýsing. Umsóknarfrestur	111
12.14.	Setning í embætti til reynslu. Skylda til auglýsingar. Málshraði. Vandaðir stjórnarsýsluhættir	117
13.0.	Sakarkostnaður	119
13.1.	Andmælaréttur. Leiðbeiningarskylda. Rökstuðningur. Stjórnvaldsákvörðun	119
14.0.	Samgöngumál	121
14.1.	Atvinnuflugmannspróf. Stjórnarsýslukæra. Eftirlitshlutverk ráðuneytis. Lagastöð kennsluáætlunar. Málshraði	121
15.0.	Skattar og gjöld	122
15.1.	Frádráttur vegna framlags sjálfstætt starfandi manns til lífeyris-sjóðs. Endurupptaka. Lögmætisreglan. Meinbugir á lögum	122
15.2.	Lækkun tekjuskattsstofns. Ívilnun. Rökstuðningur. Form og efni úrskurða. Verklagsreglur. Efni stjórnvaldsfyrirmæla	138
15.3.	Skattfrankvæmd. Verklagsreglur. Birting. Frumkvæðisathugun	140
15.4.	Gatnagerðargjald. Álagning og innheimta B-gatnagerðargjalds. Fjárhæð þjónustugjalda. Stjórnarsýslukæra. Kæruheimild	148
15.5.	Þjónustugjöld. Fjallskil. Stjórnvaldsfyrirmæli. Undirbúningur að setningu stjórnvaldsfyrirmæla	149
15.6.	Lækkun tekjuskattsstofns. Ívilnun. Lögmætisreglan. Jafnræðisregla. Verklagsreglur. Skyldubundið mat	151

15.7.	Virðisaukaskattur. Aðfarargjald. Innheimtukostnaður. Jafnræðisregla. Form og efni úrskurða	162
15.8.	Barnabætur. Frumkvæðisathugun	162
15.9.	Lækkun eða niðurfelling fasteignaskatts hjá tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum. Jafnræðisregla	169
16.0.	Skip	171
16.1.	Breyting á skráningu vélarafis. Stjórnvaldsfyrirmæli	171
17.0.	Skólar	173
17.1.	Stjórnsýslukæra. Eftirlitshlutverk ráðuneytis. Lögmætisreglan. Málshraði. Birting ákvörðunar	173
18.0.	Starfssvið umboðsmanns Alþingis og skilyrði þess að umboðsmaður fjalli um kvörtun	175
18.1.	Háskólar. Þjónustusamningur.	175
18.2.	Málskot til æðra stjórnvalds. Ákvörðun framhaldsskóla um brottvísun fanga úr námi verður borin undir menntamálaráðherra	176
18.3.	Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum	176
19.0.	Stjórn fiskveiða	177
19.1.	Svipting veiðileyfis. Stjórnarskrá. Mannréttindasáttmáli Evrópu ...	177
19.2.	Svipting veiðileyfis. Rannsóknarreglan. Hæfi. Stjórnsýslukæra. Form og efni úrskurða	177
20.0.	Sveitarfélög	179
20.1.	Skyldubundin sameining sveitarfélaga. Álitsumleitan. Rannsóknarreglan. Rökstuðningur	179
20.2.	Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Kaupsamningur um hús á snjóflóðahættusvæði. Lögmætisreglan. Skyldubundið mat. Skráning upplýsinga um málsatvik frá umsagnaraðilum	179
21.0.	Umhverfismál	182
21.1.	Starfsleyfi fyrir mengandi atvinnurekstur. Álitsumleitan. Stjórnsýslukæra. Vandaðir stjórnsýsluhættir. Málshraði	182
21.2.	Starfsleyfi fyrir mengandi atvinnurekstur. Álitsumleitan. Stjórnsýslukæra. Vandaðir stjórnsýsluhættir. Málshraði	183
22.0.	Útlendingar	185
22.1.	Leiðbeiningarskylda. Umboðsmaður aðila stjórnsýslumáls	185
22.2.	Alþjóðasamningur um stöðu flóttamanna. Lögheimili. Leiðbeiningarskylda	193
IV.	UPPLÝSINGAR VEGNA ÁÐUR AFGREIDDRA MÁLA	195
V.	SKRÁR.	198
1.	Númeraskrá	198
2.	Lagaskrá	204
3.	Atriðisorðaskrá	246

I. STÖRF UMBOÐSMANNS ALÞINGIS 2000.

1.

Skrifstofa umboðsmanns Alþingis.

Skrifstofa umboðsmanns Alþingis var á árinu opin almenningi frá kl. 9.00 til 15.00 frá mánudegi til föstudags. Fyrstu 4 mánuði ársins var skrifstofan til húsa að Lágmúla 6 í Reykjavík en var í maí flutt í nýtt húsnæði að Álftamýri 7. Það húsnæði var tekið á leigu og með því fékkst rýmra og heppilegra húsnæði fyrir embættið.

Í skýrslu minni fyrir árið 1999 rakti ég að á árinu hefði verið ráðist í að gera heimasíðu fyrir umboðsmann Alþingis. Þegar þeirri vinnu var að mestu lokið í marsmánuði 2000 var opnað fyrir aðgang að heimasíðunni í tilraunaskyni. Heimasíðan var síðan formlega opnuð af forseta Alþingis, Halldóri Blöndal, 17. nóvember 2000.

Eins og á árinu 1999 voru starfsmenn auk umboðsmanns að jafnaði sex allt árið. Sú breyting varð á fyrirkomulagi starfa á skrifstofu umboðsmanns á árinu að ráðinn var sérstakur lögfræðingur skrifstofustjóri sem auk þess að hafa ásamt umboðsmanni umsjón með afgreiðslu mála annast sérstaklega fyrstu athugun á nýjum kvörtunum. Var Þorgeir Ingi Njálsson, héraðsdómari, ráðinn í starf skrifstofustjóra frá 1. júní 2000 en hann fékk leyfi frá starfi héraðsdómara í eitt ár frá og með þeim degi.

Aðrir starfsmenn á skrifstofu umboðsmanns á árinu voru: Ásmundur Helgason, lögfræðingur, Ingibjörg Þóra Sigurjónsdóttir, rekstrarstjóri, Kristín Benediktsdóttir, lögfræðingur og Margrét Vala Kristjánsdóttir, lögfræðingur. Hrafnkell Óskarsson, sem verið hafði í launalausú námsleyfi, fór á árinu til annarra starfa. Róbert R. Spanó, lögfræðingur, kom aftur til starfa úr launalausú námsleyfi í ágúst 2000. Sverrir Örn Björnsson, lögfræðingur, lét af störfum í maí 2000. Gizur Bergsteinsson, lögfræðingur, starfaði á skrifstofunni frá 1. mars 2000 til ársloka. Sem fyrr naut ég einnig aðstoðar nokkurra manna vegna einstakra viðfangsefna.

Ég ákvað að víkja sæti í sjö málum og skipaði forseti Alþingis Friðgeir Björnsson, dómstjóra, til að fara með þrjú þeirra, Helga I. Jónsson, héraðsdómara, til að fara með þrjú þeirra og Stefán Mát Stefánsson, prófessor, til að fara með eitt þeirra, sbr. 14. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis.

2.

Fjöldi kvartana, erinda og fyrirspurna.

Á árinu 2000 voru skráð 232 ný mál. Á árinu tók ég þrjú mál upp að eigin frumkvæði. Skráð mál á grundvelli kvartana sem bornar voru fram voru 229. Tekið skal fram að mál er því aðeins skráð að um sé að ræða kvörtun og að hún liggi fyrir skriflega eða að umboðsmaður taki mál upp að eigin frumkvæði. Einnig er algengt að menn hringi eða komi á skrifstofu umboðsmanns og beri upp mál sín og leiti upplýsinga. Er þá oftast greitt úr málum með skýringum eða með því að koma þeim í réttan farveg innan stjórnslunnar án þess að til skráningar komi. Á árinu var þessi þáttur í starfi umboðsmanns sem fyrr tímafrekur.

Með tilkomu heimasíðu umboðsmanns Alþingis á árinu 2000 og þróunar í upplýsingatækni hefur fjölgað nokkuð erindum til mín og beiðnum um tiltekna upplýsingar sem borist hafa með tölvupósti. Oft eru þetta almennar ábendingar um mál sem fólk telur rétt að vekja athygli umboðsmanns á. Fyrirspurnum og beiðnum um upplýsingar sem berast með rafrænum hætti er svarað eins fljótt og kostur er en ég hef talið rétt að ganga enn eftir því að kvartanir séu undirritaðar af hálfu þess sem kvörtun ber fram.

Helstu viðfangsefni á árinu.

Sú mikla fjölbreytni sem einkennir viðfangsefni stjórn-sýslu ríkis og sveitarfélaga endurspeglast skýrlega í fjölbreytileika þeirra mála sem umboðsmaður Alþingis fær til meðferðar. Árið 2000 var engin undantekning hvað þetta varðar. Sem fyrr eru það mál er varða almannatryggingar, málefni fanga og skatta og gjöld sem fyrirferðarmest eru. Þá er í þessari skýrslu gerð grein fyrir 14 málum er lúta að réttindum og skyldum opinberra starfsmanna en í skýrslu minni fyrir árið 1999 vakti ég máls á því að nokkur fjölgun hefði orðið á málum af þessu tagi á því ári.

Pegar skipting skráðra mála eftir viðfangsefnum er skoðuð (sjá yfirlit 1.5. í kafla II) sést að oftast er kvartað yfir tölum á afgreiðslu mála hjá stjórnvöldum eða í um 20% mála á árinu 2000. Er þetta nokkur aukning frá fyrra ári. Ég hygg að fjölda þessara kvartana megi að einhverju leyti skýra með því að stjórnvöld gæta þess ekki nægjanlega, eins og ég vík nánar að hér á eftir, að tilkynna um fyrirsjáanlegar tafir á afgreiðslu mála og skýra ástæður þeirra.

Eðlilega eru það ákvæði stjórn-sýslulaga sem oftast reynir á við úrlausn mála hjá umboðsmanni. Við skoðun á atriðisorðum þeirra mála sem gerð er grein fyrir í þessari skýrslu sést að þar koma hugtökin rannsóknarreglan, rökstuðningur og andmælaréttur hvað oftast fyrir. Þetta er til marks um að þess gætir enn of oft að stjórn-sýslan fylgi ekki í störfum sínum þeim ákvæðum stjórn-sýslulaga sem fjalla um þessi atriði. Ég ítreka því þau sjónarmið sem ég hef áður sett fram um mikilvægi þess að auka fræðslu fyrir starfsfólk stjórn-sýslunnar um þær réttarreglur sem gilda um starfshætti hennar. Ég bendi í því sambandi á að það þykir sjálfsagt að bjóða nýjum starfsmönnum hins opinbera upp á tölvunámskeið af margvíslegum toga og eigi viðkomandi að sinna bókhaldsstörfum eru slík sérhæfð námskeið í boði. Mér er ekki kunnugt um að boðið sé t.d. upp á námskeið fyrir nýja starfsmenn innan stjórn-sýslu ríkis og sveitarfélaga um stjórn-sýslulögin og aðrar réttarreglur stjórn-sýsluréttarins en reglur þessar eru þó almennur grundvöllur þess hvernig standa ber að afgreiðslu mála innan stjórn-sýslunnar. Ég tek líka fram að þarna er um að ræða fræðslu sem ekki á bara erindi til löglærðra starfsmanna heldur einnig annarra starfsmanna, og í vissum tilvikum nefndarmanna, sem koma að ákvarðanatöku í málum einstaklinga af hálfu stjórnvalda.

Það verður að hafa í huga að tilkoma stjórn-sýslulaganna frá 1993 breytir því ekki að til viðbótar gilda ýmsar óskráðar grundvallarreglur stjórn-sýsluréttarins um starfshætti og úrlausn mála af hálfu stjórnvalda. Í nokkrum þeirra álita sem gerð er grein fyrir í þessari skýrslu er til dæmis fundið að því að stjórnvöld hafi með því að setja vinnu- eða viðmiðunarreglur í tilvikum þar sem lög gera ráð fyrir mati af hálfu stjórnvalda gengið lengra í að takmarka þetta mat heldur en samrýmt getur því sem nefnt hefur verið reglan um skyldubundið mat stjórnvalda. Sem dæmi um þetta má nefna mál á sviði almannatrygginga um styrki til bifreiðakaupa, mál nr. 2796/1999 (1.7. í kafla III), mál á sviði ráðningar í opinbert starf, mál nr. 2569/1998 (12.2. í kafla III), reglur kjaranefndar um aukastörf, mál nr. 2606/1998 (12.3. í kafla III), mat við rýmingu húss vegna snjóflóðahættu nr. 2639/1999 og 2710/1999 (20.2. í kafla III) og mál vegna leyfis til ættleiðingar barns nr. 2435/1998 (3.1. í kafla III). Þessi mál eru dæmi um að stjórnvöld þurfa í störfum sínum að huga að því almenna réttarumhverfi sem stjórn-sýslan starfar í.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, skal umboðsmaður Alþingis gæta þess að stjórn-sýslan fari fram í samræmi við lög og „vandaða stjórn-sýsluhætti“. Ekki er skýrt nánar hvað átt sé við með vönduðum stjórn-sýsluháttum en ljóst er af lagaákvæðinu að þarna er verið að vísa til þess að stjórn-sýslan eigi sjálf að gæta þess í störfum sínum að þar séu viðhafðir vandaðir stjórn-sýsluhættir. Það er síðan umboðsmanns að hafa eftirlit með því að svo sé og þá einnig að móta frekar inntak þess hvað teljist í

hverju tilviki vandaðir stjórnýsluhættir. Úr þeim málum sem ég lauk á árinu 2000 má um þetta nefna sem dæmi mál nr. 2512/1998 (sjá 2.2. í kafla III) en þar taldi ég í samræmi við fyrri álit að það hefði verið í samræmi við vandaða stjórnýsluhætti að gefa refsifanga sem sótti um reynslulausn kost á því að kynna sér umsógn náðunarnefndar um stjórnýslukæru hans til ráðuneytisins áður en ráðuneytið kvað upp úrskurð í málinu þótt ekki yrði talið að ráðuneytinu væri það skylt á grundvelli 13. gr. stjórnýslulaga nr. 37/1993. Ég nefni þetta atriði hér til að leggja áherslu á nauðsyn þess að stjórnýslan taki við úrlausn máls ekki bara mið af lögbundnum lágmarksreglum sem t.d. koma fram í stjórnýslulögunum heldur sé þar einnig litið til þess hvað telja verði vandaða stjórnýsluhætti í hverju tilviki.

Í þremur málum sem gerð er grein fyrir í þessari skýrslu kom eftirlitshlutverk ráðuneyta með starfsemi undirstofnana sérstaklega til athugunar. Er þar bent á að ákvæði 26. gr. stjórnýslulaga nr. 37/1993 um kæruehimild og önnur ákvæði um stjórnýslukæru eru ein-skörðuð við stjórnvaldsákvæðanir sem teknar eru af lægra settum stjórnvöldum. Það er því mikilvægt að æðra stjórnvald taki þegar eftir viðtöku erindis afstöðu til þess hvort um stjórnýslukæru er að ræða eða hvort verið er að bera fram almennar athugasemdir vegna starfshátta lægra setts stjórnvalds, sjá mál nr. 2574/1998 (10.1. í kafla III). En þótt skilyrði kæru eru ekki uppfyllt eða beinlínis er ákveðið með lögum, sbr. t.d. í 49. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, að ákvörðunum verði ekki skotið til æðra stjórnvalds, kemur hins vegar ekki í veg fyrir að æðra stjórnvaldi sé heimilt að fjalla um erindið þótt því sé ekki skylt að taka það til úrlausnar sem stjórnýslukæru, sjá mál nr. 2569/1998 (12.2. í kafla III) mál nr. 2675/1999 (17.1. í kafla III) og mál nr. 2770/1999 (14.1. í kafla III).

Eitt af því sem bent er á í nokkrum þeirra mála sem gerð er grein fyrir í þessari skýrslu er að stundum skortir á að stjórnvöld fylgi ákvæðum 23. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996. Þar segir að við meðferð mála, þar sem taka á ákvörðun um rétt eða skyldu manna samkvæmt 2. mgr. 1. gr. stjórnýslulaga, beri stjórnvaldi að skrá upplýsingar um málsatvik sem því eru veittar munnlega ef þær hafa verulega þýðingu fyrir úrlausn málsins og þær er ekki að finna í öðrum gögnum þess. Á þetta lagaákvæði er t.d. bent í umfjöllun um þrjú mál þar sem fjallað er um ráðningu í opinbert starf en þar kom fram að aflað hefði verið ákveðinna munnlegra upplýsinga sem þýðingu höfðu með þeim hætti sem 23. gr. upplýsingalaga fjallar um án þess að upplýsingarnar væru skráðar, sjá mál nr. 2784/1999 (12.8. í kafla III), mál nr. 2787/1999 (12.9. í kafla III) og mál nr. 2795/1999 (12.11. í kafla III).

4.

Frumkvæðismál.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 85/1997 getur umboðsmaður að eigin frumkvæði ákveðið að taka mál til meðferðar. Þá getur umboðsmaður jafnframt tekið starfsemi og málsmeðferð stjórnvalds til almennrar athugunar. Að meðaltali voru það um þrjú mál á ári sem umboðsmaður tók til athugunar á grundvelli þessarar heimildar fyrstu 9 starfsárin en á árinu 1998 voru málin 6 og 10 árið 1999. Skýrist þessi fjölgun meðal annars af því að á þessum árum voru tekin til athugunar nokkur álitæfni á sviði skattamála og framkvæmd þeirra. Á árinu 2000 tók ég til athugunar að eigin frumkvæði 3 mál og fjölluðu þau um greiðslu barnalífeyris til þeirra sem hlotið hafa varanlega örorku vegna slyss, gjaldstofn erfðafjárskatts í þeim tilvikum þegar dánarbú hefur selt fasteign og tiltekin atriði í störfum og starfsháttum nefndar þeirrar sem starfar samkvæmt 31. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, og metur hæfi umsækjenda um ákveðnar stöður lækna. Ástæða þess að ég tók þessi mál til athugunar að eigin frumkvæði voru atriði sem fram höfðu komið við athugun mína á málum sem ég hafði haft til meðferðar. Frumkvæðismál urðu hins vegar ekki fleiri á árinu þar sem ég ákvað að leggja áherslu á að hraða afgreiðslu þeirra kvartana sem höfðu borist. Með sama hætti ákvað ég einnig að láta úrvinnslu á eldri málum

sem tekin höfðu verið til athugunar á grundvelli 5. gr. laga nr. 85/1997 bíða þar til náðst hefði ásætlanlegur málshraði við afgreiðslu kvartana. Um áramótin 2000/2001 var því ólokið afgreiðslu á alls 9 málum sem tekin höfðu verið til athugunar að eigin frumkvæði umboðsmanns fyrir árið 2000 en tekið skal fram að í 5 þessara mála var beðið eftir því að stjórnvöld gerðu grein fyrir úrbótum og breytingum á starfsháttum sem þau höfðu lýst yfir að ráðist yrði í eftir að umboðsmaður hafði tekið viðkomandi mál til athugunar. Í 4 af þessum 9 málum er fjallað um framkvæmd skattamála og töku þjónustugjalda en í hinum er fjallað um reglur um starfsmenn sveitarfélaga, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, skipulag heilbrigðisþjónustu og málefni fanga.

Í þessari skýrslu eru birt í heild sinni tvö álit vegna athugana sem umboðsmaður framkvæmdi að eigin frumkvæði. Er þar annars vegar um að ræða athugun á framkvæmd almennrar birtingar verklagsreglna og fyrirmæla ríkisskattstjóra sem vörðudu túlkun eða skýringu skattalaga eða hefðu með öðrum hætti þýðingu við framkvæmd skattalaga, sjá mál nr. 2542/1998 (15.3. í kafla III). Hins vegar er um að ræða álit sem varðar athugun á því hvort skattframkvæmd við skiptingu barnabóta milli hjóna, sambýlisfólks og einstaklinga í staðfestri samvist væri í samræmi við lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sjá mál nr. 2785/1999 (15.8. í kafla III).

Ég legg áherslu á mikilvægi þess að umboðsmaður eigi þess kost að beita umræddri heimild sinni til að taka mál til athugunar að eigin frumkvæði. Því verður hins vegar ekki með góðu móti við komið nema umboðsmanni sé gert það kleift með nauðsynlegum fjárveitingum. Umboðsmanni berast jafnan ýmsar ábendingar um mál sem tilefni getur verið til að kanna betur þótt ekki verði leyst úr þeim á grundvelli kvörtunar frá einstaklingi eða lögaðila. Stundum er eðli málanna líka með þeim hætti að heppilegra er að taka þau til athugunar með heildstæðum hætti og án þess að til úrlausnar sé t.d. ágreiningsmál vegna tiltekins einstaklings. Ég lít líka svo á að frumkvæðiseftirlit það sem 5. gr. laga nr. 85/1997 gerir ráð fyrir sé sérstaklega til þess fallið að veita umboðsmanni Alþingis færi á því að stuðla að umbótum úr stjórnsýslunni og þar með að rækja það lögbundna hlutverk að tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins. Ég minni þar á að í athugasemdum með því frumvarpi sem varð að lögum nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis, sagði að einn þáttur í starfi umboðsmanns skyldi vera að gera „tillögur almenns eðlis til endurbóta á stjórnsýslu“. (Alþt. 1986–1987, A-deild, bls. 2559–2660.)

5.

Úrræði stjórnvalda í tilefni af álitum umboðsmanns.

Allt frá stofnun embættis umboðsmanns Alþingis hefur verið farin sú leið í þeim álitum sem umboðsmaður hefur ritað á grundvelli ákvæða b-liðar 2. mgr. 10. gr. laga nr. 13/1987, sbr. nú sama ákvæði í lögum nr. 85/1997, að beina eftir atvikum þeim tilmælum til hlutaðeigandi stjórnvalds að það taki umrætt mál til endurskoðunar, sökum form- eða efnisgalla á málsmeðferð þess, ef beiðni um endurupptöku málsins berst stjórnvaldinu frá þeim aðila sem kvartað hefur til umboðsmanns Alþingis. Ástæðan fyrir þessu er nánar tiltekið sú að umboðsmaður Alþingis hefur ekki beint réttarskipandi vald að lögum gagnvart stjórnvöldum þannig að hann geti krafist þess að stjórnvöld geri eitthvað eða láta eitthvað ógert í tilteknu máli. Umboðsmaður hefur því að forminu til eftirlátið þeim aðila sem kvartað hefur til hans að taka ákvörðun um hvort hann óski eftir endurupptöku máls síns hjá viðkomandi stjórnvaldi á grundvelli þeirra sjónarmiða sem fram koma í álitum umboðsmanns.

Ég verð stundum var við þau viðbrögð af hálfu stjórnvalda að þau eru í óvissu um hvort þau sjálf geti að eigin frumkvæði brugðist við slíkum tilmælum óháð því hvort sá sem borið hefur fram kvörtun við umboðsmann setur fram beina kröfu um að mál hans verði tekið til meðferðar að nýju.

Ég legg áherslu á að enda þótt valdheimildir umboðsmanns Alþingis að lögum hafi

leitt til þess að rétt hafi verið talið í álitum hans að gera tilmæli um endurskoðun máls hjá stjórnvaldi háð því að beiðni þar um komi fram frá hlutaðeigandi aðila kann stjórnvaldinu að vera heimilt að endurskoða afstöðu sína til umrædds máls að eigin frumkvæði. Ég minni á að stjórnvöld hafa að lögum víðtækar heimildir til að endurskoða fyrri ákvarðanir sínar að eigin frumkvæði við ákveðnar aðstæður. Samkvæmt 25. gr. stjórn-sýslulaga nr. 37/1993 getur stjórnvald þannig afturkallað ákvörðun sína að eigin frumkvæði sem tilkynnt hefur verið aðila máls þegar það er ekki til tjóns fyrir aðila eða ákvörðun er ógildanleg. Rétt er að geta þess að lagt hefur verið til grundvallar að heimildir stjórnvalda til afturköllunar séu ekki tæmandi taldar í ákvæðinu. Þá verður líka að hafa í huga að ákvæði 24. gr. stjórn-sýslulaga nr. 37/1993 um rétt aðila máls til að mál hans sé tekið fyrir að nýju er ekki tæmandi upptalning á þeim tilvikum heldur getur aðili máls „að sjálfsgöðu átt rétt til endurupptöku máls í fleiri tilvikum en þessum tveimur, ýmist á grundvelli lögfesta reglna eða óskráðra“ eins og það er orðað í athugasemd með 24. gr. í frumvarpi til stjórn-sýslulaga. (Alpt. 1992, A-deild, bls. 3304.)

Þegar umboðsmaður Alþingis beinir þeim tilmælum til stjórnvalda að endurupptaka mál, að því skilyrði fullnægðu að beiðni þess efnis sé borin fram frá aðila þess, verður jafnan að leggja til grundvallar að umboðsmaður hafi metið það svo að þeir annmarkar á málsmeðferð stjórnvaldsins eða efnislegru úrlausn séu þess eðlis að ákvörðun verði talin ógildanleg í merkingu 2. tölul. 25. gr. stjórn-sýslulaga. Þá liggur það í hlutarins eðli að þau mál sem kvartað er yfir til umboðsmanns fela jafnan í sér úrlausn af hálfu stjórnvalds sem aðili er ósáttur við sökum þess að hann hefur ekki fengið þann rétt sem hann telur sig eiga að lögum eða að úrlausnin sé að öðru leyti íþyngjandi fyrir hann. Það er því vandséð að afturköllun ákvörðunar, sem er andlag kvörtunar til umboðsmanns, geti leitt til tjóns fyrir aðila máls, sbr. 1. tölul. 25. gr. stjórn-sýslulaga.

Með hliðsjón af framangreindu bendi ég á að enda þótt umboðsmaður hafi lokið máli með álitum þar sem tilmælum er beint til stjórnvalds að það endurupptaki mál, komi fram beiðni þess efnis frá aðila þess, tel ég rétt og eðlilegt að stjórnvöld taki afstöðu til þess í slíkum tilvikum hvort rétt sé að þau nýti heimild 25. gr. stjórn-sýslulaga eða ólögfestar afturköllunarheimildir stjórn-sýsluréttarins og afturkalli ákvörðun sína að eigin frumkvæði. Hér er líka ástæða til að minna á þá grundvallarreglu að stjórnvöld eiga að haga störfum sínum í samræmi við lög og leysa úr málum borgaranna á þeim grundvelli. Hafi orðið frávik frá þessu við afgreiðslu stjórnvalds á ákveðnu máli ætti það almennt að vera markmið stjórnvalda að bæta úr slíkum annmarka og færa úrlausn máls í rétt horf.

6.

Tilkynningar stjórnvalda um tafir á afgreiðslu mála.

Ég hef sem fyrr orðið þess var í störfum mínum að málsmeðferðartími stjórnvalda er á stundum lengri en meginregla 1. mgr. 9. gr. stjórn-sýslulaga gerir ráð fyrir. Tel ég ekki tilefni til þess að fjalla hér sérstaklega og með almennum hætti um efni og ytri mörk megin-reglunnar um málshraða. Vísa ég í því sambandi meðal annars til álita umboðsmanns Alþingis sem um það efni fjalla. Ég tel þó rétt að vekja hér athygli á því að í 3. mgr. 9. gr. stjórn-sýslulaga er mælt fyrir um það að þegar fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla máls muni tefjast beri stjórnvaldi að skýra aðila máls frá því. Skal þá upplýsa um ástæður tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta.

Fyrirmæli 3. mgr. 9. gr. stjórn-sýslulaga eru í eðli sínu dæmi um lögfestingu vinnu-bragða innan stjórn-sýslunnar sem ég tel að yrðu öðrum kosti talin falla undir hugtakið vandaðir stjórn-sýsluhættir í merkingu 1. mgr. 2. gr. laga nr. 85/1997. Með því að fylgja fyrirmælum 3. mgr. 9. gr. stjórn-sýslulaga leggja stjórnvöld grunninn að réttum og eðlilegum samskiptum milli þeirra og almennings. Með því skapa stjórnvöld það traust sem ríkja þarf milli stjórn-sýslunnar og borgaranna.

Stjórnvöld verða ávallt að hafa í huga að þau gegna mikilvægu þjónustuhlutverki gagnvart borgurunum. Það er því ákaflega mikilvægt að stjórnvöld sjái til þess að gætt sé málsmeðferðarreglna sem beinlínis tengjast sjónarmiðum um að niðurstaða máls sé byggð á réttum efnislegum forsendum og málsatvikum, s.s. rannsóknarreglunni, jafnræðisreglunni, meðalhófsreglunni og andmælareglunni, svo og reglna á borð við 3. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga, sem hafa það að markmiði sínu að gefa hlutaðeigandi aðila fullnægjandi kost á að fylgjast með framvindu máls síns.

7.

Afgreiðslutími mála hjá umboðsmanni.

Gerð heimasíðu fyrir umboðsmann Alþingis og sú umfangsmikla vinna sem starfsmenn embættisins þurftu að inna af hendi í því sambandi svo og flutningur skrifstofu embættisins í nýtt húsnæði að Álftamýri 7, varð til þess að afgreiðsla mála hjá umboðsmanni Alþingis dróst nokkuð á árunum 1998–2000. Hef ég nú sett það markmið, sem vonandi næst innan skamms, að afgreiðslutími mála styttest nokkuð þannig að niðurstaða í þeim málum sem sæta nánari athugun af minni hálfu, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, liggja að jafnaði fyrir eigi síðar en 6 mánuðum eftir að kvörtun berst skrifstofu minni.

Hafa verður í huga að afgreiðslutími mála hjá umboðsmanni Alþingis markast að verulegu leyti af því hvernig stjórnvöld sem í hlut eiga hverju sinni bregðast við fyrirspurnum mínum og beiðnum um skýringar í tilefni af tilteknum málum, sbr. 7. og 9. gr. laga nr. 85/1997. Mun ég því í samræmi við ofangreint markmið um styttingu afgreiðslutíma leggja á það aukna áherslu í störfum mínum að hlutaðeigandi stjórnvöld svari fyrirspurnarbréfum mínum og beiðnum um afhendingu gagna eins fljótt og kostur er.

II. TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR UM SKRÁÐ MÁL OG AFGREIÐSLUR ÞEIRRA ÁRIÐ 2000.

1.0. Skráð mál og afgreiðslur þeirra árið 2000.

1.1. Málafjöldi.

Á árinu 2000 voru alls 232 mál skráð hjá umboðsmanni Alþingis og skiptust þau þannig:

Kvartanir	229
Mál tekin upp að eigin frumkvæði umboðsmanns	3
Samtals	<u>232</u>

1.2. Skipting kvartana.

Eins og fram kemur í kafla I eru kvartanir aðeins skráðar ef skrifleg erindi berast, en á árinu var ekki haldin skrá yfir þær fjölmörgu fyrirspurnir, sem bárust skrifstofu umboðsmanns. Í sumum tilvikum hafa þessar fyrirspurnir leitt til þess að kvartanir hafa síðar borist skriflega, en í öðrum tilvikum hafa viðkomandi verið veittar leiðbeiningar. Kvartanir, sem bárust á árinu, skiptust þannig eftir mánuðum:

janúar	19
febrúar	20
mars	22
apríl	14
maí	16
júní	15
júlí	9
ágúst	27
september	16
október	27
nóvember	21
desember	23
Samtals	<u>229</u>

Að þessum 229 kvörtunum stóðu samtals 244 aðilar eða 206 einstaklingar og 38 lög-aðilar. Af einstaklingum voru 51 kona og 155 karlar. Yngsti einstaklingurinn, sem lagði fram kvörtun á árinu, var 17 ára og sá elsti 85 ára, en aldursskipting einstaklinganna var sem hér segir:

20 ára og yngri	6
21–30 ára	18
31–40 –	25
41–50 –	68
51–60 –	52
61–70 –	23
71 árs og eldri	14

Eftirfarandi yfirlit sýnir skiptingu þeirra kvartana, sem bárust, eftir kjördæmum, sýslum og kaupstöðum miðað við búsetu aðila. 4 kvartanir bárust frá einstaklingum búsettum erlendis. Málafjöldi og hlutfall af honum er miðað við þau 232 mál, er tekin voru til meðferðar á árinu, og mál, sem umboðsmaður tók upp að eigin frumkvæði teljast þar með.

	Fjöldi mála	Hlutfall af heildarmála-fjölda	Hlutfall af heildaríbúa-fjölda landsins
Reykjavík	117	50,5%	39,4%
Reykjanes	60	25,8%	28,3%
– Kópavogur	17		
– Garðabær	10		
– Hafnarfjörður	12		
– Reykjanesbær	6		
– Seltjarnarnes	3		
– Bessastaðahreppur	1		
– Mosfellsbær	3		
– Gullbringusýsla	8		
Vesturland	5	2,2%	5,0%
– Akranes	2		
– Borgarfjarðarsýsla	1		
– Grundarfjörður	2		
Vestfirðir	0	0,0%	2,9%
Norðurland vestra	4	1,7%	3,3%
– V-Húnavatnssýsla	1		
– Sauðárkrókur	3		
Norðurland eystra	10	4,3%	9,4%
– Akureyri	4		
– Dalvíkurbyggð	3		
– Húsavík	1		
– N-Þingeyjarsýsla	2		
Austurland	5	2,2%	4,2%
– Egilsstaðir	2		
– Fáskrúðsfjörður	2		
– Höfn	1		
Suðurland	23	9,9%	7,5%
– Árborg	10		
– Þorlákshöfn	3		
– Vestmannaeyjar	4		
– Árnessýsla	3		
– Vík	1		
– Hvolsvöllur	2		
Íslendingar búsettir erlendis	4	1,7%	
Erlendur aðili	1	0,4%	
Mál tekin upp að eigin frumkvæði	3	1,3%	
	<u>232</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>

1.3. Afgreiðsla mála.

Á árinu hlutu 253 mál lokaafgreiðslu.

Mál til meðferðar í upphafi árs	146
Mál til meðferðar á árinu	232
Afgreidd mál	253
Mál til meðferðar í árslok	125

Af þeim 125 málum, sem voru óafgreidd í árslok 2000, var í 55 tilvikum beðið eftir umsögnum og upplýsingum frá stjórnvöldum, í 12 málum var beðið eftir umsögnum frá þeim, sem borið höfðu fram kvörtun, 5 mál voru til frumathugunar, 45 mál voru til athugunar hjá umboðsmanni að fengnum skýringum viðkomandi stjórnvalda og 8 mál voru í athugun hjá skipuðum umboðsmönnum.

Málum, sem berast umboðsmanni eða hann tekur upp að eigin frumkvæði, getur lokið með ýmsum hætti. Máli kann að ljúka þegar eftir frumathugun, þar sem ekki eru uppfyllt lagaskilyrði til þess að umboðsmaður taki málið til frekari meðferðar, t.d. samkvæmt liðum 4–6 í eftirfarandi yfirliti. Sé mál tekið til efnismeðferðar, getur því m.a. lokið með þeim hætti, sem greinir þar í liðum 1–3. Í yfirlitinu eru mál, afgreidd á árinu 2000, flokkuð eftir því, með hvaða hætti málin hafa verið afgreidd, en tekið skal fram, að í nokkrum tilvikum hefur efni málanna verið fjölþætt og einstökum þáttum þeirra lokið með mismunandi hætti. Hér eru þessi mál hins vegar flokkuð í samræmi við þá afgreiðslu, sem telja verður meginatriði viðkomandi máls.

Afgreiðsla	Fjöldi mála
1. Álit	60
2. Ábending um að leggja réttarágreining fyrir dómstóla	5
3. Felld niður að fenginni leiðréttingu eða skýringu stjórnvalds	35
4. Féllu utan starfssviðs umboðsmanns	
a) Störf Alþingis, nefnda og stofnana á vegum þess	5
b) Dómsathafnir	12
c) Einkaréttarleg lögskipti	4
d) Önnur atriði	13
5. Eftir að skjóta máli til æðra stjórnvalds	29
6. Ársfrestur liðinn, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 85/1997	7
7. Fallið frá kvörtun eða kvörtun gaf ekki tilefni til frekari meðferðar að lokinni frumathugun	83
	Samtals 253

1.4. Skipting mála eftir aðilum, sem kvörtun beinist að.

Í eftirfarandi yfirliti eru kvartanir þær, sem umboðsmanni bárust, og mál þau, er hann tók upp að eigin frumkvæði á árinu 2000, flokkuð eftir þeim stjórnvöldum, sem kvörtun beindist að. Tekið skal fram, að í ýmsum tilvikum hafa kvartanir beinist að fleiri en einu stjórnvaldi, en í yfirlitinu eru þær kvartanir skráðar á þann aðila, sem telja verður að kvörtun beinist einkum að. Það skal ítrekað að hér eru teknar allar skráðar kvartanir, en eins og fram kemur í yfirliti um afgreiðslu mála á árinu, var aðeins hluti þeirra tekinn til nánari athugunar.

Í þeim tilvikum, þegar meðferð á kvörtun lauk strax að lokinni frumathugun, var mál afgreitt ýmist áður en frekari upplýsinga var aflað frá hlutaðeigandi stjórnvöldum eða eftir slíka gagnaöflun. Það er hugsanlegt að í yfirlitinu komi fram nöfn stjórnvalda, sem umboðsmaður hefur ekki beint máli formlega til.

A. Ráðuneyti og ríkisstofnanir:**1. Forsætisráðuneytið**

– Úrsk.nefnd um upplýsingamál 1 1

2. Menntamálaráðuneytið

– Ráðuneytið 5
 – Ríkisútlit 3
 – Háskóli Íslands 4
 – Iðnskólinn í Reykjavík 3
 – Málskotsnefnd LÍN 3
 – Rannsóknarráð Íslands 1
 – Námsstyrkjanefnd 1 20

3. Útanríkisráðuneytið

– Ráðuneytið 1
 – Útlendingaæftirlitið 1
 – Þróunarsamvinnustofnun Íslands 1
 – Kaupskrárnefnd varnarsvæða 1
 – Varnarmálaskrifstofa 1 5

4. Landbúnaðarráðuneytið

– Ráðuneytið 3
 – Framleiðslusjóður landbúnaðarins 1
 – Skógrækt ríkisins 1
 – Yfirdýralæknisembættið 1 6

5. Sjávarútvegsráðuneytið

– Ráðuneytið 6
 – Fiskistofa 1 7

6. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið

– Ráðuneytið 26
 – Lögregluglyfirvöld 2
 – Fangelsislyfirvöld 5
 – Ríkissaksóknari 1
 – Sýslumenn 3
 – Úrsk. nefnd um áfengismál 1
 – Héraðsdómar 1
 – Hæstiréttur Íslands 3
 – Matsnefnd eignarnámsbóta 1 43

7. Félagsmálaráðuneytið

– Ráðuneytið 6
 – Úrsk.nefnd félagsþjónustu 2
 – Svæðisskr. málefna fatlaðra 2
 – Úrsk.nefnd atvinnuleysisbóta 2 12

**8. Heilbrigðis- og trygginga-
málaráðuneytið**

– Ráðuneytið 13
 – Úrsk.nefnd almannatrygginga 9
 – Tryggingastofnun ríkisins 2

– Tryggingaráð 2
 – Heilbrigðisstofnanir 5
 – Landlæknisembættið 6
 – Héraðslæknirinn í Reykjavík 2
 – Úrsk.nefnd um ágr.mál í heilbrþj. 1 40

9. Fjármálaráðuneytið

– Ráðuneytið 8
 – Yfirskattanefnd 3
 – Skattlyfirvöld 15
 – Lífeyrissjóðir 4
 – Kjaranefnd 5
 – Fasteignamat ríkisins 1
 – Ríkisbókhald 1 37

10. Samgönguráðuneytið

– Ráðuneytið 6
 – Flugmálastjórn Íslands 2
 – Siglingastofnun Íslands 2
 – Póst- og fjarskiptastofnun 1 11

11. Iðnaðarráðuneytið

– 0 0

12. Viðskiptaráðuneytið

– Ráðuneytið 4 4

13. Hagstofa Íslands

– 0 0


14. Umhverfisráðuneytið

– Ráðuneytið 5 5


B. Sveitarfélög:

Reykjavíkurborg 2
 – Félagspjónustan 2
 – Húsnæðisnefnd 1
 – Orkuveita Reykjavíkur 1
Garðabær 1
Hafnarfjarðarkaupstaður 2
Seltjarnarneskaupstaður 1
Mosfellsbær 1
Reykjanesbær 1
Vatnsleysustrandarhreppur 1
Dalabyggð 1
Ísafjarðarbær 2
Húnaþing vestra 1
Akureyrarbær 1
Árborg 3
Vestmannaeyjar 2
 [Annað 18]

C. Mál flokkuð eftir ráðuneytum árið 2000.



D. Um athafnir stjórnvalda var fjallað í álitum umboðsmanns Alþingis árið 2000, sbr. b-lið 2. mgr. 10. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis.





1.5. Skipting mála eftir viðfangsefnum.


Aðgangur að gögnum	2	Námsstyrkir	1
Almannatryggingar	11	Opinberir starfsmenn	8
Alþingi	2	Pólítískir flóttamenn	1
Atvinnuleysisbætur	1	Póst- og símamál	1
Bankar og sjóðir	3	Ríkisjarðir	2
Bótaábyrgð ríkisins	3	Ríkisútvarpið	3
Dómsstólar	4	Sakarkostnaður	1
Eignarnám	1	Samkeppnismál	1
Fangelsismál	14	Sektargreiðslur	1
Fasteignamat	1	Skattar	14
Félagslegar íbúðir	2	Skipulags- og byggingarmál	1
Félagsþjónusta sveitarfélaga	1	Skólamál	6
Framleiðslustjórn í landbúnaði	1	Skráning skipa	2
Gjafsókn, gjafvörn	6	Starfsréttindi	4
Gjöld	5	Stjórnun fiskveiða	5
Heilbrigðisþjónusta	2	Stöðuveitingar	9
Hæfi	1	Sveitarfélög	3
Iðnréttindi	2	Tafir hjá stjórnv. á afgreiðslu máls	43
Innheimta opinberra gjalda	3	Trúfélög	1
Kjarasamningar	1	Umbverfismál	1
Landbúnaður	2	Útgáfa vegabréfa	1
Leigubifreiðar	1	Útlendingaeftirlitið	2
Lífeyrisréttindi	6	Varnarliðið	1
Lífeyrissjóðir	2	Vátryggingar	3
Mannanöfn	1	Veiðifélög	1
Málsmeðferð og starfshættir		Vínveitingaleyfi	1
stjórnsýslunnar	28	Þjóðlendar	1
Meðlög	1	Ökuréttindi	1
Nauðungaruppboð	2	Örorkumat	1
Námslán	3		
		Samtals	232

2.0. Tölfræðilegar upplýsingar um áður afgreidd mál.

2.1. Skráð og afgreidd mál 1988–2000.




2.2. Skipting mála eftir afgreiðslu þeirra 1988–2000.




Ár	Álit	Felld niður að feng. leiðr. eða skýr. stjórnv.	Utan starfssviðs umboðsmanns	Kæruleið ekki tæmd	Ársfrestur liðinn	Felld niður að lokinni frumathugun
1988	7	2	9	5	1	11
1989	29	5	26	23	10	29
1990	35	26	34	31	8	28
1991	23	27	19	32	8	35
1992	36	53	26	37	5	28
1993	50	51	31	33	13	34
1994	51	85	41	76	22	46
1995	59	97	39	73	11	49
1996	80	114	38	58	9	48
1997	53	105	43	65	4	70
1998	67	83	23	44	6	41
1999	68	76	36	48	10	64
2000	60	35	39	29	7	83
Samtals	618	759	404	554	114	566

2.3. Mál er fallið hafa utan starfssviðs umboðsmanns 1988–2000.




Ár	Störf Alþingis	Störf dómstóla	Einkaréttarleg lögskipti	Réttarágreiningur á undir dómstóla	Önnur atriði
1988		6	2		1
1989	2	14	1	3	6
1990	15	8	1	1	9
1991	6	3	3	4	3
1992	5	9	2	5	5
1993	7	9	3	4	8
1994	6	12	7	9	7
1995	9	10	5	7	8
1996	10	8	5	8	7
1997	23	5	3	4	8
1998	9	2	1	4	7
1999	16	2	8	2	8
2000	5	12	4	5	13
Samtals	113	100	45	56	90
Hlutf. afgr. mála	3,9%	3,4%	1,5%	1,9%	3,0%

2.4. Mál flokkuð eftir ráðuneytum 1988–2000.



2.5. Mál flokkuð eftir viðfangsefnum 1988–2000.



III. ÁLIT OG AÐRAR NIÐURSTÖÐUR Í MÁLUM AFGREIDDUM ÁRIÐ 2000.

1.0. Almennatryggingar.

- 1.1. Fæðingarorlof. EES-samningurinn. Lagaskil.
Framsending máls. Upplýsingaskylda stjórnvalda.
(Mál nr. 2037/1997)

A kvartaði yfir úrskurði tryggingaráðs um að ekki væru fyrir hendi lagaskilyrði til greiðslna í fæðingarorlofi á Íslandi.

A eignaðist barn í Svíþjóð og var réttur hennar til greiðslna í fæðingarorlofi samkvæmt sænskum lögum viðurkenndur. A sem taldi sig ekki hafa fengið fullar greiðslur í Svíþjóð fluttist til Íslands og óskaði eftir greiðslum í fæðingarorlofi.

Umboðsmaður rakti ákvæði um fæðingarorlof í lögum nr. 117/1993, um almennatryggingar, og gerði grein fyrir ákvæðum og meginsjónarmiðum reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71, um beitingu almennatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja. Benti hann á að tilgangur reglugerðarinnar væri að tryggja samræmda og samfellda beitingu löggjafa einstakra ríkja um almennatryggingar jafnframt sem virða bæri sérkenni þeirra. Þannig ættu þeir sem féllu undir reglugerðina og flyttust á milli aðildarríkja undir almennatryggingakerfi í einu ríki og almennt undir löggjöf starfslandsins. Loks gerði umboðsmaður grein fyrir svokölluðum samlagningar- og útflutningsreglum sem ættu að tryggja að framangreindir aðilar misstu ekki annars vegar áunnin réttindi og hins vegar bótagreiðslur þó að þeir flyttust milli landa innan svæðisins.

Vegna ákvörðunar sænskra stjórnvalda í máli A ítrekaði umboðsmaður laga-skilareglu reglugerðar nr. 1408/71 en samkvæmt henni giltu sænsk lög um rétt A til greiðslna í fæðingarorlofi. Ákvörðunin var kæránleg í Svíþjóð og gat ekki komið til athugunar af hálfu umboðsmanns Alþingis. Í tilefni frávísunar tryggingaráðs á þessum þætti kvörtunar A gerði umboðsmaður hins vegar grein fyrir ákvæði 86. gr. reglugerðar nr. 1408/71. Með vísan til túlkunar dómstóls Evrópubandalaganna á ákvæðinu taldi umboðsmaður að Tryggingastofnun ríkisins hefði borið að framsenda þennan þátt kæru A til þar til bærst stjórnvalds í Svíþjóð.

Umboðsmaður fjallaði síðan um synjun tryggingaráðs um fæðingarorlof samkvæmt íslenskum lögum. Vísaði hann til útflutningsreglu reglugerðar nr. 1408/71 og ákvæða II. bálks hennar um beitingu þeirrar reglu vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar. Samkvæmt þeim skulu peningagreiðslur til einstaklinga sem fullnægja skilyrðum löggjafar starfslandsins en eru búsettir eða dvelja í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki greiddar í samræmi við löggjöf þess síðarnefnda. Með hliðsjón af því að eiginmaður A starfaði áfram í Svíþjóð taldi umboðsmaður að flutningur hennar hefði ekki haft áhrif á réttarstöðu hennar gagnvart sænskum stjórnvöldum. Gerði umboðsmaður því ekki athugasemd við niðurstöðu tryggingaráðs vegna þessa þáttar málsins.

Umboðsmaður gerði því næst grein fyrir ákvæðum laga nr. 117/1993 um skyldu tryggingastofnunar til að kynna almenningi rétt sinn til bóta með upplýsingastarfsemi. Taldi hann að upplýsingaskylda stofnunarinnar næði til upplýsinga um efni reglugerðar nr. 1408/71. Vegna lagaskilareglna reglugerðarinnar taldi umboðsmaður að tryggingastofnun bæri jafnframt að upplýsa um að skilyrði til greiðslna í fæðingar-

orlofi kunní að vera mismunandi á milli landa. Taldi umboðsmaður að ekki yrði ráðið af gögnum málsins hvort stofnunin hefði fullnægt þessari skyldu sinni.

Niðurstaða umboðsmanns varð því sú að ákvæði íslenskra laga hefðu ekki átt við um rétt A til greiðslna í fæðingarorlofi. Tryggingastofnun eða tryggingaráði hefði hins vegar borið að framsenda erindi hennar til víðeigandi stjórnvalds í Svíþjóð. Beindi umboðsmaður þeim tilmælum til framangreindra aðila að þessa yrði gætt við meðferð slíkra mála sem þeim kynnu að berast í framtíðinni.

1.2. Umönnunargreiðslur. Samtímis greiðslur bóta.
Stjórnsýslufrákvæmd. Lögmætisreglan. Rökstuðningur.
(Mál nr. 2416/1998)

A kvartaði yfir úrskurði tryggingaráðs sem hafnaði beiðni hennar um umönnunargreiðslur samkvæmt lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, þar sem slíkar greiðslur væru ekki greiddar samtímis greiðslum í fæðingarorlofi vegna ákvæðis 2. mgr. 43. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar.

Umboðsmaður gerði grein fyrir meginreglu 2. mgr. 43. gr. laga nr. 117/1993 um að enginn geti samtímis notið nema einnar tegundar greiddra bóta samkvæmt lögnum og undantekningum frá henni, einkum samkvæmt e-lið ákvæðisins sem heimilar samtímis greiðslur bóta mæli lögin svo fyrir. Þá greindi hann frá athugun sinni á framkvæmd Tryggingastofnunar ríkisins á umræddu ákvæði. Sú athugun leiddi í ljós að stofnunin hefði litið svo á að bætur gætu farið saman án sérstakrar lagaheimildar ef þær væru ólíkar í þeim skilningi að þeim væri ætlað að mæta mismunandi þörfum. Af þessu tilefni bar umboðsmaður saman eðli og tilgang greiðslna í fæðingarorlofi og umönnunargreiðslna og taldi að þar væri um ólíkar bætur að ræða sem ætlað væri að mæta mismunandi aðstæðum bótaþega. Taldi umboðsmaður það annmarka á úrskurði tryggingaráðs í málinu að það hefði ekki tekið afstöðu til þessa atriðis við úrlausn máls A.

Umboðsmaður fjallaði um heimild 4. gr. laga nr. 118/1993 til umönnunargreiðslna, um heimild ráðherra samkvæmt 3. mgr. sömu greinar til að setja reglugerð um framkvæmd slíkra greiðslna og um ákvæði reglugerða sem settar hafa verið á grundvelli þeirrar heimildar, þ.e. reglugerða nr. 150/1992, um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og sjúkra barna, og nr. 504/1997, um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna. Samkvæmt reglugerð nr. 150/1992 skyldu framfærendur fatlaðra og sjúkra barna frá þriggja mánaða og allt að 16 ára aldri eiga rétt á umönnunargreiðslum en í yngri reglugerðinni miðaðist upphaf greiðslna við lok fæðingarorlofs. Taldi umboðsmaður eldri reglugerðina eiga við í máli A og að tryggingastofnun hefði borið að afgreiða mál A á grundvelli hennar.

Umboðsmaður benti á að 4. gr. laga nr. 118/1993 væri heimildarákvæði og að ráðherra hefði nýtt sér heimild til að kveða á um framkvæmd umönnunargreiðslna í reglugerð og binda upphaf þeirra við þriggja mánaða aldur barns. Taldi hann áðurgreinda framkvæmd tryggingastofnunar um samtímis greiðslur ólíkra bóta því ekki geta veitt A frekari rétt en leiddi af reglugerð nr. 150/1992.

Þá reyndi á hvort nægjanleg lagaheimild í merkingu e-liðar 2. mgr. 43. gr. laga nr. 117/1993 hafi staðið til að saman gætu farið umönnunargreiðslur frá þriggja mánaða aldri barns og greiðslur í fæðingarorlofi. Vegna tilgangs almannatryggingalöggjafarinnar og sjónarmiða sem hafa yrði í huga við túlkun hennar taldi umboðsmaður að skýra yrði 3. mgr. 4. gr. laga nr. 118/1993 svo að hún væri, við þær aðstæður sem um ræddi í málinu, nægjanleg lagaheimild í framangreindum skilningi.

Varð það niðurstaða umboðsmanns að annmarkar hefðu verið á úrskurði tryggingaráðs í máli A auk þess sem ráðið hefði ekki leyst úr málinu á réttum lagagrundvelli. Beindi hann þeim tilmælum til tryggingaráðs að það sæi til þess að mál A yrði endurupptekið af þar til bærum aðila kæmi fram ósk þess efnis frá henni og að meðferð þess yrði þá hagað í samræmi við þau sjónarmið sem fram kæmu í álitinu.

Í tilefni af áliti mínu leitaði A til úrskurðarnefndar almannatrygginga og óskaði eftir endurupptöku á máli sínu. Nefndin féllst á það og felldi úrskurð í málinu 11. október 2000. Í úrskurðinum segir meðal annars svo:

„Kærandi uppfyllir á sama tíma skilyrði til að njóta greiðslna í fæðingarorlofi og skilyrði til umönnunargreiðslna. Hinsvegar er meginreglan í 43. gr. ótvíræð. Enginn getur samtímis notið nema einnar tegundar greiddra bóta. Lögskýringargögn og þá einkum aðdragandi að baki setningu laga nr. 117/1993 og 118/1993 styður þá lagatúlkun að 2. mgr. 42. gr. eigi almennt við um þær bótagreiðslur sem tilgreindar eru í lögum nr. 118/1993 um félagslega aðstoð. [. .]

Samkvæmt almennum lögskýringarsjónarmiðum verður að skýra 43. gr. skv. orðanna hljóðan og líta svo á að undantekningarákvæðin í a til e lið séu tæmandi talin. Engu breytir þó svo Tryggingastofnun hafi með ívilnandi hætti fellt undir undantekningarákvæðin fleiri tilvik en þar eru tilgreind. Slík ívilnun hefur ekki gildi nema gagnvart þeim sem þeirra njóta og hugsanlega annarra sem standa í sömu sporum með tilliti til ákvæða stjórnisýslulaga um jafnræði. Önnur og víðtækari ályktun verður ekki dregin af ívilnandi reglum Tryggingastofnunar gegn skýru ákvæði 43. gr. laganna. Ekkert í afgreiðslu TR eða í upplýsingum frá stofnuninni hefur að mati nefndarinnar gefið tilefni til að ætla að þessar greiðslur geti farið saman.

Kærandi vísar í rökstuðningi sínum til þess að annarsvegar greiðslur í fæðingarorlofi og hinsvegar umönnunargreiðslur mæti mismunandi þörfum og því verði þær greiddar samtímis. Þessi rökstuðningur og sú vinnuregla Tryggingastofnunar að bætur sem eru ólíkar í þeim skilningi að þeim er ætlað að mæta mismunandi þörfum geti farið saman, á ekki lagastoð. 43. gr. laga nr. 117/1993 sem mælir fyrir um réttarstöðuna að þessu leyti heimilar ekki að tillit sé tekið til eðlis og tilgangs bótagreiðslna. Þvert á móti kveður lagagreinin með hlutlægum hætti á um að enginn geti notið nema einnar tegundar bóta með þeim undantekningum sem í lagagreininni eru taldar. Undantekningarákvæðin verða að mati nefndarinnar ekki skýrð svo að saman geti farið umönnunargreiðslur og greiðslur í fæðingarorlofi. Ekki verður af lögskýringargögnum ráðið [að] vilji löggjafans hafi staðið til að þessar bætur greiddust samtímis. Þvert á móti hefur löggjafinn með setningu laga nr. 95/2000 2. mgr. 33. gr. nú tekið af allan vafa um vilja sinn í þessum efnunum, en þar er skýrt kveðið á um að þessar bótagreiðslur fari ekki saman.

[. .]

Kærandi hefur réttilega bent á að í 1. gr. reglugerðar nr. 150/1992 hafi verið kveðið á um greiðslu umönnunargreiðslna frá þriggja mánaða aldri. Að mati úrskurðarnefndarinnar verður að skýra þetta lagaákvæði með tilliti til 43. gr. almannatryggingalaga þannig að eigi maður rétt bæði á umönnunargreiðslum skv. 4. gr. og fæðingarorlofsgreiðslum þá sé óheimilt að greiða hvort tveggja og viðkomandi njóti aðeins þeirra greiðslna sem eru hærri.

Úrskurðarnefndin fellst ekki á að kærandi hafi öðlast rétt til umönnunarbóta óháð öðrum bótagreiðslum á grundvelli 4. gr. laga nr. 118/1993 og reglugerðarákvæðis setts með stoð í þeim.

Með vísan til þessa og rökstuðnings tryggingaráðs í úrskurði sínum í málinu nr.

324/1997 frá 23. janúar 1997 er það álit nefndarinnar að krafa kæranda um umönnunargreiðslur samtímis greiðslum í fæðingarorlofi eigi ekki lagastoð.

ÚRSKURÐARORÐ:

Synjun Tryggingastofnunar ríkisins á umönnunargreiðslum fyrir 1. mars 1998 vegna [B] er staðfest.“

Með bréfi til úrskurðarnefndar almannatrygginga, dags. 6. nóvember 2000, óskaði C, hæstaréttarlögmaður, fyrir hönd A eftir endurupptöku á málinu. Samkvæmt bréfi úrskurðarnefndarinnar, dags. 19. janúar 2001, til A þóttu engin rök hafa komið fram sem breyttu fyrri niðurstöðu nefndarinnar.

**1.3. Umönnunargreiðslur. Lögætisreglan.
(Mál nr. 2417/1998)**

Neistinn, styrktarfélag hjartveikra barna, kvartaði yfir ákvæði 5. gr. reglugerðar nr. 504/1997, um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna. Taldi félagið ákvæðið, sem takmarkar hæstu greiðslur við lífshættulega sjúkdóma, ekki vera í samræmi við 4. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð.

Umboðsmaður gerði grein fyrir ákvæði 4. gr. laga nr. 118/1993 og forsögu þess. Samkvæmt ákvæðinu er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að inna af hendi umönnunargreiðslur til framfærenda fatlaðra og langveikra barna sem dveljast í heimahúsi eða á sjúkrahúsi, allt að tiltekinni fjárhæð, ef andleg eða líkamleg hömlun barns hefur í för með sér tilfinnanleg útgjöld og sérstaka umönnun eða gæslu. Þá rakti umboðsmaður ákvæði 5. gr. II reglugerðar nr. 504/1997. Samkvæmt henni skulu sjúkdómstílvik metin til fimm flokka með tilliti til alvarleika sjúkdóms og tíðni sjúkrahússinnlagna og meðferðar og eru flokkar 1 og 2 bundnir við lífshættulega sjúkdóma. Hver flokkur er síðan metinn með tilliti til umönnunarþyngdar.

Í tilefni ábendingar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins um að umrædd 4. gr. hefði að geyma heimildarákvæði vék umboðsmaður að því að fyrsta lagaheimildin til greiðslu umönnunarbóta hefði kveðið á um skyldu til að greiða framfærendum fatlaðra og sjúkra barna slíkar bætur. Með vísan til lögskýringargagna taldi hann að ráðuneytið gæti ekki með reglugerð afmarkað þann hóp sem notið gæti slíkra greiðslna með þrengri hætti en leiddi af skýringu á orðalagi ákvæðisins.

Umboðsmaður lagði áherslu á að skilyrði umönnunargreiðslna samkvæmt 4. gr. laga nr. 118/1993 væri að langvinn veikindi barna hefðu í för með sér tilfinnanleg útgjöld og sérstaka umönnun eða gæslu. Féllst umboðsmaður á það með ráðuneytinu að alvarleiki sjúkdóma gæti ráðið mestu um umönnunarþörf og útgjöld henni tengd. Lagaákvæðið mælti hins vegar fyrir um að heimildin til greiðslu umönnunarbóta tæki til framfærenda langveikra barna og í þeim tilvikum þyrfti ekki endilega að vera um lífshættulega sjúkdóma að ræða. Taldi umboðsmaður umrædda takmörkun 5. gr. reglugerðar nr. 504/1997 þrengri en svo að það samrýmdist orðalagi 1. mgr. 4. gr. laga nr. 118/1993. Taldi umboðsmaður fyrirmæli reglugerðarinnar jafnframt takmarka svigrúm tryggingalækna til að meta einstök tilvik með tilliti til fyrirmæla lagaákvæðisins.

Varð það því niðurstaða umboðsmanns að það skilyrði að barn sé haldið lífshættulegum sjúkdómi til þess að framfærandi geti notið umönnunargreiðslna eftir 1. og 2. flokki samkvæmt 5. gr. II reglugerðar nr. 504/1997 samrýmdist ekki orðalagi 4. gr. laga nr. 118/1993. Beindi hann þeim tilmælum til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins að það tæki ákvæði reglugerðarinnar til endurskoðunar þar sem tekið yrði tillit til þeirra sjónarmiða sem fram kæmu í álitinu.

Með bréfi til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, dags. 23. janúar 2001, óskaði ég eftir upplýsingum um hvort endurskoðun á 5. gr. II reglugerðar nr. 504/1997, um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, hefði farið fram. Í svari ráðuneytisins, dags. 26. janúar 2001, segir meðal annars svo:

„Með hliðsjón af fyrrgreindu álitum umboðsmanns Alþingis, upplýsir ráðuneytið hér með að vinnu er lokið við endurskoðun 5. gr. reglugerðar nr. 504/1997, um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna og eru drög að breytingu á reglugerðinni nú til umsagnar hjá Tryggingaráði.“

Í bréfi ráðuneytisins til mín, dags. 26. febrúar 2001, segir meðal annars svo:

„Meðfylgjandi er reglugerð um (2) breytingu á reglugerð nr. 504/1997, um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna nr. 130/2001, sem birtist í Stjórnartíðindum þann 7. febrúar s.l.

Ráðuneytið telur að með framangreindri breytingu sé tekið tillit til þeirra sjónarmiða er fram koma í áður nefndu álitum umboðsmanns Alþingis.“

1.4. Endurupptaka. Hugtakið slys. Stjórnsýslukæra. (Mál nr. 2485/1998)

A kvartaði yfir úrskurði tryggingaráðs þar sem beiðni hans um endurupptöku á úrskurði var synjað. Var endurupptökubeiðni A á því byggð að fram væru komnar nýjar upplýsingar. Í eldra málinu hafði tryggingaráð hafnað kröfu A um bætur samkvæmt 22. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, vegna meiðsla á hægri öxl sem hann varð fyrir við vinnu sína á þeim grundvelli að atvikið gæti ekki talist slys í merkingu laganna þar sem A hefði verið skaddaður á öxlinni fyrir. Í kjölfar úrskurðarins kom svo í ljós að A hafði nokkrum árum áður orðið fyrir meiðslum við vinnu á sömu öxl.

Umboðsmaður rakti ákvæði 1. mgr. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 um skilyrði fyrir endurupptöku stjórnsýslumáls og lögskýringargögn að baki ákvæðinu. Vakti hann athygli á því að í eldri úrskurði tryggingaráðs hefði aðeins verið lagt til grundvallar að „forskaði“ hefði verið fyrir hendi án þess að til þeirrar staðhæfingar hefðu staðið fullnægjandi upplýsingar eða gögn. Í ljósi þessa auk þeirra nýju upplýsinga sem fyrir lágu í beiðni A var það niðurstaða umboðsmanns að tryggingaráði hefði borið að endurupptaka mál A samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 24. gr. stjórnsýslulaga. Þá taldi umboðsmaður að tryggingaráð hefði ekki gert fullnægjandi reka að því að afla læknisfræðilegra gagna áður en það úrskurðaði í fyrra skiptið.

Umboðsmaður tók fram að ef beiðni um endurupptöku væri studd við 1. tölul. 1. mgr. 24. gr. stjórnsýslulaga og í ljós kæmi að stjórnvaldi væri skylt að taka mál upp að nýju á þeim grundvelli kynnu atvik að vera með þeim hætti að stjórnvaldi væri einnig rétt að taka að eigin frumkvæði til endurskoðunar efnislega niðurstöðu sína um skýringu viðeigandi lagareglna sem ráðið hefðu fyrri úrlausn málsins. Gætu þar m.a. komið til úrlausnir dómstóla eða álit umboðsmanns Alþingis sem gengið hefðu eftir að fyrri niðurstaða stjórnvalds um túlkun lagareglu lá fyrir. Tók umboðsmaður fram að ef fram kæmi beiðni frá A um að mál hans yrði endurupptekið með vísan til þessa álits kynni að vera rétt við úrlausn þess að taka túlkun tryggingaráðs á 22. gr. almannatryggingalaga til athugunar að nýju í samræmi við þau sjónarmið sem rakin væru í eldra álitu sínu í máli nr. 2516/1998 þar sem hann fjallaði um hugtakið slys í merkingu 22. gr. almannatryggingalaga.

Að lokum vék umboðsmaður að því hvort tryggingaráði hefði borið að taka

afstöðu til tiltekins efnisatriðis í niðurstöðu tryggingastofnunar í tilefni af endurupp-tökubeiðni A. Hafði A óskað eftir endurskoðun tryggingaráðs á þessu atriði í stjórn-sýslukæru sinni til ráðsins. Af þessu tilefni rakti umboðsmaður ákvæði VII. kafla stjórn-sýslulaga um stjórn-sýslukæru og lögskýringargögn. Var það niðurstaða umboðsmanns að tryggingaráði hefði borið að taka nefnt efnisatriði sérstaklega til úrskurðar þegar það afgreiddi endurupp-tökubeiðni A.

Beindi umboðsmaður þeim tilmælum til tryggingaráðs að það sæi til þess að mál A yrði endurupptekið af til þess bærum aðila, kæmi fram ósk um það frá honum, og að meðferð þess yrði hagað í samræmi við þau sjónarmið sem fram kæmu í álitinu.

Með bréfi til tryggingaráðs, dags. 19. febrúar 2001, óskaði ég eftir upplýsingum um hvort A hefði leitað til tryggingaráðs á ný og þá hvort einhverjar ákvarðanir hefðu verið teknar af því tilefni. Í svari tryggingaráðs, dags. 6. mars 2001, kemur fram að beiðni B, hæstaréttarlögmanns, fyrir hönd A um endurupptöku málsins hafi verið framsend úrskurðarnefnd almennatrygginga 6. desember 2000.

Samkvæmt upplýsingum frá úrskurðarnefnd almennatrygginga var málið enn í vinnslu þegar skýrslan fór í prentun.

1.5. Slysatrygging. Rannsóknarreglan. Rökstuðningur. (Mál nr. 2516/1998)

A kvartaði yfir úrskurði tryggingaráðs þar sem hafnað var beiðni hennar um slysa-bætur vegna bakmeiðsla sem hún hlaut við að lyfta byrði við vinnu sína. Að baki niður-stöðu tryggingaráðs lá sú túlkun þess að með orðinu slys í merkingu laga nr. 117/1993, um almennatryggingar, væri fyrst og fremst átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem ylli meiðslum á líkama. Þar sem A hefði hvorki runnið eða hrasað né nokkuð óvænt gerst teldist orsök meiðsla hennar ekki slys.

Umboðsmaður fjallaði um skilgreiningu á hugtakinu slys. Rakti hann ákvæði 22. gr. laga nr. 117/1993 sem gerir þá kröfu að slys verði við vinnu og hljótist ekki af athöfnum hins slasaða sjálfs sem ekki standa í sambandi við vinnuna. Þá gerði hann grein fyrir réttarþróun í íslenskum og norrænum rétti og athugun sinni á nokkrum úrskurðum tryggingaráðs um slysatryggingu. Með hliðsjón af forsögu framangreinds ákvæðis, norrænni þróun á þessu réttarsviði og hinu félagslega eðli slysatrygginga taldi umboðsmaður að tryggingaráð legði of þrönga merkingu í umrætt hugtak. Taldi hann að við skilgreiningu þess yrði að gera kröfu um orsakasamband milli framkvæmdar starfs og slyss, að líkamstjón væri afleiðing skyndilegs óhappaatburðar og að sá atburður væri utanaðkomandi í þeim skilningi að um ytra álag væri að ræða. Líkams-tjón vegna óvenjulegs álags við framkvæmd starfs væri því slys í merkingu 22. gr. laga nr. 117/1993.

Umboðsmaður lagði áherslu á nauðsyn þess að við úrlausn einstakra tilvika lægju fyrir upplýsingar um það hvernig slys hefði borið að höndum og um orsaka-samband milli áverka og starfs. Taldi umboðsmaður að mál A hefði ekki sætt nægi-lega ítarlegri rannsókn af hálfu tryggingaráðs að þessu leyti, sbr. 10. gr. stjórn-sýslulaga nr. 37/1993.

Umboðsmaður tók fram að tryggingaráð hefði í úrskurði sínum vísað til „almennrar málvenju, skilgreininga fræðimanna svo og erlends réttar“, án frekari skýringa. Taldi umboðsmaður það vera annmarka á rökstuðningi tryggingaráðs í máli-nu.

Niðurstaða umboðsmanns varð því sú að lagarök stæðu ekki til þess að beita svo

þröngri skýringu á hugtakinu slys í skilningi 22. gr. laga nr. 117/1993 eins og gert væri í úrskurði tryggingaráðs í máli A. Málið hefði ekki sætt nægilega ítarlegri rannsókn, sbr. 10. gr. laga nr. 37/1993, og að annmarki hefði verið á rökstuðningi tryggingaráðs, sbr. 22. gr. sömu laga. Beindi hann þeim tilmælum til tryggingaráðs að það hlutaðist til um endurupptöku málsins af þar til bærum aðila kæmi fram ósk þess efnis frá A. Beindi umboðsmaður þeim tilmælum til tryggingaráðs að það sæi til þess að mál A yrði endurupptekið af til þess bærum aðila, kæmi fram ósk um það frá henni, og að meðferð þess yrði þá hagað í samræmi við þau sjónarmið sem fram kæmu í álitinu.

Með bréfi til tryggingaráðs, dags. 1. febrúar 2001, óskaði ég eftir upplýsingum um hvort A hefði leitað til tryggingaráðs á ný og þá hvort einhverjar ákvarðanir hefðu verið teknar af því tilefni. Í svari tryggingaráðs, dags. 9. apríl 2001, kemur fram að beiðni A um endurupptöku málsins hafi verið framsend úrskurðarnefnd almennatrygginga.

Samkvæmt upplýsingum frá úrskurðarnefnd almennatrygginga var málið enn í vinnslu þegar skýrslan fór í prentun.

1.6. Örorkumat. Rannsóknarreglan. Rökstuðningur. (Mál nr. 2648/1999)

A kvartaði yfir úrskurði tryggingaráðs þar sem staðfest var 65% örorkumat hennar en A hafði farið fram á hækkun þess í 75%. Taldi hún að í örorkumati og úrskurði tryggingaráðs hefði hvorki verið tekið tillit til meiðsla á vinstri öxl né óvinnufærni hennar.

Umboðsmaður minnti á skyldu tryggingaráðs sem leiddi af þágildandi 1. mgr. 7. gr. laga nr. 117/1993, um almennatryggingar, um að sjá til þess að nægilega væri upplýst um atriði sem snertu heilsu umsækjanda um örorkulífeyri og atriði sem lágu til grundvallar örorkumati samkvæmt þágildandi 12. gr. laganna. Að því er fyrra atriðið snerti taldi umboðsmaður að ekki kæmi fram afstaða til umrædds áverka í fyrirbyggjandi vottorðum lækna. Niðurstaða tryggingaráðs hefði því ekki verið byggð á upplýsingum í gögnum málsins að þessu leyti. Þá hefði tryggingaráð ekki aflað nýrra gagna um þetta atriði.

Um síðara atriðið benti umboðsmaður á að mat samkvæmt þágildandi 12. gr. laga nr. 117/1993 hefði ekki eingöngu verið læknisfræðilegt, heldur einnig tekið mið af fjárhagslegum og félagsfræðilegum þáttum og miðað að því að finna raunverulega þekktu vinnugetu. Skilyrði til greiðslu örorkulífeyris hafi ekki verið uppfyllt nema möguleikar til tekjuöflunar væru raunverulega undir ákveðnu launahlutfalli. Taldi umboðsmaður læknisfræðileg gögn í málinu ekki taka afstöðu til þeirra atriða sem voru grundvöllur örorku samkvæmt ákvæðinu og að tryggingaráð hefði ekki framkvæmt sjálfstæða könnun eða aflað gagna þar að lútandi.

Rökstuðningur tryggingaráðs í málinu vísaði til læknisfræðilegra gagna um að A teldist fær til léttari starfa að því marki að skilyrði til 75% örorku væri ekki uppfyllt. Umboðsmaður benti á að það mat væri ekki rökstutt í tilvitnuðum gögnum. Jafnframt að tryggingaráð hefði ekki lagt sjálfstætt mat á fyrirbyggjandi upplýsingar eða hvort og þá hvaða þættir þágildandi 12. gr. hefðu haft mesta þýðingu um niðurstöðu ráðsins og hvernig þeim hefði verið beitt með tilliti til þeirra félagslegu og persónulegu sjónarmiða sem athuga skyldi í slíkum málum.

Varð það niðurstaða umboðsmanns að rannsókn tryggingaráðs í tengslum við meðferð málsins hefði ekki verið í samræmi við 10. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 auk þess sem rökstuðningur í úrskurði tryggingaráðs uppfyllti ekki skilyrði 31. gr., sbr. 22. gr. sömu laga.

Í tilefni af álitu mínu leitaði A til úrskurðarnefndar almannatrygginga með bréfi, dags. 22. maí 2000, og óskaði eftir endurupptöku á máli sínu með vísan til álits míns. Félst nefndin á að endurupptaka málið og úrskurðaði í því að nýju 30. ágúst 2000. Í niðurlagi úrskurðarins segir meðal annars svo:

„Samkvæmt skattframtali hefur kærandi engar launatekjur haft á því tímabili sem kært örorkumat varðar. Samkvæmt kæranda eru aðrar tekjur á framtölum félagsleg aðstoð.

Þá hefur tryggingalæknir nú metið örorku kæranda 75% samkvæmt nýrri aðferð við örorkumat, sbr. 12. gr. laga nr. 117/1993 ásamt síðari breytingum. Nýja örorkumatið er alfarið læknisfræðilegt. Læknisfræðileg gögn sem liggja til grundvallar nýja matinu eru allt að því samhljóða læknisfræðilegum gögnum frá þeim tíma er kært mat varðar.

Á tímabilinu 1. október 1997 til 31. mars 1999 bjó [A] skv. þjóðskrá í u.þ.b. 9 mánuði í [Z] og 9 mánuði í Reykjavík. Með tilvísan í læknisvottorð [X] um hugsanlega starfsgetu og starfsmöguleika má telja að hún hafi í [Z] ekki getað unnið sér inn ¼ þess sem andlega og líkamlega heilir menn þar gátu. Vegna þunglyndis verður einnig að telja hæpið að hún hafi getað það eftir að hún flutti til Reykjavíkur og rétt hún njóti vafa hvað þetta varðar.

Að því virtu og þar sem kærandi hefur engar launatekjur haft samkvæmt skattframtali er örorkumat frá 10. mars 1998 hækkað úr 65% í 75%.“

**1.7. Styrkur til kaupa á bifreið. Rannsóknarreglan. Skyldubundið mat.
(Mál nr. 2796/1999)**

A kvartaði yfir úrskurði úrskurðarnefndar almannatrygginga þar sem beiðni hennar um styrk til bifreiðakaupa, sem næmi 40% af kaupverði bifreiðar, var hafnað.

Umboðsmaður rakti ákvæði 11. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, sem mælir fyrir um heimild Tryggingastofnunar ríkisins til að greiða tilteknum bótapegum almannatrygginga uppþót vegna bifreiðakaupa sem þeim er nauðsyn að hafa vegna hreyfihömlunar. Hann gerði einnig grein fyrir nánari ákvæðum um slíka styrki í reglugerð nr. 170/1987, um þátttöku almannatrygginga í bifreiðakaupum fatlaðra, með síðari breytingum. Samkvæmt reglugerðinni er tryggingastofnun heimilt að greiða hreyfihömluðum svokallaða lægri og hærri styrki samkvæmt 1. mgr. 5. gr. hennar og styrki sem nema 40% af kaupverði bifreiðar, sbr. 4. mgr. 5. gr. (nú 50%, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 239/1999, um breytingu á reglugerð nr. 170/1987, um þátttöku almannatrygginga í bifreiðakaupum fatlaðra), komist þeir ekki af án sérbúinnar og dýrrar bifreiðar vegna fötlunar.

Synjun úrskurðarnefndar almannatrygginga var á því byggð að ekki hefði nægjanlega verið gerð grein fyrir því með læknisfræðilegum gögnum að A uppfyllti framangreint skilyrði. Lagði nefndin til grundvallar þá viðmiðunarreglu tryggingastofnunar að styrkur samkvæmt 4. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar greiddist aðeins umsækjendum sem stunduðu nám eða vinnu.

Umboðsmaður minnti á fyrri álit umboðsmanns Alþingis sem fjalla um heimild stjórnvalda til að setja sér vinnureglur að því tilskildu að þær takmarki ekki skyldubundið mat þeirra. Taldi hann með vísan til 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og markmiðs löggjafar um félagslega aðstoð að það að 11. gr. laga nr. 118/1993 væri heimildarákvæði leiddi ekki til þess að tryggingastofnun gæti á grundvelli verk-lagsreglna afmarkað þann hóp sem notið gæti „40% styrks“ með þrengri hætti en leiddi af skýringu á orðalagi ákvæðisins og ákvæða reglugerðar sem sett hefði verið á

grundvelli þess. Væri því ekki heimilt að synja umsóknum eingöngu með vísan til vinnureglu þess efnis að umsækjandi stundaði ekki vinnu eða nám heldur þyrfti að kanna í hverju tilviki hver áhrif fötlun hefði á hreyfigetu og hvaða sérútbúnaðar hún krefðist. Umboðsmaður tók fram að hefði nefndin talið að mat yrði ekki byggt á þeim læknisfræðilegu gögnum sem til staðar voru í málinu hefði henni borið að afla frekari upplýsinga um heilsufar A í því skyni að tryggja að þetta atriði væri nægilega upplýst áður en hún kvað upp úrskurð í málinu.

Varð það niðurstaða umboðsmanns að skort hefði á að lagt væri mat á umsókn A á grundvelli skilyrða 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 170/1987 og að rannsókn úrskurðarnefndar almannatrygginga fullnægði ekki kröfum 10. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Beindi hann þeim tilmælum til úrskurðarnefndarinnar að hún tæki mál A til skoðunar á ný, óskaði hún þess, og hagaði þá meðferð þess í samræmi við þau sjónarmið sem fram kæmu í álitinu.

Með bréfi til úrskurðarnefndar almannatrygginga, dags. 1. febrúar 2001, óskaði ég eftir upplýsingum um hvort A hefði leitað til úrskurðarnefndar almannatrygginga á ný og þá hvort einhverjar ákvarðanir hefðu verið teknar af því tilefni. Með svarbréfi nefndarinnar, dags. 7. febrúar 2001, fylgdi afrit af bréfi til A, dags. 4. janúar 2001. Í því bréfi segir meðal annars svo:

„Vegna bréfs [A] dags. 6. nóvember 2000 til Úrskurðarnefndar almannatrygginga og í samræmi við álit umboðsmanns Alþingis dags. 17. október 2000 tók úrskurðarnefndin málið fyrir á ný á fundi sínum 6. desember s.l. Nefndin komst að sömu niðurstöðu og í úrskurði nr. 91/1999. Til viðbótar rökstuðningi sem þar er gerir úrskurðarnefndin eftirfarandi bókun [. . .].“

Um efni bókunarinnar vísast til heimasíðu umboðsmanns Alþingis (www.umbodsmaduralthingis.is) í máli nr. 2796/1999.

1.8. Hjálpartæki. Rannsóknarreglan. Skyldubundið mat. Rökstuðningur. Form og efni úrskurða. (Mál nr. 2855/1999)

A kvartaði yfir úrskurði tryggingaráðs þar sem beiðni hennar um styrk til tölvukaupa vegna B, sonar hennar, var hafnað.

Umboðsmaður gerði grein fyrir ákvæði 33. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, um styrkveitingar til öflunar hjálpartækja og reglum sem tryggingaráð hefur sett á grundvelli þess ákvæðis. Samkvæmt þeim reglum eru tölvur einungis samþykktar sem hjálpartæki til tjáskipta vegna mjög mikilla örðugleika við munnleg og/eða skrifleg tjáskipti. Niðurstaða tryggingaráðs í málinu var á því byggð að þetta skilyrði væri ekki uppfyllt samkvæmt gögnum málsins.

Umboðsmaður fjallaði um rannsóknarskyldu tryggingaráðs samkvæmt 7. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, og 10. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 og skyldu þess til að meta aðstæður umsækjenda með tilliti til þeirra skilyrða sem því væri í lögum falið að meta. Í ljósi þess að gögn málsins höfðu að mati umboðsmanns ekki að geyma nægilegar upplýsingar um ásigkomulag og færni B taldi umboðsmaður að tryggingaráði hefði borið að kanna tjáskiptamöguleika B og leggja mat á þörf hans fyrir tölvu og hvort hún gæti komið honum að notum við tjáskipti með hliðsjón af þeim reglum sem ráðið hefði sett í þessu sambandi.

Þá gerði umboðsmaður grein fyrir þeim kröfum sem ákvæði stjórnisýslulaga gera til rökstuðnings stjórnvaldsákvarðana. Benti hann á að tryggingaráð hefði látið hjá

líða að vísa til 33. gr. laga nr. 117/1993 í úrskurði sínum og að greinargerð hjálpartækjanefndar hefði ekki verið þannig úr garði gerð að nægjanlegt hefði verið fyrir tryggingaráð að vísa til hennar sem rökstuðnings fyrir niðurstöðu sinni í málinu.

Varð það niðurstaða umboðsmanns að tryggingaráð hefði ekki gætt rannsóknarskyldu sinnar samkvæmt 10. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og ráðinu því ekki verið unnt að meta nauðsyn hjálpartækis eins og því hefði borið skylda til samkvæmt lögum nr. 117/1993. Þá hefði rökstuðningur ekki verið í samræmi við kröfur 31. gr., sbr. 22. gr. stjórnarsýslulaga. Voru það tilmæli hans til tryggingaráðs að það sæi til þess að mál A yrði tekið til skoðunar á ný af þar til bærum aðila, óskaði hún þess, og að meðferð þess yrði þá hagað í samræmi við þau sjónarmið sem fram kæmu í álitinu.

**1.9. Rökstuðningur. Endurkröfuréttur samkvæmt almannatryggingalögum.
(Mál nr. 2858/1999)**

A kvartaði yfir úrskurði úrskurðarnefndar almannatrygginga þar sem staðfest var ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um endurkröfu á ofgreiddri uppbót fyrir tiltekið tímabil. Niðurstaða tryggingaráðs var á því byggð að A hefði ekki átt rétt á greiðslu uppbótar samkvæmt lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, þar sem hún væri búsett í Svíþjóð. Tryggingastofnun ætti því endurkröfu samkvæmt 1. mgr. 50. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar. A taldi greiðsluna hins vegar til komna vegna mistaka tryggingastofnunar og endurkröfu því óheimila.

Umboðsmaður gerði grein fyrir þeim kröfum sem ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 gera til rökstuðnings stjórnvaldsákvæðana og álitni umboðsmanns Alþingis í máli nr. 2146/1997 þar sem fjallað var um endurkröfurétt tryggingastofnunar á grundvelli 1. mgr. 50. gr. laga nr. 117/1993. Fram kom að framangreint ákvæði fæli ekki í sér sjálfstæða efnisreglu um endurkröfurétt heldur vísaði um það til almennra reglna. Almennar reglur um endurkröfu ofgreidds fjár væru ekki í settum lögum. Þær byggðust á öðrum heimildum, meðal annars úrlausnum dómstóla. Umboðsmaður taldi því að tilgreining á 1. mgr. 50. gr. laga nr. 117/1993 einni sér fæli ekki í sér lýsingu á þeim reglum og að tryggingaráði hefði borið að gera grein fyrir þeim reglum sem við ættu og hvernig þeim yrði beitt í máli A, þ.á m. hvaða þýðingu mistök starfsmanna tryggingastofnunar hefðu í því sambandi.

Varð það niðurstaða umboðsmanns að rökstuðningur úrskurðarnefndar almannatrygginga í máli A fullnægði ekki skilyrðum 31. gr., sbr. 22. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Beindi hann þeim tilmælum til úrskurðarnefndar almannatrygginga að hún tæki mál A til skoðunar á ný, óskaði A þess, og hagaði þá meðferð þess í samræmi við þau sjónarmið sem fram kæmu í álitinu.

Með bréfi til úrskurðarnefndar almannatrygginga, dags. 1. febrúar 2001, óskaði ég eftir upplýsingum um hvort A hefði leitað til nefndarinnar á ný og þá hvort einhverjar ákvarðanir hefðu verið teknar af því tilefni. Með svarbréfi nefndarinnar, dags. 7. febrúar 2001, fylgdi afrit af bréfi til A, dags. 4. janúar 2001. Í því bréfi segir meðal annars svo:

„Vegna bréfs [A] dags. 30. október 2000 til Úrskurðarnefndar almannatrygginga og í samræmi við álit umboðsmanns Alþingis dags. 16. október 2000 tók úrskurðarnefndin málið fyrir á ný á fundi sínum 13. desember s.l. Nefndin komst að sömu niðurstöðu og í úrskurði nr. 176/1999. Til viðbótar rökstuðningi sem þar er gerir úrskurðarnefndin eftirfarandi bókun [. . .].“

Um efni bókunarinnar vísast til heimasíðu umboðsmanns Alþingis (www.umbodsmaduralthingis.is) í máli nr. 2858/1999.

2.0. Fangelsismál.

2.1.

**Agaviðurlög. Einangrun. Evrópskar fangelsisreglur.
Heilbrigðisþjónusta í fangelsum. Mannréttindasáttmáli Evrópu.
Rannsóknarreglan. Stjórnsýslukæra.
(Mál nr. 2426/1998)**

A kvartaði í fyrsta lagi yfir því hversu seint kæra hans vegna ákvörðunar framkvæmdastjóra fangelsisins að Litla-Hrauni um agaviðurlög hefði borist dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Samkvæmt skýringum ráðuneytisins til umboðsmanns taldi ráðuneytið líklegt að kærán sem var dags. 4. mars 1998 hefði borist ráðuneytinu 5. eða 6. mars 1998 en ekki verið stimpluð um móttöku fyrr en 10. sama mánaðar vegna leyfis starfsmanns. Umboðsmaður rakti ákvæði 5. mgr. 31. gr. laga nr. 48/1988, um fangelsi og fangavist, þar sem mælt er fyrir um tveggja sólarhringa frest ráðuneytisins til að úrskurða í slíkum málum ella falli ákvörðun um agaviðurlög úr gildi. Lagði umboðsmaður sérstaka áherslu á tafarlausu skráningu á móttöku slíkra erinda í ráðuneytinu. Eins og málið var vaxið taldi hann að án frekari sönnunarfærslu yrði því ekki slegið föstu að ákvörðun um agaviðurlög hefði í reynd verið fallin niður þegar ráðuneytið úrskurðaði í málinu. Beindi hann þeim tilmælum til ráðuneytisins að það tæki til athugunar hvenær kæra A hefði borist því, kynnti honum niðurstöðu þeirrar athugunar og gerði viðeigandi ráðstafanir til samræmis við hana.

Kvörtun A beindist jafnframt að því að andlegt ástand hans hefði gefið tilefni til fyrirbyggjandi afskipta af hálfu fangelsisyrvalda áður en atvik málsins áttu sér stað. Með vísan til þess að gögn málsins veittu ekki upplýsingar um efnisatriði kæru A að þessu leyti taldi umboðsmaður að dóms- og kirkjumálaráðuneytinu hefði borið að afla frekari upplýsinga, sbr. 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, og taka síðan afstöðu til þess hvort fanginn hefði notið heilbrigðisþjónustu samkvæmt lögum nr. 48/1988 og evrópsku fangelsisreglunum.

Athugun umboðsmanns vegna kvörtunar A beindist ennfremur að þeirri ákvörðun að hann skyldi sæta einangrun með tilliti til andlegs ástands hans á þeim tíma er sú ákvörðun var tekin. Umboðsmaður gerði grein fyrir rannsóknarskyldu forstöðumanns fangelsis samkvæmt ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 48/1988. Þá rakti hann ákvæði 1. mgr. 38. gr. evrópsku fangelsisreglnanna þar sem segir að aðeins megi beita fanga innilokun eða einhverri annarri refsingu sem haft geti skaðleg áhrif á líkamlega eða andlega heilsu hans að fangelsislæknir hafi að lokinni skoðun staðfest að fangi þoli slík viðurlög. Taldi umboðsmaður að rannsókn forstöðumanns samkvæmt framangreindum 4. tölul. 1. mgr. 31. gr. verði, auk skýrslutöku og gagnaöflunar sem snerta agabrotið sjálft, að taka til þess hvort fanginn þoli einangrun, sbr. framangreint ákvæði evrópsku fangelsisreglnanna. Var það niðurstaða umboðsmanns að brot A, ástand hans og skýringar hans á verknaðinum hefðu gefið tilefni til slíkrar rannsóknar og til þess að leita eftir skriflegri staðfestingu fangelsislæknis á því að ástand hans væri með þeim hætti að það kæmi ekki í veg fyrir að gripið yrði til einangrunar hans. Jafnframt var það niðurstaða umboðsmanns að dóms- og kirkjumálaráðuneytinu hefði verið rétt að kanna sérstaklega réttmæti einangrunar A að þessu leyti, sbr. 10. gr. stjórnsýslulaga. Vegna þessa þáttar málsins vakti umboðsmaður jafnframt athygli á 3. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Tók hann fram að lögfesting sáttmálans fæli í sér skuldbindingu af hálfu íslenska ríkisins til að haga löggjöf sinni og stjórnsýslu þannig að réttindi samkvæmt honum væru virt. Bæri stjórnvöldum því að

haga refsifullnustu þannig að gætt væri að líkamlegri og andlegri velferð fanga og þeim tryggð viðeigandi lækniþjónusta.

Yrði það niðurstaða athugunar dóms- og kirkjumálaráðuneytisins að ákvörðun um agaviðurlög hefði ekki fallið niður vegna ákvæða 5. mgr. 31. gr. laga nr. 48/1988 beindi umboðsmaður þeim tilmælum til ráðuneytisins að það fjallaði á ný um mál A ef hann leitaði eftir því og leysti þá úr því í samræmi við þau sjónarmið sem rakin væru í álitinu.

I.

Hinn 16. mars 1998 leitaði A, þáverandi refsifangi á Litla-Hrauni, til umboðsmanns Alþingis. Beinist kvörtun hans að úrskurði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins frá 10. mars 1998 þar sem staðfest var ákvörðun framkvæmdastjóra fangelsisins að Litla-Hrauni, dags. 27. febrúar 1998, um agaviðurlög.

Ég lauk máli þessu með álitu, dags. 7. júlí 2000.

II.

Í gögnum málsins kemur fram að hinn 27. febrúar 1998 hafi komið upp eldur í klefa A. Eldurinn hafi logað í fatahrúgu og hafi A setið nakinn á teppi á gólfinu og reykt vindil. Einnig kemur fram að hann hafi rispað sig til blóðs á hægri handlegg. Þá hafi hann sagt að hann hefði ekki sofið í tvo sólarhringa og að einhverjar raddir væru að ásækja hann. Þá kemur fram að samband hafi verið haft við [C] fangelsislækni sem hafi ráðlagt lyfjagjöf og ákveðið að skoða A næsta morgun. A hafi síðan verið læstur inni á klefa A-3 í Húsi 1 en lúga á klefahurðinni verið höfð opin til að betra yrði að fylgjast með honum. Þá kemur fram að lækurinn hafi staðfest að fanginn hefði sjálfur óskað eftir því hinn 17. febrúar 1998 að dregið yrði úr skammti lyfsins Zóloft til hans.

Í forsendum ákvörðunar um agaviðurlög, dags. 27. febrúar 1998, og ákvörðunarorðum segir:

„Reglur fangelsisins hanga uppi í fangelsinu og eru öllum föngum aðgengilegar. Í 8. gr. húsreglna fyrir fanga á Litla-Hrauni segir m.a. að fangi skuli ganga snyrtilega um húsnaði og lóð fangelsisins og gæta þess að vinna ekki tjón á eigum þess. Brot á reglum fangelsisins varða viðurlögum. Með því að kveikja eld á klefagólfi hefur fanginn gerst brotlegur við reglur fangelsisins og sætir viðurlögum. Fanganum hefur áður verið gert að sæta viðurlögum sbr. ákvörðun dags. 13. þ.m.

Samkvæmt 31. gr. laga nr. 48/1988 um fangelsi og fangavist, er heimilt að beita fanga agaviðurlögum. Ákveðið er að beita viðurlögum samkvæmt 2., 3. og 4. tl. þeirrar greinar.

Ákvörðunarorð:

Fanginn [A] [. . .] skal sæta viðurlögum sem hér segir:

1. Einangrun í 5 daga frá og með 27.02.1998 til og með 03.03.1998. Meðan einangrun varir skal fanginn ekki hafa aðgang að sjónvarpi.
2. Svípting vinnulauna/dagpeninga í 21 dag frá og með 04.03.1998 til og með 24.03.1998.
3. Síma-, bréfa- og sendingabann í 21 dag frá og með 04.03.1998 til og með 24.03.1998.
4. Á tímabilinu frá og með 04.03.1998 til og með 24.03.1998 fara heimsóknir til fangans fram í sérstöku heimsóknaherbergi í öryggisálmum fangelsisins, tímalengd og tíðni: 1 klst. einu sinni í viku.“

Í úrskurði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 10. mars 1998, segir að A skýri frá því í kærnu til ráðuneytisins að hann eigi við geðræn vandamál að stríða. Astandi hans hafi

snögglega hrakað þegar dregið hafi verið úr lyfjagjöf. Teldi hann að fangaverðir ættu að hafa veitt því athygli og kalla til sálfræðing eða geðlækni og koma þannig í veg fyrir umrætt atvik 27. febrúar 1998.

Í forsendum úrskurðar ráðuneytisins segir svo:

„Margar ástæður geta verið þess valdandi að fangi sýni einkenni þunglyndis, depurðar, sinnisleysis, ofsakæti o.fl. og það er ekki á færi fangavarða að kunna sérstök skil á slíku, heldur aðeins mjög almenn skil. Ef sálarástandi fanga hrakar til muna, eins og [A] heldur fram að hafi gerst hjá sér, hafa fangaverðir menntun og reynslu til að bregðast við slíku, þ.á m. að leita til sérfræðinga, s.s. sálfræðings eða læknis. Af gögnum málsins verður eigi séð að nauðsynlegt hafi þótt að fá umsögn eða skoðun hjá lækni eða öðrum sérfræðingi. Þar sem tímalengd agaviðurlaganna er í samræmi við hliðstæð brot þykir rétt að staðfesta hina kærðu ákvörðun.“

Ráðuneytið staðfesti ákvörðun um agaviðurlög hvað snerti tölul. 2–4. Einangrun samkvæmt tölul. 1 væri hins vegar lokið.

Í erindi A til umboðsmanns Alþingis kvartaði hann yfir því hversu seint dóms- og kirkjumálaráðuneytinu hefði borist kæra hans. Jafnframt vék hann að geðrænum vanda-
málum sínum.

III.

Í tilefni af kvörtun A ritaði umboðsmaður Alþingis dóms- og kirkjumálaráðuneytinu bréf 17. mars 1998 þar sem þess var óskað að ráðuneytið léti honum í té gögn málsins og skýrði viðhorf sitt til kvörtunarinnar. Sérstaklega var þess óskað að ráðuneytið léti í té upplýsingar um það atriði kvörtunarinnar er lyti að því hversu seint kæra A, dags. 4. mars 1998, hefði borist ráðuneytinu.

Í svarbréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 30. mars 1998, segir meðal annars að af gögnum málsins væri ekki unnt að sjá að ástandi A hafi verið þannig háttáð á þeim tíma sem um ræði að nauðsynlegt hefði þótt að leita til sálfræðings eða geðlækna. Þá segir í bréfinu:

„Að því er varðar þann tíma er líður frá því að kæra [A] er send, og þangað til hún berst ráðuneytinu, þá er líklegasta skýringin sú að kæran hafi borist ráðuneytinu á fimmtudegi eða föstudegi 5. eða 6. mars, og að leyfi þess starfsmanns ráðuneytisins, sem jafnan starfar við skjalavörslu og skjalabókun, frá störfum umrædda daga hafi orðið þess valdandi að erindið er ekki bókað inn í skjalasafn ráðuneytisins fyrr en á mánudeginum 9. mars og síðan afgreitt hinn 10. mars sl.“

Hinn 28. ágúst 1998 bárust umboðsmanni Alþingis frekari gögn vegna málsins, þ.e. ljósrit úr sjúkraskrá og ferilskrá A.

Hinn 4. september 1998 ritaði umboðsmaður dóms- og kirkjumálaráðuneytinu bréf á ný þar sem vísað var til 4. mgr. 31. gr. laga nr. 48/1988, um fangelsi og fangavist, um rannsókn brota er varðað geta agaviðurlögum og 1. mgr. 38. gr. evrópsku fangelsisreglnanna um atbeina fangelsislæknis að slíkum málum. Var þess óskað að ráðuneytið gerði grein fyrir því, í fyrsta lagi, hvaða sjónarmið væru lögð til grundvallar við ákvörðun um hvort fangi hefði framið brot sem sætt gæti agaviðurlögum og þá einkum hvort litið væri til andlegs og líkamlegs ástands fangans á verknaðarstundu þegar ákvörðun væri tekin. Í öðru lagi var óskað upplýsinga um hvort rannsókuð væri geðheilsa fanga sem hefði gerst brotlegur við reglur fangelsisins ef tilefni þætti til áður en tekin væri ákvörðun um agaviðurlög á grundvelli laga nr. 48/1988, um fangelsi og fangavist. Í þriðja lagi var óskað eftir því að

ráðuneytið upplýsti hvort andlegt ástand A hefði verið rannsakað áður en ráðuneytið kvað upp úrskurð sinn.

Í svarbréfi ráðuneytisins, dags. 3. nóvember 1998, segir að jafnan sé haft samband við lækni eða sálfræðing þegar fyrir liggir að fjalla þurfi um agabrot fanga sem sé í verulegu ójafnvægi eða óvenjulegu ástandi á verknaðarstundu þannig að ákvörðun um agaviðurlög, verði hún tekin, verði framkvæmd eftir fyrirsögn læknis eða í samráði við lækni eða sálfræðing. Að öðru leyti vísar ráðuneytið til greinargerðar fangelsismálastofnunar, dags. 29. október 1998. Í greinargerð fangelsismálastofnunar segir meðal annars:

„Fangelsismálastofnun telur ekki fært að telja þau sjónarmið svo tæmandi sé sem lögð eru til grundvallar við ákvörðun um, hvort fangi hafi framið brot, sem sætt getur agaviðurlögum. Hér á eftir verður leitast við að tíunda helstu sjónarmið og rekja hvernig unnið er að ákvörðunum um agaviðurlög í fangelsum.

Mikil áhersla er lögð á að fangar virði reglur fangelsisins. Í fangelsinu Litla-Hrauni, þar sem vistaðir eru að jafnaði rúmlega 70 fangar, kemur upp fjöldi mála á ári hverju þar sem grunur er um að fangi hafi brotið gegn reglum fangelsisins. Á árinu 1997 voru teknar 120 ákvarðanir um agaviðurlög í því fangelsi. Um 90% þessara ákvarðana eru vegna brota á reglum um vímuefnavörslu eða neyslu. Fjöldi mála er mun minni í öðrum fangelsum.

Ástæða þykir til að bregðast hratt við brotum á reglum fangelsisins til að halda uppi góðri reglu og öryggi í fangelsinu. Jafnframt þessu er leitast við að vinna málin eins vandlega og kostur er. Þegar grunur er um að fangi hafi brotið reglur fangelsisins eru gerðar skýrslur um atvik málsins. Því næst er fanginn yfirheyrður og teknar skýrslur af vitnum eftir atvikum og aflað frekari gagna svo sem rannsókn á sýnum. Að þessu loknu er farið yfir fyrirliggjandi gögn og tekin ákvörðun um agaviðurlög ef sýnt þykir að fanginn hafi brotið reglur fangelsisins. Fangelsismálastofnun hefur leiðbeint forstöðumönnum fangelsanna varðandi það að fara beri að stjórnarsýslulögum við ákvörðun agaviðurlaga. Á það ber þó að líta að lögfræðingar eru ekki starfandi í neinu fangelsanna. Stofnunin veitir hins vegar lögfræðilega ráðgjöf við ákvörðun agaviðurlaga þegar forstöðumenn óska eftir því.

Einangrun sem agaviðurlög er í dag fremur sjaldgæf. Fangi er því aðeins einangraður að um alvarlegt og/eða ítrekað agabrot sé að ræða. Leitast er við að stilla fjölda einangrunardaga í hóf og oftast er aðeins um örfáa daga að ræða.

Ekki er framkvæmd sérstök rannsókn á því hverju sinni hvernig líkamlegu og andlegu ástandi fangans er háttað en með daglegum samskiptum fangavarða við fanga má ætla að upplýsingar liggi fyrir um hvernig því er háttað í grófum dráttum. Ef ástæða þykir til er kallaður til læknir viðkomandi fangelsis til að líta á fangann og stundum er haft samband við sálfræðing, sérstaklega ef um óvenjuleg atvik er að ræða. Ekki er farið fram á sérstakt samþykki læknis fyrir einangrun enda má draga í efa að það sé hlutverk læknis að lögum að gefa út slíka yfirlýsingu. Er í raun fremur lítið svo á að lækni eða sálfræðingi gefist með framangreindum hætti kostur á að koma að athugasemdum við fyrirhugaða ákvörðun um agaviðurlög. Hjá Fangelsismálastofnun starfar sálfræðingur með langa reynslu af starfi í fangelsunum og sálfræðingur hefur einnig um nokkurt skeið verið starfandi í Fangelsinu Litla-Hrauni. Einstaka dæmi eru um að andlegt ástand fanga hafi haft áhrif á þyngd agaviðurlaga.

Ef fangavörðum þykir ástæða til eða fangi óskar eftir er einnig haft samband við lækni og/eða sálfræðing á meðan á einangrun stendur. Dæmi eru um að læknir eða sálfræðingur ráðleggi varðandi framkvæmd einangrunar. Þegar um einangrun er að ræða hafa fangaverðir að jafnaði mun meiri samskipti við fangana en venjulega,

sérstaklega ef hættu er talin á að fanginn muni gera tilraun til að skaða sig eða er þungt haldinn.

[. . .]

Í ákvörðun um agaviðurlög, dags. 27. febrúar 1998, kemur fram að [A] sagðist ekki hafa sofið í tvo sólarhringa og að einhverjar raddir væru að ásækja hann. Haft var samband við fangelsislækni sem ráðlagði varðandi lyfjagjöf en ákvað að skoða fangann daginn eftir. Læknirinn var sérstaklega spurður um athugasemd [A], í yfirheyrsluskýrslu, um breytta lyfjagjöf.

Óskað var upplýsinga frá Fangelsinu Litla-Hrauni um nánari aðdraganda ákvörðunar um agaviðurlög [A], dags. 27. febrúar 1998. Í meðfylgjandi bréfi fangelsisins, dags. 14. október 1998, kemur fram að [C], læknir, skoðaði fangann kl. 11:45 þann 27. febrúar 1998 og ekki liggja fyrir að læknirinn hafi gert athugasemdir við vistun fangans í einangrun. Ákvörðun um agaviðurlög var birt fanganum kl. 17:27. Formleg ákvörðun lá því ekki fyrir þegar læknirinn skoðaði fangann. Í bréfi fangelsisins kemur einnig fram sú athugasemd að einangrun andlega vanheilla fanga hafi löngum verið eina úrræði fangelsisins til að koma í veg fyrir að þeir yrðu sjálfum sér og öðrum að tjóni og að í slíkum tilfellum sé haft sérstakt eftirlit með viðkomandi fanga.

Einangrunin var framkvæmd með þeim hætti að haft var eftirlit með [A] á 15 mínútna fresti að ráði [E] sálfræðings hjá Fangelsismálastofnun. Samkvæmt upplýsingum Fangelsisins Litla-Hrauni átti [D], þá sálfræðingur við Fangelsið Litla-Hrauni, viðtal við [A] þann 2. mars 1998. [A] hafði áður verið í viðtölum hjá [D] eða alls 4 sinnum á árinu 1997. Frá janúar til apríl 1998 átti [D] svo alls 8 viðtöl við [A].

Fangelsismálastofnun telur að lengd einangrunar samkvæmt umræddri ákvörðun um agaviðurlög hafi verið svipuð og almennt gerist þar sem fangar hafa sýnt mjög óvarlega umgengni um eigur fangelsisins og/eða skemmt eigur þess. Síðustu misseri hefur einangrun vegna eignaspjalla verið ákveðin í nokkur skipti og þá 3–7 dagar. Ekki þarf að tíunda að mjög hættulegt getur verið að kveikja eld í fangelsi. Hugsanlegt er að um þyngri agaviðurlög hefði verið að ræða ef annar fangi hefði átt í hlut sem ekki hefði verið eins ástætt um og [A]. Nákvæmlega sambærilegt fordæmi að því leyti er þó ekki fyrir hendi. Það er því ekki fyllilega ljóst hvort andlegt ástand [A] hefur í raun haft áhrif á þyngd viðurlaganna. Ljóst þykir hins vegar að framkvæmd einangrunarinnar [hafi] verið hagað í samræmi við ástand fangans.“

Í bréfi til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 3. ágúst 1999, vísaði ég til tiltekinna atriða í framangreindri greinargerð fangelsismálastofnunar og óskaði þess, sbr. 7. og 9. gr. laga nr. 85/1997, að ráðuneytið gerði grein fyrir sjónarmiðum sínum í tilefni af eftirfarandi spurningum og sendi mér nauðsynleg gögn til frekari skýringa um þau atriði:

„1. Á hvaða lagagrundvelli byggir það sjónarmið, sem fram kemur í ofangreindri greinargerð fangelsismálastofnunar til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins frá 29. október 1998, að heimilt sé að ákvörðun um agaviðurlög hafi ítrekunaráhrif þegar tekin er síðar ný ákvörðun um agaviðurlög í tilviki sama fanga?

2. Áður er vitnað til þeirrar athugasemdar í nefndri greinargerð fangelsismálastofnunar að eigi sé framkvæmd sérstök rannsókn læknis í tilefni af töku ákvörðunar um agaviðurlög og að eigi sé við það miðað að samþykki læknis þurfi til þess að vista fanga í einangrun. Í hluta athugasemda greinargerðarinnar um rannsókn læknis er eigi að þessu leyti gerður greinarmunur á tegund þeirra agaviðurlaga sem fangi er látinn sæta. Vegna þessa óska ég skýringa ráðuneytisins á því hvort sú athugasemd greinargerðarinnar beri með sér almenna framkvæmd fangelsisfyrivalda við meðferð

agabrota, hvort sem kveðið er á um einangrun eða aðrar tegundir agaviðurlaga. Ef svo er óska ég eftir afstöðu ráðuneytisins til þess hvort og þá með hvaða hætti sú framkvæmd verði talin í samræmi við vandaða stjórnisýsluhætti í ljósi 1. mgr. 38. gr. evrópsku fangelsisreglnanna, og þá sérstaklega þegar kveðið er á um einangrunarvistun fanga vegna agabrota, í tilefni af ofangreindri athugasemd í greinargerð fangelsismálastofnunar um að eigi sé nauðsyn samþykkis læknis fyrir vistun fanga í einangrun.“

Í bréfi mínu vísaði ég jafnframt til bréfs míns, dags. sama dag, til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins í tilefni af þeirri ákvörðun minni að taka tilgreind atriði um meðferð mála í fangelsum landsins, þ.á m. reglur um agaviðurlög samkvæmt lögum nr. 48/1988, um fangelsi og fangavist, og framkvæmd þeirra til athugunar að eigin frumkvæði, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Tók ég fram að tæki kvörtun A að öðru leyti til þeirra atriða sem óskað væri skýringa á í því bréfi teldi ég rétt að sjónarmið ráðuneytisins til þeirra kæmu fram í svari þess við því.

Í svarbréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 3. desember 1999, segir að ráðuneytið fái ekki séð að fyrir hendi sé lagaheimild né annar réttargrundvöllur er veiti heimild til að láta ítrekun agabrota hafa áhrif til þyngingar þegar tekin sé síðar ný ákvörðun um agaviðurlög í máli viðkomandi refsifanga. Ráðuneytið skilur umrædda setningu í greinargerð fangelsismálastofnunar svo:

„[. . .] að hér sé átt við að eftir að fangi hafi réttilega samkvæmt meðalhófsreglunni verið látinn sæta vægustu tegund agaviðurlaga, þ.e. áminningu vegna agabrots fyrsta sinni eða sviptingu réttinda og/eða vinnulauna, þá sé eftir atvikum nauðsynlegt að grípa til næstu og strangari tegundar agaviðurlaga, þ.e. einangrunar, ef fanginn verður uppvís að fleiri agabrotum eða mjög alvarlegu agabroti. Hér er því ekki verið að þyngja agaviðurlögin með lengingu á sviptingu réttinda eða sviptingu dagpeninga/vinnulauna þegar ítrekun á sér stað, heldur er verið að ákveða aðra tegund agaviðurlaga, sem að mati ráðuneytisins getur fyllilega staðist.“

Síðari spurningu minni svaraði ráðuneytið með svofelldum hætti:

„Sú verklagsregla gildir í fangelsinu Litla-Hrauni, að lækni er ávallt tilkynnt þegar úrskurðað hefur verið að fangi skuli sæta agaviðurlögum, óháð því um hvers konar agaviðurlög er að ræða, einangrun jafnt sem önnur viðurlög. Jafnan er haft samband við lækni þegar úrskurðað er í einangrun, en ekki er farið fram á sérstakt samþykki hans. Er litið svo á að læknir eða sálfræðingur sá sem er að störfum alla virka daga á Litla-Hrauni, geti komið að athugasemdum við fyrirhugaða ákvörðun um agaviðurlög. Þegar ljóst er að fanginn er í miklu ójafnvægi eða mjög óvenjulegu ástandi, er læknir kvaddur til. Löngum hefur það verið eina úrræði fangelsisins gagnvart andlega vanheilum föngum að einangra þá til þess að koma í veg fyrir að þeir verði sjálfum sér eða öðrum að tjóni, enda hefur þess ávallt verið gætt að sérstakt eftirlit sé haft með þeim. Litið hefur verið svo á, að meðan læknir hreyfir ekki andmælum við vistun fanga í einangrun, hafi hann samþykkt að fangi þoli slík viðurlög, enda oftast um örfáa daga að ræða.“

IV.

Eins og áður greinir kvartar A yfir því hversu seint kæra hans vegna ákvörðunar framkvæmdastjóra fangelsisins Litla-Hrauni um agaviðurlög, dags. 27. febrúar 1998, barst dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Kvörtun A beinist ennfremur að því að fangelsisýfirvöld

hafi ekki gætt að andlegu ástandi hans áður en atvik máls þessa áttu sér stað og þegar ákvörðun um agaviðurlög var tekin.

1.

Framangreind kæra A, dags. 4. mars 1998, var stimpluð um móttöku í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 9. mars 1998. Samkvæmt bréfi ráðuneytisins frá 30. mars 1998 telur það líklegt að kæran hafi borist því fimmtudaginn 5. eða föstudaginn 6. mars en ekki verið bókuð inn í skjalasafn ráðuneytisins fyrr en mánudaginn 9. mars vegna leyfis þess starfsmanns ráðuneytisins sem jafnan starfi við skjalavörslu og skjalabókun.

Ákvarðanir um agaviðurlög sæta samkvæmt 5. mgr. 31. gr. laga nr. 48/1988, um fangelsi og fangavist, kæru til dómsmálaráðuneytisins og skal skýra fanga frá því um leið og ákvörðun er birt. Þegar ákvörðun er kærð skulu gögn málsins þegar send ráðuneytinu sem skal taka ákvörðun í því innan tveggja sólarhringa frá því að kæra barst en ella fellur ákvörðun úr gildi. Samkvæmt framansögðu er lögð rík áhersla á að kærur vegna ákvarðana um agaviðurlög berist ráðuneytinu tafarlaust og hljóti skjóta afgreiðslu þess þannig að fangi sæti ekki óréttmætum agaviðurlögum lengur en þann tíma sem rannsókn máls hans á að taka. Í ljósi atvika þessa máls og þar sem frestur sá sem ráðuneytið hefur til að afgreiða kæru um agaviðurlög ræðst af því hvenær hún í reynd berst því legg ég sérstaka áherslu á það að skráning á móttöku slíks erindis í ráðuneytinu eigi sér stað um leið og það hefur borist og að því verði án tafar komið til þess starfsmanns ráðuneytisins sem hafa skal afgreiðslu þess með höndum. Að öðru leyti áréttá ég þau sjónarmið sem ég setti fram um meðferð mála af þessu tagi í álitinu frá 26. júní sl. í máli nr. 2618/1998.

Kæra A var stimpluð um móttöku í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu mánudaginn 9. mars 1998. Hafi hún borist ráðuneytinu fimmtudaginn 5. eða föstudaginn 6. mars svo sem ráðuneytið telur allt eins líklegt, voru agaviðurlög fallin niður þegar úrskurður ráðuneytisins í málinu lá fyrir 10. sama mánaðar, sbr. 5. mgr. 31. gr. laga nr. 48/1988. Svo sem mál þetta er vaxið verður hins vegar engu slegið föstu um það án frekari sönnunarfærslu hvort ákvörðun fangelsisfyrivalda um agaviðurlög A hafi í reynd verið fallin niður af þessum sökum þegar dóms- og kirkjumálaráðuneytið úrskurðaði í málinu og að hann hafi á þessum grunni sætt ólögætum viðurlögum frá því tímamarki sem frestur ráðuneytisins samkvæmt tilvitnuðu lagaákvæði rann út. Í þessu sambandi bendi ég á að við mat á sönnun um atriði af þessu tagi hlýtur allur vafi að verða skýrður fanga í hag.

2.

Kæra A til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins beinist jafnframt að ábyrgð fangelsisfyrivalda vegna andlegs ástands hans á þeim tíma er atvik þessa máls áttu sér stað. Telur hann að dregið hafi verið úr lyfjagjöf og að ástand hans hafi gefið fangelsisfyrivöldum tilefni til fyrirbyggjandi afskipta. Athugun mín vegna þessa þáttar kvörtunar A hefur jafnframt beinst að þeirri ákvörðun að hann skyldi sæta einangrun, sbr. kafla 3 hér á eftir.

Að því er fyrra atriðið snertir segir í úrskurði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins að fangaverðir kunnir aðeins almenn skil á ástæðum hinna ýmsu geðbrigða fanga. Ef sálarástandi fanga hraki til muna hafi fangaverðir menntun og reynslu til að bregðast við slíku, þ.á m. að leita til sérfræðinga. Þá segir að af gögnum málsins verði ekki séð að nauðsynlegt hafi þótt að fá umsögn eða skoðun hjá lækni eða öðrum sérfræðingi. Þetta síðastgreinda sjónarmið er ítrekað í bréfi ráðuneytisins, dags. 30. mars. 1998. Bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins fylgdu gögn málsins, þ.e. kæra A og úrskurður ráðuneytisins auk tveggja skýrslna varðstjóra í fangelsinu, dags. 27. febrúar 1998, og ákvörðunar um agaviðurlög, dags. sama dag. Í þessum gögnum er lýst ástandi A þegar komið var að honum í klefa hans og skýringum hans á verknaðinum. Þar eru hins vegar engar upplýsingar um andlegt ástand hans dagana fyrir 27. febrúar 1998. Þau gögn sem ég aflaði síðar um feril

fangans veita einkum upplýsingar um geðslag hans eftir þann tíma. Meðal þeirra gagna er þó afrit af bréfi frá fangelsinu Litla-Hrauni til fangelsismálastofnunar, dags. 15. maí 1998. Í því bréfi kemur fram að fanginn hafi komið til afplánunar að Litla-Hrauni í nóvember 1997. Hann hafi átt við geðræn vandamál að stríða og á köflum verið í slæmu andlegu ástandi, verið með ýmsar ranghugmyndir og talið sig ofsóttan af fangavörðum. Tekið er fram að fanginn hafi þó yfirleitt verið þrúður og þægilegur í umgengni en algjörlega óvinnufær.

Samkvæmt 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 48/1988, um fangelsi og fangavist, sbr. 1. gr. laga nr. 123/1997, um breyting á þeim lögum, skal fangelsismálastofnun sjá til þess að í fangelsum sé veitt sérhæfð þjónusta. Í 2. mgr. sömu greinar er mælt fyrir um að fangar skuli njóta sambærilegrar heilbrigðisþjónustu í fangelsinu og almennt gildi, auk þeirrar sérstöku heilbrigðisþjónustu sem lög og reglur um fanga segi til um. Samkvæmt 1. mgr. 26. gr. evrópsku fangelsisreglnanna ber að skipuleggja lækniþjónustu í fangelsum í nánú samræmi við almenna heilsugæslu samfélagsins eða þjóðarinnar. Þar á meðal skal séð fyrir geðlækniþjónustu svo greina megi geðræn afbrigði og veita meðferð vegna þeirra eftir því sem við á. Samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skulu veikir fangar fluttir á sérhæfðar stofnanir eða á almenna spítala. Ef aðstaða er til umönnunar sjúkra á stofnun skulu tæki, útbúnaður og lyf þar hæfa umönnun og meðferð sjúkra fanga og starfsmenn þjálfaðir á viðeigandi hátt.

Samkvæmt því sem að framan hefur verið rakið verður ekki séð að þau gögn sem lágu fyrir hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu veiti upplýsingar um andlegt ástand A fyrir 27. febrúar 1998, en viðbragðsleysi af hálfu fangelsisyrvalda í þessum efnum var eitt aðal-efni kæru hans til ráðuneytisins. Með hliðsjón af því að umrædd gögn veita ekki upplýsingar um efnisatriði kæru A að þessu leyti er ljóst að úrskurður í málinu verður ekki byggður á því að þau hafi ekki að geyma vísbendingu um nauðsyn afskipta af málum fangans.

Með vísan til framangreinds tel ég að dóms- og kirkjumálaráðuneytinu hafi borið að afla frekari upplýsinga um kæruefni A að þessu leyti, sbr. 10. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993, og taka síðan afstöðu til þess hvort fanginn hafi notið þeirrar þjónustu sem mælt er fyrir um í 2. gr. laga nr. 48/1988 og 26. gr. evrópsku fangelsisreglnanna.

3.

Í máli sem ég ákvað að taka upp að eigin frumkvæði um tiltekin atriði um meðferð mála í fangelsum landsins, sbr. bréf mitt til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 3. ágúst 1999, tók ég til skoðunar ýmis atriði sem snerta reglur um agaviðurlög og framkvæmd þeirra. Í því máli er meðal annars fjallað um grundvöll ákvarðana um agaviðurlög, einangrun sem tegund agaviðurlaga og meðferð mála þegar agaviðurlögum er beitt. Ýmis atriði þess máls eiga jafnframt við í því máli sem hér er til skoðunar. Í ljósi þessa hef ég ákveðið að athugun mín vegna þessa þáttar kvörtunar A einskorðist við þá ákvörðun fangelsisyrvalda að gera honum að sæta einangrun með tilliti til andlegs ástands hans á þeim tíma er sú ákvörðun var tekin. Umfjöllun um áhrif andlegs ástands fanga á úrlausn um það hvort grípa megi til annarra agaviðurlaga en einangrunar bíður hins vegar framangreindrar frumkvæðisathugunar minnar.

Í 31. gr. laga nr. 48/1988, um fangelsi og fangavist, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, um breyting á þeim lögum, er forstöðumanni heimilað að ákveða agaviðurlög fyrir brot á reglum fangelsis. Tegundir agaviðurlaga samkvæmt 1.–3. tölul. 1. mgr. 31. gr. eru áminning, svipting réttinda sem fangar almennt njóta samkvæmt lögunum og reglugerðum og svipting vinnulauna. Samkvæmt 4. tölul. 1. mgr. er heimilt að einangra fanga í allt að 30 daga í þessu skyni.

Samkvæmt 4. mgr. 31. gr. laga nr. 48/1988 ákveður forstöðumaður agaviðurlög samkvæmt

greininni. Áður en hann tekur ákvörðun skal hann ganga úr skugga um hvernig broti var háttað með því að yfirheyra fangann og með annarri rannsókn eftir aðstæðum. Í 1. mgr. 38. gr. evrópsku fangelsisreglnanna segir að vegna agabrots megi aðeins beita fanga innilokun eða einhverri annarri refsingu sem haft gæti skaðleg áhrif á líkamlega eða andlega heilsu hans ef fangelsislæknir hefur staðfest skriflega að lokinni skoðun að fanginn þoli slík viðurlög.

Í álitni umboðsmanns Alþingis frá 20. nóvember 1996 í máli nr. 1506/1995 vék umboðsmaður að ákvæðum evrópsku fangelsisreglnanna sem samþykktar voru af ráðherranefnd Evrópuráðsins 12. febrúar 1987. Um reglur þessar segir svo í álitinu:

„[Evrópskum fangelsisreglum] var komið á framfæri við aðildarríki Evrópuráðsins með tilmælum ráðherranefndar ráðsins frá 12. febrúar 1987 (Recommendation No (87)3) og þær fela í sér lágmarksvernd til handa föngum. Þær fela ekki í sér beinar skuldbindingar að þjóðarétti. Ekki hefur komið fram, að íslensk stjórnvöld hafi gert neinn fyrirvara að því er þær snertir. Samkvæmt því og með hliðsjón af efni þessara reglna verður að telja, að yfirvöldum fangelsismála hér á landi beri í samræmi við vandaða stjórnisýsluhætti að gæta þeirra í störfum sínum.“

Með vísan til framangreinds verður að telja að yfirvöldum fangelsismála hér á landi beri í samræmi við vandaða stjórnisýsluhætti að gæta ákvæða evrópsku fangelsisreglnanna í störfum sínum. Með hliðsjón af því tel ég að í þeim tilvikum þegar beita á agaviðurlögum samkvæmt 4. tölul. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 48/1988 verði rannsókn forstöðumanns fangelsis samkvæmt 4. mgr. 31. gr. ekki takmörkuð við skýrslutöku og gagnaöflun er snerta agabrotið sjálft. Rannsóknin verði jafnframt að taka til þess hvort fanginn þoli slík viðurlög, sbr. 1. mgr. 38. gr. evrópsku fangelsisreglnanna.

Í bréfi fangelsismálastofnunar frá 29. október 1998 er lýst meðferð mála vegna agabrota í fangelsinu Litla-Hrauni og afstöðu stofnunarinnar til afskipta lækna af slíkum málum. Í bréfinu kemur fram að í slíkum tilvikum séu gerðar skýrslur um atvik málsins, fanginn yfirheyrdur og teknar skýrslur af vitnum ef svo beri undir og aflað frekari gagna svo sem rannsókna á sýnum. Þá sé farið yfir fyrirbyggjandi gögn og tekin ákvörðun um agaviðurlög ef sýnt þyki að fanginn hafi brotið reglur fangelsisins. Ekki sé framkvæmd sérstök rannsókn á því hverju sinni hvernig líkamlegu og andlegu ástandi fanga sé háttað en með daglegum samskiptum fangavaraða við fanga megi ætla að upplýsingar liggi fyrir um það í grófum dráttum. Þá segir í bréfi fangelsismálastofnunar að þyki ástæða til sé haft samband við lækni eða sálfræðing. Hins vegar sé ekki farið fram á sérstakt samþykki læknis fyrir einangrun enda megi draga í efa að það sé hlutverk læknis að lögum að gefa út slíka yfirlýsingu. Lækni eða sálfræðingi gefist hins vegar kostur á að koma að athugasemdum við fyrirhugaða ákvörðun um agaviðurlög. Þessi sjónarmið eru ítrekuð í bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 3. desember 1999, vegna fyrirspurnar minnar frá 3. ágúst 1999. Í því bréfi segir þó jafnframt að „litið [hafi] verið svo á, að meðan læknir [hreyfi] ekki andmælum við vistun fanga í einangrun, hafi hann samþykkt að fangi þoli slík viðurlög, enda oftast um örfáa daga að ræða.“

Skilja má síðastgreind orð ráðuneytisins svo að það telji að með þessum hætti sé framkvæmd fangelsismála við meðferð agabrota í samræmi við vandaða stjórnisýsluhætti í ljósi 1. mgr. 38. gr. evrópsku fangelsisreglnanna. Virðist skýring ráðuneytisins ekki í fullu samræmi við áðurgreinda afstöðu fangelsisýfirvalda að ekki skuli leita samþykkis fangelsislæknis fyrir einangrun fanga. Þá liggur ekki fyrir að fangelsislækni hafi verið gerð grein fyrir ábyrgð sinni að þessu leyti, þ.e. að geri hann ekki athugasemdir að lokinni skoðun jafngildi það því að hann hafi staðfest að viðkomandi fangi þoli einangrun.

Samkvæmt framansögðu virðist almennt ekki vera höfð hliðsjón af þeim viðmiðunar-

reglum 1. mgr. 38. gr. evrópsku fangelsisreglnanna um meðferð máls þegar til stendur að beita agaviðurlögum samkvæmt 4. tölul. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 48/1988. Að því er snertir mál A liggur fyrir að ekki var leitað eftir staðfestingu í skilningi tilvitnaðs ákvæðis evrópsku fangelsisreglnanna þegar ákveðið var að hann skyldi sæta einangrun í fimm daga vegna agabrots.

Vegna þessa þáttar málsins er hér jafnframt vakin athygli á 3. gr. mannréttinda-sáttmála Evrópu sem veitt var lagagildi á Íslandi með lögum nr. 62/1994. Í 3. gr. sáttmálans segir að enginn maður skuli sæta pyndingum eða ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Slæm meðferð verður að teljast nokkuð alvarleg til þess að vera álitin ómannleg í skilningi ákvæðisins. Mannréttindanefnd og Mannréttindadómstóll Evrópu hafa litið svo á að skortur á viðeigandi og nauðsynlegri lækni meðferð geti talist brot á 3. gr. mannréttindasáttmálans. Ekki verður lagt mat á það hér hvort atvik máls þessa verði talin til ómannlegrar meðferðar eftir þeim mælikvarða sem viðhafður hefur verið við framkvæmd þessa ákvæðis sáttmálans. Lögfesting mannréttindasáttmálans felur hins vegar í sér skuldbindingu af hálfu íslenska ríkisins til að haga löggjöf sinni og stjórnýslu þannig að réttindi samkvæmt honum séu virt. Ber stjórnvöldum því að haga refsifullnustu þannig að gætt sé að líkamlegri og andlegri velferð fanga og þeim tryggð viðeigandi lækni-þjónusta.

Í þeirri ákvörðun um agaviðurlög sem hér er til umfjöllunar er því lýst hvernig komið var að fanganum, þ.e. nöktum við opinn eld á gólfinu þar sem hann hafði kveikt í fötum sínum og rispað sig til blóðs. Fram kemur að hann hafi verið mjög deyfðarlegur, sagst ekki hafa sofið í tvo sólarhringa og að einhverjar raddir væru að ásækja hann. Um afskipti læknis af fanganum segir að fangelsislæknir hafi ráðlagt lyfjagjöf. Þá segir í bréfi fangelsismálastofnunar frá 29. október 1998 að læknirinn hafi skoðað fangann kl. 11.45 hinn 27. febrúar 1998 og hafi hann ekki gert athugasemdir við vistun fangans í einangrun. Skoðunar læknisins er ekki getið í ákvörðun um agaviðurlög sem tekin var síðar sama dag. Af hálfu fangelsismálastofnunar hefur komið fram að ef um annan fanga hefði verið að ræða sem ekki hefði verið eins ástatt um og A hefðu viðurlög hugsanlega orðið þyngri. Þar sem sambærilegt fordæmi væri ekki fyrir hendi væri þó ekki fyllilega ljóst hvort andlegt ástand A hefði í raun haft áhrif á þyngd viðurlaganna. Af þessu verður ráðið að ekki hafi verið tekin bein afstaða til geðheilsu A í tengslum við ákvörðun agaviðurlaga. Er það skoðun mín að brotið sem slíkt, ástand hans og skýringar hans á verknaðinum hafi gefið tilefni til að rannsókn samkvæmt 4. mgr. 31. gr. laga nr. 48/1988 tæki til athugunar á andlegri heilsu hans. Þar sem til greina kom að hann sætti einangrun fyrir brot sitt hefði jafnframt verið rétt að leita eftir skriflegri staðfestingu fangelsislæknis á því að ástand A væri með þeim hætti að það kæmi ekki í veg fyrir að til slíks úrræðis yrði gripið. Um mikilvægi þess að framkvæmd slíkra mála sé hagað með þessum hætti vísa ég jafnframt til tillagna sem fram koma í „[skýrslu] óháðrar nefndar um orsakir sjálfsvíga þriggja fanga að Litla-Hrauni og [tillagna] um úrbætur“. Vísar nefndin til 1. mgr. 38. gr. evrópsku fangelsisreglnanna og leggur áherslu á að læknir gefi út vottorð telji hann fanga af heilsufarsástæðum ekki í stakk búinn að sæta einangrun.

Með hliðsjón af því sem að framan hefur verið rakið um ákvarðanir samkvæmt 31. gr. laga nr. 48/1988 tel ég að dóms- og kirkjumálaráðuneytinu hafi í samræmi við 10. gr. stjórnýslulaga nr. 37/1993 verið rétt að kanna sérstaklega réttmæti einangrunar A með til-
liti til andlegs ástands hans enda hvíldi á því sú skylda að bæta úr þeim annmörkum sem samkvæmt framansögðu voru á meðferð málsins á fyrri stigum þess.

4.

Í bréfum fangelsisyrivalda vegna máls þessa hefur komið fram sú athugasemd að einangrun hafi löngum verið eina úrræði fangelsisins Litla-Hrauni gagnvart andlega

vanheilum föngum til þess að koma í veg fyrir að þeir yrðu sjálfum sér og öðrum að tjóni. Í slíkum tilvikum hafi ávallt verið haft sérstakt eftirlit með þeim.

Ákvæði 30. gr. laga nr. 48/1988, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, heimilar einangrun fanga frá öðrum föngum, meðal annars þegar það er nauðsynlegt vegna yfirvofandi hættu sem lífi eða heilbrigði hans er búin eða hætta er á að hann valdi meiri háttar eignaspjöllum á húsakosti eða húsbúnaði fangelsisins, sbr. 1. mgr. 30. gr.

Í tilefni ofangreindrar athugasemdar er rétt að minna á að gera verður greinarmun á því hvort einangrun er beitt eftir ákvæðum 30. eða 31. gr. laganna. Ef nauðsynlegt er að einangra fanga til þess að koma í veg fyrir að þeir skaði sig eða aðra og til að koma í veg fyrir eignaspjöll fer um slíkar ákvarðanir eftir reglum 30. gr. Skal bóka slíkar ákvarðanir og greina ástæður. Sæta þær kærur til dómsmálaráðuneytisins sem skal taka ákvörðun innan tveggja sólarhringa frá því kæra barst, ella fellur ákvörðun úr gildi, sbr. 4. mgr. 30. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 31/1991. Ekki liggur fyrir að teknar hafi verið ákvarðanir á grundvelli 30. gr. í máli A. Kæra hans beinist að ákvörðun um agaviðurlög á grundvelli 31. gr. og gilda reglur þess ákvæðis um þá ákvörðun sem og kafli evrópsku fangelsisreglnanna, sbr. umfjöllun mína í kafla 3 hér að framan.

V.

Niðurstaða.

Samkvæmt framansögðu ríkir óvissa um það hvenær kæra A á ákvörðun framkvæmdastjóra fangelsisins Litla-Hrauni um agaviðurlög barst dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Vegna þessa tel ég rétt að beina þeim tilmælum til ráðuneytisins að það taki til frekari athugunar hvenær kæra hans barst því, kynni honum niðurstöðu þeirrar athugunar og geri viðeigandi ráðstafanir gagnvart honum til samræmis við þá niðurstöðu.

Vegna annarra þátta kvörtunar A er það niðurstaða mín að mál hans hafi gefið fangelsisyfirvöldum tilefni til að kanna sérstaklega hvort andlegt ástand hans væri með þeim hætti að það kæmi í veg fyrir að gripið yrði til agaviðurlaga samkvæmt 4. tölul. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 48/1988, um fangelsi og fangavist. Jafnframt að rétt hefði verið að leita eftir skriflegri staðfestingu fangelsislæknis þar að lútandi. Það er ennfremur niðurstaða mín að dóms- og kirkjumálaráðuneytinu hafi borið að afla frekari upplýsinga um andlegt ástand A, sbr. 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, annars vegar fyrir þann atburð sem varð tilefni agaviðurlaga og hins vegar með tilliti til þess hvort það kæmi í veg fyrir að beitt yrði agaviðurlögum í formi einangrunar. Verði það niðurstaða ofangreindrar athugunar dóms- og kirkjumálaráðuneytisins að umrædd ákvörðun um agaviðurlög hafi ekki fallið niður vegna ákvæða 5. mgr. 31. gr. laga nr. 48/1988 er þeim tilmælum beint til ráðuneytisins að það fjalli á ný um mál A ef hann leitar eftir því og leysi þá úr því í samræmi við þau sjónarmið sem rakin eru í álitinu þessu.

Þá beini ég þeim tilmælum til fangelsisyfirvalda að þau taki mið af þeim reglum sem fram koma í evrópsku fangelsisreglunum um meðferð mála þar sem beita á agaviðurlögum í formi einangrunar. Það eru einnig tilmæli mín að við beitingu slíkra viðurlaga gæti fangelsisyfirvöld að öðru leyti þeirra sjónarmiða sem ég hef sett fram í þessu álitinu.

VI.

Með bréfi til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 23. janúar 2001, óskaði ég eftir upplýsingum um hvort A hefði leitað til ráðuneytisins á ný og þá hvort einhverjar ákvarðanir hefðu verið teknar af því tilefni. Í svari ráðuneytisins, dags. 29. janúar 2001, segir meðal annars svo:

„Prátt fyrir að ítarleg könnun hafi farið fram í ráðuneytinu, hefur ekki tekist að leiða í ljós hvaða tiltekna dag agaviðurlagakæra [A] barst í ráðuneytið. Verður að

telja það borna von að unnt verði að komast til botns um það atriði. Hins vegar hefur þetta tilvik m.a. orðið til þess að upp frá því að það átti sér stað, þá hefur átt sér stað nákvæm skráning á móttöku erinda af þessu tagi um leið og þau berast, þannig að aldrei hefur orðið misbrestur á. Þá var jafnframt þannig um hnúta búið, að erindin eru borin án tafar til ráðuneytisstjóra eða skrifstofustjóra, að lokinni móttöku og skráningu í skjalaskrá, og séð til þess að þeim verði án tafar komið í hendur starfsmanns til afgreiðslu. Umrædd ákvörðun ráðuneytisins telst samkvæmt framansögðu ekki vera fallin niður vegna ákvæða 5. mgr. 31. gr. laga nr. 48/1988. [A] hefur ekki leitað til ráðuneytisins um að fjallað verði um erindið á ný.

Þá hefur verið áréttað við fangelsisfyrirvöld að taka tilmæli yðar til greina um að taka mið af reglum þeim sem fram koma í 1. mgr. 38. gr. evrópsku fangelsisreglnanna, þ.e. að fyrir skuli liggja skrifleg staðfesting fangelsislæknis að lokinni skoðun að fangi þoli vistun í einangrun, þegar til stendur að ákveða slík agaviðurlög, og áhöld kunna að vera um hvort hann þoli slíkt andlega eða líkamlega.“

2.2. **Reynslulausn. Náðunarnefnd. Álitsumleitan. Andmælaréttur.** **Vandaðir stjórnarsýsluhættir. Jafnræðisregla. Rannsóknarreglan. Rökstuðningur.** **(Mál nr. 2512/1998)**

A kvartaði yfir úrskurði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins þar sem synjun fangelsismálastofnunar um að veita A reynslulausn að liðnum helmingi refsítímans var staðfest.

Umboðsmaður vísaði í álit sitt í máli nr. 2679/1999 og komst að þeirri niðurstöðu að það hefði verið í samræmi við vandaða stjórnarsýsluhætti að gefa A kost á því að kynna sér umsögn náðunarnefndar um stjórnarsýslukæru hans til ráðuneytisins áður en ráðuneytið kváð upp úrskurð í málinu þótt ekki yrði talið að ráðuneytinu væri það skylt á grundvelli 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Umboðsmaður rakti ákvæði 1. og 2. mgr. 40. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um reynslulausn. Þá rakti hann ákvæði 3. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 29/1993, um fullnustu refsídóma, þar sem fram kom að föngum, sem afplánuðu refsingu fyrir tilgreind brot, þ. á m. „meiriháttar fíkniefnabrot“, yrði að jafnaði ekki veitt reynslulausn að liðnum helmingi refsítímans nema sérstakar ástæður mæltu með því, þ.m.t. lengd refsingar, persónulegar aðstæður og framúrskarandi hegðun í refsivistinni. Taldi umboðsmaður að fangelsismálayfirvöldum bæri að leggja heildstætt mat á aðstæður í hverju máli fyrir sig með tilliti til þess hvort ástæða þætti til að víkja frá þeirri meginreglu að fanga er afplánaði refsingu fyrir brot, sem tilgreint væri í 3. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar, skyldi ekki veitt reynslulausn þegar helmingur refsítímans væri liðinn. Taldi hann að rökstuðningur fangelsismálastofnunar í málinu hefði ekki verið fullnægjandi samkvæmt 22. gr. stjórnarsýslulaga þar sem þess var ekki getið hvers vegna ekki var talin ástæða til þess að beita undantekningarheimild 3. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar í máli A.

Kvörtun A laut m.a. að því að í máli hans hefði ekki verið gætt jafnræðis og samræmis í lagalegu tilliti með hlöðsjón af úrlausnum fangelsismálayfirvalda í öðrum málum. Í þessu sambandi tók umboðsmaður fram að hann teldi ekki ástæðu til athugasemda við þá túlkun fangelsismálayfirvalda að þeir sem afplánuðu refsivist fyrir fíkniefnabrot sem talið væri hafa varðað við 173. gr. a almennra hegningarlaga teldust sæta afplánun fyrir „meiriháttar fíkniefnabrot“ í skilningi 3. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 29/1993. Taldi umboðsmaður almennt ekki koma til skoðunar hvort jafnræðisreglu stjórnarsýsluréttar, sbr. 1. mgr. 11. gr. stjórnarsýslulaga, hefði verið fylgt þegar mat á

aðstæðum færi eftir ólíkum réttarreglum. Þá yrði ekki séð að úrlausn í máli A hefði farið í bága við jafnræðisreglu þegar mál hans var borið saman við úrlausn í því tilviki þegar fanga var veitt reynslulausn er liðinn var helmingur refsítíma þótt brot hans teldist „meiriháttar fíkniefnabrot“ í skilningi 3. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar. Umboðsmaður taldi ennfremur að það verklag að veita erlendum refsiföngum almennt reynslulausn að liðnum helmingi refsítímans þótt þeir hefðu verið dæmdir fyrir brot sem teldist „meiriháttar fíkniefnabrot“ færi ekki í bága við jafnræðisreglu 2. mgr. 11. gr. stjórn-sýslulaga eða jafnræðisreglu stjórnskipunarréttar. Var þar vísað til þess að almennt yrði talið að refsivist erlendra fanga í íslenskum fangelsum væri mun þungbærari þeim en íslenskum föngum.

Kvörtun A laut ennfremur að því að dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefði felld sönnunarbyrði á hann við úrlausn á því hvort jafnræðis hefði verið gætt við afgreiðslu á erindi hans. Umboðsmaður taldi að ekki yrði fullyrt út frá ummælum náðunarnefndar, sem tekin voru orðrétt upp í úrskurð ráðuneytisins, að ráðuneytið hefði látið hjá líða að afla fullnægjandi upplýsinga um framkvæmd fangelsismálastofnunar að þessu leyti eða að vitneskja um þá framkvæmd sem vísað var til í beiðni A hefði ekki verið fyrir hendi í ráðuneytinu. Hins vegar taldi umboðsmaður í ljósi 22. gr. stjórn-sýslulaga um rökstuðning og þess sem fram kæmi í athugasemdum við frumvarp það er varð að stjórn-sýslulögum að nauðsynlegt hefði verið að greina frá því í úrskurðinum hvers vegna talið var að úrlausn fangelsismálastofnunar í málinu færi ekki í bága við jafnræðisreglur. Jafnframt taldi hann að gera hefði þurft skýrari grein fyrir því hvers vegna ekki var talið að sérstakar aðstæður, er heimiluðu undantekningu frá meginreglu 3. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 29/1993, væru fyrir hendi í máli A og á hvaða sjónarmiðum það mat byggðist.

Með hliðsjón af framangreindum annmörkum á málsmeðferð fangelsis-yfirvalda beindi umboðsmaður þeim tilmælum til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins að það hagaði meðferð mála um reynslulausnarbeiðni fanga í samræmi við þau sjónarmið sem rakin voru í álitinu.

2.3.

Vararefsing. Dagpeningar. Evrópskar fangelsisreglur. Lagaheimild. (Mál nr. 2595/1998)

A kvartaði yfir synjun dóms- og kirkjumálaráðuneytisins um að greiða honum dagpeninga fyrir tiltekið tímabil er hann afplánaði vararefsingu fésektar.

Synjun ráðuneytisins var á því byggð að 4. gr. reglugerðar nr. 132/1995, um dagpeninga fanga, sem í gildi var á umræddu tímabili hafi ekki heimilað slíkar greiðslur til þeirra sem afplánuðu vararefsingu fésektar.

Umboðsmaður rakti ákvæði um tegundir hegninga og fangavistar samkvæmt almennum hegningarlögum nr. 19/1940 og lögum um fangelsi og fangavist nr. 48/1988. Þá gerði hann grein fyrir ákvæðum 13. gr. laga nr. 48/1988 og 1. gr. reglugerðar nr. 409/1998, um vinnu, nám og dagpeninga til afplánunarfanga. Jafnframt minnti umboðsmaður á 20. gr. evrópsku fangelsisreglnanna um hreinlætiskröfur í fangelsum. Samkvæmt þessu væri sú skylda lögð á fangelsis-yfirvöld að sjá fyrir vinnuáðstöðu í fangelsum og ættu fangar rétt á launum fyrir vinnu sína sem m.a. gerði þeim kleift að standa straum af kostnaði við öflun brýnustu nauðsynja til persónulegrar umhirðu. Að öðrum kosti væri skylt að greiða fanga dagpeninga sem miðuðust við brýnustu persónulegar nauðsynjar hans.

Umboðsmaður taldi að sjónarmið að baki dagpeningagreiðslum, þ.e. að tryggja

möguleika fanga til að afla sér brýnustu nauðsynja, svo sem hreinlætisvara, ættu jafnt við um fanga sem afplánuðu vararefsingu fésektar og þá sem afplánuðu óskilorðsbundna refsidóma. Í þessu sambandi var vísað til niðurstöðu umboðsmanns Alþingis í tveimur álitum, í málum nr. 2423/1998 og 2424/1998, að réttarstaða umræddra fanga væri að öllu jöfnu sú sama og annarra fanga er skertir væru frelsi sínu með refsivist. Taldi umboðsmaður að fangar sem afplánuðu vararefsingu fésektar í tíð reglugerðar nr. 132/1995 hefðu að lögum átt að njóta sömu kjara og fangar sem afplánuðu óskilorðsbundna refsidóma að því er snerti greiðslu dagpeninga, sbr. nú reglugerð nr. 409/1998.

Niðurstaða umboðsmanns varð því sú að ákvæði 4. gr. reglugerðar nr. 132/1995, sem lá til grundvallar niðurstöðu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins í máli A, hefði ekki verið í samræmi við ákvæði laga nr. 48/1988. Beindi umboðsmaður þeim tilmælum til ráðuneytisins að það tæki mál A til endurskoðunar kæmi fram ósk um það frá honum og beitti sér fyrir því að mál hans fengi úrlausn í samræmi við álitid.

2.4. Agaviðurlög. Dagsleyfi. Stjórnssýslukæra. Form og efni úrskurða. (Mál nr. 2618/1998)

A kvartaði yfir töfum á afgreiðslu kæru hans í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu vegna ákvörðunar um agaviðurlög og synjun um dagsleyfi. Hin kærða ákvörðun um agaviðurlög féll niður vegna ákvæðis 5. mgr. 31. gr. laga nr. 48/1988, um fangelsi og fangavist, sem fjallar um frest ráðuneytisins til að kveða upp úrskurð í slíkum málum. Lagði umboðsmaður áherslu á að ráðuneytið fjallaði engu að síður efnislega um slík mál og lyki þeim með formlegri afgreiðslu samkvæmt ákvæðum stjórnssýslulaga nr. 37/1993. Þá taldi umboðsmaður brýnt að ráðuneytið tilkynnti kæranda í slíkum málum um það með formlegum hætti að agaviðurlög hefðu fallid niður.

Umboðsmaður rakti ákvæði 21. gr. laga nr. 48/1988 og 9. gr. reglugerðar nr. 719/1995, um leyfi afplánunarfanga til dvalar utan fangelsis. Tók hann fram að reglur 31. gr. laganna væru sérstakar reglur um viðurlög vegna agabrota. Ákvæði 4. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar lyti hins vegar að afleiðingum þess að fangi verði uppvís að fíkniefnaneyslu eða agabroti án tillits til þess hvort honum hafi verið gert að sæta viðurlögum vegna þess. Brottfall agaviðurlaga vegna ákvæðis 5. mgr. 31. gr. laga nr. 48/1988 hefði því ekki áhrif á ákvörðun um synjun dagsleyfis vegna atviks sem jafnframt hefði verið tilefni agaviðurlaga. Gerði umboðsmaður því ekki athugasemd við synjun ráðuneytisins um dagsleyfi. Benti hann hins vegar á að afgreiðsla dóms- og kirkjumálaráðuneytisins í málinu hefði ekki verið í samræmi við ákvæði 31. gr. stjórnssýslulaga.

2.5. Dagsleyfi. Evrópskar fangelsisreglur. Lögætisreglan. Málskraði. (Mál nr. 2735/1999)

A kvartaði yfir úrskurði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins þar sem beiðni hans um dagsleyfi var synjað. Synjun ráðuneytisins var á því byggð að afplánun refsidóms hefði ekki staðið í eitt ár að fráreginni gæsluvarðhaldsvist, sbr. 1. mgr. 24. gr. reglugerðar nr. 719/1995, um leyfi afplánunarfanga til dvalar utan fangelsis.

Umboðsmaður rakti ákvæði 21. gr. laga nr. 48/1988, um fangelsi og fangavist, þar sem fangelsisþvöldum er veitt heimild til að veita fanga leyfi til skammrar dvalar

utan fangelsis ef slíkt telst heppilegt sem þáttur í refsifullnustu eða til að búa hann undir að afplánun ljúki. Taldi hann orðalag ákvæðisins og lögskýringargögn sýna að slík leyfi hefðu þann tilgang að vinna að því að samband fanga við umheiminn félli ekki niður og að takmarka eftir mætti neikvæð áhrif langrar frelsisviptingar á möguleika þeirra til aðlögunar að lokinni afplánun. Í þessu sambandi vísaði umboðsmaður jafnframt til evrópsku fangelsisreglnanna.

Þá véc umboðsmaður að áliti umboðsmanns Alþingis í máli nr. 2301/1997 þar sem vísað var til þess að gæsluvarðhaldsfangar væru að meginstefnu til vistaðir á meðal afplánunarfanga og því yrði að gæta samræmis við mat á almennum réttindum þeirra og taka tillit til sambærilegra þarfa þeirra í vistinni. Tók umboðsmaður fram að gæsluvarðhaldsfangar ættu ekki rétt á dagsleyfum. Í málinu reyndi hins vegar á það hvort taka skyldi tillit til þess tíma er afplánunarfangar hefðu verið í gæsluvarðhaldi við ákvörðun um hvort veita ætti slík leyfi.

Umboðsmaður gerði grein fyrir ákvæði 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um að ákveða skuli í refsidómi að gæsluvarðhaldsvist skuli koma að einhverju leyti eða öllu í stað refsingar. Með hliðsjón af sambærilegum þörfum þeirra fanga sem afplána refsidóm að undangengnu gæsluvarðhaldi og þeirra sem ekki hafa setið í gæsluvarðhaldi til aðlögunar og sambands við umheiminn lýsti umboðsmaður þeirri skoðun sinni að ákvæði 1. mgr. 24. gr. reglugerðar nr. 719/1995, að því leyti sem það útilokaði að tillit væri tekið til gæsluvarðhaldstíma, væri ekki í samræmi við tilgang reglubundinna dagsleyfa samkvæmt 21. gr. laga nr. 48/1988.

Varð það niðurstaða umboðsmanns að umrætt reglugerðarákvæði samrýmdist ekki 21. gr. laga nr. 48/1988. Beindi hann þeim tilmælum til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins að það hlutaðist til um endurskoðun 1. mgr. 24. gr. reglugerðar nr. 719/1995 þannig að gæsluvarðhaldstími verði ekki útilokaður við mat á því hvenær leyfi samkvæmt 21. gr. laganna geti komið til framkvæmdar.

Í tilefni af áliti mínu sendi dóms- og kirkjumálaráðuneytið mér bréf, dags. 28. desember 2000, þar sem gerð var grein fyrir viðbrögðum þess við tilmælum mínum um endurskoðun á 1. mgr. 24. gr. reglugerðar nr. 719/1995, um leyfi afplánunarfanga til dvalar utan fangelsis. Í bréfi ráðuneytisins segir meðal annars svo:

„Meðal margra álitaefna sem verið hafa til skoðunar um úrbætur í fangelsismálum, hafa þessi tilmæli yðar verið skoðuð rækilega. Rétt hefur þótt að breyta reglugerðinni m.a. vegna tilmælanna frá yður. Meðfylgjandi sendist í ljósriti reglugerð nr. 917/2000, sem er breyting á reglugerð nr. 719/1995 með síðari breytingu, um leyfi afplánunarfanga til dvalar utan fangelsis. Eins og reglugerðarbreytingin ber með sér er gæsluvarðhaldsvist nú lögð að jöfnu við afplánunartíma refsidóms, þegar meta á tímalengd, bæði varðandi þann áskilnað að viðkomandi hafi verið í samfelldri afplánun ½ hluta refsitímans og eins varðandi áskilnað um að afplánun skuli hafa staðið samfellt yfir í 1 ár.

Virðist þannig búið að koma á jafnræði hvað snertir sambærilegar þarfir þeirra fanga sem afplána refsidóm að undangengnu gæsluvarðhaldi og þeirra sem ekki hafa setið í gæsluvarðhaldi til aðlögunar og sambands við umheiminn.“

3.0. Foreldrar og börn.

3.1. Ættleiðing. Sáttmáli Evrópuráðsins um ættleiðingu barna. Skyldubundið mat. Leiðbeiningarreglur. Rökstuðningur. Jafnræðisregla. (Mál nr. 2435/1998)

A kvartaði yfir ákvörðun dóms- og kirkjumálaráðuneytisins um að hafna umsókn hennar um vilyrði til að ættleiða erlent barn. Synjun ráðuneytisins var á því byggð að ekki hefði verið sýnt fram á að A væri sérstaklega hæf umfram aðra til að taka að sér erlent barn.

Í álitinu var fjallað um ákvæði ættleiðingarlaga nr. 15/1978. Tók umboðsmaður fram að ákvæði laganna útilokuðu ekki að einhleypum einstaklingum yrði heimilað að ættleiða barn. Minnti hann á sáttmála Evrópuráðsins um ættleiðingu barna þar sem gert væri ráð fyrir ættleiðingum af hálfu einhleypra einstaklinga og að ákvæði ættleiðingarlaga hefðu í framkvæmd verið talin heimila slíkar ættleiðingar. Umboðsmaður tók fram að hvorki ættleiðingarlög né sáttmáli Evrópuráðsins mæltu fyrir um sérstök skilyrði um persónulega kosti eða aðstæður umsækjanda um leyfi til ættleiðingar. Þeir yrðu þó að vera þeim kostum búnir að samrýmdist þeirri forsendu 2. gr. laganna að ættleiðing yrði barni til gagns. Með tilliti til orðalags og efnis 2. gr. taldi umboðsmaður ráðherra hafa svigrúm við mat á því hvort leyfi yrði veitt til ættleiðingar.

Umboðsmaður fjallaði um viðmiðunarreglur dóms- og kirkjumálaráðuneytisins sem fram koma í leiðbeiningum ráðuneytisins til barnaverndarnefnda vegna ættleiðingarmála. Þar segir að hjón skuli jafnan standa að baki ættleiðingu og að ef víkja eigi frá þeirri reglu verði að vera sýnt fram á að einhleypur umsækjandi sé sérstaklega hæfur umfram aðra til að taka að sér barn vegna eiginleika sinna eða reynslu, til dæmis af umönnun og uppeldi barna. Með hliðsjón af því svigrúmi sem ráðherra væri ætlað við úrlausn ættleiðingarmála gerði umboðsmaður ekki athugasemd við þá viðmiðun að hjón skuli standa að ættleiðingum og að gera megi strangar kröfur til einhleypra umsækjenda. Þær kröfur yrðu þó að vera málefnalegar og gæta yrði meðalhófs við beitingu þeirra þannig að þær girtu ekki fyrir raunhæfa möguleika slíkra umsækjenda á að fá leyfi til ættleiðingar.

Umboðsmaður vísaði til þess að í framkvæmd væri við það miðað að fóstur væri undanfari ættleiðingar. Taldi hann hlutverk barnaverndarnefnda í ættleiðingarmálum tvíþætt. Annars vegar væri um að ræða samþykki fósturráðstöfunar samkvæmt 36. gr. laga nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna, á grundvelli ákvæðis 2. mgr. 30. gr. sömu laga um val fósturforeldra og hins vegar umsögn barnaverndarnefndar til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins samkvæmt 8. gr. ættleiðingarlaga. Umboðsmaður tók fram að umsögn barnaverndarnefndar á grundvelli síðarnefndu laganna væri lögbundin álitsumleitun sem ráðuneytinu bæri að líta til við afgreiðslu umsóknar um ættleiðingu. Ekki yrði þó litið svo á að niðurstaða barnaverndarnefndar að því er snerti sérstaka hæfileika umsækjanda samkvæmt leiðbeiningarreglum ráðuneytisins yrði að fela í sér samþykki með þeim hætti sem áskilið væri við val á fósturforeldrum samkvæmt lögum nr. 58/1992. Minnti hann á í þessu sambandi að ákvörðunarvald í ættleiðingarmálum væri í höndum dómsmálaráðherra, sbr. 1. gr. laga nr. 15/1978. Þá taldi umboðsmaður að ekki lægi fyrir afstaða barnaverndarnefndar til þess hvort A uppfyllti skilyrði 2. mgr. 30. gr. laga nr. 58/1992 til þess að taka barn í fóstur og að dóms- og kirkjumálaráðuneytinu hefði verið rétt að ganga eftir því hvort nefndin veitti umrætt samþykki áður en það tók ákvörðun í máli hennar.

Þessu næst fjallaði umboðsmaður um umrædda leiðbeiningarreglu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins með hliðsjón af skyldubundnu mati ráðuneytisins í slíkum málum. Taldi hann regluna of afdráttarlausa og að beiting hennar samkvæmt orðanna hljóðan kynni að takmarka svigrúm ráðuneytisins til mats og þannig koma í veg fyrir raunhæfa möguleika einhleypra umsækjenda til að fá útgefið leyfi til ættleiðingar. Tók hann jafnframt fram að reglan veitti takmarkaða leiðbeiningu um þann mælikvarða sem ráðuneytið legði til grundvallar í slíkum málum.

Þá taldi umboðsmaður rökstuðning ráðuneytisins í málinu ekki í samræmi við 22. gr. stjórnssýslulaga nr. 37/1993 og að ráðuneytið hefði ekki í rökstuðningi sínum sýnt fram á að þær miklu kröfur sem það gerði samkvæmt umræddum leiðbeiningum um hæfi A og aðstæður hefðu verið nauðsynlegar til þess að ná markmiði og tilgangi 2. gr. ættleiðingarlaga.

Loks gerði umboðsmaður grein fyrir athugun sinni á gögnum í tilteknum málum sem dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur veitt einhleypum umsækjendum vilyrði til ættleiðingar. Benti hann á samanburð milli þeirra og máls A. Með vísan til fyrrgreindrar skoðunar hans um að þau atriði er ráðið hefðu niðurstöðu ráðuneytisins í málinu lægju ekki nægilega skýrt fyrir taldi umboðsmaður að ekki yrði fullyrt að ráðuneytið hefði ekki gætt samræmis og jafnræðis, sbr. 11. gr. stjórnssýslulaga, við afgreiðslu máls A.

Varð það niðurstaða umboðsmanns að verulegir annmarkar hefðu verið á afgreiðslu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins í máli A og beindi hann þeim tilmælum til ráðuneytisins að það tæki beiðni hennar fyrir að nýju óskaði hún þess og hagaði afgreiðslu málsins þá í samræmi við þau sjónarmið sem rakin væru í álitinu.

I.

Hinn 23. mars 1998 leitaði A til umboðsmanns Alþingis og kvartaði yfir synjun dóms- og kirkjumálaráðuneytisins frá 29. október 1997 á umsókn hennar um útgáfu vilyrðis til ættleiðingar á erlendu barni.

Ég lauk máli þessu með álit, dags. 3. ágúst 2000.

II.

Með bréfi til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 10. febrúar 1997, sótti A um „leyfi til ættleiðingar“. Bréfi hennar fylgdu ýmis gögn, meðal annars yfirlit yfir menntun og starfsferil og læknisvottorð. Eftir að umsókn A barst dóms- og kirkjumálaráðuneytinu fór ráðuneytið fram á það í bréfi til barnaverndarnefndar Reykjavíkur, dags. 21. mars 1997, að nefndin kannaði hagi hennar og mæti hæfni hennar til að taka að sér erlent barn til ættleiðingar á grundvelli undanfarandi fósturs, sbr. „35. gr. ættleiðingarlaga nr. 53/1966“ og gæfi ráðuneytinu umsögn þar að lútandi. Var þess óskað að umsögnin yrði send ráðuneytinu fyrir 23. júní s.á. Í nefndu bréfi ráðuneytisins til barnaverndarnefndar Reykjavíkur sagði síðan meðal annars svo:

„Ráðuneytið bendir á, að í leiðbeiningum þess fyrir barnaverndarnefndir varðandi umsagnir í ættleiðingarmálum koma fram almenn skilyrði, sem umsækjendur verða að jafnaði að fullnægja og kemur þar m.a. fram, að einhleypingar komi að jafnaði ekki til greina sem ættleiðendur. Ennfremur koma fram í leiðbeiningum þessum atriði, sem réttlætt geta frávik frá hinum almennu skilyrðum og er þar m.a. nefnt, að sýnt sé fram á, að umsækjandi sé sérstaklega hæfur umfram aðra til að taka að sér barn, vegna eiginleika sinna eða reynslu, t.d. ef umsækjandi hefur mikla reynslu af umönnun og uppeldi barna. Með vísun til þessa er þess óskað, að nefndin kanni sérstaklega hvort umsækjandi sé sérstaklega hæfur umfram aðra til þess að taka að sér barn, vegna eiginleika sinna eða reynslu.“

Hinn 1. júlí 1997 var greinargerð tveggja félagsráðgjafa í máli A frá 26. júní 1997 lögð fyrir fund barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Í samantektar- og niðurstöðukafla greinargerðarinnar kom eftirfarandi fram:

„Um er að ræða 44 ára konu sem er alin upp í stórrí samheldinni fjölskyldu. Hún er vel menntuð, er í góðri stöðu og hefur ágætis tekjur miðað við íslenskar langskólagengnar konur. Hún býr í eigin húsnæði í barnvænu hverfi. Hún á góðan og traustan vinahóp og fjölskylduböndin eru sterk.

Hún hefur búið bæði hér og erlendis og hefur fjölbreytta lífsreynslu og í starfi sínu mikla reynslu af unglíngum og reynslu af uppeldi systurdætra sinna.

Hún er fjölskyldumanneskja og notar mikið af frítíma sínum með fjölskyldunni. Umsækjandi er hlýleg kona sem ræðir sín mál af innsæi. Hún hefur góða framkomu, myndar gott samband við undirritaðar og hefur góða nærveru. Hún er fylgin sér. [A] þráir að eignast barn og hefur unnið að því markvisst undanfarin ár að fá barn til ættleiðingar.

Eins og áður er getið á [A] tryggja og stóra fjölskyldu sem umvefur hana auk þess sem bróðir [A] og mágkona hafa lýst því yfir að þau myndu vera til staðar fyrir barnið ef eitthvað kæmi fyrir móður þess, þ.e. [A].

Hins vegar uppfyllir hún ekki þau skilyrði sem dóms- og kirkjumálaráðuneytið setur, að ættleiðandi skuli að jafnaði vera í hjónabandi. Enn fremur verður að líta á þá staðreynd að ættleitt barn einstæðs foreldris nýtur ekki þess öryggis sem barn hjóna hefur í flestum tilvikum, þ.e. að eiga bæði móður og föður og móður- og föður-fjölskyldu.

Fram að þessu hafa undirritaðar talið rétt að barnaverndarnefnd stæði vörð um hin gömlu gildi og gerði kröfu um að þegar nefndin getur haft áhrif að valdar yrðu fjölskyldur þar sem eru bæði faðir og móðir. Við höfum þá trú að börn eigi rétt á að eiga bæði föður og móður og að faðir og móðir séu jafn mikilvæg fyrir sjálfmynd okkar.

Undanfarið hafa ný vísindi í mannfjölgunarmálum gert konum kleift að eignast börn án þess að barnið geti nokkurn tíma komist að því hver er faðir/sæðisgjafi og hefur löggjafinn látið það viðgangast. Börn verða til og eru keypt og seld í stórum stíl innan og utan legs.

Nú leyfa þjóðir eins og Kína, Indland, Rússland, Colombía og Rúmenía að einhleyp fólk ættleiði börn frá þeim.

Ný öld kallar á ný viðhorf og e.t.v. þarf barnaverndarnefnd að endurskoða frá grunni hvaða kröfur gera skuli til ættleiðenda.

Í þessu máli lítum við að lokum á fjögur atriði, sem öll eru mjög mikilvæg þegar verið er að meta hæfni fólks til að vera forsjárhafi barns:

1. Að hafa hæfileika til að mynda sterk og djúp tengsl.
2. Að geta borið ábyrgð og verið góð fyrirmynd.
3. Að hafa góðar félagslegar aðstæður; er þá ekki síst átt við sterk fjölskyldubönd.
4. Að hafa þekkingu/reynslu á þroskaferli og uppeldi barna.

Er við höfum þessi atriði að leiðarljósi þá teljum við að greinargerð sýni fram á að [A] uppfyllir mjög vel þessar kröfur.“

Með bréfi barnaverndarnefndar Reykjavíkur til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 28. júlí 1997, veitti nefndin umsögn í málinu og vísaði í því efni til eftirfarandi bókunar, sem gerð hafði verið á áður nefndum fundi nefndarinnar hinn 22. júlí s.á.:

„Um er að ræða 44 ára einhleypa konu, [A], sem sækir um vilyrði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til ættleiðingar á erlendu barni. Hefur ráðuneytið farið þess

á leit að Barnaverndarnefnd Reykjavíkur kanni hagi og aðstæður [A] og meti hæfni hennar til að taka að sér erlent barn til ættleiðingar og gefi ráðuneytinu umsögn sína þar að lútandi. Þá er þess óskað að nefndin kanni sérstaklega hvort [A] sé sérstaklega hæf umfram aðra til að taka að sér barn vegna eiginleika sinna eða reynslu.

Með umsókn [A] til dómsmálaráðuneytisins fylgdu öll tilskilin gögn og hefur hún rökstutt beiðni sína ítarlega. Einnig hefur umsókn [A] sætt rækilegri könnun starfsmanna nefndarinnar.

[A] er fædd og uppalin í Reykjavík. Hún er alin upp í stórri og samheldinni fjölskyldu, sem styður beiðni hennar eindregið. Verði fallist á beiðni [A] hefur bróðir hennar lýst því yfir, að fjölskylda hans sé reiðubúin til að taka að sér barnið ef [A] geti ekki sinnt því eða falli frá. [A] hefur hlotið góða menntun og var hún skipaður kennari við [fjölbrautaskóla . . .] árið 1990. Hefur hún reynst farsæl í starfi og hafa stjórnendur skólans veitt henni lofsamleg meðmæli. Fjárhagur [A] er þokkalegur og býr hún í eigin íbúð þar sem aðstæður fyrir börn eru góðar.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 15/1978 má ekki veita leyfi til ættleiðingar nema könnun máls leiði í ljós að ættleiðing sé barni til gagns. Með hliðsjón af þessu hefur verið lögð áhersla á að tryggja kjörbörnum bestu uppvaxtarskilyrði miðað við aðstæður hér á landi. Í þeim efnum er mikilvægt að kjörbarn alist upp bæði hjá móður og föður og njóti fjölskyldu beggja foreldra. Verður ekki vikið frá því skilyrði nema við alveg sérstakar aðstæður. Samkvæmt leiðbeiningum þeim sem dómsmálaráðuneytið hefur látið barnaverndarnefndum í té við vinnslu ættleiðingarmála getur það komið til álita ef sýnt er fram á að umsækjandi sé sérstaklega hæfur umfram aðra til að taka að sér barn vegna eiginleika sinna eða reynslu, til dæmis vegna reynslu af umönnun og uppeldi barna.

Svo sem hér hefur verið rakið hafa ýmsir góðir kostir [A] komið fram við vinnslu málsins. Allt að einu er það mat nefndarinnar að ekki hafi verið sýnt fram á þá miklu reynslu hennar af umönnun barna sem áskilja verður til að fallist verði á að hún ein taki að sér barn til ættleiðingar. Þykir ekki fullnægjandi í þeim efnum störf [A] við kennslu í framhalds- og grunnskólum og aðstoð hennar við uppeldi systkinabarna. Einnig verður að hafa hliðsjón af því að [A] er rétt við efri aldursmörk, sem áskilin eru til að fallist verði á umsókn um ættleiðingu. Þykir rétt að gera auknar kröfur að því leyti þegar einstaklingar taka að sér börn til ættleiðingar. Samkvæmt þessu getur Barnaverndarnefnd ekki mælt með að veitt verði vilyrði til ættleiðingar. Á hinn bóginn sér Barnaverndarnefnd ástæðu til að taka fram að hér er um mikið álitamál að ræða og getur niðurstaða þessi hvergi orðið einhlít.“

Með bréfi, dags. 14. ágúst 1997, veitti dóms- og kirkjumálaráðuneytið A kost á því að gera athugasemdir við ofangreinda umsögn barnaverndarnefndar Reykjavíkur frá 28. júlí 1997 og greinargerð félagsráðgjafa frá 26. júní s.á. A setti fram athugasemdir sínar af því tilefni í bréfi til ráðuneytisins frá 19. ágúst 1997. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið tók síðan ákvörðun í málinu hinn 29. október 1997 og hafnaði því að veita A vilyrði til að ættleiða erlent barn. Í ákvörðun ráðuneytisins eru í kafla II og III tekin upp eftirgreind gögn: greinargerð félagsráðgjafa frá 26. júní 1997, hugleiðingar A frá 2. júní 1997, umsögn barnaverndarnefndar Reykjavíkur frá 28. júlí 1997 og athugasemdir A frá 19. ágúst 1997. Í kafla IV eru loks forsendur og niðurstaða ráðuneytisins. Þar segir:

„Með vísan til röksemda umsækjanda í greinargerð til ráðuneytisins, dags. 19. ágúst sl., um að það hljóti að vera munaðarlausu barni, sem hvergi eigi höfði sínu að halla, til gagns að vera ættleitt af umsækjanda tekur ráðuneytið fram, að við mat á umsóknum um vilyrði til að ættleiða erlent barn er ávallt miðað við íslenskar aðstæður.

Börn sem ættleidd eru hingað til lands alast upp sem Íslendingar og að leitast er við að tryggja þeim bestu hugsanlegu uppvaxtarskilyrði á íslenskan mælikvarða. Þá er enn fremur bent á, að umsóknir um að ættleiða þau erlendu börn, sem unnt er að fá til ættleiðingar hingað til lands, eru mun fleiri en börnin.

Eins og áður segir er miðað við að tryggja ættleiddum börnum erlendis frá sem best og eðlilegust uppvaxtarskilyrði. Mikilvægur þáttur í því er, að kjörbarn alist upp bæði hjá föður og móður og verður ekki vikið frá því nema sérstaklega standi á. Gerð er þá sú krafa að sýnt sé fram á, að einhleypur umsækjandi sé sérstaklega hæfur umfram aðra til að taka að sér barn vegna eiginleika sinna eða reynslu, t.d. að hann hafi mikla reynslu af umönnun og uppeldi barna.

Með vísan til framanritaðs og umsagnar barnaverndarnefndar Reykjavíkur telur ráðuneytið ekki hafa verið sýnt fram á að [A] sé sérstaklega hæf umfram aðra til að taka að sér erlent barn til ættleiðingar og er umsókn hennar um vilyrði til að ættleiða erlent barn því hafnað.“

Hinn 22. janúar 1998 ritaði lögmaður A dóms- og kirkjumálaráðuneytinu bréf, fyrir hönd hennar, og óskaði eftir gögnum um afgreiðslu ráðuneytisins á öðru máli þar sem „önnur kona í svipaðri aðstöðu fékk samþykki við ættleiðingu [. . .]“. Í bréfi lögmannsins segir m.a. svo:

„Telur [A] að það skilyrði sem sérstaklega er talið upp í niðurstöðu ráðuneytisins, þ.e. að hafa mikla reynslu af uppeldi barna sé einmitt fyrir hendi í sínu tilviki. Systir hennar, 15 mánuðum yngri en hún og því eins nákominn henni eins og um tvíbúrasystur væri að ræða er tveggja barna móðir og hefur ætíð verið einhleyp með börn sín. Hefur [A] búið mikið hjá henni og dvalist hjá henni langdvölum og í raun alið systurbörn sín upp við hlið systur sinnar, enda líta þau á hana sem sína aðra móður. Við þetta bætist menntun hennar og reynsla sem kennari barna og unglíngja.“

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið synjaði málaleitan lögmanns A með bréfi, dags. 2. febrúar 1998. Vísaði ráðuneytið til 5. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996 og tók fram að hlutað-eigandi einstaklingur hefði hafnað því að veita A aðgang að gögnum málsins hjá ráðuneytinu.

III.

Í greinargerð lögmanns A, dags. 18. mars 1998, sem fylgdi kvörtun hennar til umboðsmanns Alþingis frá 23. mars 1998, segir m.a. svo:

„Í erindi þessu til Umboðsmanns Alþingis er þess farið á leit að kannað verði hvort dómsmálaráðuneytið hafi gætt réttmætra sjónarmiða við ákvörðun sína og enn fremur hvort jafnræðis hafi verið gætt sbr. 2. gr. laga nr. 13/1987.

Varðandi jafnræðisþáttinn hefur umbjóðandi minn einkum í huga eftirfarandi: Staðreynd er að fyrir nokkrum mánuðum fékk önnur kona í svipaðri stöðu og umbjóðandi minn, þ.e. einhleyp og á svipuðum aldri vilyrði dómsmálaráðuneytisins til ættleiðingar erlends barns. Umbjóðandi minn veit nafn hennar þótt hún upplýsi það ekki að svo stöddu, en vísað er til bréfs þess, sem ég ritaði dómsmálaráðuneytinu þann 22. janúar sl. þar sem beðið var um ljósrit gagna þeirra sem ráðuneytið lagði til grundvallar ákvarðanatöku í því máli.

Í meðfylgjandi svarbréfi dómsmálaráðuneytisins dags. 2. feb. s.l. er viðurkennt að slíkt vilyrði hafi verið veitt, sem sambærilegt sé máli umbjóðanda míns. Kemur þar fram að ráðuneytið hafi haft samband við þann einstakling sem hlut átti að máli og samþykkti hann ekki að gögnum varðandi mál hans yrðu afhent.

Telur umbjóðandi minn sem þekkir málavexti og hefur í reynd talað við þá konu, sem vilyrðið fékk að aðstæður þeirra séu mjög sambærilegar.

Einnig vill umbjóðandi minn leggja sérstaka áherslu á þá umsögn barnaverndarnefndar þar sem segir orðrétt: „Á hinn bóginn sér Barnaverndarnefnd ástæðu til að taka fram að hér er um mikið álitamál að ræða og getur niðurstaða þessi hvergi orðið einhlít“.

Fyrst álitamálið var svo mikið – og með hliðsjón af öllum aðstæðum og mannkostum umbjóðanda míns – hefði ekki verið réttmætara sjónarmið að láta hana „njóta vafans“ ef svo má segja.

Bent er sérstaklega á að hvergi er lagabókstafur né reglugerð fyrir þeim reglum dómsmálaráðuneytisins að ættleiðandi skuli vera af vissum aldri og að nokkur forðæmi eru fyrir því að einhleypir fái slíkt leyfi.

Í 2. gr. ættleiðingarlagu nr. 15/1978 er lögð á það áhersla að ættleiðing sé barninu til gagns og er unnt í þessu tilviki umbjóðanda míns að efast um að svo yrði?

Þá óskar umbjóðandi minn eftir skýringum dómsmálaráðuneytisins á orðalaginu að ekki hafi verið sýnt fram á að [A] sé „sérstaklega hæf umfram aðra til að taka að sér erlent barn“. Hver er skilgreining ráðuneytisins á orðinu „hæf“ í þessu sambandi.

Umbjóðandi minn hefur kynnt sér erlend blaðaskrif um mál sem þessi og að hennar áliti er réttarþróun á þessum sviðum mjög í þá átt að auka frjálsræði í ættleiðingum hvað varðar stöðu einhleypinga. Kemur sú skoðun einnig fram í greinargerð félagsráðgjafanna sem fyrir er á minnst að lönd eins og Kína, Indland og Rússland, Colombía og Rúmenía samþykkja að einhleyppt fólk ættleiði börn frá þeim.“

IV.

Með bréfi, dags. 25. mars 1998, óskaði umboðsmaður Alþingis þess, sbr. 7. og 9. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að dóms- og kirkjumálaráðuneytið sendi honum gögn málsins og skýrði viðhorf sitt til kvörtunar A. Sérstaklega var þess óskað að ráðuneytið léti umboðsmanni í té „upplýsingar um fyrri afgreiðslur ráðuneytisins á umsóknum „einhleypinga“ um vilyrði af því tagi, sem hér um ræðir“. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið svaraði bréfi umboðsmanns Alþingis með bréfi, dags. 29. apríl 1998. Í bréfi ráðuneytisins kemur eftirfarandi m.a. fram:

„Vegna fram kominnar kvörtunar tekur ráðuneytið fram, að það telur að lögmætra og réttmætra sjónarmiða hafi verið gætt við afgreiðslu málsins og að jafnræðisregla hafi ekki verið brotin á málshefjanda.

Ráðuneytið telur rétt að áréttu sérstaklega, að það mat sem fer fram á hæfni umsækjenda til að ættleiða erlent barn, er framkvæmt með hagsmuni þeirra barna sem hugsanlega verða ættleidd í huga. Ef vafi leikur á um hvort umsækjandi uppfylli skilyrði ráðuneytisins til að ættleiða erlent barn, er því ekki talið sjálfgefið, að umsækjendur „njóti vafans“ eins og [A] kemst að orði, heldur þykir verða að leggja á það mat hverju sinni, út frá hagsmunum barnanna, hvort rétt sé að gefa út vilyrði til ættleiðingar. Þess má geta, að fjöldi hæfra umsækjenda um ættleiðingu er mun meiri en fjöldi þeirra barna sem er ráðstafað til ættleiðingar.

Almennt hefur verið talið, að það sé barni fyrir bestu að alast upp hjá tveimur kjörforeldrum, kjörmóður og kjörföður. Þetta sjónarmið á ekki síður við um erlend börn sem eru ættleidd til Íslands og skera sig oft úr fjöldanum vegna útlits síns og litarháttar. Eins og fram kemur í hinni umdeildu ákvörðun, er ella gerð krafa um að sýnt sé fram á að umsækjandi sé sérstaklega hæfur umfram aðra til að taka að sér erlent barn til ættleiðingar. Á síðustu 15 árum hefur aðeins þrisvar sinnum verið vikið frá þeirri reglu að gefa eingöngu út vilyrði til hjóna. Var í eitt skiptið um að ræða

einstakling, sem verið hafði um langt skeið í óvígðri sambúð, en taldi ófýsilegt að ganga í hjúskap af sérstökum ástæðum sem ekki vörðuðu ættleiðinguna. Lá fyrir yfirlýsing sambýlismanns umsækjanda um að hann myndi ganga barninu í föður stað. Í öðru tilviki var byggt á fyrrgreindum sjónarmiðum um óvenjulega hæfileika til barnaupveldis, en þá var um að ræða einstakling, sem þegar hafði sýnt í verki sérstaka hæfni til að ala upp barn á eigin spýtur og hafði viðkomandi barnaverndarnefnd mælt eindregið með umsögn hans. Í þriðja tilvikinu átti í hlut barn, sem hafði árum saman verið í fóstri hjá umsækjanda.“

Með bréfi, dags. 4. maí 1998, gaf umboðsmaður Alþingis lögmanni A kost á því að gera athugasemdir við svarbréf ráðuneytisins frá 29. apríl s.á. fyrir hönd A. Athugasemdir lögmannsins bárust umboðsmanni með bréfi, dags. 12. maí 1998.

Hinn 20. júlí 1998 ritaði umboðsmaður Alþingis dóms- og kirkjumálaráðherra bréf, þar sem þess var óskað með vísan til 7. gr. laga nr. 85/1997 að ráðuneytið léti umboðsmanni í té leiðbeiningar fyrir barnaverndarnefndir varðandi umsagnir í ættleiðingarmálum. Jafnframt var þess óskað, sbr. 9. gr. sömu laga, að ráðuneytið gerði nánar grein fyrir lagagrundvelli þeirrar almennu reglu ráðuneytisins að einhleypingar kæmu að jafnaði ekki til greina sem ættleiðendur og að frávik frá því skilyrði kæmi aðeins til greina að umsækjandi sýndi fram á að hann væri sérstaklega hæfur umfram aðra til að taka að sér barn vegna eiginleika sinna eða reynslu. Þá óskaði umboðsmaður þess, vegna þess sem fram hefði komið að í tilteknu máli hefði verið vikið frá þeirri reglu að gefa eingöngu út vilyrði um ættleiðingu til hjóna, að ráðuneytið léti honum í té þau gögn sem lágu að baki niðurstöðu þess í því máli að viðkomandi hefði sýnt fram á „sérstaka hæfni til þess að ala barn upp á eigin spýtur“. Loks óskaði umboðsmaður Alþingis þess að dóms- og kirkjumálaráðuneytið léti umboðsmanni í té upplýsingar um hvort umrætt skilyrði hefði komið til athugunar hjá nefnd þeirri sem falið hefði verið að fjalla um endurskoðun ættleiðingarlaga og ef svo væri hvort og þá hvaða afstaða hefði verið tekin til þessa atriðis.

Umboðsmanni Alþingis barst svarbréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 18. ágúst 1998, í tilefni af ofangreindu bréfi umboðsmanns. Í bréfinu segir m.a. svo:

„Dómsmálaráðuneytið hefur mótað þá stefnu, að veita að jafnaði eingöngu hjónum vilyrði til ættleiðingar. Frávik frá þessu koma til greina ef um er að ræða sérstök tengsl á milli umsækjanda og ákveðins barns, eða ef sýnt er fram á að umsækjandi sé sérstaklega hæfur umfram aðra til að taka að sér barn vegna eiginleika sinna eða reynslu.

Í leiðbeiningum sem ráðuneytið hefur látið barnaverndarnefndum í té vegna umsagna þeirra í ættleiðingarmálum er bent á, að ættleiðing setur barn óhjákvæmilega í nokkra sérstöðu. Almenn tæki fullyrða að það feli í sér fleiri áhættuþætti að ala upp kjörbarn, heldur en að ala upp eigið barn. Af því leiði að það verði að leggja áherslu á að tryggja kjörbörnum sem heppilegust og eðlilegust uppvaxtarskilyrði. Mikilvægur þáttur í því, er að kjörbarn alist upp bæði hjá móður og föður. Af þessum sökum hefur það verið gert að skilyrði, að þeir sem sækja um vilyrði ráðuneytisins til ættleiðingar á erlendu barni hafi verið giftir í a.m.k. 1 ár og að samanlagður tími hjúskapar og sambúðar sé a.m.k. 3 ár. Þessi regla styðst því við það sjónarmið, að við meðferð umsókna um vilyrði til ættleiðinga á erlendum börnum, skuli leggja hagsmuni barnanna til grundvallar og hafna umsókn um útgáfu vilyrðis ef ekki er um kjöraðstæður til uppeldis að ræða.

Í [. . .] bréfi yðar er þess farið á leit, að ráðuneytið láti í té gögn sem lágu til grundvallar þeirri niðurstöðu í öðru máli, að viðkomandi hefði sýnt fram á sérstaka hæfni til þess að ala upp barn á eigin spýtur. Meðfylgjandi er bókun barnaverndar-

nefndar Reykjavíkur vegna umrædds máls, svo og skýrsla starfsmanna nefndarinnar. [. . .]

Varðandi fyrirspurn yðar um hvort umrætt skilyrði ráðuneytisins hafi verið tekið til athugunar af nefnd þeirri, er nú fjallar um endurskoðun ættleiðingarlaganna, hefur upplýsinga verið leitað hjá sífjalaganefnd ráðuneytisins sem nú starfar að endurskoðun laganna. Hafa þau svör fengist hjá nefndinni, að hún hyggist leggja til, að í frumvarpi til nýrra ættleiðingarlaganna verði mælt fyrir um heimild til að leyfa einhleypum manni að ættleiða barn, ef sérstaklega stendur á og ættleiðing er ótvírætt talin barni til hagsbóta. Er með slíku ákvæði stefnt að því að gera lagagrunn ákvarðana af þessu tagi tryggari en nú, en ekki er við það miðað, að grundvallarbreyting verði á framkvæmdinni að þessu leyti.“

Með bréfi, dags. 21. ágúst 1998, gaf umboðsmaður Alþingis lögmanni A kost á því að gera athugasemdir við ofangreind bréf ráðuneytisins frá 18. ágúst 1998, fyrir hönd A. Athugasemdir lögmannsins bárust umboðsmanni Alþingis hinn 30. september 1998.

Með símbréfi, dags. 28. janúar 2000, greindi lögmaður A mér frá því að félagskapurinn Íslensk ættleiðing hefði upplýst A um að dómsmálaráðherra hefði þá fyrr í mánuðinum veitt einhleypri konu leyfi til ættleiðingar. Af því tilefni óskaði ég með bréfi, dags. 16. febrúar sl., eftir að dóms- og kirkjumálaráðuneytið afhenti mér gögn þess máls. Þau bárust mér 3. mars sl. og þar kom fram að ráðuneytið hafði 24. janúar sl. gefið út umrætt vilyrði til ættleiðingar á erlendu barni.

V.

1.

Í kvörtun A til umboðsmanns Alþingis frá 23. mars 1998 er þess óskað að umboðsmaður taki til umfjöllunar hvort dóms- og kirkjumálaráðuneytið hafi „gætt réttmætra sjónarmiða“ við úrlausn máls hennar, sem lauk með úrskurði ráðuneytisins 29. október 1997. Þá er þess óskað að kannað verði hvort ráðuneytið hafi gætt „jafnræðis“ í úrlausn sinni.

2.

Í áliti mínu frá 16. apríl 1999 í málinu nr. 2051/1997 tók ég fram að í athugasemdum greinargerðar með frumvarpi því er varð að stjórnarsýslulögum nr. 37/1993 sé á því byggt að stjórnarsýslulögin hafi að geyma lágmarkskröfur til málsmeðferðar í stjórnarsýslu. (Alþt. 1992–1993, A-deild, bls. 3284.) Samkvæmt skýrum ákvæðum 1. og 2. gr. stjórnarsýslulaga gilda lögin þannig um málsmeðferð og ákvarðanir dóms- og kirkjumálaráðuneytisins í ættleiðingarmálum að því leyti sem ekki er kveðið á um strangari reglur í ættleiðingarlögum nr. 15/1978. Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu er samkvæmt þessu skylt að fara að stjórnarsýslulögum við meðferð ættleiðingarmála og virða meginreglur þeirra laga um jafnræði og meðalhóf, sbr. 11. og 12. gr. laganna.

3.

A var 44 ára gömul og einhleyp þegar henni var synjað af hálfu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins um útgáfu vilyrðis fyrir leyfi til ættleiðingar á erlendu barni. Á þessum tíma giltu um ættleiðingu lög nr. 15/1978. Ný lög um ættleiðingu, lög nr. 130/1999, öðluðust gildi 11. júlí 2000. Eðli máls samkvæmt miðast umfjöllun mín hér á eftir við efni laga nr. 15/1978.

Í 1. mgr. 5. gr. ættleiðingarlaganna nr. 15/1978 segir að hjón skuli bæði standa að ættleiðingu, sbr. þó 2. mgr. sömu greinar, enda sé hjónum einum heimilt að ættleiða saman. Þetta ákvæði mælir fyrir um að í því tilviki þegar umsækjandi um ættleiðingu barns er í hjúskap skuli bæði hjónin standa að umsókn um ættleiðingu. Ákvæðið útilokar þannig ekki að

einhleypum einstaklingum verði veitt leyfi til ættleiðingar og hafa ákvæði ættleiðingarlaga í framkvæmd verið talin heimila slíkar ættleiðingar, sbr. athugasemdir greinargerðar með 2. gr. frumvarps til nýrra ættleiðingarlaga sem lagt var fram á 123. löggjafarþingi 1998–1999. (Alpt. 1998–99, A-deild, bls. 2838.)

Í þessu sambandi minni ég á það sem kemur fram í ofangreindu álitu mínu frá 16. apríl 1999 að tekið var sérstakt tillit til ákvæða sáttmála Evrópuráðsins um ættleiðingu barna frá 24. apríl 1967 við samningu frumvarps þess sem varð að ættleiðingarlögum nr. 15/1978. (Alpt. 1977–1978, A-deild, bls. 543.) Í 1. mgr. 6. gr. sáttmálans kemur fram að lög aðildarríkjanna skuli eigi heimila ættleiðingu barns nema um sé að ræða tvo einstaklinga í hjúskap eða einhleypan einstakling.

Samkvæmt 2. gr. ættleiðingarlaga nr. 15/1978 er það forsenda leyfis til ættleiðingar að sýnt þyki eftir könnun á málefnum væntanlegs kjörbarns og þeirra er óska ættleiðingar að ættleiðing sé barninu til gagns enda sé það ætlun ættleiðanda að ala barnið upp eða barn hafi verið alið upp hjá þeim eða aðrar sérstakar aðstæður liggja til ættleiðingar. Í athugasemdum greinargerðar með frumvarpi til ættleiðingarlaga kemur fram að hér sé um að ræða „grundvallarákvæði, sem [mæli] fyrir um almennar forsendur fyrir ættleiðingu [. . .]“. (Alpt. 1977–1978, A-deild, bls. 548.) Í þessu efni er að auki rétt að benda á ákvæði 21. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem fullgiltur var af Íslands hálfu með auglýsingu nr. 18/1992. Þar kemur fram að aðildarríki sem viðurkenna og/eða leyfa ættleiðingu „skulu tryggja að fyrst og fremst sé litið til þess sem barni er fyrir bestu“. Samkvæmt a-lið 21. gr. skulu aðildarríki sjá til þess að „ættleiðing barns sé aðeins heimilud af þar til bærum stjórnvöldum sem ákveða samkvæmt viðeigandi lögum og reglum um málsmeðferð og á grundvelli viðeigandi og áreiðanlegra upplýsinga að ættleiðing sé leyfileg [. . .]“. Dómsmálaráðherra veitir leyfi til ættleiðingar, sbr. 1. gr. ættleiðingarlaga.

Hvorki ættleiðingarlög nr. 15/1978 né ættleiðingarsáttmáli Evrópuráðsins mæla fyrir um sérstök skilyrði um persónulega kosti eða aðstæður umsækjenda sem sækja um leyfi til ættleiðingar, sbr. hins vegar 3. mgr. 8. gr. eldri ættleiðingarlaga nr. 19/1953 þar sem kveðið var á um að ættleiðandi skyldi vera þeim kostum búinn, að hann gæti veitt barni sémilegt uppeldi. Hann skyldi hafa óflekkað mannorð og eigi vera háður siðferðilegum, heilbrigðislegum eða fjárhagslegum annmörkum. Ekki þótti þörf að greina kosti ættleiðanda, sem yrðu „seint fulltaldir“, í lögum nr. 15/1978, enda myndi ráðuneytið „eigi veita leyfi, nema tryggt þætti að ættleiðendur væru þeim kostum búnir, að forsvaranlegt væri að fela þeim barn til uppeldis og ættleiðingar“. (Alpt. 1977–1978, A-deild, bls. 547–548.)

Samkvæmt framansögðu leiðir það af 2. gr. ættleiðingarlaga, og þjóðréttarlegum skuldbindingum íslenska ríkisins á þessu sviði, að dóms- og kirkjumálaráðuneytinu er skylt að byggja ákvörðun um hvort veita skuli leyfi til ættleiðingar fyrst og fremst á því hvað sé barninu fyrir bestu. Umsækjendur um leyfi til ættleiðingar verða því að vera þeim kostum búnir að samrýmist þessari forsendu laganna. Með tilliti til þessa og orðalags og efnis 2. gr. ættleiðingarlaga tel ég að löggjafinn hafi ætlað ráðherra svigrúm við mat á því hvort leyfi verði veitt til ættleiðingar. Ákvarðanir dóms- og kirkjumálaráðherra í þessum málum verða þó að styðjast við málefnaleg sjónarmið og samrýmast meginreglum stjórn-sýslulaga um jafnræði og meðalhóf.

4.

Samkvæmt skýringum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og leiðbeiningum þess til barnaverndarnefnda vegna umsagna í ættleiðingarmálum hefur í framkvæmd verið við það miðað að hjón skuli jafnan standa að baki ættleiðingu. Ráðuneytið skýrir þessa viðmiðunarreglu með eftirgreindum hætti í bréfi sínu til umboðsmanns Alþingis frá 18. ágúst 1998:

„[. . .] Almennt megi fullyrða að það feli í sér fleiri áhættuþætti að ala upp kjörbarn, heldur en að ala upp eigið barn. Af því leiði að það verði að leggja áherslu á að tryggja kjörbörnum sem heppilegust og eðlilegust uppvaxtar skilyrði. Mikilvægur þáttur í því, er að kjörbarn alist upp bæði hjá móður og föður.“

Með hliðsjón af því sem áður segir um svigrúm dóms- og kirkjumálaráðherra við töku ákvörðunar um hvort veita skuli leyfi til ættleiðingar tel ég að við úrlausn slíkra mála sé ráðuneytinu heimilt að byggja á því að æskilegast sé að barn alist upp við aðstæður þar sem myndast geti eðlileg tengsl við föður og móður. Verði því ekki gerðar athugasemdir við þá stjórnsluframkvæmd að almennt skuli við það miðað að hjón standi að baki ættleiðingu og að ríkar kröfur skuli gerðar til félagslegra og fjárhagslegra aðstæðna einhleypra umsækjenda og hæfni þeirra til barnaupveldis. Ég minni hins vegar á að bæði ættleiðingarlög og ættleiðingarsáttmáli Evrópuráðsins gera ráð fyrir því að heimilt sé að veita einhleyfum umsækjendum leyfi til ættleiðinga. Kröfur dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til einhleypra umsækjenda verða því að vera málefnalegar og gæta verður meðalhöfs við beitingu þeirra. Efni þeirra má þannig ekki girða fyrir að einhleypir umsækjendur eigi raunhæfa möguleika á að fá leyfi til ættleiðingar.

5.

Ákvörðun dóms- og kirkjumálaráðuneytisins frá 29. október 1997 um að synja umsókn A um veitingu vilyrðis til útgáfu ættleiðingarleyfis er rökstudd með því að við það sé miðað að ættleiddum börnum erlendis frá skuli tryggð sem „best og eðlilegust uppvaxtar skilyrði“. Fram kemur að „mikilvægur þáttur í því [sé], að kjörbarn alist upp bæði hjá föður og móður og [verði] ekki vikið frá því nema sérstaklega standi á“. Því sé þess krafist að „einhleypur umsækjandi sé sérstaklega hæfur umfram aðra til að taka að sér barn vegna eiginleika sinna eða reynslu, t.d. að hann hafi mikla reynslu af umönnun og uppeldi barna“.

Í bréfi umboðsmanns Alþingis til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins frá 20. júlí 1998 var þess m.a. óskað að ráðuneytið gerði grein fyrir lagagrundvelli þeirrar almennu reglu ráðuneytisins að einhleypir einstaklingar kæmu að jafnaði ekki til greina sem ættleiðendur sem og frávikum frá þeirri reglu.

Í svarbréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins frá 18. ágúst 1998 er ekki vikið sérstaklega að lagagrundvelli þessara viðmiðunarreglna. Í bréfinu segir aftur á móti að ráðuneytið hafi „mótað þá stefnu, að veita að jafnaði eingöngu hjónum vilyrði til ættleiðingar. Frávík frá þessu [komi] til greina ef um [sé] að ræða sérstök tengsl á milli umsækjanda og ákveðins barns, eða ef sýnt [sé] fram á að umsækjandi sé sérstaklega hæfur umfram aðra til að taka að sér barn vegna eiginleika sinna eða reynslu“. Þá vísar ráðuneytið til leiðbeininga til barnaverndarnefnda sem ráðuneytið gaf út í sérriiti um umsagnir þeirra í ættleiðingarmálum.

Í ritinu eru meðal annars sett fram eftirfarandi „almenn skilyrði“ sem umsækjendur verða „að jafnaði“ að uppfylla: 25 ára lágmarksaldur, væntanlegir kjörforeldrar séu ekki eldri en 45 ára þegar barnið kemur til þeirra og að „einhleyppingar“ komi að jafnaði ekki til greina sem ættleiðendur. Um þessi almennu skilyrði segir meðal annars svo í almennum athugasemdum á bls. 6:

„Ráðuneytið hefur sett fram nokkur almenn skilyrði, sem miða skal við að umsækjendur fullnægi. Þessi skilyrði eru nokkurs konar verklagsreglur fyrir barnaverndarnefndir.

Þau eru ekki lögbundin nema skilyrðið um 25 ára lágmarksaldur. Þau eru því

frávíkjanleg, en líta má á þau sem stefnumörkun af hálfu ráðuneytisins. Þetta eru viðmiðunarreglur, sem settar hafa verið með það fyrir augum að tryggja hag barnsins sem best og heimilt er að víkja frá þeim, ef tillit til barns mælir eindregið með því.“

Á bls. 7 í leiðbeiningunum eru síðan rakin tvö atriði sem „réttlætt geta frávik frá skil-yrðum“. Síðara atriðinu er lýst með eftirgreindum hætti:

„[. . .] Sýnt er fram á, að umsækjandi er sérstaklega hæfur umfram aðra til að taka að sér barn, vegna eiginleika sinna eða reynslu.

Umsækjandi hefur til dæmis mikla reynslu af umönnun og uppeldi barna.“

Í greinargerð félagsráðgjafa í máli A frá 26. júní 1997 er lýst könnun þeirra á högum hennar og persónueiginleikum. Þar kemur meðal annars fram að A hafi með starfi sínu öðlast „mikla reynslu af unglingum og reynslu af uppeldi systurdætra sinna“. Í greinargerðinni er síðan gerð grein fyrir sjónarmiðum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins um ættleiðingar af hálfu einhleypra einstaklinga og hugleiðingum greinargerðarhöfunda um réttmæti endurskoðunar þeirra krafna. Í máli A litu þeir til eftirfarandi fjögurra atriða sem þeir töldu öll mjög mikilvæg þegar metin væri hæfni fólks til að vera forsjárhafi barns, þ.e. að hafa hæfileika til að mynda sterk og djúp tengsl, að geta borið ábyrgð og verið góð fyrirmynd, að hafa góðar félagslegar aðstæður, ekki síst sterk fjölskyldubönd, og að hafa þekkingu/reynslu á þroskaferli og uppeldi barna. Varð það niðurstaða félagsráðgjafanna að A uppfyllti „mjög vel þessar kröfur“.

Í umsögn barnaverndarnefndar Reykjavíkur frá 28. júlí 1997 er vísað til ákvæðis ættleiðingarlaga þess efnis að ekki megi veita leyfi til ættleiðingar nema könnun máls leiði í ljós að ættleiðing sé barni til góðs. Nefndin vitnar síðan sérstaklega til þeirrar viðmiðunarreglu ráðuneytisins að ef víkja eigi frá þeirri meginreglu að hjón standi að baki ættleiðingu verði að vera sýnt fram á að einhleypur umsækjandi sé sérstaklega hæfur umfram aðra til að taka að sér barn. Tekið er fram að ýmsir góðir kostir A hafi komið fram við vinnslu málsins. Síðan segir: „Allt að einu er það mat nefndarinnar að ekki hafi verið sýnt fram á þá miklu reynslu hennar af umönnun barna sem áskilja verður til að fallist verði á að hún ein taki að sér barn til ættleiðingar. Þykir ekki fullnægjandi í þeim efnu störf A við kennslu í framhalds- og grunnskólum og aðstoð hennar við uppeldi systkinabarna. Einnig verður að hafa hliðsjón af því að A er rétt við efri aldursmörk, sem áskilin eru til að fallist verði á umsókn um ættleiðingu“. Samkvæmt þessu taldi barnaverndarnefnd Reykjavíkur sér ekki fært að mæla með að veitt yrði vilyrði til ættleiðingar. Nefndin sá á hinn bóginn ástæðu til að taka fram „að hér [væri] um mikið álitamál að ræða og [gæti] niðurstaða þessi hvergi orðið einhlít.“

Ég fæ ekki annað séð en að sérfræðileg könnun á persónu A, félagslegum og fjárhagslegum högum hennar, hæfni hennar og reynslu hafi að mati umsagnaraðila gefið jákvæða niðurstöðu um þau atriði sem barnaverndarnefnd skal taka tillit til við val fósturforeldra samkvæmt 2. mgr. 30. gr. laga nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna, sbr. 8. gr. laga nr. 22/1995. Það hafi hins vegar orðið niðurstaða barnaverndarnefndar að vegna þeirra krafna sem fram koma í leiðbeiningum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins um stöðu einhleypra einstaklinga gæti nefndin ekki mælt með því að A yrði veitt vilyrði til ættleiðingar. Umræddar viðmiðunarreglur réðu síðan niðurstöðu ráðuneytisins í málinu.

6.

Samkvæmt 3. másl., sbr. 1. másl. 1. mgr. 8. gr. ættleiðingarlaga nr. 15/1978 skal leita umsagnar þeirrar barnaverndarnefndar sem í hlut á áður en ákvörðun er tekin um umsókn um ættleiðingarleifi. Í 23. gr. laganna segir að dómsmálaráðherra setji reglur um

ættleiðingarumsóknir og geti meðal annars mælt fyrir um könnun á slíkum umsóknum, þ. á m. um félagslega könnun á högum aðila. Eins og ég benti á í álitinu mínu frá 16. apríl 1999 í málinu nr. 2051/1997 hafa þessar reglur ekki verið settar. Leiðbeiningar dóms- og kirkjumálaráðuneytisins fyrir barnaverndarnefndir um umsagnir þeirra í ættleiðingarmálum eru hins vegar gefnar út samkvæmt heimild í þessari grein.

Samkvæmt leiðbeiningum ráðuneytisins er í framkvæmd gert ráð fyrir að fóstur barns hjá væntanlegum ættleiðendum sé undanfari útgáfu formlegs leyfis til ættleiðingar. Á það jafnt við hvort sem um íslenskt eða erlent barn er að ræða. Um þetta atriði segir meðal annars svo á bls. 2:

„Þetta gengur þannig fyrir sig, að áður en barn kemur til væntanlegra foreldra, verða þeir skv. [36. gr. laga nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna] að snúa sér til barnaverndarnefndar í sínu heimahéraði og fá samþykki hennar til að taka barn í fóstur, með ættleiðingu í huga, þar sem fóstur er undanfari ættleiðingar.“

Þegar um ættleiðingu á erlendu barni er að ræða segir í leiðbeiningunum að umsækjendur þurfi:

„[. . .]einnig að sækja um viljrði dómsmálaráðuneytis fyrir veitingu ættleiðingarleyfis, sem þeir síðan framvísa í heimalandi barns. Áður en ráðuneytið gefur út viljrði er nauðsynlegt, að það fái í hendur umsögn frá barnaverndarnefnd um væntanlega kjörforeldra. Umsögnin þarf að fela í sér greinargerð um hagi og aðstæður hjóna, með tilliti til ættleiðingar á erlendu barni og bókun nefndarinnar um samþykki til þess að taka barn í fóstur með ættleiðingu í huga. Ekki er sótt formlega um ættleiðingarleyfi til ráðuneytis fyrr en eftir að barn er komið til foreldra og ættleiðingarleyfi er ekki veitt fyrr en nauðsynlegur reynslutími er liðinn. Áður en ráðuneyti veitir ættleiðingarleyfi leitar það síðan aftur eftir umsögn barnaverndarnefndar.“

Samkvæmt framansögðu hefur verið við það miðað í framkvæmd að fóstur sé undanfari ættleiðingar. Beri því að leita samþykkis hlutaðeigandi barnaverndarnefndar fyrir því að væntanlegur ættleiðandi fái að taka barn í fóstur, sbr. 36. gr. laga nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna, nú barnaverndarlaga, sbr. 35. gr. laga nr. 160/1998. Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. laga nr. 58/1992 skal barnaverndarnefnd velja fósturforeldra af kostgæfni og með tilliti til aðstæðna þeirra, hæfni og reynslu sem heppilegra uppalenda. Ennfremur skal velja fósturforeldra sérstaklega út frá hagsmunum og þörfum barnsins.

Grundvöllur afskipta barnaverndarnefndar af ættleiðingarmálum er samkvæmt framansögðu tvíþættur. Annars vegar er um að ræða umsögn samkvæmt 8. gr. ættleiðingarlaga og hins vegar samþykki samkvæmt 36. gr. laga um vernd barna og ungmenna. Síðarnefnt hlutverk barnaverndarnefndar tengist jafnframt framangreindu ákvæði 2. mgr. 30. gr. þeirra laga sem leggur nefndinni skyldur á herðar við val fósturforeldra. Samþykki barnaverndarnefndar fyrir því að barni verði komið í fóstur hjá tilteknum fósturforeldrum er þannig háð því að nefndin telji þá hæfa uppalendur miðað við þær forsendur sem henni ber að leggja til grundvallar við val á fósturforeldrum samkvæmt þeim lagaákvæðum sem um þau störf hennar gilda.

Hlutverk barnaverndarnefndar samkvæmt ættleiðingarlögum er hins vegar að veita dóms- og kirkjumálaráðuneytinu umsögn áður en ráðuneytið tekur afstöðu til umsóknar um ættleiðingarleyfi. Þegar ráðuneytið óskar umsagnar barnaverndarnefndar í tilteknu máli felur það nefndinni í fyrsta lagi að kanna hagi umsækjanda og meta hæfni hans til að taka að sér erlent barn til ættleiðingar á grundvelli undanfarandi fósturs. Í leiðbeiningum ráðuneytisins eru talin upp þau atriði sem barnaverndarnefnd ber að kanna og taka

afstöðu til í þessu sambandi. Um umsögnina sjálfa segir á bls. 3 að hún þurfi „að fela í sér greinargerð um hagi og aðstæður hjóna, með tilliti til ættleiðingar á erlendu barni og bókun nefndarinnar um samþykki til þess að taka barn í fóstur með ættleiðingu í huga“.

Barnaverndarnefnd er í öðru lagi falið að veita umsögn á grundvelli almennra skilyrða samkvæmt leiðbeiningum ráðuneytisins sem umsækjendur um ættleiðingu verða að jafnaði að fullnægja. Umsögnin skal ennfremur taka til tiltekinna atriða sem ráðuneytið telur geta réttlætt frávik frá þeim skilyrðum. Til grundvallar umsögn barnaverndarnefndar liggur því sú almenna regla að einhleypur umsækjandi komi að jafnaði ekki til greina sem ættleiðandi nema hann sýni fram á að hann sé sérstaklega hæfur umfram aðra til að taka að sér barn vegna eiginleika sinna eða reynslu. Barnaverndarnefnd er þannig falið að leggja sérstakt mat á umsókn einstaklinga með tilliti til þessa mælikvarða.

Ákvæði 8. gr. laga nr. 15/1978 og ákvæði þjóðréttarsamninga á þessu sviði, sbr. einkum 1. másl. 3. mgr. 9. gr. sáttmála Evrópuráðsins um ættleiðingu barna frá 24. apríl 1967, gera ráð fyrir því að umsögn barnaverndarnefndar hafi verulega þýðingu þegar dóms- og kirkjumálaráðuneytið tekur afstöðu til umsóknar um ættleiðingarleyfi. Með hliðsjón af því sem að framan greinir um hlutverk barnaverndarnefndar tel ég hins vegar að gera verði greinarmun á því hvort um er að ræða mat hennar á grundvelli laga um vernd barna og ungmenna á hæfni umsækjenda til að taka barn í fóstur eða umfjöllun á grundvelli ættleiðingarlaganna.

Umsögn barnaverndarnefndar á grundvelli ættleiðingarlaganna er lögbundin álitsumleitan sem byggð er á sérfræðipækkingu og reynslu barnaverndarnefnda á málefnum foreldra og barna. Ber dóms- og kirkjumálaráðuneytinu að líta til hennar við afgreiðslu umsóknar um ættleiðingu. Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir að slík umsögn hafi mikla þýðingu fyrir úrlausn ráðuneytisins verður þó ekki litið svo á að niðurstaða hennar að því er snertir sérstaka hæfileika umsækjanda um leyfi til ættleiðingar samkvæmt leiðbeiningunum verði að fela í sér samþykki með þeim hætti sem áskilið er við val á fósturforeldrum samkvæmt lögum nr. 58/1992. Í þessu sambandi minni ég á að ákvörðunarvald í ættleiðingarmálum er í höndum dómsmálaráðherra, sbr. 1. gr. laga nr. 15/1978, og að umsögn barnaverndarnefndar samkvæmt 8. gr. laganna er liður í undirbúningi ákvörðunar í slíkum málum.

Af áskilnaði laga um vernd barna og ungmenna um samþykki barnaverndarnefndar til að viðkomandi megi taka barn í fóstur og þeirri skipan að fóstur sé undanfari ættleiðingar barns leiðir að barnaverndarnefnd þarf sjálfstætt að taka afstöðu til þess hvort uppfyllt eru þau atriði sem tilgreind eru í 2. mgr. 30. gr. þeirra laga og þar með hvort nefndin veiti samþykki sitt til þess að umsækjandi taki barn í fóstur. Ég tek það fram að í bréfi barnaverndarnefndar Reykjavíkur, dags. 28. júlí 1997, til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins er ekki sérstaklega fjallað um afstöðu nefndarinnar til þessa yrði það niðurstaða ráðuneytisins að veita A vilyrði til ættleiðingar. Tel ég að þetta hafi verið annmarki á afgreiðslu barnaverndarnefndar á málinu og rétt hefði verið að ráðuneytið gengi eftir því áður en það afgreiddi erindi A hvort nefndin veitti það samþykki sem áskilið er samkvæmt framansögðu.

7.

Eins og kemur fram í kafla 5 hér að framan tel ég ljóst að viðmiðunarreglur dóms- og kirkjumálaráðuneytisins hafi ráðið úrslitum um þá niðurstöðu barnaverndarnefndar Reykjavíkur að mæla ekki með því að A yrði veitt vilyrði til ættleiðingar þrátt fyrir ýmsa góða kosti hennar með tilliti til barnauppleidis.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið er samkvæmt niðurstöðu minni í kafla 6 ekki bundið af mati barnaverndarnefndar á hæfni umsækjanda til að ættleiða barn. Umsögnin er hins vegar þáttur í undirbúningi ákvörðunar ráðuneytisins og er eins og áður greinir atlað að hafa verulega þýðingu þegar afstaða er tekin til umsóknar um ættleiðingarleyfi. Þar sem

sýnt er að leiðbeiningar ráðuneytisins eru afgerandi fyrir niðurstöðu umsagna barnaverndarnefnda verður að gera þá kröfu að þær séu skýrar og glöggar að því er snertir þann mælikvarða sem leggja skal til grundvallar við mat á hæfni umsækjanda til ættleiðingar. Þá legg ég sérstaka áherslu á að slíkar reglur geri ekki strangari kröfur en leiðir beinlínis af ákvæðum ættleiðingarlaga og sjónarmiðum um málefnalegt mat stjórnvalda.

Ég tek það fram í þessu sambandi að úrlausn um hvort veita beri umsækjanda leyfi til ættleiðingar er matskennd. Af því tilefni minni ég á þá skyldu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins sem leiðir af 2. gr. ættleiðingarlaga nr. 15/1978, ákvæðum 3. másl., sbr. 1. másl. 1. mgr. 8. gr., 23. gr. sömu laga og lögskýringargögnum, að leggja mat á það í hverju tilviki fyrir sig hvort hagir og aðstæður væntanlegs ættleiðanda bendi til þess að ættleiðing verði barninu til gagns. Þegar löggjafinn hefur ætlað stjórnvöldum að taka ákvörðun sem best á við í hverju máli með tilliti til allra aðstæðna er stjórnvöldum óheimilt að afnema eða takmarka verulega matið með því að setja reglu sem tekur til allra mála, sambærilegra eða ósambærilegra.

Með vísan til framangreinds tel ég að dóms- og kirkjumálaráðuneytinu sé heimilt og jafnvel nauðsynlegt að setja sér og barnaverndarnefndum viðmiðunarreglur til þess að stuðla að samræmi og jafnrétti við framkvæmd ættleiðingarlaga með þeim fyrirvara að þær afnemi ekki eða takmarki óhóflega hið skyldubundna mat. Viðmiðunarreglur á sviði ættleiðingarmála verða þannig að taka mið af sérstæðu eðli þessara mála og einkum því einkenni þeirra að einstök tilvik eru sjaldan með öllu sambærileg.

Mál þetta snertir einkum hið almenna skilyrði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins að einhleypir umsækjendur komi að jafnaði ekki til greina sem ættleiðendur og undantekningu frá því skilyrði vegna sérstakra hæfileika umsækjanda umfram aðra til að taka að sér barn vegna eiginleika sinna eða reynslu. Mikil reynsla af umönnun og uppeldi barns er nefnd sem dæmi um slíkan mælikvarða. Ráðuneytinu er, eins og fram kemur í kafla 3 og 4 hér að framan, ætlað ákvæðið svigrúm við úrlausn ættleiðingarmála sem heimilar því að mínum dómi að leggja til grundvallar að almennt sé æskilegt að barn alist upp hjá móður og föður og að gera megi strangar kröfur til einhleypra umsækjenda. Ráðuneytið verður engu að síður að leggja sjálfstætt mat á hæfni og aðstæður umsækjanda í hverju tilviki. Viðmiðunarreglur sem það setur til aðstoðar við matið og í þeim tilgangi að stuðla að samræmi í úrlausnum þess verða að taka mið af þeirri skyldu ráðuneytisins. Sú regla að einhleypir komi að jafnaði ekki til greina sem ættleiðendur er að mínum dómi of afdráttarlaust orðuð og kann ef henni er beitt samkvæmt orðanna hljóðan að takmarka um of svigrúm umsagnaraðila og ráðuneytisins sjálfs til þessa mats. Er þannig hætt á að hún komi í veg fyrir raunhæfa möguleika einhleypra umsækjenda til að fá útgefið leyfi til ættleiðingar.

Ég tek það fram að undantekningarreglan um að umsækjandi sé sérstaklega hæfur umfram aðra til að taka að sér barn vegna eiginleika sinna eða reynslu og sú almennt orðaða viðbót um að umsækjandi hafi „til dæmis mikla reynsla af umönnun og uppeldi barna“ veita umsagnaraðila mjög takmarkaða leiðbeiningu um þann mælikvarða sem ráðuneytið leggur til grundvallar. Af leiðbeiningunum verður því lítt ráðið hvað þurfi í raun að koma til svo veita megi einhleypum einstaklingi leyfi til að ættleiða barn.

Samkvæmt leiðbeiningunum þarf að vera sýnt fram á að einhleypur umsækjandi sé „sérstaklega hæfur umfram aðra“ til að taka að sér barn. Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir því lagaskilyrði 2. gr. laga nr. 15/1978 að ættleiðing sé barni til gagns, svo og sjónarmiðum um beitingu þess og að almennt sé æskilegra að barn alist upp hjá móður og föður auk þess að gera megi strangar kröfur til einhleypra umsækjenda. Í niðurstöðu ákvörðunar dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 29. október 1997, í máli A er ekki af hálfu ráðuneytisins fjallað sjálfstætt og með rökstuddum hætti um það hvernig ráðuneytið kemst að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið sýnt fram á að A sé sérstaklega hæf umfram

aðra til að taka að sér erlent barn til ættleiðingar. Látið er nægja að vísa til, eins og þar segir, „framanritaðs og umsagnar barnaverndarnefndar Reykjavíkur“. Er það gert í beinu framhaldi af tilvitnunum til umrædds ákvæðis í texta leiðbeininganna.

Ég lít hins vegar svo á að miðað við efnistöð í ákvörðun ráðuneytisins frá 29. október 1997 og þar sem ekki kemur þar fram leiðbeining um heimild aðila til þess að fá ákvörðun rökstudda hafi ráðuneytið valið þá leið að rökstyðja ákvörðunina samhliða birtingu hennar í stað þess að fylgja meginreglu stjórnáskjalalaga nr. 37/1993 um eftirfarandi rökstuðning. Fyrst sú leið var farin af hálfu ráðuneytisins þar því að gæta ákvæða 22. gr. stjórnáskjalalaga um efni rökstuðningsins. Ég minni þar sérstaklega á ákvæði 1. mgr. þar sem segir að að því marki sem ákvörðun byggist á mati skuli í rökstuðningnum greina frá þeim meginþingarmíðum sem ráðandi voru við matið. Í athugasemdum við 22. gr. frumvarps þess er varð að stjórnáskjalalögum segir meðal annars svo:

„Í 22. gr. er ekki kveðið á um það hversu ítarlegur rökstuðningur skuli vera. Að meginstefnu til á rökstuðningur stjórnvaldsáskvarðana að vera stuttur, en þó það greinargóður að búast megi við því að aðili geti skilið af lestri hans hvers vegna niðurstaða máls hefur orðið sú sem raun varð á.“ (Alþt. 1992–1993, A-deild, bls. 3303.)

Ég ítreka að í máli eins og þessu þar ráðuneytinu að leggja sjálfstætt mat á hæfni og aðstæður umsækjanda og gera þar með grein fyrir hvernig það beitti því mati sem því er að lögum falið. Kemur þar einnig til að umsögn barnaverndarnefndar Reykjavíkur gaf sérstakt tilefni til þess þar sem í lok hennar var tekið fram að um mikið álitamál væri að ræða og gæti niðurstaða þess hvergi orðið einhlít. Ég tel því að rökstuðningur ráðuneytisins eins og hann birtist í niðurstöðukafli ákvörðunarinnar uppfylli ekki þær kröfur sem 22. gr. stjórnáskjalalaga gerir eins og það ákvæði er skýrt í framangreindum athugasemdum.

Ég hef áður lýst því með hvaða hætti margnefnt skilyrði leiðbeininga ráðuneytisins um einhleypa umsækjendur réð niðurstöðu umsagnar barnaverndarnefndar og ákvörðun ráðuneytisins. Ég tel að í þessu máli hafi umræddu skilyrði verið beitt þannig að það hafi farið gegn meginreglunni um skyldubundið mat stjórnvalda og að ráðuneytið hafi ekki í rökstuðningi sínum sýnt fram á að þær miklu kröfur sem það gerði samkvæmt leiðbeiningunum um hæfni A og aðstæður væru nauðsynlegar til þess að ná markmiði og tilgangi 2. gr. ættleiðingarlaga. Ég tel því að annmarki hafi að þessu leyti verið á þeirri úrlausn sem erindi A um vilyrði til ættleiðingar fékk hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Eins og áður greinir vísaði dóms- og kirkjumálaráðuneytið í ákvörðun sinni til umsagnar barnaverndarnefndar Reykjavíkur til stuðnings synjun sinni á beiðni A. Í þeirri umsögn segir meðal annars: „Einnig verður að hafa hliðsjón af því að A er rétt við efri aldersmörk, sem áskilin eru til að fallist verði á umsókn um ættleiðingu. Þykir rétt að gera auknar kröfur að því leyti þegar einstaklingar taka að sér börn til ættleiðingar.“ Ráðuneytið víkur ekki sérstaklega að þessu í niðurstöðu ákvörðunar sinnar. Ég bendi af þessu tilefni á að þarna er verið að vísa til eins af þeim skilyrðum sem fram koma í leiðbeiningum ráðuneytisins fyrir barnaverndarnefndir varðandi umsagnir í ættleiðingarmálum en þetta er ekki lögbundið skilyrði. Aldur umsækjanda um ættleiðingu er því eitt þeirra atriða sem ráðuneytið þarf sjálfstætt að taka afstöðu til við mat á umsókn.

8.

Samkvæmt kvörtun A telur hún að dóms- og kirkjumálaráðuneytið hafi ekki gætt jafnræðis við afgreiðslu á beiðni hennar um leyfi til ættleiðingar. Vísar hún í því sambandi til þess að þess séu dæmi að einhleypum umsækjendum hafi verið veitt vilyrði til ættleiðingar, meðal annars umsækjanda sem búi við sambærilegar aðstæður og hún.

Í skýringum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 29. apríl 1998, vegna fyrirspurnar umboðsmanns Alþingis um fyrri afgreiðslur ráðuneytisins í slíkum málum kemur fram að á síðustu 15 árum hafi þrisvar verið vikið frá þeirri reglu að gefa eingöngu út vilyrði til hjóna. Síðan segir að þar á meðal sé tilvik þar sem byggt hafi verið á þeim sjónarmiðum sem hér eru til umfjöllunar, þ.e. um óvenjulega hæfileika til barnaupveldis. Um hafi verið að ræða einstakling sem þegar hefði sýnt í verki sérstaka hæfni til að ala upp barn á eigin spýtur og hefði viðkomandi barnaverndarnefnd mælt eindregið með umsókn hans. Gögn þessa máls bárust umboðsmanni 20. ágúst 1998 en umrætt vilyrði var veitt í júní 1997. Gögn vegna annars máls þar sem einhleypum umsækjanda var veitt vilyrði til ættleiðingar 24. janúar 2000 bárust mér 3. mars sl.

Greint er frá greinargerð félagsráðgjafa vegna könnunar þeirra á högum og hæfni A og umsögn barnaverndarnefndar í málinu í kafla II hér að framan. Þar kemur fram að A eigi stóra og samheldna fjölskyldu og að bróðir hennar hafi lýst sig reiðubúinn að taka að sér hið ættleidda barn ef hún gæti ekki sinnt því eða félli frá. Hún hafi hlotið góða menntun, verið farsæl í starfi sem framhaldsskólakennari, hafi mikla reynslu af unglíngum í starfi og reynslu af uppeldi systurdætra sinna. Þá kemur fram að hún hafi búið bæði hér á landi og erlendis, búi nú í eigin húsnæði við þokkalegan fjárhag og sé góðum persónulegum kostum búin. Barnaverndarnefnd taldi allt að einu „að ekki [hefði] verið sýnt fram á þá miklu reynslu hennar af umönnun barna sem áskilja [yrði] til að fallist [yrði] á að hún ein [tæki] að sér barn til ættleiðingar“.

Ég hef kynnt mér gögn í þeim málum sem dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur veitt einhleypum umsækjendum vilyrði til ættleiðingar. Í tveimur málum taldi barnaverndarnefnd sýnt að umsækjandinn væri sérstaklega hæfur umfram aðra vegna reynslu sinnar og eiginleika og mælti með því að hann fengi vilyrði ráðuneytisins til að ættleiða erlent barn. Umsagnirnar bera með sér að mat nefndanna hafi verið á því byggt að umsækjendur hefðu örugga vinnu, traustan fjárhag og ættu eigið húsnæði. Þá hafi legið fyrir að fjölskyldur þeirra styddu þá og samþykktu að taka að sér umsjá barnanna ef eitthvað kæmi fyrir þá. Annar umsækjendanna var talinn hafa mikla reynslu af umönnun barna með menntun sinni og störfum sem og við aðstoð á uppeldi yngri systkina og systkinabarna en hinn hafði þegar sýnt fram á sérstaka hæfni til þess að ala upp barn á eigin spýtur.

Ákvæði 11. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 leggur stjórnvöldum þá skyldu á herðar að gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti. Mál sem eru sambærileg í lagalegu tilliti skulu því hljóta sams konar úrlausn. Úrlausn dómsmálaráðherra um hvort veitt skuli vilyrði eða leyfi til ættleiðingar barns ræðst af mati á hæfni og aðstæðum umsækjanda með tilliti til þess lagalega skilyrðis að ættleiðing verði barni til gagns. Það leiðir af eðli þessara mála að aðstæður umsækjanda eru sjaldnast með þeim hætti að fullyrnt verði að þær séu að öllu leyti þær sömu. Svo er einnig um tilvik þeirra umsækjanda sem fjallað var um hér að framan. Þá er hins vegar eftir að meta hvort þessi mál eru sambærileg í lagalegu tilliti. Eins og lögum um veitingu leyfis til ættleiðingar er háttað verður að játa stjórnvöldum ákveðið svigrúm til þess að meta hvort aðstæður umsækjanda séu með þeim hætti að ættleiðing af hans hálfu verði barni til gagns. Það leysir stjórnvöld hins vegar ekki undan þeirri skyldu að leysa úr máli á grundvelli sömu sjónarmiða og með sömu áherslum og gert var við úrlausn hinna eldri mála.

Hér að framan var það niðurstaða mín að á hefði skort að dóms- og kirkjumálaráðuneytið gerði í hinni birtu úrlausn sinni í máli A nægjanlega grein fyrir þeim atriðum sem réðu þeirri niðurstöðu þess að ekki hefði verið sýnt fram á að A væri sérstaklega hæf umfram aðra til að taka að sér erlent barn til ættleiðingar. Af þessu leiðir að það er ekki á færi mínu að bera saman með óyggjandi hætti hvað réð niðurstöðu ráðuneytisins í þessum málum og þar með hvort og að hvaða leyti þau atriði voru sambærileg í lagalegu tilliti. Ég tel þó ástæðu til að benda á þann samanburð milli málanna sem lýst var hér að framan og

með hvaða hætti umsagnaraðilar í málunum bera saman tiltekin atriði. Ekki er unnt að bera afgreiðslu á máli A saman við einhvern fjölda mála og hafa verður í huga að ákvörðun í öðru þeirra mála sem hér hefur verið borið saman við mál A lá ekki fyrir þegar ráðuneytið tók ákvörðun í máli hennar. Það er því niðurstaða mín að ég geti ekki á grundvelli athugunar minnar fullyrt að dóms- og kirkjumálaráðuneytið hafi ekki gætt samræmis og jafnræðis, sbr. 11. gr. stjórn-sýslulaga nr. 37/1993, við afgreiðslu á beiðni A.

V.

Niðurstaða.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða mín að þess hafi ekki verið gætt við meðferð máls A að fyrir lægi sjálfstæð afstaða barnaverndarnefndar til þess að hún tæki barn í föstur ef dóms- og kirkjumálaráðuneytið veitti henni vilyrði til að ætteleiða erlent barn. Það er niðurstaða mín að í máli A hafi því ákvæði í leiðbeiningum ráðuneytisins um að einhleypir umsækjendur komi að jafnaði ekki til greina sem ætteleiðendur og undantekningarheimildum þar frá verið beitt þannig að það fór gegn meginreglunni um skyldubundið mat stjórnvalda. Þá tel ég að rökstuðningur í úrlausn ráðuneytisins þegar það synjaði A um vilyrði til að ætteleiða barn hafi ekki verið í samræmi við 22. gr. stjórn-sýslulaga og ráðuneytið hafi ekki í rökstuðningi sínum sýnt fram á að þær miklu kröfur sem það gerði samkvæmt leiðbeiningunum um hæfi A og aðstæður væru nauðsynlegar til þess að ná markmiði og tilgangi 2. gr. ætteleiðingarlaga. Ég tel því að verulegir annmarkar hafi verið á þeirri úrlausn sem erindi A um vilyrði til ætteleiðingar fékk hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Beini ég því þeim tilmælum til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins að það taki beiðni A um vilyrði til ætteleiðingar á erlendu barni til afgreiðslu að nýju, komi fram ósk um það frá henni, og hagi þá afgreiðslu málsins í samræmi við þau sjónarmið sem ég hef gert grein fyrir í álitinu þessu.

VI.

Með bréfi til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 1. febrúar 2001, óskaði ég eftir upplýsingum um hvort A hefði leitað til ráðuneytisins á ný og þá hvort einhverjar ákvarðanir hefðu verið teknar af því tilefni. Í svari ráðuneytisins, dags. 6. febrúar 2001, segir meðal annars svo:

„[...] tilkynnist yður hér með að [A] hefur leitað til ráðuneytisins á ný með umsókn um vilyrði til ætteleiðingar á erlendu barni og að málið er nú til meðferðar í ráðuneytinu.“

3.2.

Endurskoðun meðlagsfjárhæðar.

Rökstuðningur. Málshraði.

(Mál nr. 2886/1999)

A kvartaði yfir úrskurði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins í máli vegna kröfu hans um breytingu á meðlagsúrskurði. Taldi hann sig ekki lengur geta greitt tvöfalt meðlag með tveimur börnum vegna breytinga sem orðið hefðu á högum hans.

Umboðsmaður gerði grein fyrir ákvæðum 10. gr. barnalaga nr. 20/1992 um ákvörðun um framfærslueyri barna og 16. gr. laganna um breytingu á meðlagsúrskurðum. Fjallaði hann síðan um þá ákvörðun dóms- og kirkjumálaráðuneytisins að leggja viðmiðunarfjárhæðir ríkisskattstjóra til grundvallar við ákvörðun meðlagsfjárhæðar í málinu. Þar sem barnalög gerðu ráð fyrir að tekið væri mið af aflahæfi foreldra við ákvörðun meðlagsfjárhæðar taldi umboðsmaður að rétt gæti verið að líta til

slíkra viðmiðunarreglna en lagði áherslu á að þeim yrði því aðeins beitt að niðurstaða yrði ekki byggð á gögnum máls að þessu leyti. Taldi umboðsmaður að ekki yrði ráðið af rökstuðningi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins í málinu hvort ráðuneytið hefði kannað og eftir atvikum aflað frekari gagna um tekjur A áður en það ákvað að leggja framangreindar viðmiðunarreglur til grundvallar við útreikning meðaltekna hans á árinu 1999. Yrði því að svo stöddu ekki fullyrt hvort skilyrði fyrir beitingu reglnanna hefði að þessu leyti verið fyrir hendi.

Umboðsmaður tók fram að niðurstaða dóms- og kirkjumálaráðuneytisins væri byggð á því að meðaltekjur A á ákveðnu tímabili, miðað við tiltekna forsendur, reiknuðust hærrí en viðmiðunartekjur ráðuneytisins sem lagðar væru til grundvallar við ákvörðun um skyldu til greiðslu tvöfalds meðlags með tveimur börnum. Í úrskurðinum kæmi hins vegar ekki fram hvaða fjárhæðir hefðu legið þar til grundvallar. Með hliðsjón af því að það hafði legið fyrir dóms- og kirkjumálaráðuneytinu að ákveða hvort slíkar breytingar hefðu orðið á högum A að réttlættu endurskoðun á eldri meðlagsúrskurði taldi umboðsmaður að úrskurður ráðuneytisins hefði að þessu leyti ekki uppfyllt kröfur um rökstuðning í kærumálum, sbr. 31. gr., sbr. 22. gr. stjórn-sýslulaga nr. 37/1993.

Umboðsmaður fjallaði því næst um skyldu stjórnvalda samkvæmt 9. gr. stjórn-sýslulaga til að afgreiða mál án ástæðulausra tafa og gerði grein fyrir dagsetningum helstu gagna í málinu. Taldi umboðsmaður ekki tilefni til athugasemda við þá þrjá mánuði sem gagnaöflun tók. Hins vegar hefðu þeir þrír mánuðir sem liðu áður en ráðuneytið kvað upp úrskurð í málinu ekki samrýmst málshraðareglu 9. gr. stjórn-sýslulaga með tilliti til þeirra skýringa sem ráðuneytið hafði gefið um starfsannir og sumarleyfi.

Beindi umboðsmaður þeim tilmælum til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins að það tæki mál A upp að nýju kæmi fram ósk um það frá honum.

4.0. Gjafsókn.

4.1.

**Lagaskilyrði fyrir gjafsókn.
Skyldubundið mat. Rökstuðningur.
(Mál nr. 2717/1999)**

A kvartaði yfir synjun dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á beiðni hennar um gjafsókn. Synjunin var á því byggð að skilyrðum a- eða b-liðar 1. mgr. 126. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, væri ekki fullnægt.

Umboðsmaður rakti ákvæði 125. og 126. gr. laga nr. 91/1991 um gjafsókn og skilyrði þess að hún verði veitt. Samkvæmt framangreindum ákvæðum metur gjafsóknarnefnd hvort skilyrðum laganna um gjafsókn er fullnægt og er neikvæð niðurstaða nefndarinnar bindandi fyrir dóms- og kirkjumálaráðherra.

Að því er snertir skilyrði a-liðar 1. mgr. 126. gr. var það mat gjafsóknarnefndar að A hefði ekki sýnt fram á að henni væri fyrrsjáanlega ofviða að kosta málsókn með ráðstöfunartekjum sínum. Taldi umboðsmaður að þau sjónarmið sem gjafsóknarnefnd lagði þar til grundvallar væru málefnaleg og eðlilegt að gjafsóknarnefnd liti til þeirra við afgreiðslu málsins.

Gjafsóknarbeiðni A á grundvelli b-liðar ákvæðisins var á því byggð að um „prinsippmál“ væri að ræða og úrlausn þess hefði því verulega almenna þýðingu. Þá taldi A að málið varðaði stöðu hennar verulega sem og einkahagi. Umboðsmaður taldi að gjafsóknarnefnd hefði í raun ekki svarað því hvort úrslit máls A gætu verið fordæmi við úrlausn sambærilegra mála og því haft almenna þýðingu í skilningi umrædds b-liðar. Nefndin hefði í öllu falli ekki gert grein fyrir þeim sjónarmiðum sem réðu niðurstöðu hennar að þessu leyti. Þá hefði nefndin hvorki gert grein fyrir þeim sjónarmiðum sem hún legði til grundvallar við mat á því hvort og þá við hvaða aðstæður mál varðaði verulega miklu fyrir félagslega stöðu umsækjenda eða einkahagi né hvernig þeim var beitt í máli A.

Varð það því niðurstaða umboðsmanns að skort hefði á að lagt væri mat á skilyrði b-liðar 1. mgr. 126. gr. laga nr. 91/1991 á grundvelli sjónarmiða sem skiptu máli við ákvörðun um hvort orðið skyldi við beiðni um gjafsókn í málinu og að niðurstaðan væri rökstudd með tilliti til skilyrða ákvæðisins, sbr. 22. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Beindi hann þeim tillæmum til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins að mál A yrði tekið upp að nýju, óskaði A þess, og meðferð þess þá hagað í samræmi við þau sjónarmið sem fram kæmu í álitinu.

Með bréfi til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 1. febrúar 2001, óskaði ég eftir upplýsingum um hvort A hefði leitað til ráðuneytisins á ný og þá hvort einhverjar ákvarðanir hefðu verið teknar af því tilefni. Í svari dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 18. febrúar 2001, segir meðal annars svo:

„Með bréfi, dags. 19. október sl., óskaði lögmaður [A] eftir endurupptöku á gjafsóknarbeiðni með vísan til ofangreinds álits yðar. Þar kom fram að lögmaðurinn hygðist freista þess að fá héraðsdóm til að endurupptaka málið til úrskurðar um gjafsóknarlaun. Ráðuneytið óskaði eftir því f.h. gjafsóknarnefndar, með bréfi, dags. 21. desember sl., að nánari grein yrði gerð fyrir því á hvaða lagagrundvelli endurupptökubeiðnin fyrir héraðsdómi væri byggð. Svar barst með bréfi, dags. 3. janúar sl., og er umrædd endurupptökubeiðni enn til meðferðar hjá gjafsóknarnefnd. Það skal upplýst að [A] var veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti með vísan til a. og b. liðar 1. mgr. 126. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.“

5.0. Húsnæðismál.

5.1.

Félagslegar íbúðir. Útreikningur á greiðslu til seljanda. Rökstuðningur. Birting stjórnvaldsfyrirmæla. (Mál nr. 2484/1998)

A kvartaði fyrir hönd dánarbús B yfir úrskurði húsnæðismálastjórnar um útreikning á greiðslu til dánarbúsins við sölu íbúðar. Taldi hann að útreikningurinn hefði ekki verið í samræmi við lög og reglur. Kvartaði hann yfir því að framreiknað verð eignarhluta dánarbúsins í íbúðinni hefði verið fyrnt brot úr ári en slíkt væri ekki í samræmi við 88. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins. Þá kvartaði A yfir því að skilrúm milli setustofu og svefnrýmis hefði ekki verið metið sem endurbót. Að lokum kvartaði A yfir því að dánarbúið hefði ekki fengið endurgreidda inneign í framkvæmdasjóði.

Umboðsmaður rakti ákvæði 88. gr. laga nr. 97/1993 og 74. gr. reglugerðar 375/1996, um félagslegar íbúðir og Byggingarsjóð verkamanna, sem fjalla um greiðslu til seljanda við endursölu á íbúð. Taldi hann með hliðsjón af tilurð 5. málsl. 1. mgr. 88. gr. laganna, sem varðar fyrningu, og því að um væri að ræða rýrnun sem yrði smátt og smátt á eigninni að ákvæðið mælti fyrir um það hver fyrningarprósentan skyldi vera fyrir hvert ár. Var niðurstaða umboðsmanns því sú að fyrningarprósentan við útreikning á greiðslu til dánarbúsins hefði verið í samræmi við 1. mgr. 88. gr. laga nr. 97/1993. Varðandi skilrímið benti umboðsmaður á að ekki hefði farið fram mat í samræmi við 1. mgr. 88. gr. laga nr. 97/1993 á því hvort það sem seljandi hefði gert leiddi til verðmætisaukningar á eigninni. Auk þess taldi umboðsmaður að þar sem ekki hefði farið fram mat í samræmi við framangreint ákvæði laganna á ástandi sameignarhússins að innan eða utan yrði inneign íbúðareiganda í framkvæmdasjóði ekki tekin upp í vanrækt viðhald seljanda. Varð niðurstaða umboðsmanns því sú að þessir tveir þættir úrlausnar húsnæðismálastjórnar hefðu ekki verið byggðir á viðhlítandi lagagrundvelli.

Þá taldi umboðsmaður að rökstuðningur húsnæðismálastjórnar í úrskurði sínum hefði ekki verið í samræmi við reglur sem gilda um rökstuðning úrskurða í kærumálum samkvæmt 31. gr., sbr. 22. gr. stjórnáslaganna nr. 37/1993. Að lokum taldi umboðsmaður að leiðbeiningarrit það sem húsnæðismálastjórn vísaði til varðandi reglur um mat á verðgildi endurbóta og viðhalds uppfyllti ekki kröfur þær sem gera yrði til reglna sem ákvæði 1. mgr. 88. gr. laga nr. 97/1993 miðar við að séu settar. Taldi umboðsmaður það leiða af lokamálslið 2. gr. laga nr. 64/1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, að reglur þessar yrði að birta í B-deild Stjórnartíðinda.

Beindi umboðsmaður þeim tilmælum til stjórnar Íbúðalánasjóðs að hún sæi til þess að tveir síðastgreindir þættir úrskurðar húsnæðismálastjórnar yrðu enduruppteknir af til þess bærur aðila kæmi fram ósk um það frá A eða öðrum þeim sem hefði lögmatra hagsmuna að gæta og að meðferð málsins yrði þá hagað í samræmi við þau sjónarmið sem fram kæmu í álitinu. Þá voru það tilmæli umboðsmanns til stjórnar Íbúðalánasjóðs að hún sæi til þess að reglur samkvæmt 1. mgr. 88. gr. laga nr. 97/1993 yrðu settar og birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

Með bréfi til Íbúðalánasjóðs, dags. 27. febrúar 2001, óskaði ég eftir upplýsingum um hvort A hefði leitað til sjóðsins á ný og þá hvort einhverjar ákvarðanir hefðu verið teknar af því tilefni. Ennfremur óskaði ég eftir upplýsingum um hvort reglur samkvæmt 1. mgr. 88. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, hefðu verið settar og birtar.

Samkvæmt upplýsingum frá Íbúðalánasjóði leitaði A eftir endurupptöku máls síns og hafði sjóðurinn framsent erindið til kærunefndar húsnæðismála. Tekið var fram að unnið væri að því að setja reglur samkvæmt 1. mgr. 88. gr. laga nr. 97/1993.

6.0. Hæfi.

6.1.

Örorkunefnd. Sérstakt hæfi. (Mál nr. 2614/1998)

A kvartaði yfir álitni örorkunefndar um miskastig og örorkustig hans og ákvörðunum nefndarinnar um að synja beiðnum B, héraðsdómslögmanns, fyrir hönd hans um að málið yrði tekið upp að nýju. Í tilefni af kvörtun A ákvað umboðsmaður að taka til athugunar hæfi nefndarmanna í örorkunefnd til að fjalla um síðari endurupptökubeiðni B.

Að álitni örorkunefndar og ákvörðunum nefndarinnar um að synja beiðnum B um endurupptöku málsins stóðu C, hæstaréttarlögmaður, og D og E, læknar. Í málinu var upplýst að F, héraðsdómslögmaður, var bróðir D nefndarmanns í örorkunefnd. Lá fyrir að F átti lögmannsstofu í sameignarfélagi með B og hafði tekið að sér að gæta hagsmuna A á meðan B var í sumarleyfi. Í fjarveru B aflaði F gagna um heilsufar A sem síðar lágu fyrir örorkunefnd og vísað var til í álitni nefndarinnar.

Umboðsmaður tók fram að um hæfi nefndarmanna í örorkunefnd giltu reglur um sérstakt hæfi dómara, sbr. 2. mgr. 10. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Um hæfi nefndarmanna færi því eftir 5. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Samkvæmt e-lið 5. gr. er dómari vanhæfur til að fara með mál ef hann tengist eða hefur tengst fyrirsvarsmanni eða málflytjanda aðila með þeim hætti sem segir í d-lið sömu greinar, en þar kemur fram að dómari sé vanhæfur til að fara með mál ef hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar. Taldi umboðsmaður með vísan til ofangreindra reglna að D hefði verið vanhæfur til að standa að ákvörðun um endurupptökubeiðni B fyrir hönd A vegna tengsla F við málið. Beindi umboðsmaður þeim tilmælum til örorkunefndar að nefndin tæki nýja ákvörðun í málinu kæmi fram ósk um það frá A.

7.0. Kosningar.

7.1. Kjörskrá. Tilkynning um breytt lögheimili. (Mál nr. 2643/1999)

A kvartaði yfir úrskurði félagsmálaráðuneytisins um gildi kjörskrár í sveitarstjórnarkosningum í Raufarhafnarhreppi hinn 23. maí 1998. Með úrskurðinum var staðfest niðurstaða kjörnefndar, sem sýslumaðurinn á Húsavík skipaði hinn 28. maí 1998 til að úrskurða um framkomna kosningakæru A samkvæmt fyrri málslið 2. mgr. 93. gr. laga nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórna. Í málinu reyndi á það álitaefni hvort móttaka sveitarfélags (bæjarstjóra/oddvita) á tilkynningu um breytt lögheimili jafngilt því að tilkynningin hefði borist þjóðskrá Hagstofu Íslands í skilningi 2. mgr. 10. gr. laga nr. 5/1998.

Settur umboðsmaður rakti aðdraganda þess að lögfest var ákvæði þess efnis að óheimilt sé að breyta kjörskrá ef tilkynning um nýtt lögheimili hefur ekki borist þjóðskrá fyrir viðmiðunardag samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1987, um kosningar til Alþingis, og 5. gr. laga nr. 5/1998. Var það álit setts umboðsmanns að skýra bæri ákvæði 2. mgr. 10. gr. laga nr. 5/1998 þannig að kjörskrá verði ekki breytt eða hún leiðrétt ef tilkynning um flutning lögheimilis hefur ekki borist þjóðskránni sjálfri fyrir þann tíma sem greinir í 5. gr. laganna, þ.e. þremur vikum fyrir kjördag. Með hliðsjón af lögskýringargögnum taldi settur umboðsmaður að vilji Alþingis hafi staðið til þess að sett yrði skýrt viðmið varðandi það hvar maður skuli standa á kjörskrá og að skráning í íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag ætti að ráða því.

Settur umboðsmaður benti á að í málinu lægi fyrir að tilkynning um flutning á lögheimili B frá Reykjavík til Raufarhafnar hefði verið móttækin af þjóðskrá til skráningar 5. maí 1998 en viðmiðunardagur samkvæmt 5. gr. laga nr. 5/1998 var þá liðinn. Var nafn B því ekki tekið inn á kjörskrárstofn sem þjóðskrá lét sveitarstjórn Raufarhafnarhrepps í té vegna kosninga til hennar sem fram fóru 23. maí 1998. Með hliðsjón af þessu og 2. mgr. 10. gr. laga nr. 5/1998 var það niðurstaða setts umboðsmanns að sveitarstjórn Raufarhafnarhrepps hefði ekki verið heimilt að taka nafn B inn á kjörskrá þá sem gildi við sveitarstjórnarkosningar í sveitarfélaginu hinn tilgreinda dag. Þá taldi settur umboðsmaður að fullnægt hefði verið lagaskilyrði 94. gr. laga nr. 5/1998 fyrir ógildingu umræddra kosninga þar sem aðeins eitt atkvæði hefði skilið að þá tvo lista sem voru í framboði og þar sem einstaklingur sem neytti atkvæðisréttar þar hefði með réttu ekki átt að standa á kjörskrá í sveitarfélaginu. Því taldi settur umboðsmaður að lög hefðu staðið til þeirrar niðurstöðu að úrskurðaraðilum samkvæmt 93. gr. laga nr. 5/1998 hefði borið að ógilda umræddar kosningar til sveitarstjórnar í Raufarhafnarhreppi.

Niðurstaða setts umboðsmanns varð því sú að félagsmálaráðuneytinu hefði borið á grundvelli kæru A að ógilda kosningar til sveitarstjórnar í Raufarhafnarhreppi sem fram fóru 23. maí 1998. Beindi settur umboðsmaður þeim tilmælum til félagsmálaráðuneytisins að það tæki málið til skoðunar að nýju kæmi fram ósk um það frá A. Jafnframt vakti settur umboðsmaður athygli á því að dómstólar ættu endanlegt úrskurðarvald um ágreining af því tagi sem hér um ræddi enda væri hann ekki sérstaklega undanskilinn lögsögu þeirra samkvæmt lögum nr. 5/1998.

I.

Hinn 15. janúar 1999 barst umboðsmanni Alþingis kvörtun frá A. Beinist kvörtun hans aðallega að úrskurði félagsmálaráðuneytisins frá 30. október 1998 um ágreining um

gildi kjörskrár í sveitarstjórnarkosningum í Raufarhafnarhreppi hinn 23. maí 1998, en með honum var staðfest niðurstaða kjörnefndar samkvæmt fyrri málslið 2. mgr. 93. gr. laga nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórna, sem sýslumaðurinn á Húsavík skipaði hinn 28. maí 1998 til að úrskurða um framkomna kosningakæru A. Þá tekur A það fram í bréfi sínu til umboðsmanns Alþingis, að hann sé ósáttur við þá málsmeðferð sem kosningakæra hans sætti hjá þessum aðilum.

Máli þessu var lokið með álit, dags. 5. maí 2000.

II.

Með bréfi til forseta Alþingis 19. febrúar 1999 vék Tryggvi Gunnarsson, þá settur umboðsmaður Alþingis, sæti í máli þessu. Með bréfi forseta Alþingis 3. mars 1999 var Þorgeir Ingi Njálsson héraðsdómari settur til að fara með málið, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis.

III.

Með bréfi til sýslumannsins á Húsavík 27. maí 1998 kærði A kosningu til sveitarstjórnar í Raufarhafnarhreppi, sem fram fór 23. sama mánaðar. Í kæru, sem B hæstaréttarlögmaður ritaði fyrir hönd A, sagði meðal annars svo:

„Niðurstaða kosninganna í Raufarhafnarhreppi var sú að einungis eitt atkvæði [skildi] að R-lista, Raufarhafnarlista, sem fékk 117 atkvæði og G-lista, Alþýðubandalags, sem fékk 118 atkvæði. G-listi náði því meirihluta í sveitarstjórninni á grundvelli þessa eina atkvæðis.

Ástæða kæru þessarar er sú að inná kjörskrá í Raufarhafnarhreppi var tekin [C], en það var óheimilt skv. 2. mgr. 10. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna eins og rakið verður í kæru þessari.

Atvik í máli þessu eru nánar tiltekið þau að hinn 20. apríl sl. ritaði [D] undir flutningstilkynningu á lögheimili [C] frá [X] Reykjavík að [Y] Raufarhöfn. Tilkynningin barst Hagstofu Íslands hinn 5. maí 1998 í umslagi með pósthimpil 4. maí s.á.

Hinn 14. maí 1998 sendi [G], sveitarstjóri Raufarhafnarhrepps, símbréf til Hagstofunnar með staðfestingu [C] á því að [D] hefði verið heimilt að undirrita flutningsvottorð fyrir hennar hönd. Sama dag skráði Hagstofa flutning á lögheimili [C] frá Reykjavík til Raufarhafnar. Staðfesting [C] á umboði [D] var vélrituð með dagsetningunni 20. apríl 1998 en á sama blað ritaði [C] eigin hendi dagsetninguna 13. maí 1998 fyrir ofan nafnritun sína. Af þessu má ljóst vera að það var hinn 13. maí sem [C] veitti umboð til að undirrita flutningstilkynninguna þótt reynt væri að láta líta svo út sem það væri gefið hinn 20. apríl 1998.

Hinn 19. maí 1998 ritaði [H] f.h. borgarráðs bréf til Raufarhafnarhrepps og tilkynnti að á fundi borgarráðs þann sama dag hefði nafn [C], verið tekið af kjörskrá í Reykjavík þar sem hún ætti ekki lengur lögheimili í Reykjavík heldur á Raufarhöfn. [C] var síðan tekin á kjörskrá í Raufarhafnarhreppi þrátt fyrir að umbj. minn telji að um það hafi ekki verið tekin ákvörðun á fundi sveitarstjórnar og ekkert hafi verið bókað um það í gjörðabók sveitarstjórnarinnar. [C] greiddi atkvæði í kosningunum til sveitarstjórnar á Raufarhöfn [utan kjörfundar].

Umbj. minn byggir kæru sína á því að skv. 10. gr. laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna sé óheimilt að breyta kjörskrá ef tilkynning um nýtt lögheimili hefur ekki borist þjóðskrá fyrir þann tíma er greinir í 5. gr. sömu laga en þar segir að á kjörskrá skuli taka þá sem skráðir voru með lögheimili í sveitarfélaginu skv. íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag eða hinn 2. maí 1998. Þann dag var [C] skráð með lögheimili í Reykjavík. Flutningstilkynning barst Hagstofunni sannanlega hinn 5.

maí með bréfi með pósthimpli 4. maí. Sú tilkynning var undirrituð af [D] en umboð [C] til þess að undirrita flutningstilkynningu fyrir sína hönd var ekki gefið fyrr en hinn 13. maí eins og áður er rakið og hún því ekki skráð með lögheimili á Raufarhöfn fyrr en 14. maí. Sveitarstjórninni var ekki heimilt að víkja frá fyrirmælum 2. mgr. 10. gr. kosningalaganna og því var sveitarstjórninni óheimilt að taka áðurnefnda [C] á kjörskrá með þeim hætti sem gert var.

Þar sem einungis eitt atkvæði skildi framboðslistana að þá verður að ætla að atkvæði [C] hafi haft áhrif á úrslit kosninganna, sbr. 94. gr. laga nr. 5/1998.

Þá er þess að geta að [C] er mjög nátengd frambjóðendum á G-lista Alþýðubandalagsins. Hún er dóttir núverandi oddvita hreppsins, [E], sem skipaði fjórða sæti G-listans. [C] er mágkona [F] sem skipaði 2. sæti G-listans og hún er systir [D], sem undirritaði flutningstilkynninguna en [D] skipaði 7. sæti G-lista Alþýðubandalagsins við þessar kosningar. [G] er sveitarstjóri Raufarhafnarhrepps en hann sendir staðfestingu á umboði [D] eins og rakið hefur verið. Í því sambandi verður að telja það einkennilegt að kjörskrárkæra [C] væri ekki tekin fyrir á formlegum fundi sveitarstjórnar né neitt um það bókað í gjörðabók sveitarstjórnar.

Þá fullyrðir umbj. minn að umrædd [C] búi og starfi í Reykjavík og sé ekki að flytja til Raufarhafnar en einn megintilgangur kosningalaganna er að tryggja það að þeir sem búa og starfa í sveitarfélaginu hafi áhrif á stjórn þess. Hér hafi því fulltrúar G-listans verið að misnota aðstöðu sína til þess að hafa áhrif á úrslit kosninganna þar sem þeir hafi talið líklegt að atkvæði [C] félli til þeirra.“

Kjörnefnd, sem sýslumaðurinn á Húsavík skipaði í samræmi við fyrri málslið 2. mgr. 93. gr. laga nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórna, kvað upp úrskurð í málinu 10. júní 1998. Var það niðurstaða nefndarinnar að hafna bæri framkominni kröfu um ógildingu kosninganna. Var þar lagt til grundvallar að tilkynning um lögheimilisflutning C til Raufarhafnar hefði borist skrifstofu hreppsins 20. apríl 1998, en ekki verið móttækin af Hagstofu Íslands fyrr en 5. næsta mánaðar. Þá var það mat nefndarinnar, að leiðrétting á kjörskrá samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laga nr. 5/1998 bryti ekki í bága við bann 2. mgr. sömu greinar ef flutningur lögheimilis hefði sannanlega verið tilkynntur sveitarstjórn fyrir viðmiðunardag kjörskrár. Taldi nefndin að eðli máls samkvæmt væri heimilt að taka til greina kröfu um leiðréttingu á kjörskrá, sem studd væri slíkri tilkynningu, þótt hún af ástæðum, sem kjósanda yrði ekki um kennt, hefði misfarist eða vanrækt hefði verið að koma henni til Hagstofu. Þessum úrskurði skaut A til félagsmálaráðuneytisins með bréfi 16. júní 1998, sbr. 3. mgr. 93. gr. tilvitnaðra laga. Í því sagði meðal annars svo:

„Af hálfu kæranda er mótmælt þeirri niðurstöðu hins kærða úrskurðar um að [C] hafi tilkynnt um flutning á lögheimili sínu til Raufarhafnar þann 20. apríl 1998. [. . .] Ítrekað er að [C] veitti systur sinni [D] umboð til þess að rita undir flutningstilkynningu hinn 13. maí 1998 og var lögheimilisflutningur skráður hjá þjóðskrá þegar umboðið barst henni eða þann 14. maí 1998. Í umboðinu var ekkert tekið fram um að [D] hefði haft umboð til þess að rita undir [flutningstilkynningu] hinn 20. apríl 1998. Verður því að líta svo á að umboðið hafi verið gefið hinn 13. maí en ekki 20. apríl. Með vísan til þess kom lögformleg tilkynning til þjóðskrár um lögheimilisflutning [C] ekki fyrr en 14. maí og verður að miða við þá dagsetningu þegar tímamörk 10. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 5/1998 eru virt. [. . .]

Lítum nánar á þetta atvik sem hér um ræðir. [D], systir [C], sem skipaði 4. sæti á G-lista Alþýðubandalags, skrifaði undir flutningstilkynninguna fyrir hönd systur sinnar hinn 20. apríl án þess að hafa haft til þess skriflegt umboð. Flutningstilkynningin var móttækin á skrifstofu Raufarhafnarhrepps af starfsmanni hreppsins, [H], sem

skipaði 10. sæti á G-listanum en yfirmaður hennar var [G], sveitarstjóri, sem skipaði 3. sætið á G-listanum, en yfirmaður hans var oddvitinn, [E], móðir [D] og [C]. Hér eru þessi málefni alfarið í höndum forsvarsmanna og frambjóðenda annars framboðslistans. Engin trygging er fyrir því að hlutlægni sé gætt. Það er m.a. af þeim sökum sem 2. mgr. 10. gr. gerir ráð fyrir að sönnun um þetta sé ótvíræð og hlutlæg, hjá opinberri stofnun, þjóðskránni, sem ekki hefur neinna hagsmuna að gæta, eins og allir þeir sem að þessu máli komu hjá Raufarhafnarhreppi.“

Úrskurður félagsmálaráðuneytisins í málinu gekk 30. október 1998. Með honum var niðurstaða kjörnefndar staðfest. Í niðurstöðukafla úrskurðarins er getið bréfs, sem Hagstofa Íslands, þjóðskrá, sendi öllum sveitarstjórnnum 20. apríl 1998, þar sem athygli þeirra var vakin á nýjum ákvæðum laga varðandi viðmiðunardag kjörskrár. Í bréfinu sagði meðal annars svo:

„Hagstofa Íslands vill vekja athygli sveitarstjórna á nýjum lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.

Með nýju lögnum hefur m.a. viðmiðunardagur kjörskrár verið færður úr fimm vikum í þrjár vikur fyrir kjördag, sbr. 5. gr. laganna, sem orðast svo: „Á kjörskrá skal taka þá sem uppfylla skilyrði 2. gr. og skráðir voru með lögheimili í sveitarfélaginu samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag.“

Þetta þýðir að kjörskrárstofnar Hagstofunnar, sbr. 4. gr. laganna, vegna sveitarstjórnarkosninganna 23. maí 1998, verða miðaðir við skráð lögheimili manna í ákveðnu sveitarfélagi samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár **2. maí 1998**.

Sveitarstjórnir verða því á næstu dögum að senda Hagstofunni jafnóðum allar tilkynningar sem þeim berast um lögheimili manna og eigi síðar en 2. maí 1998. Hægt er að senda flutningstilkynningar í bréfsíma þjóðskrár [. . .].

Lögheimilisflutningar milli sveitarfélaga, sem eiga sér stað eftir 2. maí 1998, koma ekki til álita við sveitarstjórnarkosningar í vor.“

Þessu næst rekur félagsmálaráðuneytið í úrskurði sínum þau atvik, sem leiddu til þess að nafn C var tekið inn á kjörskrá í Raufarhafnarhreppi. Kemur þar meðal annars fram það álit ráðuneytisins, að samkvæmt gögnum málsins sé það ljóst að C hafi hinn 20. apríl 1998 tilkynnt skrifstofu Raufarhafnarhrepps símleiðis að hún óskaði eftir því að lögheimili hennar yrði flutt frá Reykjavík til Raufarhafnar. Niðurstöðu sína rökstyður ráðuneytið síðan með svofelldum hætti:

„Samkvæmt [10. gr. laga nr. 5/1998] er það [. . .] sveitarstjórn sem sér um að leiðrétta kjörskrárstofn eftir því sem tilefni gefst til. Þau tilefni geta einkum varðað öflun eða glötun ríkisfangs, lát manns, íslenskur ríkisborgari er dvelur erlendis uppfyllir skilyrði laganna um kosningarétt og hefur af einhverjum ástæðum ekki verið færður á kjörskrá. Þá verður einnig að líta svo á að hér geti einnig átt undir mistök við kjörskrársamningu (einstaklingur verið ranglega tekinn af henni eða bætt við), þ.e. t.d. ef flutningur hefur verið unninn ranglega af Hagstofu Íslands, sveitarstjórnir hafa vanrækt að koma flutningstilkynningum til Hagstofunnar eða þær misfarist.

Kemur þá til skoðunar hvort slík atvik hafi verið fyrir hendi að hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps hafi verið heimilt að leiðrétta kjörskrárstofninn frá Hagstofu Íslands þannig að [C] yrði sett á kjörskrána.

Ljóst er að munnleg tilkynning [C] um lögheimilisflutning barst skrifstofu Raufarhafnarhrepps fyrir viðmiðunardag kjörskrár sem var 2. maí 1998, en þeirri vitneskju kom Raufarhafnarhreppur ekki til skila til Hagstofu Íslands, þjóðskrár, fyrr

en eftir 2. maí. Í slíkum tilvikum hefur almennt verið litið svo á að tilefni geti gefist til leiðréttinga á kjörskrá ef viðkomandi einstaklingi verður ekki kennt um meint mistök við skil á lögheimilistilkynningu til Hagstofu Íslands, þjóðskrár. Í gögnum málsins eru líkur leiddar að því að svo hafi háttað til í máli þessu.

Skýrt kemur fram í 5. gr. laga nr. 5/1998 að taka skuli þá á kjörskrá sem uppfylla skilyrði 2. gr. laganna og skráðir voru með lögheimili í sveitarfélaginu samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag. Um skráningu lögheimilis gilda lög um lögheimili nr. 21/1990 og í 1. og 2. mgr. 1. gr. þeirra laga segir svo:

„Lögheimili manns er sá staður þar sem hann hefur fasta búsetu.

Maður telst hafa fasta búsetu á þeim stað þar sem hann hefur bækistöð sína, dvelst að jafnaði í tómsundum sínu, hefur heimilismuni sína og svefnstaður hans er þegar hann er ekki fjarverandi um stundarsakir vegna orlofs, vinnuferða, veikinda eða annarra hliðstæðra atvika.“

Í 4. mgr. 4. gr. laga um lögheimili er að finna undantekningarákvæði er varðar námsmenn og hljóðar það svo:

„Dveljist maður hérlendis við nám utan þess sveitarfélags þar sem hann átti lögheimili er námið hófst getur hann átt lögheimili þar áfram enda hafi hann þar bæki-
stöð í leyfum og taki ekki upp fasta búsetu annars staðar.“

Ljóst er af gögnum málsins, sérstaklega skýrslu sýslumannsins á Húsavík, að [C] kom ekki til Raufarhafnar fyrr en í byrjun júní 1998. Hún hefur dvalist í Reykjavík við nám frá árinu 1993 en á sumrin hefur hún komið til Raufarhafnar og unnið, þar sem fjölskylda hennar er búsett. Verður af því ráðið að [C] hafi uppfyllt skilyrði 4. mgr. 4. gr. laga um lögheimili nr. 21/1990 til að geta átt lögheimili á Raufarhöfn. Með hliðsjón af því telur ráðuneytið að ekki sé tilefni til að gera athugasemdir við þá ákvörðun hreppsnefndar Raufarhafnarhrepps að setja [C] á kjörskrá fyrir sveitarstjórnarkosningarnar hinn 23. maí 1998, þar sem dráttur á skilum á tilkynningu um breytt lögheimili verður ekki talinn hafa verið á ábyrgð [C] heldur skrifstofu Raufarhafnarhrepps.

Með vísan til alls framangreinds er það niðurstaða ráðuneytisins að ekki hafa komið fram slíkir gallar á framkvæmd sveitarstjórnarkosninga í Raufarhafnarhreppi hinn 23. maí 1998 að tilefni sé til að ógilda þær kosningar á grundvelli 94. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.“

Sýslumaðurinn á Húsavík gerði grein fyrir þeirri rannsókn, sem vitnað er til í framan-
greindum úrskurði félagsmálaráðuneytisins, í bréfi sem hann ritaði ráðuneytinu 18. ágúst 1998, en ráðuneytið hafði óskað eftir því við sýslumann í bréfi 21. júlí sama árs að rann-
sókuð yrðu atvik varðandi breytingu á skráðu lögheimili C. Í bréfi sýslumanns segir meðal
annars svo:

„Af þessu tilefni voru [C] og [D] boðaðar til skýrslutöku hjá lögreglu þann 29. júlí sl.

Þar kom fram af hálfu [C] að lögheimili hennar hafi verið á Raufarhöfn þar til í júní 1997, er hún flutti það til Reykjavíkur, þar sem hún var í skóla og hafði verið frá árinu 1993 en á sumrin hefði hún komið til Raufarhafnar og unnið. Í skýrslu [C] kemur m.a. fram að í apríl 1998 hafi hún ætlað að flytja aftur til Raufarhafnar og hún hafi því haft samband við [I], framkvæmdastjóra Fiskiðjunnar á Raufarhöfn, og ætlað að reyna að fá pláss á skipi hjá Fiskiðjunni. Hann hafi þá sagt henni að hún yrði að byrja á því að flytja lögheimili sitt aftur til Raufarhafnar. Í framhaldi af því hafi [C] haft sam-
band við hálf systur sína [D], símleiddis, og beðið hana að annast lögheimilisflutning sinn fyrir sína hönd. Þá kemur einnig fram í skýrslu [C] að móðir hennar, [E], hafi um mánaðamótin apríl/maí sagt henni að hún væri ekki komin á kjörskrá þar sem hún

þyrfti að gefa skriflegt umboð til flutnings á lögheimili og að móðir hennar hafi útbúið slíkt umboð og sent henni. [C] sagði að hún hefði flutt til Raufarhafnar í byrjun júní.

[. . .]

Þá hafði lögregla tal af [I], framkvæmdastjóra Fiskidjunnar á Raufarhöfn, þann 14. ágúst sl. og staðfesti hann að [C] hefði haft samband við hann og falast eftir plássi á skipum Fiskidjunnar. Hann hefði þá sagt það skilyrði að þeir sem fengju pláss á skipunum ættu lögheimili á Raufarhöfn. [I] upplýsti það ennfremur að [C] væri nú í áhöfn [Z] og yrði þar áfram.“

IV.

1.

Ég ritaði félagsmálaráðherra bréf 19. ágúst 1999 og óskaði eftir því, sbr. 9. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að ráðuneyti hans skýrði viðhorf sitt til kvörtunar A. Þess var sérstaklega óskað, einkum í ljósi ákvæðis 2. mgr. 10. gr. laga nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórna, og lögskýringargagna, að ráðuneytið skýrði frekar þá niðurstöðu sína, að vanræksla sveitarstjórnar á að koma flutningstilkynningu til Hagstofunnar fyrir viðmiðunardag samkvæmt 5. gr. sömu laga heimili sveitarstjórn að leiðrétta kjörskrá til samræmis við hina breyttu skráningu. Mér barst svarbréf ráðuneytisins 7. október 1999. Í því segir meðal annars svo:

„Almennt telur ráðuneytið að lagarök fyrir niðurstöðunni komi með skýrum hætti fram í úrskurðinum. Í ýmsum gögnum málsins, þar á meðal fylgiskjali með kvörtuninni til umboðsmanns Alþingis, koma fram ýmsar kenningar um ástæður tiltekinna einstaklinga fyrir hugsanlegum lögbrotum. Ráðuneytið taldi ekki efni til að byggja niðurstöður sínar á slíkum kenningum, enda voru þær ekki studdar frekari gögnum. [. . .]

Að lokum skal tekið fram að niðurstaða ráðuneytisins, um að vanræksla Raufarhafnarhrepps á að koma flutningstilkynningu til Hagstofu Íslands fyrir viðmiðunardag skv. 5. gr. laga nr. 5/1998 hafi heimilað hreppsnefndinni að leiðrétta kjörskrá til samræmis við hina breyttu skráningu, byggðist í þessu máli á því að ekki var talið að kjósandi sem tilkynnir lögheimilisbreytingu innan lögbundinna tíma-marka ætti að líða fyrir vanrækslu opinbers aðila á að skila inn tilkynningunni. Rétt er í því sambandi að taka fram að ráðuneytið taldi að í máli þessu hefði ekki verið sýnt fram á annað en að viðkomandi einstaklingur hefði tímanlega skilað inn tilkynningu um breytt lögheimili.“

2.

Ég ritaði ráðherra Hagstofu Íslands bréf 19. ágúst 1999 og óskaði eftir því, sbr. 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að Hagstofan lýsti afstöðu sinni til þeirrar niðurstöðu félagsmálaráðuneytisins í framangreindum úrskurði þess, að vanræksla sveitarstjórnar á að koma tilkynningu um nýtt lögheimili til Hagstofunnar fyrir viðmiðunardag samkvæmt 5. gr. laga nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórna, heimili sveitarstjórn að leiðrétta kjörskrá til samræmis við hina breyttu skráningu. Erindi þetta ítrekaði ég með bréfum 30. desember 1999 og 24. febrúar 2000. Mér barst svarbréf Hagstofunnar 18. apríl sl. Þar segir meðal annars svo:

„Um langt árabíl og fram til ársins [1991] var staða manna á kjörskrá við sveitarstjórnar- og alþingiskosningar miðuð við lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi. Þetta þýddi að þeir kjósendur sem gátu sýnt fram á að þeir ættu lögheimili á öðrum stað en skráð var í þjóðskrá gátu fengið sig kærða inn og út af kjörskrám eftir því hvar talið var að föst búseta þeirra væri og þar með lögheimili. Þessi háttur við kjörskrágerð

kallaði á fjölmargar breytingar á kjörskrám fram á kjördag og varð stundum til þess að menn voru teknir á kjörskrá á tveimur stöðum og stundum hvergi. Kom það oft til af mismunandi túlkun sveitarstjórna á því hvar telja skyldi lögheimili manns vera.

Með breytingu á lögum um kosningar til Alþingis árið [1991] var gerð grundvallar-breyting á lögheimilishugtakinu við gerð kjörskráa, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. [10/1991]. Var nú farið að miða stöðu manna á kjörskrá við skráð lögheimili í ákveðnu sveitarfélagi samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár tiltekinn dag fyrir kjördag. Frá þessum tíma hefur þetta ákvæði verið efnislega óbreytt í lögum um kosningar til Alþingis og sveitarstjórna. Tilgangur breytingarinnar var m.a. sá að einfalda og bæta alla kjörskrárgerð. Var þá og horft til hliðstæðrar breytingar sem fyrir löngu var orðin á hinum Norðurlöndunum. Þessi breyting dró verulega úr kærnum við kjörskrárgerð enda ekki gert ráð fyrir því með nýju lögnum að menn gætu kosið annars staðar en þar, sem þeir væru skráðir með lögheimili á viðmiðunardegi.

Einhver brögð voru þó á því að sveitarstjórnir áttuðu sig ekki á ofangreindri breytingu eða misskildu hana og héldu áfram að vinna kjörskrár eftir gamla laginu. Var því talið nauðsynlegt að bæta í kosningalöggjöfina ákvæði hliðstæðu því sem nú er í 2. mgr. 10. gr. laga nr. 5/1998 um að sveitarstjórnnum væri óheimilt að breyta kjörskrá ef tilkynning um nýtt lögheimili hefði ekki borist þjóðskrá fyrir viðmiðunardag kjörskrár. Jafnframt var kærumeðferð afnumin í kosningalögum og tekið fram í lög-gjöfinni að sveitarstjórnir gætu einungis gert viðeigandi leiðréttingar á kjörskrá ef athugasemdir bærust og við ættu. Með þessum breytingum var talið að girt væri fyrir eldri skilning sveitarstjórnarmanna á að hægt væri að breyta kjörskrá enda þótt þjóðskrá hefði ekki borist tilkynning um breytt lögheimili í tæka tíð.

Eins og það kærúmál sem þér hafið nú til meðferðar ber með sér virðist sá skilningur enn vera til staðar að sveitarstjórn sé heimilt að breyta kjörskrá vegna tilkynningar um breytt lögheimili sem ekki hefur borist þjóðskrá í tæka tíð. Ofangreindar lagabreytingar hafa því ekki dugað til að taka fyrir eldri framkvæmd við kjörskrárgerð og félagsmálaráðuneytið staðfest þennan skilning með úrskurði um að sveitarstjórn hafi verið heimilt að breyta kjörskrá með leiðréttingu vegna lögheimilistilkynningar sem barst þjóðskrá of seint. [. .]

Samkvæmt því sem að ofan greinir er Hagstofan ósammála niðurstöðu félagsmálaráðuneytisins um að hægt hafi verið að breyta kjörskrá í Raufarhafnarhreppi með leiðréttingu sem styðjast eigi við 10. gr. laga nr. 5/1998, enda er slík breyting beinlínis bönnuð í þeirri grein. Tekið skal fram, að Hagstofan hefur frá því lögheimilishugtakinu var breytt í kosningalögum árið [1991], ætíð sent sveitarstjórnnum bréf fyrir hverjar kosningar, þar sem áréttað er að sveitarstjórnir verði að senda Hagstofunni allar tilkynningar sem þeim berast um breytt lögheimili fyrir viðmiðunardag kjörskrár, því menn verði á kjörskrá þar sem þeir eru skráðir með lögheimili í þjóðskrá þann dag.“

3.

Með bréfi 19. apríl sl. gaf ég A kost á að gera athugasemdir við framangreind bréf félagsmálaráðuneytisins og Hagstofu Íslands og bærust þær mér 4. þessa mánaðar.

V.

1.

Í þessu máli reynir á það álitaefni hvort móttaka sveitarfélags (bæjarstjóra/oddvita) á tilkynningu um breytt lögheimili jafngildi því að tilkynningin hafi þar með borist þjóðskrá í skilningi 2. mgr. 10. gr. laga nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórna. Tel ég að kvörtun A gefi ekki tilefni til umfjöllunar af minni hálfu um annað en það sem snýr beint að úrlausn um þetta atriði.

2.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 54/1962, um þjóðskrá og almannaskráningu, skal sérstök stofnun, þjóðskráin, annast almannaskráningu samkvæmt lögnum. Skal þjóðskráin rekin sem deild í Hagstofunni. Á meðal verkefna hennar er að láta sveitarstjórnunum í té stofn að kjörskrá, þá er forsetakosningar, alþingiskosningar eða sveitarstjórnarkosningar eiga að fara fram, sbr. 2. töluliður 3. gr. laganna. Samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 4. gr. þeirra byggist almannaskráning þjóðskrár meðal annars á tilkynningum um aðsetursskipti samkvæmt lögum nr. 73/1952, um tilkynningar aðsetursskipta. Í 1. gr. þeirra laga er síðan mælt fyrir um það, að bæjarstjórar og oddvitar skuli veita viðtöku tilkynningum um aðsetursskipti samkvæmt lögnum. Þá segir í 1. mgr. 3. gr. laganna, að hver sá, sem flytur heimilisfang sitt í annað sveitarfélag, skuli tilkynna það sveitarstjórn þess umdæmis, sem hann flytur til. Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laga nr. 21/1990, um lögheimili, skulu ákvæði laga nr. 73/1952 gilda um breytingu á lögheimili eftir því sem við á. Í því felst meðal annars, að bæjarstjórar og oddvitar veita viðtöku tilkynningum um flutning lögheimilis. Með móttöku sveitarfélags á tilkynningu um lögheimilisflutning hefur henni þannig verið komið á framfæri við aðila, sem bær er til að veita henni viðtöku lögum samkvæmt. Í lögum um tilkynningar aðsetursskipta og lögum um lögheimili er ekki kveðið á um það, að réttaráhrif tilkynninga samkvæmt lögnum miðist við að þær hafi verið móttæknar af Hagstofu Íslands. Slík niðurstaða verður heldur ekki leidd af lögskýringargögnum.

3.

Fram að gildistöku laga nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórna, 13. mars 1998, fór um kosningar til sveitarstjórna eftir ákvæðum III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 og laga um kosningar til Alþingis. Samkvæmt 4. mgr. 19. gr. laga nr. 8/1986 skyldi hver maður eiga kosningarétt í því sveitarfélagi þar sem hann átti lögheimili þegar framboðsfrestur rann út í þeim sveitarfélögum þar sem sveitarstjórnarkosningar fóru fram í maí, sbr. 1. mgr. 13. gr. laganna. Með lögum nr. 19/1994 var ákvæði þessu breytt. Eftir þá breytingu hljóðaði það svo:

„Hver maður á kosningarétt í því sveitarfélagi þar sem hann er skráður með lögheimili samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár fimm vikum fyrir kjördag í maí í almennum sveitarstjórnarkosningum, hvort sem þær fara fram í maí eða júní, sbr. 1. mgr. 13. gr.“

Um þessa breytingu segir meðal annars svo í athugasemdum þeim, sem fylgdu frumvarpi því er varð að lögum nr. 19/1994:

„Í frumvarpi þessu er lagt til að fyrrnefndum kosningaréttarákvæðum sveitarstjórnarlaga verði breytt til samræmis við ákvæði alþingiskosningalaga. Er það ótvírætt til bóta að sömu ákvæði gildi í þessum tvennum lögum þannig að sveitarstjórnir þurfi ekki að beita einum reglum við alþingiskosningar og forsetakjör og öðrum við sveitarstjórnarkosningar. Þá er það mjög til einföldunar að hætta að tengja kosningarétt manna við lögheimili þeirra og binda hann þess í stað við *skráð lögheimili samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár*. Eftir fyrri tilhögun varð oft ágreiningur um hvar lögheimili manna skyldi í raun og veru talið standa. Ýmis álitamál risu af þessu tilefni og leiddu til vandkvæða við kjörskrárgerð og til fjölda kjörskrárkæra og dóma. Tenging kosningarréttarins við skráð lögheimili samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár veldur því að litíð er fram hjá álitamálum um lögheimilisfesti. Þess í stað er skráning manna á íbúaskrá látin ráða, en með því eru bæði einstaklingarnir sjálfir og sveitarstjórnir gerðar ábyrgar fyrir því að menn standa á kjörskrá í réttu sveitarfélagi. [. . .]

Sem fyrr segir eru breytingarnar hér tvær, í stað lögheimilis er miðað við skráð

lögheimili samkvæmt íbúaskrá og í stað þess að miða við þann dag þegar framboðsfrestur rennur út er miðað við þann dag þegar fimm vikur eru til kjördags. [. . .]

Að fenginni reynslu er gert ráð fyrir að staðið verði að kjörskrágerð með eftirfarandi hætti:

1. Skömmu áður en tímamörk samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 19. gr. renna upp sendir Hagstofan öllum sveitarstjórnnum áminningu um að þau standi henni skil á öllum innkomnum flutningstilkynningum eigi síðar en þann dag. Tilkynningum, sem berast seint, þ.e. allt fram á viðmiðunardaginn, má koma til Hagstofunnar með símbréfi.
[. . .]
3. Þar sem kjörskrá miðast við skráð lögheimili samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár og kjörskrárstofnar Hagstofunnar eru miðaðir við sama tíma og ræður skráningu manna á kjörskrá eiga sveitarfélögin ekki að þurfa að gera meiri háttar leiðréttingar á kjörskrárstofnum áður en kjörskrá er lögð fram eins og áður hefur verið. [. . .]
4. Hafi sveitarstjórnir vanrækt að koma flutningstilkynningum til Hagstofunnar eða þær misfarist verða viðkomandi einstaklingar teknir á kjörskrá með leiðréttingum eða kærur en með dómi ef kærufrestur er runninn út. Flutningar innan lands, sem verða eftir viðmiðunardaginn, koma ekki til álita í þessu sambandi, þ.e. breyta ekki skráningu manna á kjörskrá. (Alpt. 1993–1994, A-deild, bls. 3170–3171.) (Undirstrikun mín)

Með b-lið 2. gr. laga nr. 19/1994 var ennfremur gerð sú breyting á 21. gr. laga nr. 8/1986, að 3. mgr. hennar var felld brott, en þar hafði verið mælt fyrir um það að fara skyldi með tilkynningar um lögheimilisskipti, sem bærust sveitarstjórn eftir að kjörskrá var samin, eins og kjörskrárkærur. Þá var 2. mgr. sömu greinar breytt á þann veg með a-lið 2. gr. laga nr. 19/1994, að sveitarstjórnir skyldu gera kjörskrár á grundvelli kjörskrárstofna sem Hagstofa Íslands (þjóðskrá) léti þeim í té. Óhaggað stóð hins vegar það ákvæði 1. mgr. 21. gr. að á kjörskrá skyldi taka þá sem fullnægðu öllum skilyrðum 19. gr. laganna. Um framangreindar breytingar segir svo í athugasemdum, sem fylgdu frumvarpi því er varð að lögum nr. 19/1994:

„Í a-lið er lagt til að tekið verði upp sama orðalag og er í lögum um alþingiskosningar. Efnislega eru ákvæði sveitarstjórnarlaga á sömu lund en ákvæði alþingiskosningalaga eru gleggri.

Í b-lið er lagt til að 3. mgr. 21. gr. falli niður, en hún lýtur að því hvernig fara skuli með tilkynningar um lögheimilisskipti sem berast sveitarstjórn eftir að kjörskrá er samin. Það leiðir af 1. gr. frumvarpsins um að kosningaréttur skuli tengjast skráðu lögheimili samkvæmt íbúaskrá í stað gildandi tengingar við lögheimilisfesti að ákvæði 3. mgr. 21. gr. á ekki við lengur.“ (Alpt. 1993–1994, A-deild, bls. 3172.)

Með frangreindri breytingu á 4. mgr. 19. gr. laga nr. 8/1986 var ákvæðinu breytt til samræmis við 1. tölulið 1. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1987, um kosningar til Alþingis, svo sem því var breytt með 4. gr. laga nr. 10/1991. Frá þeim tíma hefur ákvæðið einungis tekið breytingu að því er tekur til viðmiðunardags kjörskrár. Samkvæmt því skal taka þá á kjörskrá sem uppfylla skilyrði 1. mgr. 1. gr. laganna og skráðir voru með lögheimili í sveitarfélaginu samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag. Í athugasemdum, sem fylgdu frumvarpi því er varð að lögum nr. 10/1991, segir svo meðal annars:

„Breytingin felur í sér að þeir sem flytjast milli kjördæma eða kjördeilda eftir áðurgreindan tíma eru teknir á kjörskrá þar sem þeir voru skráðir með lögheimili sjö

vikum fyrir kjördag. Kjósandi getur því ekki kært sig á kjörskrá vegna flutnings eftir þann tíma né heldur ef flutningur hefur ekki verið tilkynntur fyrir þann tíma.“ (Alþt. 1990–1991, A-deild, bls. 3291.) (Undirstrikun mín)

4.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórna, skulu sveitarstjórnir gera kjörskrár til sveitarstjórnarkosninga á grundvelli kjörskrárstofna sem Hagstofa Íslands (Þjóðskrá) lætur þeim í té. Á kjörskrá skal taka þá sem uppfylla kosningaréttarskilyrði 2. gr. laganna og skráðir voru með lögheimili í sveitarfélaginu samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag, sbr. 5. gr. laganna. Er sú skipan sem hér er mælt fyrir um að meginstefnu til sú sama og ákvæði 19. og 21. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 gerðu ráð fyrir eftir þá breytingu sem á þeim var gerð með lögum nr. 19/1994. Viðmiðunardagur hefur þó verður færður fram um tvær vikur.

Um heimild sveitarstjórnar til að leiðrétta kjörskrá er fjallað sérstaklega í 10. gr. laga nr. 5/1998. Ákvæðið hljóðar svo:

„Sveitarstjórn skal þegar taka til meðferðar athugasemdir er henni berast vegna kjörskrár og gera viðeigandi leiðréttingar á henni. Slíka leiðréttingu má gera fram á kjördag.

Óheimilt er að breyta kjörskrá ef tilkynning um nýtt lögheimili hefur ekki borist þjóðskrá fyrir þann tíma sem greinir í 5. gr.

Sveitarstjórn skal enn fremur fram á kjördag leiðrétta kjörskrá ef henni berst vitneskja um andlát eða um að einhver hafi öðlast, eftir atvikum misst, íslenskt, danskt, finnskt, norskt eða sænskt ríkisfang.“

Í athugasemdum, sem fylgdu frumvarpi því er varð að lögum nr. 5/1998, er tekið fram, að framangreint ákvæði samsvari 21. gr. laga um kosningar til Alþingis, en sé aðlagð sveitarstjórnarkosningum. Tilvitnuðu ákvæði laga nr. 80/1987, um kosningar til Alþingis, var breytt með 10. gr. laga nr. 9/1995. Það hljóðar nú svo:

„Sveitarstjórn skal þegar taka til meðferðar athugasemdir er henni berast vegna kjörskrár og gera viðeigandi leiðréttingar á henni, ef við á. Slíka leiðréttingu má gera fram á kjördag. Óheimilt er að breyta kjörskrá ef tilkynning um nýtt lögheimili hefur ekki borist þjóðskrá svo sem segir í 1. tölul. 1. mgr. 15. gr. eða ef umsókn þess sem fellur undir 2. másl. 2. mgr. 1. gr. um að vera tekinn á kjörskrá hefur ekki borist Hagstofu Íslands skv. 2. mgr. 15. gr.

Sveitarstjórn skal enn fremur fram á kjördag leiðrétta kjörskrá ef henni berst vitneskja um andlát eða um að einhver hafi öðlast, eftir atvikum misst, íslenskt ríkisfang.“

Í athugasemdum, sem fylgdu frumvarpi því er varð að lögum nr. 9/1995, segir meðal annars svo um 10. gr. þess:

„Vegna hinna breyttu reglna um gerð kjörskrár, sem tekin var upp 1991, hefur fækkað mjög þeim tilvikum sem geta orðið tilefni athugasemda við kjörskrá. Kjörskráin er nú samin miðað við skráð lögheimili í sveitarfélagi eins og það er samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár tilteknum tíma fyrir kjördag eða í samræmi við umsóknir sem borist hafa Hagstofu Íslands á grundvelli 2. mgr. 15. gr. laganna. Álitæfni vegna lögheimilis hafa því nánast horfið og tilefni athugasemda við kjörskrá eru nú nánast eingöngu vegna nýrra ríkisborgara sem fá ríkisborgararétt með lögum í þinglok stuttu fyrir kosningar. [. . .]

Vegna þessa þykir ekki ástæða til að viðhalda sömu reglum um meðferð breytinga á framlagðri kjörskrá og nú eru í lögum og er lagt til að meðferðin verði öll einfölduð. Er við það miðað að sveitarstjórn taki athugasemdir sem berast vegna kjörskrár þegar til meðferðar og að hún geri viðeigandi ráðstafanir til leiðréttingar, ef við á. Þessar leiðréttingar megi gera fram á kjördag. Slíkar athugasemdir geta stafað af mistökum við kjörskrárgerð og er eðlilegt að slíkt mistök megi leiðrétta á einfaldan hátt. Tekið er þó sérstaklega fram að ekki megi breyta kjörskránni ef tilkynning um nýtt lögheimili hefur ekki borist þjóðskrá svo sem segir í 1. tölul. 1. mgr. 15. gr. laganna eða ef umsókn þess sem fellur undir 2. másl. 2. mgr. 1. gr. laganna (Íslendingur sem búsettur hefur verið meira en átta ár erlendis) um að vera tekinn á kjörskrá hefur ekki borist Hagstofunni í samræmi við ákvæði 2. mgr. 15. gr. Verður að treysta því að sveitarstjórnir virði þessa reglu. Eiginleg álitæfni verða þannig nánast eingöngu þau að mistök hafi orðið við samningu kjörskrár þannig að nafn vanti eða hafi fallið niður fyrir vangá. Er eðlilegt að slíkt verði leiðrétt strax og það kemur í ljós.“ (Alþt. 1994–1995, A-deild, bls. 3876–3877.)

5.

Hinn 3. apríl sl. lagði Davíð Oddsson forsætisráðherra fram á Alþingi frumvarp til laga um kosningar til Alþingis. (Þingskjal nr. 823.) 3. mgr. 27. gr. þess hljóðar svo:

„Óheimilt er að breyta kjörskrá vegna nýs lögheimilis nema flutningur hafi átt sér stað í síðasta lagi fimm vikum fyrir kjördag og tilkynning um nýtt lögheimili hafi borist Hagstofu Íslands (þjóðskrá) til skráningar fyrir sama tíma eða ef umsókn þess sem fellur undir b-lið 2. mgr. 1. gr. um að vera tekinn á kjörskrá hefur ekki borist Hagstofunni fyrir 1. desember næstan fyrir kjördag.“

Í athugasemdum með frumvarpinu segir meðal annars svo um þessa grein þess:

„Greinin samsvarar 21. gr. kosningalaga.

Með 23. gr. frumvarpsins er byggt á því að kjörskrá skuli miðuð við skráð lögheimili í sveitarfélagi samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár fimm vikum fyrir kjördag. Fullnægjandi gögn til skráningar á lögheimili þurfa þá að hafa borist þjóðskránni (Hagstofu Íslands) fyrir þennan tíma. Tilkynning, sem berst þjóðskránni síðar, er því of seint fram komin, jafnvel þótt hún kunni að hafa borist sveitarstjórn innan þess tíma en hún ekki framsent þjóðskrá hana, og kemur hún því ekki til álita við kjörskrárgerð. Nauðsynlegt þykir að ákvæði um þetta séu gerð skýrari en nú, en nokkur álitæfni hafa komið upp við gerð kjörskráa í undanfarandi kosningum. Þessi sjónarmið eru því undirstrikuð enn frekar en áður í 3. mgr. Segir þar að skilyrði þess að kjörskrá verði breytt vegna nýs lögheimilis sé að flutningur hafi átt sér stað í síðasta lagi fimm vikum fyrir kjördag og að tilkynning um nýtt lögheimili þurfi að hafa borist Hagstofu Íslands (þjóðskrá) fyrir sama tíma. Er með því lögð áhersla á að lögheimilis flutningur þarf ekki einungis að hafa átt sér stað heldur þarf tilkynning einnig að hafa borist þjóðskránni sjálfri en ekki einhverjum þeim sem tekur við tilkynningum á hennar vegum, allt innan þeirra tímamarka sem greind eru.

Með breytingu á 21. gr. kosningalaganna 1995 var reglum um meðferð breytinga á framlagðri kjörskrá breytt og meðferðin gerð einfaldari. Breytingin var gerð vegna þess að talið var að tilvikum, sem geta orðið tilefni athugasemda við kjörskrá, hefði fækkað þar sem kjörskrá væri samin miðað við skráð lögheimili í sveitarfélagi eins og það er samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár tiltekinn dag fyrir kjördag eða í samræmi við umsóknir sem borist hefðu Hagstofu Íslands á grundvelli 2. mgr. 15. gr. laganna. Álitæfni vegna lögheimilis hefðu því nánast horfið og tilefni athugasemda við kjör-

skrá væru því nánast eingöngu vegna nýrra ríkisborgara sem fá ríkisborgararétt stuttu fyrir kosningar.“

VI.

1.

Ég hef hér að framan rakið aðdraganda þess að lögfest var ákvæði þess efnis að óheimilt sé að breyta kjörskrá ef tilkynning um nýtt lögheimili hefur ekki borist þjóðskrá fyrir viðmiðunardag samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1987, um kosningar til Alþingis, og 5. gr. laga nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórna. Svo sem þar kemur fram var ákvæði þessa efnis fyrst sett inn í kosningalöggjöf hér á landi með 10. gr. laga nr. 9/1995, um breyting á lögum um kosningar til Alþingis.

Fram að gildistöku laga nr. 5/1998 fór um kosningar til sveitarstjórna eftir ákvæðum III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 og laga um kosningar til Alþingis. Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir breytingu sem gerð var á lögum nr. 8/1986 með lögum nr. 19/1994. Í athugasemdum, sem fylgdu frumvarpi því er varð að lögum nr. 19/1994, er svo sem áður greinir sérstaklega tekið fram, að hafi sveitarstjórnir vanrækt að koma flutnings-tilkynningum til Hagstofunnar eða þær misfarist verði viðkomandi einstaklingar teknir á kjörskrá með leiðréttingum, kærnum eða dómi. Sú skipan sem ákveðin var með lögum nr. 19/1994 er að meginstefnu til sú sama og nú er mælt fyrir um í ákvæðum 4. og 5. gr. laga nr. 5/1998. Ákvæði 2. mgr. 10. gr. laga nr. 5/1998 er hins vegar nýmæli að því er tekur til kosninga til sveitarstjórna. Er vandséð, í ljósi tilvitnaðra ummæla í framangreindum athugasemdum, að þörf hafi verið á ákvæðinu ef ætlunin hefði eftir sem áður verið sú að viðhalda því fyrirkomulagi sem eldri kosningalög gerðu samkvæmt framansögðu ráð fyrir.

Svo sem fram er komið skulu sveitarstjórnir gera kjörskrár til sveitarstjórnarkosninga á grundvelli kjörskrárstofna sem þjóðskrá Hagstofu Íslands lætur þeim í té. Inn á kjörskrá skal taka þá sem uppfylla skilyrði 2. gr. laga nr. 5/1998 og skráðir voru með lögheimili í sveitarfélaginu samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag. Í þessu felst eðli máls samkvæmt að eigi tilkynning um flutning lögheimilis á milli sveitarfélaga að koma til álita við gerð kjörskrárstofns fyrir þau þarf hún að hafa borist þjóðskrá til skráningar eigi síðar en í lok viðmiðunardags samkvæmt framansögðu. Var af hálfu Hagstofunnar lögð áhersla á þetta í bréfi sem hún sendi öllum sveitarstjórnunum 20. apríl 1998, þ.e. rúmum einum mánuði áður en kosningar þær sem mál þetta snýst um fóru fram, og sérstaklega tekið fram að senda mætti flutningstilkynningar „í bréfsíma þjóðskrár“. Með kjörskrárstofni þjóðskrár Hagstofu Íslands er lögum samkvæmt lagður grunnur að gerð kjörskrár í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Má sveitarstjórn við samningu hennar því aðeins taka inn á hana nafn, sem ekki er að finna á kjörskrárstofni, ef viðkomandi einstaklingur hefur verið skráður með lögheimili í sveitarfélaginu samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag. Fari skrár þessar ekki saman þegar samningu kjörskrár er lokið fer um heimild sveitarstjórnar til leiðréttinga eftir 1. mgr. 10. gr. laga nr. 5/1998, en í 3. mgr. sömu greinar, sem ekki kemur hér til frekari skoðunar, felst heimild til leiðréttinga ef sveitarstjórn berst vitneskja um andlát eða um að einhver hafi öðlast, eftir atvikum misst, íslenskt, danskt, finnskt, norskt eða sænskt ríkisfang. Í 2. mgr. 10. gr. er hins vegar tekið fram að óheimilt sé að breyta kjörskrá ef tilkynning um nýtt lögheimili hefur ekki borist þjóðskrá fyrir lok viðmiðunardags samkvæmt 5. gr. laganna. Í þessu ákvæði felst þannig skýr takmörkun á heimild sveitarstjórnar samkvæmt 1. mgr. sömu greinar til að leiðrétta eða breyta kjörskrá. Svo sem fram er komið má rekja ákvæði 10. gr. tilvitnaðra laga til 10. gr. laga nr. 9/1995, um breyting á lögum um kosningar til Alþingis. Í athugasemdum, sem fylgdu frumvarpi því er varð að lögum nr. 9/1995, kemur fram, að leiðréttingar skuli því aðeins gerðar á kjörskrá að „mistök hafi orðið við samningu [hennar] þannig að nafn vanta eða hafi fallið niður fyrir vangá“.

Pegar framangreint er virt og að öðru leyti litið til athugasemda, sem fylgdu frumvarpi því er varð að lögum nr. 9/1995, en meginefni þeirra er tekið upp orðrétt í kafla V.4. hér að framan, er það álit mitt að þær leiðréttingar, sem sveitarstjórn er heimilt að gera á kjörskrá með stoð í 1. mgr. 10. gr. laga nr. 5/1998, snúi eingöngu að þeirri aðstöðu að nafn, sem verið hafði á kjörskrárstofni, vanti á kjörskrá.

Samkvæmt framangreindu er það álit mitt að skýra beri ákvæði 2. mgr. 10. gr. laga nr. 5/1998 svo, að það standi því í vegi að kjörskrá verði breytt eða hún leiðrétt ef tilkynning um flutning lögheimilis hefur ekki borist þjóðskránni sjálfri fyrir þann tíma er greinir í 5. gr. laganna. Lítt ég svo á í ljósi lögskýringargagna að vilji Alþingis hafi staðið til þess að sett yrði skýrt viðmið varðandi það hvar maður skuli standa á kjörskrá og að skráning í íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag eigi að ráða því. Geti vanræksla eða mistök sveitarfélags á að koma tilkynningu um lögheimilisbreytingu til Hagstofunnar ekki haggð þessari niðurstöðu. Er þá til þess að líta að slík atvik leiða ekki til þess að einstaklingur sé sviptur kosningarétti, heldur stendur hann þá á kjörskrá í því sveitarfélagi sem hann flyst frá. Þá á hann jafnan að geta hlutast til um það sjálfur að tilkynning berist Hagstofunni í tæka tíð. Að auki á ekki að vera mikil hættu á því að starfsmenn sveitarfélaga vanræki að koma flutningstilkynningum til Hagstofunnar fyrir lok viðmiðunardags. Er í því sambandi bent á að slík háttsemi er refsiverð, sbr. 101. gr. laga nr. 5/1998 og 132. gr. laga nr. 80/1987, um kosningar til Alþingis. Hvað sem þessu líður hefði að mínu áliti mátt orða hið umdeilda ákvæði með skýrari hætti en raun ber vitni og þá einkum í ljósi þess að í lögum nr. 73/1952, um tilkynningar aðsetursskipta, og lögum nr. 21/1990, um lögheimili, er ekki kveðið á um það að réttaráhrif tilkynninga samkvæmt lögnum miðist við að þær hafi verið móttækna af Hagstofu Íslands. Úr þessu virðist nú eiga að bæta í nýjum lögum um kosningar til Alþingis.

2.

Fyrir liggur að tilkynning um flutning á lögheimili C frá Reykjavík til Raufarhafnar var móttækin af þjóðskrá Hagstofu Íslands til skráningar 5. maí 1998. Viðmiðunardagur samkvæmt 5. gr. laga nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórna, var þá liðinn. Var nafn C því ekki tekið inn á kjörskrárstofni sem þjóðskrá Hagstofu Íslands lét sveitarstjórn Raufarhafnarhrepps í té vegna kosninga til hennar sem fram fóru 23. maí 1998. Samkvæmt þessu og með vísan til þess álits míns að 2. mgr. 10. gr. laganna standi því í vegi að kjörskrá verði breytt ef tilkynning um flutning lögheimilis hefur ekki borist þjóðskránni sjálfri í síðasta lagi við lok viðmiðunardags samkvæmt framansögðu, er það niðurstaða mín, að sveitarstjórn Raufarhafnarhrepps hafi ekki verið heimilt að taka nafn C inn á kjörskrá þá sem gildi við sveitarstjórnarkosningar í sveitarfélaginu hinn tilgreinda dag.

3.

Samkvæmt 94. gr. laga nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórna, leiða gallar á framboði eða kosningu því aðeins til ógildingar kosninga, að ætla megi að þeir hafi haft áhrif á úrslit kosninganna. Í kosningum til sveitarstjórnar Raufarhafnarhrepps 23. maí 1998 skildi aðeins eitt atkvæði að þá tvo lista sem í framboði voru. Svo sem að framan greinir er það álit mitt að einstaklingur, sem neytti þar atkvæðisréttar, hafi með réttu ekki átt að standa á kjörskrá í sveitarfélaginu. Með þessu er fullnægt framangreindu lagaskilyrði fyrir ógildingu kosninganna.

4.

Samkvæmt því sem rakið er í köflum 1 til 3 hér að framan er það álit mitt að lög standi til þeirrar niðurstöðu að úrskurðaraðilum samkvæmt 93. gr. laga nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórna, hafi borið að ógilda kosningar til sveitarstjórnar í Raufarhafnarhreppi, sem fram fóru 23. maí 1998.

VII.

Niðurstaða.

Ég hef í þessu álitu mínu komist að þeirri niðurstöðu að á grundvelli kæru A 16. júní 1998 hafi félagsmálaráðuneytinu borið að ógilda kosningar til sveitarstjórnar í Raufarhafnarhreppi, sem fram fóru 23. maí 1998. Er það tilmæli mín til félagsmálaráðuneytisins, sbr. b-liður 2. mgr. 10. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að það taki málið til skoðunar að nýju, komi fram ósk um það frá A, og gæti við hana þeirra sjónarmiða sem ég hef hér sett fram. Ég vek jafnframt athygli á því að dómstólar eiga endanlegt úrskurðarvald um ágreining af því tagi sem hér um ræðir, enda er hann ekki sérstaklega undanskilinn lögsögu þeirra samkvæmt lögum nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórna.

VIII.

Með bréfi til félagsmálaráðuneytisins, dags. 23. janúar 2001, óskaði umboðsmaður Alþingis eftir upplýsingum um hvort A hefði leitað til ráðuneytisins á ný og þá hvort einhverjar ákvarðanir hefðu verið teknar af því tilefni. Í svari ráðuneytisins, dags. 31. janúar 2001, segir meðal annars svo:

„Þar sem yfirstandandi kjörtímabil var hálfnað þegar álit umboðsmanns barst ráðuneytinu var tekin sú ákvörðun að ráðuneytið tæki málið ekki upp að nýju að eigin frumkvæði. Var sveitarstjórn Raufarhafnarhrepps því ritað bréf, dags. 2. júní 2000, þar sem henni var tilkynnt þessi afstaða ráðuneytisins. Jafnframt var málshefjanda sent afrit þess bréfs. Telur ráðuneytið að afskiptum þess af málinu hafi síðan lokið eftir að því barst bréf frá [A], dags. 14. júlí 2000, þar sem hann tilkynnti þá afstöðu sína að hann teldi ekki forsendur til þess að endurtaka kosninguna. Afrit þess bréfs fylgir hjálagt, ásamt afriti fyrrgreinds bréfs sem ráðuneytið ritaði sveitarstjórn Raufarhafnarhrepps.“

7.2.

Gildi kjörskrár og kjörseðla. Málshraði. (Mál nr. 2652/1999)

A og B kvörtuðu yfir meðferð og niðurstöðu úrskurðar félagsmálaráðuneytisins á kærumáli sem varðaði ágreining um gildi kjörskrár og kjörseðla í sveitarstjórnarkosningum í Austur-Eyjafjallahreppi hinn 23. maí 1998. Með úrskurði félagsmálaráðuneytisins var niðurstaða kjörnefndar, sem sýslumaðurinn á Hvolsvelli skipaði í samræmi við fyrri málslið 2. mgr. 93. gr. laga nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórna, staðfest.

Settur umboðsmaður benti á að samkvæmt 94. gr. laga nr. 5/1998 leiddu gallar á kosningu því aðeins til ógildingar á henni að þeir hafi haft áhrif á úrslit kosninganna. Ágreiningur reis um það hvort tilteknir 13 einstaklingar hefðu með réttu átt að standa á kjörskrá í sveitarfélaginu. Höfðu þeir allir verið teknir inn á kjörskrárstofn sem þjóðskrá Hagstofu Íslands lét sveitarstjórninni í té. Upplýst var að einn þeirra hefði ekki neytt kosningaréttar síns og nægilega í ljós leitt að lögheimilisskráning hluta þeirra 12 einstaklinga sem eftir stæðu hafi ekki farið í bága við ákvæði laga nr. 21/1990, um lögheimili. Taldi hann því ekki ástæðu til athugasemda við efnislega niðurstöðu úrskurðar félagsmálaráðuneytisins.

Settur umboðsmaður rakti 93. gr. laga nr. 5/1998 og benti á að samkvæmt ákvæðinu mætti í mesta lagi líða einn mánuður frá því að úrslitum kosninga var lýst og þar til stjórnsýslukæra vegna kosninganna hefði borist félagsmálaráðuneytinu. Af þessu leiddi jafnframt að niðurstaða kjörnefndar ætti að liggja fyrir um það bil tveimur

vikum eftir að kosningakæra barst sýslumanni. Þá rakti settur umboðsmaður 1. mgr. 9. gr. stjórn-sýslulaga nr. 37/1993 og benti á að þar sem félagsmálaráðuneytinu er ekki settur ákveðinn frestur í lögum til að leggja úrskurð á kosningamál sem þangað er skotið á grundvelli 93. gr. laga nr. 5/1998 gildi framangreind meginregla stjórn-sýslulaga. Benti settur umboðsmaður á að í reglunni fælist m.a. áskilnaður um að aldrei megi verða ónauðsynlegur dráttur á afgreiðslu máls en um nánari afmörkun á því hvað talist getur eðlilegur afgreiðslutími fer eftir umfangi máls og atvikum hverju sinni. Þá þarf málsmeðferðartími að vera samrýmanlegur markmiði þess úrræðis sem er til umfjöllunar, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 420/1991, H 1991:1632, og álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 2450/1998. Á hinn bóginn yrði jafnan að hafa í huga þá skyldu sem rannsóknarregla 10. gr. stjórn-sýslulaga leggur stjórnvöldum á herðar. Þrátt fyrir að félagsmálaráðuneytinu væri ekki settur ákveðinn frestur til að úrskurða í málum um gildi kosninga til sveitarstjórna taldi settur umboðsmaður að því bæri að leggja sérstaka áherslu á að hraða afgreiðslu þeirra. Benti settur umboðsmaður á nauðsyn þessa í ljósi þess að heimildir nýkjörinnar sveitarstjórnar til að fara með stjórn sveitarfélagsins á meðan kosningakæra er til meðferðar í ráðuneytinu væru ekki sérstaklega takmarkaðar samkvæmt lögum nr. 5/1998.

Þá benti settur umboðsmaður á að samkvæmt gögnum málsins hefðu liðið 132 dagar frá því að kæra A og B hefði borist ráðuneytinu og þar til úrskurður var kveðinn upp. Taldi hann að ekki yrði ályktað á annan veg en að ónauðsynlegur dráttur hafi orðið á afgreiðslu málsins í félagsmálaráðuneytinu þar sem í fyrstu hafi dregist um of að ráðuneytið héldi málinu fram með nægilegum hraða og svo hafi það ekki fylgt málinu nægilega eftir. Þá féllst settur umboðsmaður ekki á að tafir á afgreiðslu málsins vegna sumarleyfis þess starfsmanns ráðuneytisins sem hafði með málið að gera gætu talist réttlætanlegar. Taldi hann að yfirstjórn félagsmálaráðuneytisins hefði borið skylda til að grípa til viðeigandi ráðstafana í því skyni að áfram yrði unnið að málinu. Var það enn brýnna en ella í ljósi þess ónauðsynlega dráttar sem þegar var orðinn á afgreiðslu málsins samkvæmt framansögðu.

Niðurstaða setts umboðsmanns varð því sú að meðferð félagsmálaráðuneytisins á kosningakæru þeirra A og B hefði ekki verið í samræmi við 1. mgr. 9. gr. stjórn-sýslulaga. Hann taldi hins vegar ekki koma til álita að ógilda úrskurð ráðuneytisins af þessum sökum. Beindi hann þeim tillæmum til félagsmálaráðuneytisins að það gætti framvegis þeirra sjónarmiða um málshraða við afgreiðslu kosningamála, sbr. 3. mgr. 93. gr. laga nr. 5/1998, sem gerð hafði verið grein fyrir í álitinu.

8.0. Landbúnaður.

8.1. Útflutningsskylda sauðfjárafurða. Vandaðir stjórnsýsluhættir. Málshraði. Andmælaréttur. Birting ákvörðunar. Leiðbeiningarskylda. (Mál nr. 2352/1998)

A kvartaði yfir ákvörðun framkvæmdanefndar um búvörusamninga um að synja umsókn hans um undanþágu frá útflutningsskyldu sauðfjárafurða og ákvörðun Framleiðsluráðs landbúnaðarins um að reikna honum aukna útflutningsskyldu sauðfjárafurða en báðar þessar ákvarðanir voru staðfestar með úrskurði landbúnaðarráðuneytisins. Þá kvartaði A yfir málsmeðferð framangreindra stjórnvalda vegna þessara mála.

Umboðsmaður rakti 29. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sem fjallaði um útflutningsskyldu sauðfjárafurða og 2. gr. reglugerðar nr. 422/1996, um útflutning á kindakjöti, þar sem fjallað var um undanþágur frá útflutningsskyldu. Með hliðsjón af framangreindum ákvæðum komst umboðsmaður að þeirri niðurstöðu að sú ráðstöfun löggjafans að binda undanþágu frá útflutningsskyldu við það að fjárfjöldi væri undir tilteknu hlutfalli af ærgildum greiðslumarks hefði verið byggð á þeirri forsendu að heildarfjárfjöldi á því lögbýli er greiðslumarkið tilheyrði væri lagður til grundvallar þeim útreikningi enda greiðslumark skilgreint sem réttur lögbýlis. Taldi umboðsmaður því ekki ástæðu til athugasemda við þá niðurstöðu landbúnaðarráðuneytisins að við ákvörðun þess hvort skilyrði um undanþágu frá útflutningsskyldu hefðu verið uppfyllt hefði orðið að leggja til grundvallar heildarfjölda þess fjár sem var á fóðrum á lögbýlinu X.

Þá taldi umboðsmaður ekki ástæðu til að fjalla um þá tilhögun að framkvæmdanefnd búvörusamninga hefði verið fengið vald til að framfylgja þeim reglum er landbúnaðarráðherra hafði sett um leyfilegar undanþágur frá útflutningsskyldu. Hann taldi hins vegar að það hefði verið í samræmi við vandaða stjórnsýsluhætti að kveða skýrt á um það í reglugerð nr. 422/1996, um útflutning á kindakjöti, hver ætti að vera aðild nefndarinnar að umfjöllun og ákvarðanatöku um þær undanþágur sem til greina gátu komið samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar.

Umboðsmaður taldi að framleiðendur hefðu verulega hagsmuni af því að fá upplýsingar um fyrirsjáanlegan drátt á afgreiðslu umsókna um undanþágur frá útflutningsskyldu sauðfjárafurða. Fyrirmæli laga og ákvarðanir um framkvæmd útflutnings á kindakjöti fælu í sér inngríp í atvinnufrelsi manna og því brýnt að allar upplýsingar og ákvarðanir stjórnvalda sem beinast að framleiðendum og hafa þýðingu við skipulag atvinnureksturs þeirra liggi fyrir eins fljótt og kostur er. Niðurstaða umboðsmanns varð því sú að dregist hefði lengur en samræmst gæti málshraðareglu 9. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 að svara umsókn A eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að kynna honum að gögn úr talningu sauðfjár leiddu til þess að hann uppfyllti ekki lengur þau skilyrði til undanþágunnar sem áttu að vera uppfyllt samkvæmt umsókn hans. Auk þess taldi umboðsmaður að borið hefði að veita A færi á að tjá sig um upplýsingar sem aflað hefði verið og voru honum í óhag, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga. Þá taldi umboðsmaður ekki hægt að útiloka að A hefði orðið fyrir tjóni vegna þess hve seint hann fékk upplýsingar um afdrif umsóknar sinnar. Af þeim sökum beindi hann þeim tilmælum til landbúnaðarráðuneytisins að það tæki til sköðunar, ef ósk kæmi fram um það frá A, hvort og þá með hvaða hætti væri hægt að rétta hlut hans vegna dráttar á afgreiðslu umsóknar hans.

Þá taldi umboðsmaður að samkvæmt 20. gr. stjórnsýslulaga hefði framkvæmda-

nefnd búvörusamninga í stað Búnaðarsambands Z borið að taka afstöðu til umsókna um undanþágu frá útflutningsskyldu og tilkynna hlutaðeigandi aðilum um ákvörðunina. Benti umboðsmaður á að tilkynningu búnaðarsambandsins til A fylgdu hvorki leiðbeiningar um heimild A til að fá ákvörðun rökstudda né um kærueimild til landbúnaðarráðuneytisins.

Umboðsmaður taldi að framkvæmd landbúnaðarráðuneytisins á ákvæði 3. gr. reglugerðar nr. 422/1996 um aukna útflutningsskyldu hefði verið byggð á málefnalegum sjónarmiðum og verið í samræmi við tilgang laga nr. 124/1995, um breytingu á lögum nr. 99/1993. Því væri ekki tilefni til athugasemda við þennan þátt niðurstöðu ráðuneytisins í máli A. Þó taldi umboðsmaður að ákvæði reglugerðarinnar um undanþágu frá aukinni útflutningsskyldu hefðu ekki verið svo skýr sem æskilegt væri. Loks taldi umboðsmaður með hlíðsjón af 18. gr. stjórnáskýslulaga að frestur sem Framleiðsluráð landbúnaðarins veitti A til að koma að athugasemdum við bréf þar sem honum var tilkynnt um fyrirhugaða útflutningsskyldu hefði verið of skammur.

8.2.

**Innlausn á jarðarluta. Eignarnám. Sérstakt hæfi.
Stjórnvaldsákvörðun. Rannsóknarreglan. Meðalhófsreglan.
(Mál nr. 2807/1999)**

A kvartaði fyrir sína hönd og þriggja bræðra sinna yfir ákvörðun landbúnaðarráðuneytisins þar sem ábúanda á jörðinni X og eiganda hennar að $\frac{3}{4}$ var heimilúð innlausn á eignarluta A og bræðra hans í jörðinni.

Settur umboðsmaður rakti ákvæði 1. gr. jarðalaga nr. 65/1976 um tilgang laganna. Þá fjallaði hann um 13. gr. og 14. gr. sömu laga. Benti hann á að 13. gr. laganna veitir landbúnaðarráðherra heimild til að leyfa eiganda og ábúanda jarðar, þar sem skipting jarðar hefur átt sér stað og bú er ekki rekið á úrskiptum jarðarluta, að leysa til sín hinn úrskipta hluta og leggja til hinnar upphaflegu jarðar ef hagsmunir sveitarfélags krefjast þess og að fengnum meðmælum jarðanefndar og stjórnar Bændasamtaka Íslands. Ákvæði 14. gr. laganna veitir ráðherra ennfremur að sömu skilyrðum uppfylltum heimild til þess að leyfa ábúanda að leysa til sín eignarluta meðeigenda sinna sé jörð í sameign og einn sameigenda rekur bú á jörðinni og hefur þar fasta búsetu.

Um þann þátt kvörtunarinnar er laut að málsmeðferð umsagnaraðila vék settur umboðsmaður að dómi Hæstaréttar í máli nr. 324/1999. Taldi hann álit umsagnaraðila ekki stjórnvaldsákvörðun í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnáskýslulaga nr. 37/1993 og að þeim hefði ekki verið skylt að lögum að leita eftir sjónarmiðum aðila máls þótt það teldist almennt til vandaðra stjórnáskýsluhátta að leita eftir slíkum sjónarmiðum. Þá benti hann á að álitsöflun ráðuneytisins breytti ekki skyldum þess til að sjá til þess að málsmeðferð við úrlausn málsins væri í samræmi við stjórnáskýslulög.

Kvörtunin laut ennfremur að meintu vanhæfi oddvita Y-hrepps við umfjöllun sveitarfélagsins um innlausnarbeiðnina. Taldi settur umboðsmaður að beita bæri 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 um álitaefnið, sbr. 2. mgr. 2. gr. stjórnáskýslulaga. Áleit hann að þau atriði sem tilgreind voru í kvörtuninni yrðu ekki talin leiða til vanhæfis samkvæmt greininni. Þá var jafnframt kvartað yfir því að vanhæfur starfsmaður ráðuneytisins hefði annast undirbúning og meðferð málsins. Var þar vísað til þess að viðkomandi starfsmaður hefði staðið í samningaviðræðum um starf hjá lögmanni innlausnarbeiðanda þegar hann undirritaði frávisun á kæru A og bræðra hans og þegar hann tók ákvörðun um frest til að gera athugasemdir við bréf lögmanns innlausnarbeiðanda og tvö önnur bréf vegna málsins. Settur umboðsmaður taldi engar vísbendingar að finna um það í málinu að starfsmaðurinn hefði verið kominn í viðræður um starf hjá lögmanni innlausnarbeiðanda þegar hann vísaði kæru A og bræðra hans frá

ráðuneytinu. Upplýst var hins vegar að hann hafði sótt um starfið þegar hann tók ákvörðun um frest til að koma að skriflegum athugasemdum. Taldi settur umboðsmaður að samkvæmt 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnarsýslulaga hefði starfsmanninum þá vegna hagsmunatengsla ekki verið rétt að taka þátt í undirbúningi málsins. Hefði honum borið samkvæmt 5. gr. sömu laga að tilkynna yfirmanni sínum um þær ástæður sem gátu valdið vanhæfi. Að öðru leyti taldi settur umboðsmaður umrætt kvörtunar-efni ekki gefa tilefni til frekari athugasemda.

Settur umboðsmaður rakti með hvaða hætti eignarhald A og bræðra hans hefði verið háttáð á jörðinni og mannvirkjum á henni. Samkvæmt skýringum landbúnaðarráðuneytisins náði hin heimilaða innlausn jafnt til úrskipts hluta jarðarinnar samkvæmt lands- og eignarskiptasamningi frá 1982, sem tilheyrði A og bræðrum hans, og sumarbústaðar sem var á þeim hluta, sem og óskiptrar sameignar þeirra og ábúanda jarðarinnar á landsvæði og mannvirkjum á henni. Í þessu sambandi vék settur umboðsmaður að 10. gr. stjórnarsýslulaga um skyldu stjórnvalds til að upplýsa mál og 12. gr. sömu laga um meðalhóf. Taldi hann með vísan til síðarnefnda ákvæðisins að íhlutun sú sem greindi í málinu mætti ekki ganga lengra en nauðsyn krefði með hliðsjón af tilgangi jarðalaga. Af því leiddi að þótt innlausn kynni að reynast nauðsynleg yrði stjórnvald að huga að því hversu langt hún skyldi ná og hversu þungbær hún ætti að vera ef til greina kæmi að velja fleiri en eina lausn. Þá rakti settur umboðsmaður þá grundvallarreglu íslensks stjórnarsýsluréttar að stjórnvaldsákvörðun skuli vera skýr þannig að málsaðilar geti skilið hana og metið réttarstöðu sína. Taldi settur umboðsmaður að önnur sjónarmið ættu við um hina úrskiptu landspildu samkvæmt þinglýstum lands- og eignarskiptasamningi en um það land sem áfram var í sameign. Yrði að ætla að meðalhófsreglan setti því enn ríkari skorður en ella hversu langt yrði gengið varðandi innlausn eignarréttinda þegar sameign hefur verið skipt upp með þessum hætti. Taldi hann með hliðsjón af þessu að skýrara hefði verið að tiltaka nákvæmlega í ákvörðun um innlausn þær eignir sem innlausnin tók til.

Þá vék settur umboðsmaður að undirbúningi málsins af hálfu ráðuneytisins með hliðsjón af því lagaskilyrði að hagsmunir sveitarfélags yrðu að krefjast innlausnar. Var önnur ástæða ákvörðunar ráðuneytisins sú að ábúandi hugðist taka upp nýja búskaparhætti sem krefðust aukins landrýmis. Þá var á því byggt að ósamkomulag hafi verið milli ábúanda og meðeigenda hans að jörðinni. Settur umboðsmaður taldi að nauðsynlegt hefði verið af hálfu ráðuneytisins að afla ítarlegrar greinargerðar um hvaða breytta búskap fyrirhugað var að taka upp eða hvaða land gat komið að notum í því sambandi ásamt mati á gæðum landsins. Þá var ekki heldur að finna í gögnum málsins áætlun um hvernig unnt væri að réttlæta þá breyttu búskaparhætti fjárhagslega, tímasetningar, hugsanlega rekstrarafkomu eða hvaða land jarðarinnar eða aðrar eignir nauðsynlegt var að innleysa til að hrinda mætti áætluninni í framkvæmd. Um síðarnefndu ástæðuna taldi settur umboðsmaður að ósamkomulag aðila gæti verið lögmætt sjónarmið sem styðja mætti niðurstöðu um innlausn við. Þó yrðu aðstæður þá að vera með þeim hætti að engin önnur úrræði en innlausn væru tiltæk til að halda við búskap á jörðinni. Taldi settur umboðsmaður að í því máli sem hér var til umfjöllunar hefði verið eðlilegt að kanna hvort unnt hefði verið að sætta aðila með öðrum úrræðum en innlausn.

Þar sem hvorki hafi verið gætt við undirbúning málsins að afla fullnægjandi gagna að mati setts umboðsmanns né að sætta aðila áður en til innlausnar var gripið taldi hann að ákvörðunin væri haldin verulegum ágöllum. Því beindi hann þeim tilmælum til landbúnaðarráðuneytisins að það tæki innlausnarbeiðnina til meðferðar á ný færðu kvartendur fram á það. Var þá mælt til þess að málsmeðferð yrði hagað í samræmi við þau sjónarmið sem gerð hafði verið grein fyrir í álitinu.

Með bréfi til landbúnaðarráðuneytisins, dags. 23. janúar 2001, óskaði umboðsmaður Alþingis eftir upplýsingum um hvort A, B, C og D hefðu leitað til landbúnaðarráðuneytisins á ný og þá hvort einhverjar ákvarðanir hefðu verið teknar af því tilefni. Í svari ráðuneytisins, dags. 9. febrúar 2001, segir meðal annars svo:

„Sem svar við bréfi yðar skal upplýst að með bréfi dags. 25. október 2000 óskaði [A] f.h. sjálfs sín og [B], [C] og [D] eftir endurupptöku á framangreindri ákvörðun landbúnaðarráðuneytisins dags. 21. júní 1999. Erindið hefur verið sent aðilum og þeim gefinn kostur á að neyta andmælaréttar og að leggja fram ný gögn. Frestir til að skila athugasemdum og gögnum eru liðnir. Ráðuneytið hefur enn engar ákvarðanir tekið í málinu en fyrirhugað er að það verði gert á næstu vikum.“

9.0. Lögheimili.

9.1.

Birting ákvörðunar. Leiðbeiningarskylda. (Mál nr. 2885/1999)

A kvartaði yfir afgreiðslu Hagstofu Íslands á tilkynningu hans um nýtt lögheimili. Jafnframt kvartaði A yfir því að honum hefði einungis verið tilkynnt munnlega um synjunina og að honum hefði verið neitað um skriflegan rökstuðning fyrir henni.

Hagstofan synjaði A um að skrá lögheimili hans í samræmi við skriflega flutningstilkynningu. Byggði hagstofan synjunina á því að henni hefði verið kunnugt um að sá staður sem A gaf upp sem heimili sitt væri ekki heimili hans. Þessu mótmælti A en skýrði það ekki frekar. Með hliðsjón af skýringum hagstofunnar og framvindu málsins eftir synjunina taldi umboðsmaður ekki tilefni til þess að fjalla frekar um þennan þátt kvörtunar A.

Umboðsmaður benti á að ákvörðun sem tekin væri vegna tilkynningar einstaklings til Hagstofu Íslands um breytt lögheimili teldist stjórnvaldsákvörðun í skilningi stjórn-sýslulaga. Taldi umboðsmaður að á grundvelli meginreglu 1. mgr. 20. gr. stjórn-sýslulaga nr. 37/1993 og í samræmi við vandaða stjórn-sýsluhætti hefði hagstofunni borið að tilkynna A skriflega um þá ákvörðun að hafna því að skrá lögheimili einstaklings til samræmis við skriflega flutningstilkynningu. Þá hefði hagstofunni einnig borið að veita A leiðbeiningar um rétt hans til að fá ákvörðunina rökstudda samkvæmt 1. tölul. 2. mgr. 20. gr. stjórn-sýslulaga.

Beindi umboðsmaður þeim tilmælum til hagstofunnar að hún tæki framvegis mið af þeim sjónarmiðum sem fram kæmu í álitinu hans. Hins vegar sá hann ekki ástæðu til að beina sérstökum tilmælum til hennar vegna þeirrar ákvörðunar sem var til umfjöllunar í álitinu. Taldi hann að þeir annmarkar sem voru á afgreiðslu hagstofunnar á tilkynningu A um nýtt lögheimili hans leiddu ekki til þess að ógilda bæri hina umdeildu ákvörðun. Þá leit umboðsmaður svo á að rökstuðningur hagstofunnar væri A nú kunnur og engin ástæða væri til þess að frekar yrði aðhafst í þeim efnun.

10.0. Málsmeðferð stjórnvalda.

10.1. Stjórnsýslukæra. Kæruheimild. Eftirlitsskylda stjórnvalda. Leiðbeiningarskylda. Rannsóknarreglan. Áfengismál. (Mál nr. 2574/1998)

A ehf. kvartaði yfir afgreiðslu fjármálaráðuneytisins á stjórnsýslukæru hans vegna meintrar misnotkunar fyrrverandi starfsmanns ÁTVR á stöðu sinni og óljósum svörum og afskiptaleyzi yfirboðara umrædds starfsmanns.

Umboðsmaður rakti ákvæði 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og benti á að að kæruheimild ákvæðisins væri einskorðuð við stjórnvaldsákvörðanir sem teknar væru af lægra settum stjórnvöldum, sbr. álit umboðsmanns í máli nr. 2449/1998. Þá benti umboðsmaður á að niðurstaða þess hvort fara skuli með erindi sem stjórnsýslukæru ræðst af könnun æðra stjórnvalds á erindi hverju sinni. Þegar efni kæru væri óskýrt bæri æðra stjórnvaldi í samræmi við 7. og 10. gr. stjórnsýslulaga að inna aðila eftir nánari upplýsingum um hvaða ákvörðun sé um að ræða, hvort verið sé að kæra ákvörðunina, um kröfur aðila og rök svo og um aðrar nauðsynlegar upplýsingar er málið snerta.

Þá rakti umboðsmaður ákvæði laga nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak, með síðari breytingum, og reglugerðar nr. 205/1998, um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, og 5. tölul. 5. gr. reglugerðar nr. 96/1969, um Stjórnarráð Íslands. Með hliðsjón af ákvæðunum benti umboðsmaður á að yfirstjórn ÁTVR væri í höndum fjármálaráðherra. Af því leiddi að fjármálaráðuneytið væri æðra stjórnvald gagnvart stofnuninni. Aðstaðan væri því sú að kæra mætti ákvörðanir ÁTVR til fjármálaráðuneytisins, sbr. 1. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga. Þá hefði fjármálaráðuneytið sem æðra stjórnvald á þessu sviði eftirlit með og gæti breytt ákvörðunum ÁTVR, eftir atvikum að eigin frumkvæði, og gefið stofnuninni fyrirmæli. Leiddi þetta af almennum reglum stjórnsýsluréttar um skipti æðra og lægra settra stjórnvalda, sbr. einnig 1. mgr. 9. gr. laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, þar sem mælt er svo fyrir að ráðuneyti hafi eftirlit með starfrækslu stofnana sem undir það falla. Benti umboðsmaður á að í eftirliti fjármálaráðherra með ákvörðunum og starfsemi ÁTVR fælist m.a. eftirlit með því að farið væri að lögum við starfsemi og rekstur stofnunarinnar. Bærst ráðherra erindi þar sem athygli hans væri vakin á því að starfsemi ÁTVR kynni með einhverjum hætti að fara í bága við lög gæti slíkt erindi orðið ráðherra tilefni til að grípa til ráðstafana af þeim sökum á grundvelli almennra stjórnunar- og eftirlitsheimilda sinna. Skipti út af fyrir sig ekki máli í því sambandi þótt erindi fæli ekki í sér kæru á tiltekinni ákvörðun ÁTVR. Aftur á móti væri almennt undir ráðherra sjálfum komið hvort hann teldi slíkt erindi gefa tilefni til einhverra viðbragða af sinni hálfu á framangreindum grundvelli. Á þeirri embættisfærslu sinni bæri ráðherra ábyrgð samkvæmt almennum reglum, sbr. lög nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð.

Umboðsmaður benti á að þrátt fyrir að fyrirsögn erindis A ehf. hefði gefið til kynna að um væri að ræða stjórnsýslukæru á ótilgreindri ákvörðun ÁTVR hefði erindið borið með sér að tilefni þess hafi verið hin ætlaða misnotkun starfsmanns stofnunarinnar og aðgerðarleysi sem A ehf. taldi að orðið hefði af hendi stjórnar og forstjóra ÁTVR á að bregðast við henni. Ráðuneytið leit hins vegar svo á að fara bæri með erindi A ehf. sem stjórnsýslukæru vegna ótilgreindra ákvörðana ÁTVR um val á vörum til sölu í verslunum stofnunarinnar. Taldi umboðsmaður það í ljós leitt að fjármálaráðuneytið hefði ekki tekið erindi A ehf. til meðferðar á réttum grundvelli enda fram komið af hálfu A ehf. að erindið hafi ekki lotið að tilgreindum ákvörð-

unum ÁTVR um val á vintegundum til sölu í verslunum stofnunarinnar. Hafði A ehf. lagt á það áherslu að umkvörtunarefni þess hafi verið sú meinta misnotkun starfsmanns stofnunarinnar sem A ehf. taldi fólga í því að viðkomandi starfsmaður hefði nýtt sér tengsl sín við erlenda vínframleiðendur til að afla fyrirtæki sem hann tengdist umboða fyrir vintegundir og með því skaðað samkeppnishagsmuni A ehf. Taldi umboðsmaður að erindi A ehf. hefði í lagalegu tilliti einungis falið í sér ábendingu til ráðuneytisins sem æðra stjórnvalds á þessu sviði um tiltekna brotalöm í starfsemi ÁTVR og eftir atvikum vanrækslu stjórnar og/eða forstjóra stofnunarinnar á að bregðast við henni.

Niðurstaða umboðsmanns varð því sú að fjármálaráðuneytið hefði ekki tekið erindi A ehf. til ráðuneytisins til meðferðar á réttum grundvelli. Af því leiddi að úrlausn ráðuneytisins tók ekki með viðhlítandi hætti mið af því meginefni erindisins að tiltekinn starfsmaður ÁTVR hefði misnotað stöðu sína með tilteknum hætti og með því skaðað samkeppnishagsmuni A ehf. Beindi umboðsmaður þeim tilmælum til fjármálaráðuneytisins að það leysti úr þessu erindi A ehf. kæmi fram ósk um það frá því og tæki þá mið af þeim sjónarmiðum sem rakin væru í álitinu. Umboðsmaður tók fram að eins og lagalegum grundvelli erindis A ehf. væri háttáð teldi hann að A ehf. ætti ekki lögvarinn rétt til þess að fjármálaráðuneytið hlutaðist til um það á grundvelli almennra stjórnunar- og eftirlitsheimilda sinna sem æðra stjórnvald að fram færi frekari rannsókn á málinu eða að gripid væri til annarra ráðstafana sem því kynni að vera tækar. Væri það því á valdi ráðuneytisins að ákveða hver viðbrögð þess við erindinu væru. Umboðsmaður taldi hins vegar að í samræmi við vandaða stjórnslu- hætti bæri stjórnvaldi að gæta þess að samræmi væri á milli efnis erindis sem því berst og svars sem það lætur uppi af því tilefni.

11.0. Námslán og námsstyrkir.

11.1.

Rannsóknarreglan. Rökstuðningur. (Mál nr. 2891/1999)

Stúdentaráð Háskóla Íslands kvartaði yfir úrskurði málskotsnefndar Lánasjóðs íslenskra námsmanna í máli A. Taldi málskotsnefndin að útreikningur námslána A námsárið 1998–1999 væri í samræmi við úthlutunarreglur lánasjóðsins og að úthlutunarreglur brytu ekki í bága við lög eða reglugerð um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Ágreiningur í málinu laut einkum að því hvort ákvörðun stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna um þær fjárhæðir sem leggja bæri til grundvallar við útreikning námslána námsárið 1998–1999 tryggði það að námslán nægðu námsmönnum til að standa straum af náms- og framfærslukostnaði og að undirbúningi þeirrar ákvörðunar. Taldi stúdentaráð að stjórn sjóðsins hefði ekki sinnt því lögbundna hlutverki sínu að annast gagnaöflun varðandi þörf námsmanna á námslánnum.

Umboðsmaður rakti ákvæði laga nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, sem fjalla um hlutverk og tilgang lánasjóðsins, stjórnar hans og málskotsnefndarinnar. Gerði hann grein fyrir þeirri afstöðu málskotsnefndarinnar að við framkvæmd eftirlitshlutverks síns samkvæmt 5. gr. a laga nr. 21/1992 hlyti hún að líta til þess hvort sjóðurinn hefði sett sér stjórnvaldsreglur sem brytu í bága við lög og reglugerð sem um sjóðinn gilda. Umboðsmaður greindi síðan frá því að gögn málsins hefðu ekki að geyma upplýsingar um grundvöll þeirra tölulegu viðmiðana sem fram kæmu í úthlutunarreglum lánasjóðsins umrætt námsár. Þá benti umboðsmaður á að nefndin hefði upplýst að hún hefði ekki fjallað sérstaklega um gagnaöflun stjórnar lánasjóðsins í málinu eða lagt efnislegt mat á tölulegar viðmiðanir stjórnarinnar áður en hún kvað upp úrskurð sinn.

Var það niðurstaða umboðsmanns að málskotsnefnd Lánasjóðs íslenskra námsmanna hefði ekki rannsakað mál þetta svo sem nauðsynlegt hefði verið áður en ákvörðun var tekin í því, sbr. 10. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Hefði málskotsnefndinni hvorki verið mögulegt að leggja mat á og gera grein fyrir afstöðu sinni til þess, sbr. 31. gr., sbr. 22. gr. stjórnarsýslulaga hvort stjórn lánasjóðsins hefði sinnt því hlutverki sínu að annast gagnaöflun varðandi þörf námsmanna á námslánnum, né hvort þær tölulegu viðmiðanir sem lágu til grundvallar við útreikning námslána námsárið 1998 fullnægðu kröfu laganna um að lánin nægðu til að standa straum af náms- og framfærslukostnaði.

Beindi umboðsmaður þeim tilmælum til málskotsnefndarinnar að hún tæki málið til skoðunar á ný ef þess yrði óskað.

Með bréfi til málskotsnefndar Lánasjóðs íslenskra námsmanna, dags. 27. febrúar 2001, óskaði ég eftir upplýsingum um hvort leitað hefði verið til nefndarinnar á ný og þá hvort einhverjar ákvarðanir hefðu verið teknar af því tilefni.

Samkvæmt upplýsingum frá málskotsnefndinni hafði verið leitað til nefndarinnar en niðurstaða í málinu lá ekki fyrir þegar skýrslan fór í prentun.

12.0. Opinberir starfsmenn.

12.1. Kjaranefnd. Laun. Rökstuðningur. Leiðbeiningarskylda. Sjórnarmið sem ákvörðun verður byggð á. (Mál nr. 2496/1998)

A, skrifstofustjóri í Stjórnarráði Íslands, kvartaði yfir þremur ákvörðunum kjaranefndar sem vörðuðu fasta mánaðarlega greiðslu til A í formi eininga fyrir alla yfirvinnu og álag sem fylgdi starfi A. Laut kvörtunin annars vegar að rökstuðningi kjaranefndar fyrir ákvörðun um fjölda eininga en hins vegar að því að fyrsta ákvörðun nefndarinnar hefði ekki verið byggð á lögmætum sjórnarmiðum.

Settur umboðsmaður benti á að um réttindi og skyldur skrifstofustjóra í Stjórnarráði Íslands færi eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og teldust þeir til embættismanna, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 22. gr. laganna. Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd, sbr. 56. gr. laga nr. 70/1996, ákveður kjaranefnd laun og önnur starfskjör þeirra en ákvæði 1. másl. 1. mgr. 11. gr. sömu laga hefur verið skilið svo að nefndin ákvarði heildarlaun þeirra embættismanna sem falla undir úrskurðarvald hennar, sbr. álit umboðsmanns Alþingis í málum nr. 2271 og 2272/1997. Til viðbótar heildarlaunum samkvæmt ákvörðun kjaranefndar gætu þá einvörðungu komið laun fyrir aukastarf, enda hafi nefndin komist að þeirri niðurstöðu að það tilheyri ekki aðalstarfi og skuli því launa sérstaklega, sbr. 2. másl. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 120/1992. Ákvörðun um fjárhæð launa fyrir aukastarf væri hins vegar ekki í höndum kjaranefndar. Benti settur umboðsmaður á að kjaranefnd hefði nýtt sér heimild 3. másl. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 120/1992, sbr. 56. gr. laga nr. 70/1996, um að taka tillit til sérstakrar hæfni sem nýtist í starfi og sérstaks álags sem starfinu fylgir með ákvörðun um fjölda mánaðarlegra eininga sem ákveðinn skyldi sérstaklega fyrir hvern skrifstofustjóra að fengnum upplýsingum frá viðkomandi ráðuneyti. Voru laun skrifstofustjóranna fyrir alla yfirvinnu og álag sem starfi fylgir þannig ákveðin í einu lagi en samkvæmt framangreindu áliti umboðsmanns var kjaranefnd heimilt að hafa þennan hátt á.

Settur umboðsmaður tók fram að fyrirliggjandi ákvarðanir kjaranefndar um starfskjör skrifstofustjóranna, sem gengu út á það að föst mánaðarlaun þeirra skyldu vera jöfn, væru í samræmi við það megin sjórnarmið að starfsmenn fái greidd jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf, sbr. 4. gr. laga nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Benti hann á að bein heimild fælist í 3. másl. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 120/1992 til að víkja frá jöfnuði í launum og minnti jafnframt á að gera yrði þá kröfu við beitingu hennar að ákvörðun sem styðst við hana sé rökstudd sérstaklega þannig að ekki fari á milli mála að tiltekna hlutlægar mál-efnalegar ástæður liggja til grundvallar henni. Með hliðsjón af ummælum í lögskýringargögnum með stjórnarsýslulögum nr. 37/1993 og skýrum ákvæðum 1. og 2. gr. sömu laga sem og gagnályktun frá 1. másl. 2. mgr. 2. gr. og þar sem hvorki væri kveðið sérstaklega á um rökstuðning fyrir ákvörðunum kjaranefndar í 9. gr. laga nr. 120/1992 sem fjallar um málsmeðferð fyrir kjaranefnd né meginreglum þeim sem Kjaradómur hefur sett um úrskurði nefndarinnar á grundvelli 7. gr. laganna taldi settur umboðsmaður að ákvæði 22. gr. stjórnarsýslulaga ættu við um rökstuðning kjaranefndar. Taldi hann að þar sem ákvörðun kjaranefndar um laun skrifstofustjóra og önnur starfskjör þeirra byggðist á matskenndum efnisþáttum 10. og 11. gr. laga nr. 120/1992 hefði kjaranefnd í rökstuðningi sínum fyrir ákvörðun um fjölda eininga til handa A borið að

draga fram þau meginsjónarmið sem ráðandi voru við ákvörðun hennar, sbr. 1. mgr. 22. gr. stjórnslulaga.

Þá taldi settur umboðsmaður að kjaranefnd hefði verið alfarið óbundin af fyrri ákvörðunum stjórnvalda um laun skrifstofustjóranna þar sem ákvarðanirnar hefðu fallið niður þegar fyrsti úrskurður kjaranefndar um launakjör þeirra á grundvelli laga nr. 120/1992 öðlaðist gildi. Benti hann á að grundvöllur ákvarðana kjaranefndar er sneru að launum fyrir „óunna yfirvinnu“ hefði verið óljós þar sem kjaranefnd hefði ekki haft undir höndum upplýsingar um það hvað ráðið hefði fjölda vinnustunda fyrir „óunna yfirvinnu“ í einstökum tilvikum og þar af leiðandi ekki getað lagt mat á réttmæti þeirrar mismununar sem í þeim fólst. Þar með lá ekkert fyrir um það hvort kjaranefnd hefði stuðst við málefnaleg sjónarmið. Taldi settur umboðsmaður að af þessu leiddi að ákvarðanir um laun fyrir „óunna yfirvinnu“ hefðu verið ótækar sem viðmið í nýrri launaákvörðun og að kjaranefnd hefði ekki verið heimilt að taka mið af þessum greiðslum til skrifstofustjóranna þegar hún ákvarðaði þeim laun fyrir alla yfirvinnu og álag sem starfi þeirra fylgir í formi eininga.

Að lokum taldi settur umboðsmaður að ákvörðun kjaranefndar hefði farið í bága við 1. tölul. 2. mgr. 20. gr. stjórnslulaga þar sem ekki var að finna leiðbeiningar um heimild aðila til að fá ákvörðun rökstudda.

Beindi settur umboðsmaður þeim tilmælum til kjaranefndar að hún tæki umræddar ákvarðanir sínar til endurskoðunar kæmi fram ósk um það frá A.

12.2. Staðfesting ráðningarsamnings. Vandaðir stjórnsluluhættir.

Stjórnslulukæra. Eftirlit ráðuneyta með lægra settum stjórnvöldum.
Skyldubundið mat. Rökstuðningur. Andmælaréttur. Rannsóknarreglan.
(Mál nr. 2569/1998)

A kvartaði yfir úrskurði utanríkisráðuneytisins í tilefni af stjórnslulukæru hans vegna ákvörðunar ríkislögreglustjóra og lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli um að ráða hann ekki til sumarafleysingastarfa hjá lögreglunni á Keflavíkurflugvelli. Hafði embætti ríkislögreglustjóra synjað um staðfestingu á ráðningarsamningi A við lögreglustjóran á Keflavíkurflugvelli með vísan til brotaferils A.

Umboðsmaður rakti ákvæði 3. tölul. 28. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, sem mælir fyrir um heimild ríkislögreglustjóra til þess að ráða mann tímabundið til lögreglustarfa vegna þar til greindra ástæðna, enda fullnægi hann skilyrðum 2. mgr. 38. gr. laganna og enginn með próf frá Lögregluskóla ríkisins er tiltækur í starfið. Með vísan til fyrirmæla ríkislögreglustjóra á grundvelli þessa ákvæðis var talið ljóst að fullgildur samningur um ráðningu til afleysinga hjá lögreglunni gat ekki komist á fyrr en með samþykki ríkislögreglustjóra. Hins vegar gerði umboðsmaður athugasemd við verklag það sem viðhaft var við staðfestingu ráðningarsamningsins.

Þá rakti umboðsmaður ákvæði 49. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en þar segir að ákvörðun samkvæmt þeim lögum verði ekki skotið til æðri stjórnvalda nema öðruvísi sé fyrir mælt í einstökum ákvæðum þeirra. Átti A samkvæmt þessu ákvæði ekki rétt á því að fá synjun ríkislögreglustjóra á ráðningarsamningnum endurskoðaða af æðra stjórnvaldi að mati umboðsmanns. Hins vegar taldi hann að ákvæðið tæki aðeins til málskots samkvæmt 26. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Var það niðurstaða umboðsmanns, m.a. með vísan til 14. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, að það kæmi ekki í veg fyrir að utanríkisráðuneytinu væri heimilt að fjalla um erindi A þótt því væri ekki skylt að taka það til úrskurðar sem stjórnslulukæru á grundvelli 26. gr. stjórnslulaga. Beindist athugun umboðs-

manns því jafnt að ákvörðun ríkislögreglustjóra og þeirri efnislegu afstöðu til hennar sem fram kom í úrskurði utanríkisráðuneytisins.

Sú krafa er gerð í a-lið 2. mgr. 38. gr. lögreglulaga að lögreglumannsefni megi ekki hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum. Var það álit umboðsmanns að almenn hæfisskilyrði til þess að hljóta tíma-bundna ráðningu í lögreglustarf væru tæmandi talin í 2. mgr. 38. gr. Af þessu leiddi hins vegar ekki að óheimilt væri við ráðningu afleysingamanna í lögreglunni að líta eftir atvikum til þeirra sjónarmiða sem tilgreind væru í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 490/1997, um Lögregluskóla ríkisins, og snúa að vammleysi þeirra sem falið er að gegna löggæslustörfum. Þó tók umboðsmaður fram að við mat handhafa veitingarvalds á starfshæfni umsækjenda gildi sú almenna regla að það mat yrði ekki afnumið eða takmarkað verulega með verklagsreglum uppfyllti umsækjandi almenn starfs-gengisskilyrði laga og stjórnvaldsfyrirmæla. Væri því almennt óheimilt að vísa einstökum umsóknum frá samræmdu mati handhafa veitingarvalds á grundvelli málf-efnalegra sjónarmiða með vísan til slíkra verklagsreglna sem ganga lengra að efni til en almenn hæfisskilyrði laga og stjórnvaldsfyrirmæla.

Í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 490/1997 er mælt fyrir um að valnefnd Lög-regluskóla ríkisins sé heimilt að líta til atriða varðandi umsækjendur sem geta gefið til kynna að viðkomandi muni eiga erfitt með að sinna lögreglustarfi svo að vel fari, svo sem vegna óreglusemi, fjárhagsvanda, eða vegna þess að hann hefur hlotið dóm fyrir brot á sérrefsilöggjöf. Taldi umboðsmaður ljóst að samkvæmt þessu ákvæði væri nauðsynlegt að meta í hverju tilviki fyrir sig hvaða áhrif brot viðkomandi á sérrefsi-löggjöf hefði á hæfni hans til þess að sinna lögreglustarfi svo vel færi. Þá taldi umboðsmaður að vinnureglur valnefndar lögregluskólans, sem vísað var til í rök-stuðningi embættis ríkislögreglustjóra og úrskurði utanríkisráðuneytisins, yrði að telja nánari útfærslu á því sem fram kæmi í 2. mgr. 4. gr. framangreindrar reglugerðar og að þeim reglum skuli aðeins beitt þannig að ákvörðun taki mið af aðstæðum í hverju máli fyrir sig. Var það niðurstaða umboðsmanns að ekki hefði farið fram sér-stakt mat af hálfu embættis ríkislögreglustjóra hvort brot A á sérrefsilöggjöf hefðu verið þess eðlis að þau drægju úr hæfni hans til þess að sinna lögreglustarfi svo vel færi heldur var látið við það sitja að vísa til vinnureglna valnefndar lögregluskólans. Taldi umboðsmaður það ekki í samræmi við þá meginreglu íslensks stjórnvísuluréttar að mat stjórnvalda skuli ekki afnumið eða takmarkað verulega á grundvelli slíkra reglna.

Þá taldi umboðsmaður það vafa undirorpið, með hliðsjón af því sem fram kæmi í lögskýringargögnum, hvort unnt væri að leggja dóm fyrir brot á almennum hegn-ingarlögum að jöfnu við annars konar lyktir mála í kjölfar brota á almennum hegn-ingarlögum. Taldi hann að sama ætti við um hugsanlega löggjöfnun frá ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 490/1997 sem og viðkomandi ákvæði í vinnureglum valnefndar lögregluskólans. Í málinu lá fyrir að A hafði hvorki hlotið dóm fyrir almennt hegn-ingarlagabrot né sérrefsilagabrot. Taldi umboðsmaður að þegar ákvörðun í máli byggðist á umdeilanlegri lögskýringu af þessu tagi yrði að gera þá kröfu að gerð væri nokkur grein fyrir henni í rökstuðningi samkvæmt 22. gr. stjórnvísululaga nr. 37/1993.

Að mati umboðsmanns var ekki ljóst hvaða þýðingu óstaðfestar upplýsingar um meinta ólöglega lyfjanotkun A hefði haft á ákvörðun ríkislögreglustjóra í málinu. Þó taldi hann ástæðu til að taka fram að ákvörðun um veitingu á opinberu starfi yrði ekki byggð á sögusögnum um ámælisverða háttsemi án ítarlegrar rannsóknar á máls-atvikum þar sem viðkomandi umsækjanda væri ennfremur veittur kostur á að koma að athugasemdum sínum í samræmi við 10. og 13. gr. stjórnvísululaga. Ætti það jafnt við um þær aðstæður þegar slíkar upplýsingar hefðu bein áhrif á niðurstöðu handhafa

veitingarvalds sem og þegar þær kæmu til athugunar við mat á því hvort víkja skyldi frá undanþægum reglum eða hefðu að öðru leyti þýðingu við túlkun slíkra reglna.

Með vísan til framangreinds var það niðurstaða umboðsmanns að annmarkar á synjun ríkislögreglustjóra á að staðfesta ráðningarsamning A við lögreglustjórann á Keflavíkurflugvelli hefðu verið verulegir. Þá taldi hann ljóst að þessi annmarkar hefðu verið til þess fallnir að raska hagsmunum A. Því beindi umboðsmaður þeim tilmælum til ríkislögreglustjóra að hann tæki til athugunar hvort og þá með hvaða hætti hlutur A skyldi réttur kæmi fram ósk um það frá honum.

Með bréfi til ríkislögreglustjóra, dags. 23. janúar 2001, óskaði ég eftir upplýsingum um hvort A hefði leitað til hans á ný og þá hvort einhverjar ákvarðanir hefðu verið teknar af því tilefni. Í svari ríkislögreglustjóra, dags. 29. janúar 2001, segir meðal annars svo:

„Með bréfi, dags. 25. júlí 2000, leitaði [A] til ríkislögreglustjórans þar sem hann segir m.a.: „Álit umboðsmanns Alþingis verður að telja afskaplega afdráttarlaust og verður vart túlkað á annan veg en svo að eðlilegt sé að þér endurskoðið hug yðar til mín sem umsækjanda um afleysingarstarf í lögreglu.“

Erindi [A] var svarað með bréfi til hans, dags. 9. ágúst 2000, þar sem honum var skýrt frá ákvæðum lögreglulaga sem gilda um ráðningar afleysingamanna í lögreglu. Honum var leiðbeint um hvar voru lausar stöður lögreglumanna á þessum tíma, hvernig hann gæti með auðveldum hætti fylgst með auglýsingum, t.d. á heimasíðu lögreglunnar, og hvattur til að sækja um hjá því lögregluembætti sem hann hefði áhuga á að starfa hjá.

Í framhaldi af þessu er mér kunnugt um að [A] setti sig í samband við yfirlögregluþjón á Keflavíkurflugvelli, [X], og falaðist eftir stöðu afleysingamanns þar. [X] ræddi við undirritaðan og lýsti ég því yfir við hann að ekkert yrði því til fyrirstöðu að staðfesta tímabundinn ráðningarsamning við [A], á meðan engir umsækjendur með próf frá Lögregluskóla ríkisins væru tiltækir. Í framhaldi af þessu, þar sem enginn með próf frá lögregluskólanum var tiltækur, bauð [X] [A] starf afleysingamanns í lögreglu. Nokkru síðar hafði [A] samband við [X] og afþakkaði þar sem honum hefði boðist fast starf blaðamanns hjá [Y]. S.l. föstudag hafði ég símasamband við [X] til þess að kanna hvort eitthvað frekar hafi gerst í málinu. [X] sagði svo ekki vera enda hefði A fengið fasta stöðu hjá [Y] eins og áður segir.

Ríkislögreglustjóranum er ekki kunnugt um að [A] hafi sótt formlega um stöðu afleysingamanns í lögreglu eftir að álit yðar lá fyrir enda nú fastráðinn sem blaðamaður samkvæmt upplýsingum [X]. Ríkislögreglustjórinn telur sig, með bréfi til [A], dags. 9. ágúst 2000, og munnlegu samþykki við yfirlögregluþjón á Keflavíkurflugvelli um ráðningu hans, hafa fullnægt ósk umboðsmanns um að taka til athugunar hvort og með hvaða hætti hlutur [A] skyldi réttur, þó svo [A] hafi síðan kosið að ganga til annarra starfa.“

12.3. Kjaranefnd. Laun. Aukastarf. Skyldubundið mat. Jafnræðisregla. Rökstuðningur. Leiðbeiningarskylda. Aðgangur að gögnum. (Mál nr. 2606/1998)

A kvartaði yfir úrskurði kjaranefndar um launakjör hans sem forstjóra X. Þá kvartaði A yfir því að hann ætti ekki rétt til sérstakra launa fyrir starf sem hann hafði haft með höndum í Kvikmyndaskoðun samkvæmt lögum nr. 47/1995, um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum.

A var skipaður forstjóri X um mitt ár 1995 og í apríl sama ár í Kvikmyndaskoðun til þriggja ára. Kjaranefnd ákvað að frá og með 1. maí 1998 skyldi starf A í Kvikmyndaskoðun tilheyra aðalstarfi hans sem forstjóra X og þar með ekki vera launað sérstaklega eins og áður. Jafnframt ákvað kjaranefnd að hækka laun A frá sama tíma.

Settur umboðsmaður benti á að forstjóri X teldist til embættismanna, sbr. 13. tölul. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd, sbr. 56. gr. laga nr. 70/1996 ákveður kjaranefnd laun og önnur starfskjör hans. Benti settur umboðsmaður á að ákvæði 11. gr. laga nr. 120/1992 hefði verið skilið svo að nefndin ákvarði heildarlaun tiltekinna starfsmanna ríkisins fyrir aðalstarf þeirra, sbr. álit umboðsmanns Alþingis í málum nr. 2271 og 2272/1997, en ekki fjárhæð launa fyrir aukastarf sem nefndin hefði komist að niðurstöðu um að tilheyrði ekki aðalstarfi og skyldi því launað sérstaklega, sbr. 2. málsl. 1. mgr. ákvæðisins.

Þá benti settur umboðsmaður á að ákvörðun kjaranefndar á grundvelli 2. málsl. 1. mgr. 11. gr. væri matskennd stjórnvaldsákvörðun og því bæri nefndinni að leggja sjálfstætt mat á atvik málsins og taka ákvörðun í því á grundvelli þess. Væri mat stjórnvalda í tilvikum sem þessum skyldubundið og því óheimilt að afnema það eða takmarka óhóflega. Taldi settur umboðsmaður að ganga bæri út frá því sem meginreglu að væri embættismanni falið að gegna starfi samhliða aðalstarfi sínu, sem fellur utan þess ramma sem aðalstarfinu er markaður samkvæmt lögum og felur í sér viðbót við þær starfsskyldur sem á honum hvíla í aðalstarfi, skuli það launað sérstaklega. Jafnframt taldi settur umboðsmaður að skýra bæri valdheimildir kjaranefndar samkvæmt framangreindu ákvæði í ljósi þessa auk þess sem gera yrði kröfu til þess að skýr efnisleg og málefnaleg sjónarmið stæðu til þeirrar niðurstöðu að embættismaður skuli ekki njóta sérstakra launa fyrir starf af þessu tagi. Þýðing þessa væri enn brýnni fyrir þær sakir að um væri að ræða einhliða ákvörðun stjórnvalds um starfskjör embættismanns sem ekki væri kæranaleg til æðra stjórnvalds. Auk þessa benti settur umboðsmaður á að hlutverk Kvikmyndaskoðunar væri víðtækara en svo að unnt væri að halda því fram að það einskorðaðist við barnavernd. Með hliðsjón af aðstæðum taldi settur umboðsmaður að heimildir nefndarinnar, til ákvörðunar að umrætt aukastarf skyldi tilheyra aðalstarfi, ætti sér ekki viðhlítandi stoð í 2. málsl. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 120/1992. Benti hann jafnframt á að fyrra réttarástandi hefði verið breytt án þess að breyting hefði verið gerð á lögum eða almennum stjórnvaldsfyrirmælum. Hefði nefndinni því borið að gera sérstaka grein fyrir efnislegum ástæðum þessarar ákvörðunar. Með hliðsjón af hlutverki Barnaverndarráðs og X taldi settur umboðsmaður að mismunur sá sem kjaranefnd gerði á störfum forstjóra X og framkvæmdastjóra Barnaverndarráðs um það hvort starf í Kvikmyndaskoðun teldist til aukastarfs eða aðalstarfs væri brot á jafnræðisreglu 11. gr. laga nr. 37/1993.

Settur umboðsmaður benti á að ekki væri vikið sérstaklega að rökstuðningi fyrir ákvörðunum kjaranefndar í 9. gr. laga nr. 120/1992, um málsmeðferð fyrir kjaranefnd eða meginreglum þeim sem Kjaradómur hefur sett um úrskurði nefndarinnar á grundvelli 7. gr. laganna. Með hliðsjón af ummælum í lögskýringargögnum sem fylgdu frumvarpi því er varð að stjórnarsýslulögum nr. 37/1993 og skýrum ákvæðum 1. og 2. gr. sömu laga taldi settur umboðsmaður að ákvæði 22. gr. stjórnarsýslulaga ættu við um rökstuðning kjaranefndar. Taldi settur umboðsmaður að þar sem ákvörðun kjaranefndar um laun forstjóra X og önnur starfskjör hans byggðist á matskenndum efnisþáttum 10. og 11. gr. laga nr. 120/1992 hafi kjaranefnd í rökstuðningi sínum fyrir ákvörðun um röðun í launaflokk borið að draga fram þau megin sjónarmið sem ráðandi voru við þá ákvörðun, sbr. seinni málslið 1. mgr. 22. gr. stjórnarsýslulaga. Jafnframt taldi settur umboðsmaður að ákvörðun kjaranefndar hefði farið í bága við 1. tölul. 2. mgr.

20. gr. stjórn-sýslulaga þar sem ekki var að finna leiðbeiningar um heimild aðila til að fá ákvörðun rökstudda.

Að lokum taldi settur umboðsmaður að samkvæmt 1. másl. 1. mgr. 15. gr. stjórn-sýslulaga hefði A átt skýlausan rétt til aðgangs að bréfum þeim sem nefndin byggði ákvörðun sína um laun og önnur starfskjör forstjóra X á. Hefði kjaranefnd því borið að afhenda A þau enda hefði undanþáguákvæði 16. gr. stjórn-sýslulaga ekki átt við.

Niðurstaða setts umboðsmanns varð því sú að lög stæðu ekki til að starf það sem A hafði með höndum í Kvikmyndaskoðun samkvæmt lögum nr. 47/1995 tilheyrði aðalstarfi hans og skyldi því launa það sérstaklega, sbr. 2. másl. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 120/1992, sbr. 56. gr. laga nr. 70/1996. Beindi settur umboðsmaður þeim tilmælum til kjaranefndar að hún tæki þennan þátt launaákvörðunar sinnar til skoðunar að nýju kæmi fram ósk um það frá A. Þá taldi settur umboðsmaður að rökstuðningur kjaranefndar fyrir ákvörðun um röðun forstjóra X í launaflokk hefði ekki verið í samræmi við ákvæði 22. gr. stjórn-sýslulaga. Mæltist settur umboðsmaður til að úr þessu yrði bætt kæmi fram ósk um það frá A.

12.4.

Sveitarfélög. Úrskurðarvald félagsmálaráðuneytisins.

Undanþágunefnd. Almenn hæfisskilyrði. Ráðningarsamningur.

Umsókn um laust starf. Ágreiningur sem heyrir undir dómstóla.

Leiðbeiningarskylda. Vandaðir stjórn-sýsluhættir. Rannsóknarreglan.

(Mál nr. 2608/1998)

A kvartaði yfir málsmeðferð X-kaupstaðar og menntamálaráðherra við ráðningu leiðbeinenda við X-skóla. Voru málsatvik þau að skólastjórar X-skóla leituðu sumarið 1998 tvisvar til A, sem var sóknarprestur í X-kaupstað, og óskuðu eftir því að hann tæki að sér einhverja kennslu við grunnskólann skólaárið 1998–1999. Tók hann vel í það að eigin sögn enda með leyfisbréf menntamálaráðuneytisins til kennslu við grunnskóla. Skólastjóri skólans leitaði síðar eftir undanþágum til að ráða kennara sem ekki höfðu lokið réttindanámi til undanþágunefndar samkvæmt lögum nr. 86/1998, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra. Við upphaf skólaárs tjáði skólastjóri X-skóla A að ekki væri þörf á að ráða hann til kennslustarfa. Kom fram í skýringum X-kaupstaðar að talið hefði verið að A hefði ekki verið mjög jákvæður fyrir því að taka að sér kennslu við skólann og að hann hefði sett skilyrði fyrir því að koma þar til starfa. Hefðu skólastjórnendur lagt þann skilning í þessi samskipti að A væri fús til að leysa úr vandræðum skólans, ef á þyrfti að halda, með einhverri stundakennslu. Þar sem A hefði ekki lagt fram umsókn hefði verið heimilt að leita eftir undanþágum til undanþágunefndar.

Umboðsmaður rakti ákvæði laga nr. 66/1995, um grunnskóla, og laga nr. 72/1996, um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, um hvernig standa skuli að veitingu kennslustarfa við grunnskóla og um almenn hæfisskilyrði til þeirra starfa. Þá rakti hann ákvæði laga nr. 86/1998 sem lutu að sömu atriðum en veittu heimild til undanþágu frá almennum hæfisskilyrðum fyrir umsækjendur er ekki höfðu lokið tilskilinni menntun, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum og samkvæmt mati sérstakrar undanþágunefndar. Umboðsmaður taldi að með framangreindum samskiptum hefði ekki komist á ráðningarsamningur milli X-kaupstaðar og A. Af ákvæði 2. mgr. 10. gr. laga nr. 86/1998 leiddi hins vegar að sækti menntaður grunnskólakennari um kennslustarf gæti skólastjóri ekki sótt um til undanþágunefndar vegna þess starfs nema að undangengnu mati samkvæmt 4. mgr. 10. gr. laganna. Til

þess að leysa úr því álitafni hvort jafna mætti framangreindum samskiptum við það að A hefði lagt fram umsókn í skilningi 2. mgr. 10. gr. laganna og þar sem atvik væru að ýmsu leyti óljós taldi umboðsmaður nauðsynlegt að afla frekari gagna. Taldi hann því eðlilegra að það væri verkefni dómstóla að leysa úr þeim ágreiningi.

Þá rakti umboðsmaður að almennt væri ekki gerð sú krafa í lögum að umsóknir um opinbert starf bærust í ákveðnu formi. Ef gerðar væru ákveðnar formkröfur þá væri nauðsynlegt að leiðbeina þeim sem hygðust sækja um starfið þar um og eftir atvikum hvað þyrfti að koma fram í slíkum umsóknum, sbr. 1. mgr. 7. gr. stjórnáskilslaganna nr. 37/1993. Taldi hann það forsendu laga nr. 86/1998 að umsóknir bærust með formbundnum hætti þar sem lýst væri skýrum vilja umsækjenda. Skipti þá ekki máli hvort leitað væri til manna að frumkvæði skólastjórnenda eftir að umsóknarfrestur væri runninn út eða hvort þeir sæktu um af sjálfsdáðum. Vísaði umboðsmaður til vandaðra stjórnáskilsluhátta í þessu sambandi og benti á að ef umsókn bæriskriflega gæti umsækjandi gert skýra grein fyrir því eftir hvaða starfi hann sæktist og hugsanlegum fyrirvörum við því að umsóknin yrði tekin til greina. Stjórnvöld yrðu að ganga út frá því að vilji umsækjanda til að gegna viðkomandi starfi væri án fyrirvara nema eitthvað sérstakt kæmi til sem ylli vafa í því efni. Vafaatriði yrðu stjórnvöld að bera undir viðkomandi umsækjanda, hefðu þau verulega þýðingu fyrir úrlausn málsins. Í ljósi þessa taldi umboðsmaður ályktun skólastjóra X-skóla um afstöðu A til starfa við skólann, sem dregin var án þess að afla skýlausra svara hans um það efni, gagnrýnisverða. Jafnframt taldi umboðsmaður í ljósi framangreindra samskipta að skólastjórum X-skóla hefði borið að leiðbeina A um kröfur til forms umsókna, sbr. 1. mgr. 7. gr. stjórnáskilslaganna.

A taldi að við veitingu undanþágna fyrir skólaárið 1998–1999 hefðu starfsmenn menntamálaráðuneytisins vitað af því að hann sæktist eftir starfi við skólann. Taldi umboðsmaður atvik málsins að ýmsu leyti óljós hvað þetta varðar og því ekki rétt að hann legði sérstakt mat á þennan þátt kvörtunarinnar. Þó tók hann fram að undanþágunefnd bæri að upplýsa hvort lögbundin skilyrði til undanþágu samkvæmt 2. mgr. 10. gr. laga nr. 86/1998 væru fyrir hendi, þ. á m. hvort grunnskólakennari hefði sótt um viðkomandi störf. Upplýsingum um vafa að þessu leyti bæri undanþágunefnd að taka til skoðunar og rannsaka hvort þær væru á rökum reistar. Kæmu slíkar upplýsingar fram eftir að máli hefði verið skotið til menntamálaráðherra og nefndinni væri kunnugt um málskotið taldi umboðsmaður almennt rétt að undanþágunefnd tilkynnti ráðherra um þær.

Það var því niðurstaða umboðsmanns að það hefði ekki verið í samræmi við vandaða stjórnáskilsluhætti og forsendur laga nr. 86/1998 að byggja á því að A sæktist ekki eftir því að kenna við skólann umrætt skólaár án þess að afla skýlausra svara af hans hálfu um hvort svo væri. Jafnframt taldi umboðsmaður það gagnrýnisvert að A hefði ekki verið leiðbeint um kröfur um form umsókna. Tók hann fram að ekki yrði talið að þessir annmarkar leiddu til þess að ákvarðanir sveitarfélagsins eða staðfestingar undanþágunefndar og menntamálaráðuneytisins væru ógildanlegar.

12.5. Auglýsing á lausum störfum. Rökstuðningur. Sjónarmið sem ákvörðun verður byggð á. (Mál nr. 2630/1998)

A kvartaði yfir ráðningu í starf deildarstjóra búnaðarsviðs landbúnaðarráðuneytisins en hann var einn umsækjenda. Taldi hann að auglýsing um hið lausa starf hefði farið í bága við reglur sem um slíkar auglýsingar gilda. Ennfremur kvartaði hann yfir

Því að rökstuðningur fyrir ákvörðun ráðuneytisins hefði ekki borist honum. Er sá rökstuðningur hafði borist við meðferð málsins kvartaði A yfir efni hans. Að lokum taldi hann að ákvörðun um veitingu embættisins hefði ekki byggst á málefnalegum sjónarmiðum og að hann hefði bæði haft mestu menntun umsækjenda og hagnýtustu starfsreynsluna.

Umboðsmaður rakti ákvæði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, um skyldu ríkisstofnana til að auglýsa laus störf opinberlega og reglur nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum. Þá rakti hann ákvæði 5. mgr. 6. gr. laga nr. 70/1996. Kom fram að samkvæmt ákvæðinu réðust almenn hæfisskilyrði varðandi menntun ýmist af fyrimælum laga eða eðli máls þegar krefjast yrði sérmenntunar til óaðfinnanlegrar rækslu starfans. Væri það komið undir mati handhafa veitingarvalds hvort krefjast skyldi ákveðinnar menntunar til starfans væri ekki mælt fyrir um það í lögum. Lög mæla ekki fyrir um almenn hæfisskilyrði deildarstjóra búnaðarsviðs landbúnaðarráðuneytisins önnur en þau sem fram koma í 6. gr. laga nr. 70/1996, og var það mat ráðuneytisins að ekki væri nauðsynlegt að krefjast sérmenntunar á sviði búvísinda til þess er gegndi starfinu. Taldi umboðsmaður að ekki yrði fullyrt að mat ráðuneytisins að þessu leyti hefði verið haldið annmörkum að lögum. Hins vegar taldi umboðsmaður að skilyrði auglýsingar um langa og víðtæka reynslu við stjórnunarstörf í framleiðslu- og félagsmálum landbúnaðarins og stjórn-sýslu hans hefði að nokkru leyti gengið lengra en svo að heimilt hefði verið að gera það að almennu hæfisskilyrði á grundvelli eðlis starfsins, sbr. 5. mgr. 6. gr. laga nr. 70/1996. Hefði orðalag auglýsingar því verið til þess fallið að þrengja mat ráðuneytisins meira en samrýmt gæti þeim lagasjónarmiðum sem almenn hæfisskilyrði til opinbers starfs byggðust á. Þótt heimilt væri samkvæmt reglum nr. 464/1996 að gefa til kynna í auglýsingu hvaða sjónarmiðum handhafi veitingarvalds hygðist beita við úrlausn á viðkomandi máli taldi umboðsmaður það ekki samrýmast sjónarmiðum að baki skyldu stjórnvalda að auglýsa laus störf að orða slíkar upplýsingar sem fortakslaus skilyrði til að umsækjandi fengi starfið.

Umboðsmaður rakti þær óskráðu meginreglur stjórn-sýsluréttar sem gilda um veitingu opinberra starfa og vísaði þar til eldri álita umboðsmanns. Taldi hann að í þeirri óskráðu meginreglu stjórn-sýsluréttar að leitast skuli við að velja hæfasta umsækjandann um laust starf fælist m.a. að ákvörðunin yrði ávallt að byggjast a.m.k. að verulegu leyti á mati á atriðum sem til þess væru fallin að varpa ljósi á frammistöðu í viðkomandi starfi. Þá taldi hann að væri byggt á einu sjónarmiði, sem málefnalegt gæti talist, án þess að litið væri til annarra þýðingarmikilla sjónarmiða kynni ályktun um hver væri talinn hæfastur að vera haldin annmarka. Það kæmi þó ekki í veg fyrir að handhafi veitingarvalds legði áherslu á eitt málefnalegt sjónarmið leiddu þau sjónarmið sem tekið væri mið af ekki til sömu niðurstöðu. Taldi umboðsmaður að ekki lægi fyrir sönnun um að ráðuneytið hefði byggt ákvörðun sína á ómálefnalegum sjónarmiðum eða að hún hefði byggst á því einu að B hefði haft meiri starfsreynslu á þeim sviðum sem á reyndi í starfinu en aðrir umsækjendur án þess að litið hefði verið til menntunar þeirra eða annarra þýðingarmikilla sjónarmiða. Ennfremur taldi umboðsmaður að ekki lægi fyrir í málinu að ósamræmi hefði verið í beitingu þeirra sjónarmiða sem fram hefði komið að ákvörðunin hefði byggst á. Að lokum taldi umboðsmaður, eftir að hafa kynnt sér gögn málsins, ekki tilefni til athugasemda við þann þátt kvörtunarinnar er laut að því að A hefði verið hæfari en sá sem ráðinn var til starfans hvort sem litið væri til menntunar eða starfsreynslu.

Umboðsmaður taldi að A hefði átt rétt á rökstuðningi fyrir ákvörðun ráðuneytisins innan 14 daga frá því að hann óskaði eftir honum. Átaldi umboðsmaður þann drátt sem orðið hefði á því að veita A þann rökstuðning. Þá taldi hann það vera

ófullnægjandi rökstuðning fyrir ákvörðuninni að vísa til þeirra forsendna sem auglýsing um hið lausa starf fól í sér. Ennfremur áleit umboðsmaður að skýrar hefði þurft að koma fram í rökstuðningi ráðuneytisins að sú starfsreynsla sem tilgreind var í auglýsingu hefði haft meira vægi en menntun og önnur starfsreynsla. Þá gagnrýndi umboðsmaður að misræmi hefði verið í tilgreiningu sjónarmiða í þeim rökstuðningi er ráðuneytið hafði veitt í kjölfar ráðningar í starfið. Að lokum taldi hann að rétt hefði verið að rekja í stuttu máli þau atriði er skiptu mestu varðandi starfshæfni þess umsækjanda er fékk starfið svo aðilar málsins fengu skilið af lestri rökstuðningsins hvers vegna niðurstaðan varð sú sem raun varð á.

Umboðsmaður beindi þeim filmælum til ráðuneytisins að það tæki mið af þeim sjónarmiðum er rakin voru í álitinu við veitingu opinberra starfa í framtíðinni.

12.6. **Álitsumleitan. Sjónarmið sem ákvörðun verður byggð á.**
Rannsóknarreglan. Rökstuðningur.
(Mál nr. 2641/1999)

A kvartaði yfir setningu í embætti skólastjóra garðyrkjuskóla ríkisins. Taldi hann rökstuðning ákvörðunarinnar ófullnægjandi og gerði jafnframt athugasemdir við rannsókn málsins.

Umboðsmaður rakti ákvæði laga nr. 91/1936, um garðyrkjuskóla ríkisins, og ákvæði reglugerðar nr. 712/1996, fyrir Garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum í Ölfusi, en þar kom fram að landbúnaðarráðherra skyldi leita álits skólanefndar garðyrkjuskólans áður til skipunar í embættið kæmi. Benti hann á að ef stjórnvald hyggst láta sitja við þá athugun sem liggur til grundvallar tillögu álitsgjafa um veitingu á opinberu starfi yrði að gera ríkar kröfur til þess að ítarlegar upplýsingar liggi fyrir um það með hvaða hætti álitsgjafi hefði upplýst um starfshæfni umsækjenda. Þá rakti umboðsmaður eldri álit þar sem gerðar voru kröfur um rökstuðning umsagnar álitsgjafa og taldi að nauðsynlegt hefði verið að gera grein fyrir því í umsögn skólanefndar hvaða atriði voru talin leiða til þess að B var talinn hæfastur umsækjenda. Taldi umboðsmaður að rökstuðningur skólanefndar til ráðuneytisins hefði verið annmörkum háður að þessu leyti.

Varðandi rannsókn málsins taldi umboðsmaður að gera yrði þá kröfu að viðkomandi stjórnvald leitaðist við að upplýsa um starfshæfni allra umsækjenda sem til greina kæmu í viðkomandi starf með hliðsjón af þeirri meginreglu að stjórnvaldi væri skylt að velja þann umsækjanda um opinbert starf er teldist hæfastur til að gegna því á grundvelli þeirra sjónarmiða er byggt væri á í því máli. Bæri stjórnvaldi því að gæta jafnræðis milli umsækjenda að ákveðnu marki svo samræmis væri gætt við beitingu þeirra sjónarmiða.

Ljóst var af gögnum málsins að ákvörðun um veitingu embættisins byggðist öðrum þræði á skipulags- og forystuhæfileikum B. Í ljósi rannsóknarskyldu stjórnvalda áleit umboðsmaður að nauðsynlegt hefði verið að afla fullnægjandi gagna um starfshæfni A að þessu leyti. Taldi hann að þess hefði ekki verið gætt af hálfu ráðuneytisins í málinu. Þá kom fram í gögnum málsins að litíð hefði verið til afstöðu B til þeirra verkefna sem undir embættið féllu og hugmynda hans um framtíð skólans. Umboðsmaður taldi að nauðsynlegt hefði verið af hálfu ráðuneytisins að afla ennfremur upplýsinga um afstöðu A til þessara þátta.

Umboðsmaður rakti ákvæði 22. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 um efni rökstuðnings. Taldi hann það annmarka á rökstuðningi til A að þar var ekki gerð grein fyrir á hvaða réttarreglum ákvörðunin byggðist. Hins vegar taldi hann ekki ástæðu til frekari athugasemda við rökstuðning ráðuneytisins.

Það var því niðurstaða umboðsmanns að annmarki hefði verið á rökstuðningi umsagnar skólanefndar til ráðuneytisins og að ekki hefðu að öllu leyti legið fyrir fullnægjandi upplýsingar um starfshæfni umsækjenda áður en ákvörðun um skipun í embættið var tekin. Þá voru annmarkar á rökstuðningi ráðuneytisins til A. Tók umboðsmaður fram að hann teldi að þessir annmarkar leiddu ekki til ógildingar ákvörðunarinnar. Beindi hann þeim tilmælum til ráðuneytisins að það tæki mið af þeim sjónarmiðum er fram kæmu í álitinu við ákvarðanir um veitingu opinberra starfa í framtíðinni.

**12.7. Starfsveiting lögreglufulltrúa. Leiðbeiningarskylda.
Sjónarmið sem ákvörðun verður byggð á. Andmælaréttur.
Rannsóknarreglan. Rökstuðningur.
(Mál nr. 2696/1999)**

A kvartaði yfir veitingu á starfi lögreglufulltrúa fíkniefnastofu við embætti ríkislögreglustjóra. Laut kvörtunin að því að búið hefði verið að ganga frá veitingu á hinu lausa starfi áður en umsóknarfrestur var runninn út, að ekki hefði verið gætt leiðbeiningarskyldu, að mat á starfshæfni umsækjenda hefði verið óeðlilegt og að rannsókn og rökstuðningi hefði verið ábótavant.

Umboðsmaður taldi að gögn málsins bentu ekki til þess að búið hefði verið að ráðstafa starfinu áður en umsóknarfrestur rann út. Hins vegar benti umboðsmaður á að í tilkynningu til A um lyktir málsins hefði vantað leiðbeiningar samkvæmt 1. tölul. 2. mgr. 20. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 um rétt A til að fá ákvörðun ríkislögreglustjóra rökstudda.

Umboðsmaður rakti þau sjónarmið sem ákvörðun ríkislögreglustjóra byggðist á og taldi ljóst að sú ákvörðun hefði byggst á heildarmati á ákveðnum atriðum. Þá rakti hann þá meginreglu íslensks stjórnarsýsluréttar að leitast skyldi við að velja þann umsækjanda um laust opinbert starf sem hæfastur yrði talinn til að gegna því. Í þessu fælist meðal annars að ákvörðunin yrði ávallt að byggjast a.m.k. að verulegu leyti á mati á atriðum sem til þess væru fallin að varpa ljósi á væntanlega frammistöðu viðkomandi í því starfi sem um væri að ræða. Með vísan til þessa taldi umboðsmaður ekki ástæðu til athugasemda við þau sjónarmið sem byggt hafði verið á við úrlausn málsins. Fjallaði hann sérstaklega um það sjónarmið sem fram kom í skýringum ríkislögreglustjóra til hans um að byggt hefði verið á trausti yfirmanna og væntanlegra samstarfsaðila á þeim sem valinn var til starfans. Hann tók fram að nauðsynlegt væri í hverju tilviki að taka til sérstakrar skoðunar á hverju slíkt traust byggðist. Byggðist það á framgöngu umsækjanda í starfi og persónulegri hæfni hans sem kynni að nýtast í viðkomandi starfi taldi umboðsmaður málefnalegt að það hefði áhrif á heildarmat á starfshæfni umsækjenda.

Þá véc umboðsmaður sérstaklega að öðru sjónarmiði er getið var í skýringum ríkislögreglustjóra til hans. Kom þar fram að við töku ákvörðunarinnar hefði verið talið rétt að taka inn í myndina að nauðsynlegt kynni að vera að byggja starfsemi fíkniefnastofu hjá ríkislögreglustjóra upp af öðrum en þeim sem verkstýrðu ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík á ákveðnu tímabili. A hafði verkstýrt þeirri deild á því tímabili. Þetta sjónarmið tók mið af þeim hagsmunum embættis ríkislögreglustjóra að menn tengdu ekki starfsemi fíkniefnastofu við þann fortíðarvanda sem ríkislögreglustjóri taldi að sú deild hefði átt við að glíma. Taldi umboðsmaður ekki unnt að fullyrða að ólögmaett hefði verið að byggja á þessu sjónarmiði. Beiting sjónarmiðs af þessu tagi mætti þó ekki leiða til þess að önnur þýðingarmikil sjónarmið

sem til greina gætu komið yrðu útilokuð við mat á starfshæfni einstakra umsækjenda. Eftir að hafa kynnt sér gögn málsins og átt fund með ríkislögreglustjóra og starfsmönnum hans taldi umboðsmaður þó ekki unnt að fullyrða að svo hefði verið í tilvikum A. Þó var ljóst að þetta sjónarmið hafði haft áhrif á niðurstöðu ríkislögreglustjóra og var þar m.a. vísað til sérstakrar rannsóknar setts ríkislögreglustjóra á misræmi sem fram hefði komið við birgðatalningu og birgðabókhald í fíkniefnageymslum lögreglustjórans í Reykjavík. Ákveðnar ávirðingar á starfsemi fíkniefnadeildarinnar hefðu falist í skýrslu setts ríkislögreglustjóra þótt óupplýst væri hver bæri í raun ábyrgð á því sem aflaga fór. Hefði því almennt verið talið óheppilegt að maður er verkstýrt hefði fíkniefnadeildinni á þeim tíma er rannsóknin tók til tæki við starfi lögreglufulltrúa á fíkniefnastofu. Vék umboðsmaður í þessu sambandi að 13. gr. stjórnsýslulaga um andmælarétt aðila máls og taldi að eðlilegt hefði verið að A hefði verið gefinn kostur á því að tjá sig um þátt hans í verkstjórn á umræddri deild áður en ákvörðun var tekin.

Umboðsmaður gerði athugasemd við rökstuðning ríkislögreglustjóra í málinu þar sem ekki hafði verið gerð grein fyrir því að m.a. hefði verið byggt á því sjónarmiði sem að framan greinir. Að öðru leyti taldi hann ekki ástæðu til athugasemda við rökstuðninginn. Þá rakti umboðsmaður helstu sjónarmið varðandi rannsókn mála af þessu tagi. Taldi hann að eðlilegt hefði verið í ljósi rannsóknarskyldu handhafa veitingarvalds, sbr. 10. gr. stjórnsýslulaga, að ítarlegri upplýsinga hefði verið aflað um hæfni A til þess að halda yfirsýn í flóknum og umfangsmiklum málum á sviði fíkniefnalöggæslu og þeirrar þekkingar og reynslu er hann hafði aflað sér á því sviði enda byggt á þeim sjónarmiðum við úrlausn málsins. Þá taldi umboðsmaður aðfinnsluvert að dregin hefði verið ályktun af umsögn væntanlegs samstarfsaðila um hugsanlegt samstarf við A þótt þeir hefðu aldrei starfað saman.

Þrátt fyrir þá annmarka sem umboðsmaður taldi vera á málsmeðferð ríkislögreglustjóra var það álit hans að ólíklegt væri að þeir leiddu til ógildingar á ákvörðun ríkislögreglustjóra. Beindi umboðsmaður þeim tilmælum til embættis ríkislögreglustjóra að það tæki mið af þeim sjónarmiðum sem rakin voru í álitinu við veitingu opinberra starfa í framtíðinni.

12.8. Sjónarmið sem ákvörðun verður byggð á. Leiðbeiningarskylda. Rökstuðningur. Skylda til skráningar á munnlegum upplýsingum. Andmælaréttur. (Mál nr. 2784/1999)

A kvartaði yfir ráðningu í opinbert starf hjá ríkisstofnuninni X. Óskaði hann eftir því að umboðsmaður Alþingis athugaði hvort eðlilega hefði verið staðið að veitingu starfsins.

Eftir að hafa kynnt sér þau lagaákvæði og stjórnvaldsfyrirmæli er við áttu komst umboðsmaður að þeirri niðurstöðu í áliti sínu að engin almenn hæfisskilyrði giltu um starfið önnur en fyrirmæli 6. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þá rakti hann óskráðar meginreglur íslensks stjórnsýsluréttar er giltu um veitingu opinberra starfa og vísaði þar til eldri álita umboðsmanns Alþingis. Komst hann að þeirri niðurstöðu að þau sjónarmið er forstöðumaður stofnunarinnar lagði til grundvallar hefðu verið til þess fallin að varpa ljósi á hugsanlega frammistöðu umsækjenda í því starfi sem um var að tefla og taldi því ekki ástæðu til athugasemda við beitingu þeirra eða hvernig innbyrðis vægi þeirra var háttáð.

Umboðsmaður gerði athugasemd við það að í tilkynningu til A um lyktir málsins hefðu ekki verið veittar leiðbeiningar um rétt hans til að fá ákvörðunina rökstudda.

Fram kom að rétt hefði verið að líta á ósk C fyrir hönd A um skýringar á ráðningunni sem ósk um rökstuðning samkvæmt 21. gr. stjórnáskýringarlaga nr. 37/1993. Í svarbréfi stofnunarinnar kom fram að fallist hefði verið á tillögu starfsmanna hennar um að ráða B „enda væri hún hæfari en hinn umsækjandinn“. Féllst umboðsmaður ekki á að í rökstuðningnum hefði verið gerð viðhlítandi grein fyrir þeim meginsjónarmiðum er réðu niðurstöðu um starfshæfni umsækjenda, sbr. 1. mgr. 22. gr. stjórnáskýringarlaga. Þá taldi hann að nauðsynlegt hefði verið að gera nokkra grein fyrir helstu atriðum sem skiptu máli varðandi starfshæfni þess sem fékk starfið með hliðsjón af 2. mgr. 22. gr. stjórnáskýringarlaga. Umboðsmaður taldi því rökstuðninginn ekki fullnægjandi.

Í álitinu kom fram að nauðsynlegt hefði verið að skrá niður þær munnlegu upplýsingar sem aflað var við úrlausn málsins samkvæmt 23. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996, en þess hafði ekki verið gætt. Af þeim skýringum sem umboðsmanni voru veittar mátti ráða að upplýsingar um áfengisvandamál A hefðu skipt sköpum við mat á reglusemi, stöðugleika og framkomu hans. Kom þar fram að starfsmaður X hefði átt við hann samtal vegna fyrirhugaðrar ráðningar er staðfesti að hans álitni orðróm um áfengisvandamál hans. A neitaði hins vegar að hafa átt við áfengisvandamál að stríða og kannaðist ekki við að þau mál hafi borið á góma í samtalinu við starfsmanninn. Umboðsmaður rakti ákvæði 13. gr. stjórnáskýringarlaga um andmælarétt aðila máls. Vitnaði hann til athugasemda við ákvæðið í frumvarpi til stjórnáskýringarlaga og dró þá ályktun að almennt bæri handhafa veitingarvalds að gefa umsækjanda um opinbert starf kost á því að kynna sér nýjar upplýsingar, sem stjórnvaldið hefur aflað og umsækjanda er ekki kunnugt um, hafi þær verulega þýðingu fyrir úrlausn málsins og séu honum í óhag. Fram kom að almennt væri ekki talið að stjórnvald yrði skriflega að gefa aðila máls færi á að koma að athugasemdum sínum. Kynni að vera fullnægjandi að slíkt væri gert munnlega. Taldi umboðsmaður að eins og atvikum væri lýst af hálfu stofnunarinnar X hefði A átt að vera ljóst að við ráðningu í starfið yrði byggt á upplýsingum um áfengisvandamál hans. Þar sem ágreiningur væri um þetta atriði taldi umboðsmaður ekki rétt að hann legði á það sérstakt mat hvernig atvikum var háttað að þessu leyti. Af þeim sökum fjallaði hann ekki frekar um það hvort málsmeðferð X hefði samrýmst 13. gr. stjórnáskýringarlaga.

Umboðsmaður beindi þeim tilmælum til X að það tæki mið af þeim sjónarmiðum sem rakin voru í álitinu við veitingu opinberra starfa í framtíðinni.

- 12.9. Leiðbeiningarskylda. Andmælaréttur. Rannsóknarreglan. Aðgangur umsækjanda að upplýsingum. Skylda til skráningar á munnlegum upplýsingum. Sjónarmið sem ákvörðun verður byggð á. Rökstuðningur. (Mál nr. 2787/1999)

A kvartaði yfir ráðningu í starf sérfræðings hjá Rannsóknastofnun X. Laut kvörtunin að ýmsum atriðum varðandi málsmeðferð stofnunarinnar í kjölfar umsóknar hans um starfið.

Umboðsmaður taldi það annmarka á skriflegri tilkynningu til A um lyktir málsins að þar hefði ekki verið getið um rétt hans til að fá ákvörðunina rökstudda, sbr. 1. tölul. 2. mgr. 20. gr. stjórnáskýringarlaga nr. 37/1993.

A taldi að munnlegri upplýsinga hefði verið aflað við rannsókn málsins sem nauðsynlegt hefði verið að gefa honum kost á að tjá sig um. Af skýringum stofnunarinnar mátti ráða að þær upplýsingar sem aflað var munnlega um A hefðu ekki haft verulega þýðingu við úrlausn málsins. Hefðu þær eingöngu staðfest það sem þegar lá fyrir í gögnum málsins. Eins og málið lá fyrir umboðsmanni taldi hann því ekki tilefni

til að fullyrða að nauðsynlegt hefði verið að veita A kost á því að koma að athugasemdum sínum við þær upplýsingar samkvæmt 13. gr. stjórnsýslulaga.

Ljóst var að upplýsinga hafði verið aflað með starfsviðtölum og þær nýttar til þess að draga ályktanir um lipurð, þjónustulund og samstarfshæfni umsækjenda. Var umboðsmaður þeirrar skoðunar að starfsviðtöl gætu varpað ljósi á persónuleg atriði sem skiptu máli við mat á starfshæfni umsækjenda. Rakti umboðsmaður nokkur sjónarmið sem hafa þyrfti í huga við framkvæmd starfsviðtala og úrvinnslu þeirra upplýsinga sem þannig væri aflað. Benti hann m.a. á að skrá bæri niður þær upplýsingar sem þýðingu hefðu við úrlausn málsins við framkvæmd viðtalanna samkvæmt 23. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996. Hafði þess ekki verið gætt við málsmeðferð stofnunarinnar. Þá taldi umboðsmaður að umsækjandi ætti ávallt rétt á aðgangi að gögnum sem yrðu til í kjölfar slíkra starfsviðtala á grundvelli 15. gr. stjórnsýslulaga nema undantekningar 16. eða 17. gr. laganna ættu við. Tók hann fram að aðili máls gæti átt rétt á aðgangi að vinnuskjölum stjórnvalda samkvæmt 3. tölul. 16. gr. stjórnsýslulaga geymdu þau endanlega ákvörðun um afgreiðslu máls eða upplýsingar sem ekki yrði aflað annars staðar frá. Taldi umboðsmaður að þar sem upplýsingar, sem aflað var með starfsviðtölum, voru ekki ritaðar niður hefði það tálmað því að upplýsingaréttur umsækjenda hefði orðið virkur með þeim hætti sem til væri ætlast.

Vegna athugasemda í rökstuðningi til A, um að leitað hefði verið til nokkurra aðila eftir umsögnum sem væru munnlegar og trúnaðarmál, benti umboðsmaður á að upplýsingaréttur umsækjanda um opinbert starf væri tryggður með 15. gr. stjórnsýslulaga en sætti þeim undantekningum sem fram kæmu í 16. og 17. gr. sömu laga. Væri því almennt ekki hægt að heita umsagnaraðilum trúnaði um að upplýsingar er þeir veittu yrðu ekki lagðar fyrir þann umsækjanda sem þær vörðuðu. Þá tók hann fram að samkvæmt 23. gr. upplýsingalaga væri skylt að skrá niður upplýsingar sem aflað væri með þessum hætti hefðu þær verulega þýðingu við úrlausn máls og væri þær ekki að finna í öðrum gögnum þess. Staðfestu slíkar upplýsingar það sem fram hefði komið í starfsviðtali bæri að skrá þær niður ef þær upplýsingar lægju ekki þegar fyrir í gögnum málsins. Vakti umboðsmaður athygli stofnunarinnar á ofangreindum sjónarmiðum.

Ágreiningur var um hvort A hefði gert launakröfur í starfsviðtali sem stofnunin treysti sér ekki að koma til móts við. Af rökstuðningi og skýringum stofnunarinnar mátti ráða að þetta sjónarmið hefði haft afgerandi áhrif á niðurstöðu um ráðningu í starfið. Umboðsmaður rakti ákvæði 9. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem fjallar um rétt starfsmanna ríkisins til launa fyrir störf sín. Taldi umboðsmaður ekki unnt að fallast á að lögmætt gæti talist að ákvörðun um veitingu á opinberu starfi yrði byggð á því einu að lágmarkslaunagreiðslur til umsækjanda yrðu hærri, t.d. samkvæmt kjarasamningi, en greiðslur til annars umsækjanda með þeim afleiðingum að sá fyrrnefndi kæmi ekki til álita í það starf. Hins vegar kom fram að umsækjandi hjá ríkinu gæti ekki áskilið sér hærri laun en gildandi kjarasamningur eða aðrar gildar launaviðmiðanir mæltu fyrir um þótt heimilt væri að greiða laun til viðbótar. Ef ástæða væri til að ætla að umsækjandi óskaði hærri launa en sem því næmi, og stjórnvaldið teldi að um óásættanlegar launakröfur væri að ræða, bæri að leiðbeina honum þar um samkvæmt 7. gr. stjórnsýslulaga. Félli hann ekki frá umsókn taldi umboðsmaður eðlilegt að líta svo á að hann áskildi sér ekki hærri laun en leiða mætti af réttri túlkun kjarasamnings eða annarrar gildrar launaviðmiðunar. Umboðsmaður taldi því að nauðsynlegt hefði verið að leiðbeina A um þau kjör sem í boði voru og að ekki væri hægt að víkja frá þeim. Var að hans mati ljóst að skort hefði á að ákvörðunin hefði verið nægjanlega undirbúin að þessu leyti.

A kvartaði að lokum yfir því að honum hefðu ekki verið veittar tæmandi upplýs-

ingar í rökstuðningi um hverjir hefðu sótt um starfið og að rökstuðningurinn hefði verið ófullnægjandi að ýmsu öðru leyti. Umboðsmaður tók fram að allir sem þess óskuðu ættu rétt á að fá upplýsingar um nöfn, heimilisföng og starfsheiti allra umsækjenda eftir að umsóknarfrestur væri liðinn samkvæmt 4. tölul. 4. gr. upplýsingalaga og 3. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996. Kynni hann að eiga ríkari rétt til upplýsinga sem umsækjandi um aðra umsækjendur samkvæmt 15. gr. stjórnsýslulaga, sbr. þó 16. og 17. gr. Var að mati umboðsmanns því ekki leyst með fullnægjandi hætti úr beiðni A um upplýsingar um meðumsækjendur sína. Að öðru leyti taldi hann ekki ástæðu til athugasemda við rökstuðning stofnunarinnar.

Umboðsmaður beindi þeim tilmælum til Rannsóknastofnunar X að hún leysti með fullnægjandi hætti úr beiðni A um upplýsingar um meðumsækjendur sína. Þá beindi hann þeim tilmælum til stofnunarinnar að hún tæki mið af þeim sjónarmiðum sem rakin væru í álitinu við veitingu starfa í framtíðinni.

12.10. Rannsóknarreglan. Jafnræðisregla. Sjónarmið sem ákvörðun byggist á. Auglýsing á lausu starfi. Leiðbeiningarskylda. Aðgangur að upplýsingum hjá stjórnvöldum. (Mál nr. 2793/1999)

A kvartaði yfir ráðningu í starf deildarstjóra launavinnslu hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Óskaði hann m.a. eftir því að umboðsmaður legði mat á hvort ráðinn hefði verið hæfasti umsækjandinn. Þá kvartaði A yfir því að honum hefði ekki verið veittur kostur á starfsviðtali.

Umboðsmaður vék að samningi Reykjavíkurborgar og ríkisins frá 17. desember 1998 þess efnis að ríkið tæki við rekstri og stjórnun Sjúkrahúss Reykjavíkur frá og með 1. janúar 1999. Með vísan til þessa taldi hann ljóst að starf deildarstjóra launavinnslu Sjúkrahúss Reykjavíkur teldist starf í þjónustu ríkisins í skilningi laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þá taldi hann engan vafa leika á því að viðkomandi starfsmaður teldist opinber starfsmaður í skilningi stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Bar því að fylgja ákvæðum laga nr. 70/1996 og stjórnsýslulaga við ráðningu í starfið.

Upplýst var að þeim tveimur umsækjendum sem hæfastir þóttu var gefinn kostur á að koma til viðtals til að veita frekari upplýsingar og skýra mál sitt. Umboðsmaður gat ekki fallist á að þessi aðferð færi í bága við 10. gr. stjórnsýslulaga um rannsóknarskyldu stjórnvalda eða jafnræðisreglu 11. gr. sömu laga. Vísaði hann til þess að fullnægjandi upplýsingar kynnu að koma fram í umsóknum og fylgigögnum þeirra. Þá gæti handhafi veitingarvalds verið í vafa um hverjir tveir eða fleiri úr hópi umsækjenda kæmu helst til greina. Væri lögmætt að gefa þeim sérstaklega kost á því að skýra mál sitt og veita frekari upplýsingar.

Í skýringum Sjúkrahúss Reykjavíkur kom fram að það hefði verið niðurstaða þess að hið lausa starf hefði verið verulega umfangsmeira og vandasamara en starf það er A hafði gegnt hjá fjármálaráðuneytinu. Ekki var í skýringum sjúkrahússins vísað til upplýsinga sem aflað var hjá þeim sem best þekktu til starfa A hjá fjármálaráðuneytinu. Umboðsmaður taldi að lýsing A á starfi sínu í umsókn hefði ein og sér ekki gefið tilefni til framangreindrar ályktunar. Áleit hann að rétt hefði verið að afla frekari gagna um eðli og starfssvið A hjá fjármálaráðuneytinu áður en það starf var borið saman við hið lausa starf, sbr. 10. gr. stjórnsýslulaga.

Umboðsmaður rakti í álitinu þær óskráðu meginreglur stjórnsýsluréttar sem gilda um veitingu opinberra starfa og vísaði þar til eldri álita umboðsmanns. Taldi

hann að ekki yrði annað séð en að ráðningin hefði byggst á málefnalegum sjónarmiðum. Eftir að hafa kynnt sér öll gögn málsins taldi hann ekki ástæðu til athugasemda við efnislega niðurstöðu Sjúkrahúss Reykjavíkur um hæfni umsækjenda.

Sjúkrahúsið hafði leitað atbeina fyrirtækisins X hf. við undirbúning ráðningar í hið umdeilda starf en það veitir sérfræðilega ráðgjöf við ráðningu starfsmanna. Taldi umboðsmaður ekkert því til fyrirstöðu að opinberar stofnanir leituðu slíkrar aðstoðar. Það leysti þó handhafa veitingarvalds ekki undan þeim skyldum sem á honum hvíldu við meðferð slíkra mála á grundvelli laga og óskráðra meginreglna íslensks stjórn-sýsluréttar. Benti hann á að auglýsingin um hið lausa starf hefði ekki uppfyllt að öllu leyti kröfur 4. gr. reglna nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum. Ennfremur voru í tilkynningu til aðila máls um lyktir þess ekki veittar leiðbeiningar um rétt umsækjenda til að fá ákvörðun rökstudda eins og skylt er að gera samkvæmt 1. tölul. 2. mgr. 20. gr. stjórn-sýslulaga. Þá kom fram á stöðluðu umsóknareyðublaði fyrirtækisins X hf., sem sumir umsækjenda höfðu notað, að farið yrði með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Umboðsmaður tók fram að það stæðist ekki 4. tölul. 4. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996, 3. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 og 15. gr. stjórn-sýslulaga, sbr. þó undantekningar 16. og 17. gr. sömu laga, að heita umsækjanda um opinbert starf hjá ríkinu því að farið yrði með umsóknina sem trúnaðarmál.

Umboðsmaður beindi þeim tilmælum til Landspítala, háskólasjúkrahúss, sbr. reglugerð nr. 127/2000, um sameiningu heilbrigðisstofnana, að í framtíðinni yrði tekið mið af þeim sjónarmiðum sem fram kæmu í álitinu við ráðningar í laus störf á spítalanum.

12.11.

Veiting starfa tollvarða. Almenn hæfisskilyrði.

Sjónarmið sem ákvörðun verður byggð á. Andmælaréttur.

Rannsóknarreglan. Skylda til skráningar á munnlegum upplýsingum.

(Mál nr. 2795/1999)

A og B kvörtuðu yfir setningu í störf tollvarða við embætti sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli en þeir voru meðal umsækjenda um hin lausu störf. Höfðu þeir lokið námi við Tollskóla ríkisins en þeir sem settir voru til starfans höfðu ekki þá menntun.

Umboðsmaður rakti ákvæði 39. gr. tollalaga nr. 55/1987. Samkvæmt 1. mgr. þess ákvæðis skal hver sá sem skipaður er til starfa sem tollvörður hafa lokið prófi frá tollskóla eða hlotið sambærilega menntun. Við túlkun á því hvort sú menntun er þeir sem settir voru í störfin höfðu gæti talist sambærileg námi við tollskóla taldi umboðsmaður að taka bæri mið af þeim markmiðum sem að var stefnt með lagakröfum um menntun tollstarfsmanna auk þess sem líta þyrfti til eðlis þess náms sem fram færi við tollskólann. Áleit hann að af tilurð sérstaks ákvæðis í tollalögum yrði ráðið að markmið þess væri meðal annars að veita tollvörðum sérstakan undirbúning til þeirra starfa sem þeir hefðu með höndum áður en til varanlegrar skipunar eða ráðningar kæmi. Eftir að hafa rakið reglur um nám við tollskólann og skilyrði varðandi undirbúning þeirra sem sendir eru til náms við skólann samkvæmt reglugerð nr. 85/1983, um Tollskóla ríkisins, veitingu í fastar tollstöður o.fl., taldi hann ljóst að markmiðum með námi við tollskólann yrði hvorki náð með iðnmenntun né stúdentsprófi eða námi í óperusöng. Var það því niðurstaða umboðsmanns að slík menntun gæti ekki talist sambærileg námi við tollskólann.

Þá rakti umboðsmaður ákvæði 2. mgr. 39. gr. tollalaga þar sem fram kemur að unnt sé að setja mann tímabundið til starfa sem tollvörð m.a. meðan tekin er ákvörðun

um hvort rétt sé að skipa tollvörð að fullu samkvæmt 1. mgr. eða meðan hann stundar nám við tollskólann. Taldi umboðsmaður að mæltu lög ekki fyrir um annað ætti handhafi veitingarvalds að miklu leyti val um það hvort hann skipaði umsækjanda í opinbert starf eða setti hann til reynslu í starfið. Löggjafinn hefði í þessu tilviki ekki mælt fyrir um að við setningu í störf tollvarða samkvæmt 2. mgr. 39. gr. tollalaga skyldi viðkomandi hafa lokið námi við tollskóla eða sambærilegri menntun. Þá hefði ekki heldur verið kveðið sérstaklega á um að óheimilt væri að setja umsækjanda í tollvarðastarf til reynslu og senda hann til tollskólanáms væri maður sem lokið hefur tollskólanámi tiltækur í starfið. Færi það því í sjálfu sér ekki í bága við ákvæði 39. gr. tollalaga að setja mann til reynslu í tollvarðastarf og kveðja hann síðan til náms við tollskóla þótt maður sem lokið hefur tollskólanámi sé tiltækur í starfið. Hins vegar ætti sú menntun almennt að gera þann sem því hefur lokið betur til þess fallinn að gegna starfi tollvarðar. Taldi umboðsmaður að veigamikil og málefnaleg sjónarmið þyrftu að vera fyrir hendi ef setja ætti umsækjanda sem ekki hefði lokið tollskólanámi til reynslu í starf tollvarðar þegar maður sem lokið hefur því námi er tiltækur í starfið.

Í skýringum sýslumanns til umboðsmanns kom fram á hverju sú afstaða byggðist að þeir umsækjendur sem ekki höfðu lokið tollskólanámi voru taldir hæfari en A og B. Þessar skýringar gáfu umboðsmanni tilefni til umfjöllunar um málsmeðferð embættisins við setningu í störf. Dró umboðsmaður þá ályktun af ákvæðum 7. gr. og 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 að væru upplýsingar í umsókn eins umsækjanda um opinbert starf og meðfylgjandi gögnum ófullnægjandi að mati handhafa veitingarvalds til þess að unnt væri að viðhafa samræmt mat á umsóknum á grundvelli þeirra sjónarmiða sem ákveðið hefði verið að byggja á bæri honum að eigin frumkvæði að óska eftir ítarlegri upplýsingum frá umsækjanda. Taldi hann ljóst af skýringum sýslumannsembættisins að þessa hefði ekki verið gætt við meðferð málsins.

Þá kom fram í skýringum sýslumannsembættisins að aflað hafði verið munnlegra umsagna um A og B hjá aðila er þekkti til starfa þeirra. Taldi umboðsmaður að nauðsynlegt hefði verið að skrá niður þær upplýsingar í samræmi við 23. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996 er þeirra var aflað. Lutu þessar upplýsingar m.a. að meintum örðugleikum í samskiptum A og B við yfirmenn sína og frammistöðu þeirra í störfum sem og námi. Þar sem ljóst var að þessar upplýsingar höfðu verulega þýðingu við úrlausn málsins taldi umboðsmaður að sýslumanni hefði borið að tilkynna þeim A og B um þær og gefa þeim kost á að koma að athugasemdum sínum við þær í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga.

Það var því niðurstaða umboðsmanns að verulegir annmarkar hefðu verið á undirbúningi sýslumannsembættisins á Keflavíkurflugvelli við veitingu starfa tollvarða við embættið í september 1998. Hann taldi hins vegar ólíklegt að ákvarðanirnar yrðu taldar ógildanlegar með hliðsjón af hagsmunum þeirra er settir voru í störf. Þá hafði umboðsmaður ekki forsendur til að leggja mat á önnur hugsanleg réttaráhrif í kjölfar þeirra ákvarðana.

12.12.

Frádráttur frá biðlaunum.

(Mál nr. 2799/1999)

A kvartaði yfir þeirri ákvörðun ríkisbókshalds að skerða biðlaun er hann naut vegna niðurlagningar stöðu sem hann hafði gegnt. Nam skerðingin þeirri hækkun sem varð á launagreiðslum til hans vegna þess að hann jók kennslu sína við Háskóla Íslands í kjölfar starfslokanna. Kom sú afstaða fram í kvörtuninni að ákvæði 2. mgr.

34. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, yrði ekki skýrt svo rúmt að það næði til hvers konar tekna sem biðlaunabegi aflaði sér.

Umboðsmaður tók fram í bréfi sínu til A, dags. 29. desember 2000, að samkvæmt orðalagi 2. mgr. 34. gr. laga nr. 70/1996 væri heimilt að draga frá biðlaunagreiðslum launatekjur sem biðlaunabegi aflaði sér í starfi er hann hefði tekið við í þjónustu ríkisins eða í þjónustu annars aðila. Yrði þá að taka afstöðu til þess hvernig skýra bæri hugtakið starf í skilningi ákvæðisins. Taldi umboðsmaður að ekki væru rök til annars en að telja að félli starf undir gildissvið laga nr. 70/1996 væri um starf í skilningi 2. mgr. 34. gr. þeirra laga að ræða og því heimilt að draga launagreiðslur fyrir það starf frá biðlaunagreiðslum. Samkvæmt 1. gr. laganna tækju þau til hvers manns sem væri skipaður, settur eða ráðinn í þjónustu ríkisins til lengri tíma en eins mánaðar enda yrði starfið talið aðalstarf. Með vísan til athugasemda við 1. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 70/1996 taldi umboðsmaður að væri starf hálf starf miðað við dagvinnu yrði það talið aðalstarf. Þá yrði að telja að fengi viðkomandi meginhluta tekna sinna frá ríkinu þá væri það aðalstarf hans. Umboðsmaður taldi upplýst að hvort sem miðað væri við þá aukningu sem varð á kennslu A eða raunverulegt starfshlutfall hans félli starf hans við stundakennslu undir gildissvið laga nr. 70/1996. Var það því niðurstaða umboðsmanns að sú aðferð sem viðhöfð var af hálfu ríkisbókshalds við frádrátt frá biðlaunagreiðslum til A hefði haft viðhlítandi stoð í lögum.

12.13.

Auglýsing. Umsóknarfrestur. (Mál nr. 2826/1999)

A kvartaði yfir því hvernig staðið hefði verið að setningu í embætti skrifstofustjóra á lyfjamálaskrifstofu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Laut kvörtunin að því að umsókn er barst eftir að umsóknarfrestur var liðinn var tekin gild og sá umsækjandi settur í embættið.

Umboðsmaður vék að ákvæðum 23. og 24. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og 13. gr. laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands. Kom fram að heimilt væri að setja mann tímabundið í embætti í forföllum skipaðs embættismanns án þess að auglýsa það laust til umsóknar. Yrði ráðið af gögnum málsins að sett hefði verið í viðkomandi embætti í forföllum skipaðs embættismanns og því hefði ekki verið skylt að auglýsa það laust til umsóknar. Þó taldi umboðsmaður að kysi handhafi veitingarvalds að auglýsa embætti laust til umsóknar vegna forfalla skipaðs embættismanns bæri honum að fylgja þeim meginreglum sem gilda um umsóknarfrest.

Umboðsmaður rakti ákvæði 1. mgr. 5. gr. eldri laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38/1954 þar sem sérstaklega var mælt fyrir um heimild til að taka til greina umsóknir sem borist höfðu eftir að umsóknarfrestur væri liðinn að því skilyrði uppfylltu að staðan hefði ekki þegar verið veitt eftir að sá frestur var liðinn. Jafnræðis-sjónarmið leiddu til þess að skýra varð þessa heimild þröngt, sbr. álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 1320/1994. Þá vék umboðsmaður að núgildandi lögum nr. 70/1996 og tók fram að í þeim væri ekki mælt fyrir um sambærilega heimild. Benti hann á að í athugasemdum við frumvarp það er varð að lögnum hefði komið fram að við samningu 7. gr. laganna hefði verið tekið mið af ofangreindu álit umboðsmanns. Var það niðurstaða umboðsmanns að eðlilegt væri að álykta að heimild að þessu leyti hefði verið felld úr lögum með lögfestingu laga nr. 70/1996 þar sem ákvæðið vék að nokkru leyti frá almennum sjónarmiðum um jafnræði borgaranna til að sækja um opinber störf. Þá tók hann fram að ekki hefðu komið fram í málinu skýringar á því hvers

vegna umsókn barst að liðnum umsóknarfresti sem afsakanlegar gætu talist. Umboðsmaður taldi að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu hefði þó verið heimilt að auglýsa embættið laust til umsóknar á ný þar sem umsóknarfrestur væri framlengdur. Hins vegar stóð ekki heimild til þess að taka umsókn er barst að liðnum auglýstum umsóknarfresti til efnislegrar meðferðar nema að slíkri framlengingu undangenginni.

Umboðsmaður beindi þeim tilmælum til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins að í framtíðinni tæki það mið af þeim sjónarmiðum sem rakin væru í álitinu við veitingu opinberra starfa.

I.

Hinn 2. september 1999 leitaði H, hæstaréttarlögmaður, fyrir hönd A, til mín og kvartaði yfir því hvernig staðið hefði verið að setningu í embætti skrifstofustjóra á lyfjamálaskrifstofu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Laut kvörtunin að því að starfs-umsókn, sem barst 6 dögum eftir að umsóknarfrestur rann út, hefði verið tekin gild og að sett hefði verið í embættið á grundvelli hennar þegar fyrir lágu tvær fullgildar umsóknir sem bárust innan auglýsts umsóknarfrests.

Ég lauk máli þessu með áliti, dags. 21. nóvember 2000.

II.

Með auglýsingu, er birtist í Morgunblaðinu 18. júlí 1999, var embætti skrifstofustjóra á lyfjamálaskrifstofu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins auglýst laust til umsóknar. Var auglýsingin svohljóðandi:

„Staða skrifstofustjóra á lyfjamálaskrifstofu ráðuneytisins (Lyfjamálastjóra) er laus til umsóknar. Um er að ræða afleysingastöðu vegna tímabundins leyfis skipaðs skrifstofustjóra og verður ráðið í stöðuna frá 1. september nk. til allt að fimm ára. Umsækjandi skal vera lyfjafræðingur að mennt og hafa sem viðtækasta reynslu og þekkingu á sviði lyfjamála.

Lyfjamálastjóri annast framkvæmd lyfjamála innan ráðuneytisins fyrir hönd ráðherra. Launakjör eru samkvæmt ákvörðun Kjaranefndar. Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Lauga-vegi 116, 150 Reykjavík eigi síðar en 6. ágúst nk.

[. . .]“

Tvær umsóknir, frá A og C, bárust um hið lausa starf áður en auglýstur umsóknarfrestur var liðinn. Umsókn frá B barst til viðbótar framangreindum umsóknum. Er hún dagsett 5. ágúst 1999 en stimpluð af ráðuneytinu 12. ágúst 1999. Ekki er um það ágreiningur að umsóknin barst að liðnum umsóknarfresti. B var settur í embættið til eins árs hinn 25. ágúst 1999.

Í kvörtun A er bent á að samkvæmt 5. gr. laga nr. 38/1954 hafi sérstaklega verið mælt fyrir um að heimilt væri að taka til greina umsóknir sem bærust að liðnum umsóknarfresti. Þá kemur þar fram að í gildistíð þessa ákvæðis hafi umboðsmaður Alþingis fjallað um túlkun þess í áliti frá 2. febrúar 1996 í máli nr. 1320/1994. Taldi hann að skýra bæri þessa undanþáguheimild þröngt með vísan til jafnræðisreglna stjórnsýsluréttar. Í kvörtuninni er síðan vísað til 7. gr. nógildandi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 en þar sé ekki fjallað um það hvernig með skuli fara berist umsókn að liðnum umsóknarfresti. Ekki sé heldur vikið að heimild til þess að víkja frá umsóknarfresti í reglum um

auglýsingar á lausum störfum sem birtust í B-deild Stjórnartíðinda nr. 464/1996. Af þessu megi ráða að heimild, sem hafi verið fyrir hendi í gildistíð laga nr. 38/1954, til þess að taka til meðferðar umsóknir, sem berast að liðnum umsóknarfresti, hafi verið felld úr lögum við gildistöku laga nr. 70/1996.

III.

Með bréfi til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, dags. 14. september 1999, óskaði ég með vísan til 7. og 9. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að ráðuneyti hans léti mér í té gögn málsins og skýrði viðhorf sitt til kvörtunarinnar. Var þess meðal annars óskað að upplýst yrði hvenær auglýsing um hið lausa embætti hafi birst í Lögbirtingablaði í samræmi við 1. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Með bréfum, dags. 19. nóvember 1999, 21. desember s.á., 4. febrúar 2000 og 14. mars s.á., ítrekaði ég tilmæli mín til ráðuneytisins.

Svarbréf heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins barst mér hinn 26. maí 2000. Var þar beðist velvirðingar á þeim drætti sem orðið hefði á því að svara erindi mínu. Þá sagði eftirfarandi í bréfi ráðuneytisins:

„Staða skrifstofustjóra lyfjamálaskrifstofu ráðuneytisins var auglýst laus til umsóknar með auglýsingu í Morgunblaðinu hinn 18. júlí 1999 með umsóknarfresti til 6. ágúst 1999. Hins vegar urðu þau mistök að staðan var ekki auglýst í Lögbirtingablaðinu eins og bar að gera skv. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ráðuneytið bendir hins vegar á að sunnudagsblað Morgunblaðsins er helsti vettvangur atvinnuauglýsinga hér á landi og þar auglýsa því þeir sem vilja ná til sem flestra umsækjenda. Formkröfur laganna hvað varðar auglýsingu hefðu hins vegar verið uppfylltar með því að auglýsa eingöngu í Lögbirtingablaðinu. Segja má að ráðuneytið hafi í raun gert betur en það, þó best hefði auðvitað verið að auglýsa bæði í Morgunblaðinu og Lögbirtingablaðinu, eins og venja er til. Loks bendir ráðuneytið á að þessi formgalli getur ekki skipt máli hvað varðar stöðu kvartanda, þar sem hann hefur augljóslega séð auglýsinguna í Morgunblaðinu.

Eftirtaldir umsóknir bárust um stöðuna; frá [A], dags. 28. júlí 1999, bókuð 4. ágúst, frá [C], dags. 3. ágúst 1999, bókuð 4. ágúst 1999 og frá [B], dags. 5. ágúst 1999, bókuð 12. ágúst. Hinn 25. ágúst 1999 var [B] settur til að gegna stöðunni í eitt ár.

Tveir skrifstofustjórar í ráðuneytinu tóku saman upplýsingar um menntun og starfsreynslu umsækjendanna og fer yfirlit þeirra hér á eftir:

[. . .]

Kröfur þær sem gerðar voru til umsækjenda voru eftirfarandi: „Umsækjandi skal vera lyfjafræðingur að mennt og hafa sem víðtækasta reynslu og þekkingu á sviði lyfjamála.“

Allir umsækjendur uppfylla þau menntunarskilyrði sem gerð voru í auglýsingu ráðuneytisins.

[. . .]

Á grundvelli framangreindra upplýsinga ákvað ráðuneytisstjóri að boða þá [B] og [A] í viðtal og ræddi hann við þá báða um starfið. Þá leitaði hann eftir munnlegum upplýsingum um [B] frá fyrrverandi ráðuneytisstjóra.

Þegar litið var til reynslu og þekkingar á sviði lyfjamála var augljóst að [B] stóð hinum umsækjendunum mun framar, þar sem hann hefði gegnt sömu stöðu og hann sótti nú um frá 1978–1990 eða um ellefu ára skeið og þegar leitað var til fyrrverandi ráðuneytisstjóra gaf hann [B] afar góð meðmæli. Auk þess hafði [B] langa reynslu sem stjórnandi í lyfjaheildsölu og innan Lyfjaverslunar ríkisins.

Þegar þetta lá fyrir átti ráðuneytið eftirfarandi kosti:

1. Hafna umsókn [B] á þeim forsendum að hún hefði borist of seint og ráða [A].
2. Ráða engan umsækjendanna og auglýsa stöðuna að nýju með framlengdum umsóknarfresti.
3. Taka umsókn [B] til greina þótt hún hefði borist nokkrum dögum eftir að umsóknarfrestir rann út og láta mat á hæfni umsækjenda ráða ákvörðun um ráðningu.

Það hlýtur að vera meginskylda þeirra sem taka ákvörðun um ráðningu ríkisstarfsmanna að ráða hæfasta umsækjandann. Ráðuneytið taldi því ekki koma til greina að ráða annan en þann sem ráðuneytið taldi hæfastan.

Segja má að til greina hefði komið að ráða engan umsækjenda og auglýsa stöðuna að nýju með framlengdum umsóknarfresti. Ástæður þess að það var ekki gert voru í fyrsta lagi að brýnt var að ganga frá ráðningu þar sem skrifstofustjóri lyfjaskrifstofu fékk launalaust leyfi frá 1. september 1999 og gera má ráð fyrir að ný auglýsing hefði tafið ráðningu um a.m.k. mánuð. Þá hefði það að öllum líkindum leitt til sömu niðurstöðu, þó mögulegt sé að fleiri umsækjendur hefðu bæst við. Loks er bent á að ákvörðun um að ráða engan umsækjenda og auglýsa að nýju er yfirleitt tekin þegar enginn umsækjenda er hæfur en um það var ekki að ræða í þessu tilviki. Slík ákvörðun hefði því að líkindum verið þungbærari fyrir þá umsækjendur sem sóttu fyrir lok umsóknarfrests en sú leið sem farin var.

Niðurstaða ráðuneytisins var því sú að rétt væri að taka umsókn [B] til greina og láta mat á hæfni ráða ákvörðun um ráðningu.

Eins og fram kemur í bréfi [H] var ákvæði eldri starfsmannalaga þar sem þetta var sérstaklega heimilað ekki tekið upp í núgildandi starfsmannalög. Ekkert er minnst á þessa breytingu í greinargerð með frumvarpi til nýrra starfsmannalaga. Fyrri reglan, sem heimilaði sérstaklega að taka til greina umsóknir sem bárust eftir að umsóknarfrestur rann út hafði verið við lýði í rúmlega fjórutíu ár. Hefði verið ætlunin að breyta þessari gamalgrönu reglu verður að telja eðlilegt að það hefði annað hvort verið beinlínis tekið fram í greininni að slík heimild væri ekki fyrir hendi, eða a.m.k. vikið að slíkri efnisbreytingu í greinargerð. Það er hins vegar ekki gert og bendir það eindregið til að hér hafi ekki verið ætlunin að gera efnisbreytingu, heldur hafi þótt óþarft að taka þetta sérstaklega fram. Heimildin sé því enn fyrir hendi a.m.k. þegar um er að ræða minni háttar frávik og/eða sérstakar aðstæður.

Þegar staða er auglýst er megintilgangurinn að sjálfsögðu sá að fá sem flesta hæfa umsækjendur til þess að unnt verði að ráða hæfasta starfsmann sem völ er á. Tilgangur umsóknarfrests er hins vegar fyrst og fremst sá að afmarka tíma fyrir málsmeðferð, en ekki að takmarka möguleika umsækjenda á að sækja um stöðu, enda mundi það vinna gegn megintilgangi auglýsingar. Þá er umsóknarfresturinn trygging umsækjenda fyrir því að ef þeir sækja innan frestsins verði umsókn þeirra tekin til greina. Óeðlilegt er hins vegar að hagsmunir annarra umsækjenda af því að umsóknir sem berast eftir lok umsóknarfrests séu ekki teknar til greina. Þar sem aðeins voru liðnir fáir dagar frá lokum umsóknarfrests þegar umsókn [B] barst og undirbúningur ráðningar var skammt kominn, taldi ráðuneytið því rétt að taka umsókn hans til greina.

Þegar lagt hafði verið mat á reynslu og þekkingu umsækjendanna á sviði lyfjamála og tekin höfðu verið við þá viðtöl taldi ráðuneytið ljóst að [B] stæði öðrum umsækjendum verulega framar hvað varðaði starfsreynslu sem ætla mætti að nýttist í starfi og lagði ráðuneytisstjóri því til við ráðherra að [B] yrði settur í stöðuna.

Ráðuneytið telur því engan vafa leika á um að hér hafi verið um að ræða efnislega rétta ákvörðun sem byggð hafi verið á málefnalegum ástæðum og telur raunar

að ámælisvert hefði verið að ganga framhjá hæfasta umsækjandanum á þeim grundvelli að umsókn hans barst fáum dögum eftir að umsóknarfrestur rann út.“

Með bréfi, dags. 26. maí 2000, gaf ég lögmanni A kost á að gera athugasemdir við framangreint bréf heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Athugasemdir hans bárust mér 22. júní 2000.

IV.

1.

Kvörtun A lýtur að því hvort löglega hafi verið staðið að tímabundinni setningu í starf skrifstofustjóra hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu þar sem umsókn, sem barst að liðnum auglýstum umsóknarfresti, var tekin til efnislegrar athugunar og viðkomandi umsækjandi settur í embættið að þeirri athugun lokinni.

Skrifstofustjórar hjá Stjórnarráði Íslands teljast til embættismanna í skilningi 22. gr. laga nr. 70/1996, sbr. 2. tölul. 1. mgr. ákvæðisins. Í 1. mgr. 7. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 150/1996, segir að laust embætti skuli auglýsa í Lögbirtingablaði og skuli umsóknarfrestur ekki vera skemmri en tvær vikur frá útgáfudegi blaðsins. Þó er heimilt samkvæmt ákvæðinu að skipa mann í embætti skv. 2. mgr. 23. gr., setja mann í forföllum samkvæmt 1. málsl. 24. gr. eða flytja hann til í embætti skv. 36. gr. án þess að embættið sé auglýst laust til umsóknar.

Í auglýsingu þeirri er birtist í Morgunblaðinu, og rakin er í kafla II hér að framan, sagði að um væri „að ræða afleysingastöðu vegna tímabundins leyfis skipaðs skrifstofustjóra“ og að það yrði „ráðið í stöðuna frá 1. september nk. til allt að fimm ára“. Í 1. mgr. 23. gr. laga nr. 70/1996 segir að embættismenn skuli skipaðir tímabundið til fimm ára í senn nema annað sé tekið fram í lögum. Þá segir í 13. gr. laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, sbr. 5. gr. laga nr. 83/1997, að ráðherra skipi ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra til fimm ára í senn en ráði aðra starfsmenn ráðuneytisins. Í 24. gr. laga nr. 70/1996, sbr. 10. gr. laga nr. 150/1996, er mælt fyrir um undantekningu frá þeirri meginreglu sem fram kemur í 23. gr. þeirra laga. Þar segir eftirfarandi:

„Nú fellur maður frá sem skipaður hefur verið í embætti, eða er fjarverandi um lengri tíma vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, og getur þá það stjórnvald sem veitir embættið sett annan mann til að gegna því um stundarsakir, þó aldrei lengur en í eitt ár. Jafnframt má setja mann til reynslu í embætti, áður en hann er skipaður í það, til eins árs í senn, þó aldrei lengur en tvö ár. Sá sem settur er í embætti nýtur réttinda og ber skyldur skv. VI. og VII. kafla eftir því sem við á.“

Ekki er í lögum nr. 70/1996 gert ráð fyrir að maður sé ráðinn tímabundið í embætti eins og fram kemur í auglýsingu. Ekki er heldur mælt fyrir um heimild til slíkrar ráðstöfunar í lögum nr. 73/1969. Var orðalag auglýsingar að þessu leyti aðfinnsluvert. Í skýringum ráðuneytisins kemur fram að B hafi verið settur til að gegna embættinu í eitt ár og samrýmist það 24. gr. laga nr. 70/1996.

Eins og að framan greinir er heimilt að víkja frá skyldu til að auglýsa laust embætti þegar fyrirhugað er að setja mann í það í forföllum skipaðs embættismanns samkvæmt 1. mgr. 24. gr. laga nr. 70/1996. Handhafa veitingarvalds er þó unnt að auglýsa embættið til að afla umsókna þótt svo standi á. Af skýringum þeim sem mér hafa verið veittar verður ráðið að B hafi verið settur í embættið í forföllum skipaðs embættismanns. Hvað sem því líður tel ég að handhafa veitingarvalds sé ekki unnt að víkja sér undan þeim meginreglum sem gilda um umsóknarfrest hafi hann kosið að auglýsa embættið laust til umsóknar þrátt fyrir að honum hafi verið heimilt að víkja frá lagaskyldu þar um.

2.

Almennt eiga menn að geta treyst auglýstum fresti sem stjórnvöld setja borgurunum til að sækja um ákveðna fyrirgreiðslu eða önnur réttindi lögum samkvæmt. Sé sá frestur fortakslaus afmarkar hann það tímabil sem borgarinn getur lagt fram slíka umsókn. Er þannig heimilt að vísa umsóknum frá sem berast að liðnum fresti sem settur er í samræmi við lög eða stjórnvaldsfyrirmæli. Úrlausnarefnið í þessu máli er hins vegar hvort stjórnvaldi sé skylt að vísa slíkri umsókn frá án frekari umfjöllunar af þess hálfu eða hvort heimilt sé að taka hana til efnismeðferðar og þá að hvaða skilyrðum uppfylltum. Í gildistíð laga nr. 38/1954 var sérstaklega vikið að þessu varðandi umsóknarfrest um lausar stöður hjá ríkinu. Í 1. mgr. 5. gr. laganna sagði eftirfarandi:

„Lausa stöðu skal auglýsa í Lögbirtingablaði, venjulega með 4 vikna fyrirvara. Heimilt er að taka til greina umsóknir, sem berast eftir að liðinn er umsóknarfrestur, enda hafi staðan ekki þegar verið veitt eða í hana sett eða maður í hana ráðinn, eftir að frestur var liðinn.“

Samkvæmt ákvæðinu var heimilt að taka slíkar umsóknir til efnismeðferðar án þess að framlengja þegar auglýstan umsóknarfrest með nýrri auglýsingu. Jafnræðissjónarmið leiddu hins vegar til þess að skýra varð þessa heimild þröngt, sbr. álit umboðsmanns Alþingis frá 2. febrúar 1996 í máli nr. 1320/1994. Í álitinu kom fram að þannig yrði ekki að því fundið að umsókn yrði tekin til efnismeðferðar þegar aðstæður væru þær að afsakanlegt yrði talið að umsókn hefði ekki borist fyrir lok umsóknarfrests. Að slíkum tilvikum slepptum væri oft réttara að hafna öllum umsóknum og auglýsa stöðuna á ný staði vilji til þess að taka slíka umsókn til efnismeðferðar.

Ekki er mælt fyrir um heimild til þess að víkja frá auglýstum umsóknarfresti í núgildandi lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, eða í stjórnvaldsfyrirmælum sem sett hafa verið með stoð í lögum. Í athugasemdum við ákvæði 7. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 70/1996 kom fram að við samningu greinarinnar hafi verið tekið mið af fyrrgreindu áliti umboðsmanns Alþingis. Ekki er þar vikið frekar að því álitaefni sem hér er til umfjöllunar.

Heimild til að taka til greina umsóknir sem berast að liðnum umsóknarfresti er samkvæmt framansögðu ekki að finna í núgildandi lögum. Væntingar umsækjenda um að umsóknir þeirra kunni að vera teknar til greina, þótt þær hafi borist of seint, verða því ekki byggðar á ákvæðum laga. Lagafyrirmæli um skyldu til að auglýsa laus opinber störf hvíla öðrum þræði á þeim jafnræðissjónarmiðum að allir þeir sem hug hafa á að sækja um tiltekið opinbert starf sé veittur kostur á að sækja um það. (Alpt. 1953–1954, A-deild, bls. 421.) Þar sem ákvæði 1. mgr. 5. gr. laganna vék að nokkru leyti frá almennum sjónarmiðum um jafnræði borgaranna til að sækja um opinber störf álit ég eðlilegt að álykta að eftir að lög nr. 38/1954 féllu brott þá hafi umrædd heimild verið felld úr lögum. Þá vil ég taka fram að ekki hafa komið fram í máli þessu skýringar á því hvers vegna umsókn barst að liðnum umsóknarfresti sem afsakanlegar geta talist.

Í 1. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 er aðeins mælt fyrir um lágmarksumsóknarfrest sem stjórnvald getur sett í auglýsingu um laust embætti. Hefur viðkomandi stjórnvald því að öðru leyti svigrúm til að afmarka hæfilegan umsóknarfrest. Þegar svo háttar til verður að telja að almennt geti stjórnvald framlengt frest með því að auglýsa á ný eftir umsóknum þar sem annar umsóknarfrestur er tilgreindur. Almennt er talið að handhafa veitingarvalds sé ekki skylt að að veita einhverjum af þeim starfið, sem lagt hafa fram umsóknir um það innan umsóknarfrests, jafnvel þótt þeir uppfylli almenn hæfisskilyrði. Er honum því heimilt að hafna öllum framkomnum umsóknum og getur eftir atvikum auglýst það á ný. Með vísan til þessa verður að telja að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu hafi

verið heimilt að auglýsa embættið laust til umsóknar á ný þar sem umsóknarfrestur væri framlengdur. Getur slíkt meðal annars komið til álita þegar álitleg umsókn berst eftir að umsóknarfrestur er runninn út. Hins vegar tel ég að ekki hafi staðið til þess heimild að taka slíka umsókn til efnislegrar meðferðar nema að því undangengnu að umsóknarfrestur hafi verið framlengdur með nýrri auglýsingu. Er það niðurstaða mín að ákvörðun ráðuneytisins um að taka umsókn B til efnismeðferðar án slíkrar auglýsingar hafi ekki haft fullnægjandi stoð í lögum.

Ég vil taka fram að með hliðsjón af eðli veitingar á opinberu starfi og hagsmunum þess er veitingu hlýtur tel ég að ekki verði fullyrt að ofangreindur annmarki á setningu B í embætti skrifstofustjóra verði talinn leiða til ógildingar á ákvörðuninni. Með sama hætti tel ég ekki forsendu til þess að ég víki að öðrum hugsanlegum réttaráhrifum slíks annmarka.

V.

Niðurstaða.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða mín að sú málsmeðferð að taka umsókn sem barst að liðnum auglýstum umsóknarfresti til efnismeðferðar án þess að auglýsa embættið laust á ný hafi skort fullnægjandi stoð í lögum. Beini ég þeim tilmælum til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins að í framtíðinni taki það mið af þeim sjónarmiðum sem rakin eru í álitinu við veitingu opinberra starfa.

12.14. Setning í embætti til reynslu. Skylda til auglýsingar. Málshraði. Vandaðir stjórnsýsluhættir. (Mál nr. 2850/1999)

A kvartaði yfir þeirri ákvörðun utanríkisráðherra að falla frá því að skipa í embætti forstjóra Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar á grundvelli auglýsingar og að framlengja setningu B um eitt ár frá 1. október 1999. Taldi hann að ráðherra hefði borið að meta umsækjendur um hið lausa embætti með hlutlægum hætti og setja þann í embættið sem hæfastur yrði talinn eða hafna öllum umsækjendum og auglýsa embættið á ný.

Umboðsmaður rakti ákvæði 24. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem fjalla um setningu í embætti, og 1. mgr. 7. gr. sömu laga um skyldu til að auglýsa laus embætti eins og þau ákvæði hljóðuðu eftir að lög nr. 150/1996 breyttu þeim lögum. Taldi umboðsmaður ljóst að B hefði frá 1. október 1998 verið settur til reynslu í embættið í skilningi 2. másl. 24. gr. laganna og því hefði borið að auglýsa embættið laust til umsóknar samkvæmt 1. mgr. 7. gr. þeirra laga. Af skýringum ráðuneytisins til umboðsmanns mátti ráða að ákvörðun um framlengingu setningar B frá 1. október 1999 í embættið hefði ekki byggst á samanburði á þeim umsækjendum sem sótt höfðu um embættið í kjölfar auglýsingar. Því taldi umboðsmaður að málsmeðferð sú sem viðhöfð var við veitingu embættisins yrði lögð að jöfnu við að sett hefði verið í það til reynslu án þess að það hefði nokkurn tíma verið auglýst laust til umsóknar. Fékkst sú ráðstöfun að hans áliti ekki staðist meginreglu 1. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 og vísaði þar til athugasemda við 5. gr. frumvarps til eldri laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Var það niðurstaða hans að ráðuneytið hefði því ekki átt þess kost, eins og atvikum var háttað, að framlengja setningu B í embættið til reynslu án þess að auglýsa embættið laust til umsóknar þar sem efnisleg afstaða yrði tekin til þeirra umsókna sem bærust á grundvelli málefnalega sjónarmiða.

Þá rakti umboðsmaður ýmsar skráðar og óskráðar meginreglur sem virða bæri

gagnvart umsækjendum við veitingu á opinberu starfi. Taldi hann það aðfinnsluvert að utanríkisráðuneytið hefði ekki tilkynnt þeim sem sótt höfðu um embættið í kjölfar auglýsingar, sem birst hafði í apríl 1999, um fyrirsjáanlegar tafir á afgreiðslu málsins, ástæður þeirra tafa og hvenær ákvörðunar væri að vænta. Þá vísaði hann til þess að umsókn um opinbert starf vekti í senn væntingar hjá umsækjendum um að hún hlyti meðferð í samræmi við meginreglur stjórnsluréttarins um slíkar ákvarðanir og að til þess kynni að koma að hún yrði tekin til greina. Umboðsmaður taldi að í málinu hefði utanríkisráðuneytið ekki tekið nægjanlegt tillit til þeirra réttmætu væntinga og því hefðu þeir stjórnsluhættir sem viðhafðir voru ekki verið nægjanlega vandaðir.

Umboðsmaður taldi að það yrði að vera hlutverk dómstóla að skera úr um hvaða áhrif annmarkar af því tagi sem greindi í álitinu ættu að hafa. Beindi hann þeim tilmælum til utanríkisráðuneytisins að það tæki mið af þeim sjónarmiðum sem rakin væru í álitinu við veitingu embætta og annarra opinberra starfa í framtíðinni.

13.0. Sakarkostnaður.

13.1.

**Andmælaréttur. Leiðbeiningarskylda.
Rökstuðningur. Stjórnvaldsákvörðun.
(Mál nr. 2815/1999)**

A kvartaði yfir úrskurði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins þar sem staðfestur var úrskurður fangelsismálastofnunar um greiðslu sakarkostnaðar vegna dóms yfir honum í opinberu máli. Laut kvörtunin að kostnaði vegna geðrannsóknar sem talinn var hluti sakarkostnaðar.

Umboðsmaður benti á að úrskurður fangelsismálastofnunar um fjárhæð sakarkostnaðar, sbr. 3. mgr. 168. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, teldist stjórnvaldsákvörðun í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórn-sýslulaga nr. 37/1993, sbr. álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 2063/1997.

Umboðsmaður rakti ákvæði 13. gr. stjórn-sýslulaga og 2. mgr. 168. gr. laga nr. 19/1991 um skyldu þeirra sem fara með rannsókn opinbers máls að leggja fram yfirlit yfir útgjöld sem þeir hafa haft af málinu. Taldi hann í framlagningu yfirlits felast afstaða ákærvaldsins til umfangs sakarkostnaðar auk þess sem dómara væri gerð grein fyrir kostnaðinum. Með slíku yfirliti væri sakborningi gert auðveldara að hafa yfirsýn yfir kostnað sem honum kynni að verða gert að greiða og gæti gefið honum tilefni til athugasemda fyrir dómi um einstaka kostnaðarliði. Með hliðsjón af fyrrnefndu álit umboðsmanns Alþingis taldi umboðsmaður að ef ákærvaldið sinni ekki umræddri skyldu veitti það fangelsismálastofnun sérstakt tilefni til að kanna hvort stofnuninni væri skylt að veita dómþola kost á að tjá sig um efni og umfang sakarkostnaðar. Í máli A hafði slíkt yfirlit ekki fylgt málinu og stofnunin ekki kannað hvernig þessu hefði verið háttað. Taldi umboðsmaður að fangelsismálastofnun hefði borið að veita A færi á að koma að athugasemdum sínum áður en stofnunin kvað upp úrskurð sinn, sbr. 13. gr. stjórn-sýslulaga.

Umboðsmaður féllst á niðurstöðu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins um að kostnaður vegna geðrannsóknarinnar félli undir orðalag 164. gr. laga nr. 19/1991 og teldist til sakarkostnaðar. Taldi hann það vera verkefni fangelsismálastofnunar að úrskurða um fjárhæð þá sem dómþola væri gert að greiða, sbr. 1. mgr. 168. gr. laga nr. 19/1991, með þeim fyrirvara að dómari hefði ekki sérstaklega ákveðið einstaka liði sakarkostnaðar. Af úrskurði ráðuneytisins í máli A varð ekki ráðið að efnislega hefði verið fjallað um andmæli um fjárhæð reiknings vegna geðrannsóknarinnar. Vísaði umboðsmaður af því tilefni til afstöðu ráðuneytisins er kom fram í framangreindu máli umboðsmanns um endurskoðunarvald þess sem stjórnvalds á æðra stigi og þar með úrskurðarvald um einstaka málskostnaðarliði. Í ljósi þessa og lagaregla um úrskurðarvald fangelsismálastofnunar samkvæmt XIX. kafla laga nr. 19/1991, stjórn-sýslulegs sambands stofnunarinnar og dóms- og kirkjumálaráðuneytisins taldi umboðsmaður að ráðuneytinu hefði borið að taka afstöðu til athugasemda A um fjárhæð reikningsins.

Umboðsmaður minnti á að stjórnvöldum væri ekki fortakslaut skylt að taka öll atriði og sjónarmið aðila til rökstuddrar úrlausnar en taka yrið afstöðu til atriða sem varða málið og geta haft þýðingu við úrlausn þess. Taldi hann rökstuðning ráðuneytisins í máli A ekki hafa verið í samræmi við 4. tölul. 3L gr. stjórn-sýslulaga, sbr. 1. mgr. 22. gr. laganna. Þá tók umboðsmaður fram að ef ráðuneytið hefði talið skýringar A í stjórn-sýslukæru hans eigi nægjanlega skýrar hefði því borið að leiðbeina honum, sbr. 7. gr. stjórn-sýslulaga.

Varð það niðurstaða umboðsmanns að annmarkar hefðu verið á meðferð máls A hjá stjórnvöldum. Beindi hann þeim tilmælum til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins að það tæki mál A til endurskoðunar kæmi fram ósk þess efnis frá honum og tæki þá mið af þeim sjónarmiðum sem rakin væru í álitinu.

Með bréfi til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 1. febrúar 2001, óskaði ég eftir upplýsingum um hvort A hefði leitað til ráðuneytisins á ný og þá hvort einhverjar ákvarðanir hefðu verið teknar af því tilefni. Í svari ráðuneytisins, dags. 18. febrúar 2001, segir meðal annars svo:

„Með bréfi, dags. 28. nóvember sl., leitaði [A] til ráðuneytisins á ný vegna ofangreinds máls. Var honum tilkynnt með bréfi ráðuneytisins, dags. 14. desember sl., að mál hans yrði tekið til skoðunar með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem fram koma í áliti yðar. Jafnframt að honum yrði tilkynnt um niðurstöður þeirrar skoðunar um leið [og] hún lægi fyrir. Frekari gögn í málinu bárust frá [A] með bréfi, dags. 8. janúar sl. Hefur mál hans því verið tekið til meðferðar á ný en niðurstaða í því liggur ekki fyrir.“

14.0. Samgöngumál.

14.1. Atvinnuflugmannspróf. Stjórnsýslukæra. Eftirlitshlutverk ráðuneytis. Lagastoð kennsluáætlunar. Málshraði. (Mál nr. 2770/1999)

A kvartaði yfir úrskurði samgönguráðuneytisins þar sem staðfest var ákvörðun Flugskóla Íslands um að meina honum að taka próf við skólann.

Umboðsmaður rakti ákvæði 27. og 28. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 um stjórnsýslukærur. Með vísan til 2. mgr. 28. gr. taldi hann að samgönguráðuneytinu hefði borið að vísa stjórnsýslukæru A frá ráðuneytinu þar sem ekki yrði annað séð en að meira en ár hefði liðið frá því að ákvörðun Flugskóla Íslands var tilkynnt A og þar til hann kærði þá ákvörðun. Þá vék umboðsmaður að almennum eftirlitshættum ráðuneytis gagnvart sér lægra settum stjórnvöldum og úrræðum sem því kann að vera heimilt að beita í kjölfar athugana er byggðust á slíkum heimildum. Takmarkaðist umfjöllun umboðsmanns fyrst og fremst við það hvort ráðuneytinu hefði verið rétt að beita einhverjum þessara úrræða.

Umboðsmaður rakti ákvæði laga nr. 34/1964, um loftferðir, og reglugerðar nr. 344/1990, um skírteini gefin út af Flugmálastjórn, sem þýðingu höfðu. Þá vék hann að skilyrði í staðfestri kennsluáætlun fyrir Flugskóla Íslands árið 1997 þess efnis að þeir sem óskuðu inngöngu í atvinnuflugmannsnám I. flokks þyrftu að vera handhafar atvinnuflugmannsskírteinis með blindflugsáritun. Var það niðurstaða umboðsmanns að þetta skilyrði hafi ekki farið í bága við lög nr. 34/1964 eða reglugerð nr. 344/1990. Þá taldi hann að skilyrðið hafi byggst á málefnalegum sjónarmiðum. Umboðsmaður taldi ljóst af gögnum málsins að A hefði ekki verið formlega innritaður í atvinnuflugnám I. flokks þar sem hann var ekki handhafi atvinnuflugmannsskírteinis með blindflugsáritun en fengið leyfi til að sitja tíma í því námi. Hafi staða hans í náminu því verið skilyrt og út frá því gengið að hann nýti ekki fullra réttinda sem nemandi fyrir en hann uppfyllti skilyrði kennsluáætlunarinnar. Þar sem A uppfyllti ekki það skilyrði áður en próftímabil hófst varð að leggja til grundvallar að hann hefði ekki lokið því námi sem tilskilið var áður en honum var unnt að taka próf. Með hliðsjón af þessu taldi umboðsmaður að ekki hefðu legið fyrir slíkir efnislegir annmarkar á þeirri ákvörðun að meina A að taka hin umdeildu próf að ráðuneytinu hefði verið rétt að beita einhverjum þeim úrræðum sem því voru tæk í kjölfar athugunar þess á málinu. Þá yrði ekki séð að fyrir ráðuneytinu hafi legið upplýsingar um annmarka á málsmeðferð sem leitt hefðu til þess að hún yrði talin ógildanleg.

Umboðsmaður taldi ekki ástæðu til athugasemda við synjun ráðuneytisins á að verða við kröfu A um endurgreiðslu skólagjalda. Hins vegar gerði hann þá athugasemd við málsmeðferð ráðuneytisins að dregist hefði lengur að svara erindi A en samrýmst gæti því sjónarmiði sem lægi að baki 9. gr. stjórnsýslulaga þess efnis að óþarfa tafir skuli ekki verða á meðferð máls hjá stjórnsýslunni.

15.0. Skattar og gjöld.

15.1. Frádráttur vegna framlags sjálfstætt starfandi manns til lífeyrissjóðs. Endurupptaka. Lögmatísreglan. Meinbugir á lögum. (Mál nr. 2370/1998)

A kvartaði yfir synjun ríkisskattstjóra á beiðni hans um leiðréttingu á áður álögðum opinberum gjöldum hans gjaldárin 1985 til og með 1992. Laut erindi A að því að atvinnurekandaframlag hans vegna eigin lífeyristryggingar á árunum 1984 til og með 1991 yrði fært sem rekstrarkostnaður í skattskilum viðkomandi ára og hreinar tekjur af atvinnurekstri á þeim árum lækkaðar til samræmis. Var erindið borið fram í tilefni af dómi Hæstaréttar, H 1996:4248, þar sem fallist var á að sjálfstætt starfandi mönnum væri heimilt að draga frá rekstrartekjum sínum atvinnurekandaframlag vegna eigin lífeyristryggingar. Synjun ríkisskattstjóra á erindi A byggðist á þeirri ákvörðun embættisins að binda almennar leiðréttingar á skattskilum sjálfstætt starfandi manna í tilefni af dómi Hæstaréttar við lífeyrissjóðsframlög ársins 1992 og yngri ára. Í bréfum ríkisskattstjóra til allra skattstjóra frá 4. mars og 17. apríl 1997 var sú ákvörðun rökstudd með tilvísun til laga nr. 29/1995, um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda, en samkvæmt 4. gr. laganna fellur krafa um endurgreiðslu samkvæmt lögnum úr gildi fyrir fyrningu þegar fjögur ár eru liðin frá því að greiðsla átti sér stað.

Í álitinu sínu gerði umboðsmaður grein fyrir réttarreglum um endurupptöku mála og benti á að stjórnvöldum kynni í ýmsum tilvikum að vera skylt að endurupptaka mál á ólögfestum grundvelli. Að fenginni niðurstöðu í H 1996:4248 hafi legið fyrir að ákvarðanir skattfyrvalda í fjölda ágreinings- og kærumála vegna gjaldfærslu sjálfstætt starfandi manna á atvinnurekandaframlagi í lífeyrissjóð hefðu byggst á röngum lagagrundvelli. Með hliðsjón af því og þeirri grundvallarreglu að álagning skatta skuli byggð á lögum og vera í samræmi við lög, sbr. m.a. 1. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, taldi umboðsmaður að í slíkum tilvikum hefðu skattaðilar á grundvelli dómsins öðlast lögvarinn rétt til endurupptöku mála sinna, þó að því tilskildu að niðurstaða dómsins hefði fordæmisgildi fyrir mál þeirra samkvæmt almennum sjónarmiðum í lögfræði um mat á fordæmisgildi dómsúrlausna.

Umboðsmaður vék því næst að þeirri ákvörðun ríkisskattstjóra að binda afturvirkar leiðréttingar í tilefni af H 1996:4248 við lífeyrissjóðsiðgjöld ársins 1992 og yngri ára. Benti umboðsmaður á að niðurstaða dómsins hefði bersýnilega almennt gildi varðandi frádráttarrétt þann sem þar hefði verið slegið föstum og að efnisleg þýðing hennar væri því ekki endilega bundin við gjaldárið 1992 eða yngri gjaldár. Með vísan til þess og þar sem skattaðilar hefðu á grundvelli dómsins öðlast lögvarinn rétt til endurupptöku var það álit umboðsmanns að ríkisskattstjóra hefði ekki verið unnt án sérstakrar heimildar í lögum að synja almennt og undantekningarlaust um endurupptöku vegna eldri rekstrarára en 1992 án tillits til þess hvernig réttur skattaðila til endurupptöku og frádráttar horfði við vegna lífeyrissjóðsframlaga þeirra ára. Vegna tilvísunar ríkisskattstjóra til laga nr. 29/1995, um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda, benti umboðsmaður á að í lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, væru sérstök ákvæði um endurákvörðun á áður álögðum opinberum gjöldum manna, þ. á m. ákvæði um tímamörk slíkrar endurákvörðunar. Þar sem í lögum nr. 75/1981 væri gerður greinarmunur á álagningu og endurákvörðun skatts annars vegar og innheimtu gjaldfallinnar skattkröfu hins vegar taldi umboðsmaður ekki unnt að líta svo á að reglur um fyrningu kröfurettinda takmörkuðu að einhverju leyti heimildir skattfyr-

valda til endurákvörðunar á tekjuskatti. Af sömu ástæðum yrði ekki talið að fyrningarákvæði 4. gr. laga nr. 29/1995 girtu á neinn hátt fyrir endurupptöku skattálagningar á skattaðila sem þess óskaði, enda færi um það efni eftir almennum reglum um endurupptöku. Réttmætri kröfu skattaðila um endurupptöku máls yrði því ekki synjað á þeim grundvelli að hugsanlegar endurgreiðslukröfur hans á hendur ríkinu væru fallnar úr gildi fyrir fyrningu, svo sem m.a. væri augljóst í þeim tilvikum þegar engin ofgreiðsla hefði átt sér stað af hendi skattaðila. Var niðurstaða umboðsmanns sú að fyriræmi ríkisskattstjóra til allra skattstjóra frá 4. mars og 17. apríl 1997 um að takmarka endurupptöku í tilefni af H 1996:4248 við rekstrarárið 1992 og yngri ár hefðu ekki átt sér fullnægjandi stoð í lögum. Synjun ríkisskattstjóra á erindi A hefði því byggst á ólögætum grundvelli.

Að endingu gat umboðsmaður þess að í skattalöggjöfinni nyti ekki skráðra reglna um það hvernig fara bæri með mál skattaðila þegar síðar kæmi í ljós í öðru sambærilegu máli, sem lagt væri fyrir æðra stjórnvald eða dómstól, að skattákvörðun hefði ekki verið byggð á réttum lagagrundvelli. Taldi umboðsmaður brýnt að réttaróvissu í þessu tilliti yrði eytt með upptöku almennra ákvæða í lög um tekjuskatt og eignarskatt um rétt skattaðila til endurupptöku við aðstæður sem þessar, enda væri mikilvægt að festa ríkti í skattfrankvæmd á þessu sviði.

I.

Hinn 21. janúar 1998 leitaði til umboðsmanns Alþingis A og kvartaði yfir synjun ríkisskattstjóra frá 23. desember 1997 á beiðni A um leiðréttingu á áður álögðum opinberum gjöldum hans gjaldárin 1985 til og með 1992.

Ég lauk máli þessu með álit, dags. 7. apríl 2000.

II.

Málavextir eru þeir að með bréfi, dags. 28. nóvember 1995, var þess óskað af hálfu A að ríkisskattstjóri leiðrétti álögð opinber gjöld hans gjaldárin 1985 til og með 1993. Í bréfinu kom fram að tilefni erindisins væri dómur héraðsdóms Reykjavíkur frá 17. október 1995 í málinu nr. E-5720/1995. Var þess farið á leit að atvinnurekandaframlag A í Lífeyrisjóð Verkfræðingafélags Íslands á árunum 1984 til 1992 yrði fært sem rekstrarkostnaður í skattskilum umræddra ára og hreinar tekjur A af atvinnurekstri á þeim árum lækkaðar til samræmis. Í bréfinu var gerð grein fyrir atvinnurekandaframlagi vegna eigin lífeyriskaupa A á árunum 1984 til 1992. Þá fylgdi bréfinu yfirlit Lífeyrissjóðs Verkfræðingafélags Íslands yfir iðgjaldagreiðslur A á nefndum árum.

Ríkisskattstjóri fól skattstjóranum í Reykjavík afgreiðslu á erindi A hinn 9. maí 1997. Með úrskurði, dags. 2. september þ.á., féllst skattstjóri á þann hluta erindisins er laut að leiðréttingu álagðra opinberra gjalda A gjaldárið 1993 vegna lífeyriskaupa á árinu 1992. Vísaði skattstjóri í því sambandi til dóms Hæstaréttar Íslands frá 19. desember 1996 í málinu nr. 432/1995 (H 1996:4248). Að öðru leyti synjaði skattstjóri erindinu, þ.e. að því er tekur til þess hluta álagningar A er stafaði frá gjaldárunum 1985 til 1992. Vísaði skattstjóri í því sambandi til fyriræmi ríkisskattstjóra í bréfum, dags. 4. mars og 17. apríl 1997, um fyrirkomulag leiðréttinga í tilefni af fyrrgreindum dómi Hæstaréttar. Í niðurlagi úrskurðarins var þess getið að hann væri kæránlegur til yfirkattanefndar.

Af hálfu A var á ný leitað til ríkisskattstjóra með bréfi, dags. 4. desember 1997, og krafa um leiðréttingu álagningar gjaldárin 1985 til og með 1992 ítrekuð. Í bréfinu sagði m.a. svo:

„Umbj. mínum hefur verið tjáð, að ástæða þess að skattstjóri hafi ekki leiðrétt gjöld gjaldáranna 1985–1992, hafi verið fyrningarákvæði laga nr. 29/1995, um endur-

greiðslu oftekinna skatta og gjalda. Á þetta getur umbj. minn alls ekki fallist. Lítur hann svo á, að lög nr. 29/1995 geti ekki sett endurupptökuheimildum 3. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, tímamörk. Fyrirnefndu löggin eiga við eftir að endurgreiðslukrafa á sköttum og gjöldum hefur stofnast með lögformlegum hætti, þ.e. t.d. eftir lok álagningar, eftir uppkvaðningu úrskurða eða skattar lækkaðir eftir afgreiðslu beiðni um ívilnun, sbr. t.d. 66. gr., 80. gr., 99. gr. og 101. gr. laga nr. 75/1981, sbr. og 18. gr. laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, með síðari breytingum. Eiga ákvæði 97. gr. laga nr. 75/1981 ekki við, þegar skattar eru lækkaðir í þeim tilvikum þ.e. í hag skattgreiðanda. Að því er endurgreiðslukröfur, sem þannig stofnast, eiga hins vegar við ákvæði 111. gr. og 112. gr. nýnefndra laga. Fyrningarákvæði 4. gr. laga nr. 29/1995, sem skattstjóri ber fyrir sig, eru með sömu réttaráhrifum og sambærileg ákvæði í fyrningarlögum nr. 14/1905, sbr. 3. tl. 3. gr. þeirra laga, þ.e. krafa til inneignar fyrnist á fjórum árum, ef hún er ekki sótt. Kemur það skýrt fram í lögum nr. 29/1995, sbr. t.d. gildistökuákvæði þeirra laga. Ítrekað er að tilefni beiðni umbj. míns var nefnt dómsmál, því að umbj. minn gat ekki vitað um rétt sinn, fyrr en að honum gengnum, þar sem áralangri skattaframkvæmd var breytt, en [sú] framkvæmd [. . .] var ekki byggð á lögmætri skattlagningarheimild, sbr. 40. gr. og 77. gr. stjórnarskrárinnar.“

Með bréfi, dags. 23. desember 1997, synjaði ríkisskattstjóri ofangreindu erindi A. Vísaði ríkisskattstjóri í því sambandi til röksemda í bréfum sínum frá 4. mars og 17. apríl 1997 varðandi túlkun á lögum nr. 29/1995, um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda, og túlkun vegna niðurstöðu í dómi Hæstaréttar Íslands frá 19. desember 1996 í málinu nr. 432/1995 (H 1996:4248).

Í kvörtun A til umboðsmanns Alþingis frá 21. janúar 1998 kemur fram að kvartað sé yfir þeirri afstöðu ríkisskattstjóra að telja fyrningarákvæði laga nr. 29/1995, um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda, setja endurupptökuheimildum hans í 101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, tímamörk. Er um rökstuðning vísað til bréfs A til ríkisskattstjóra frá 4. desember 1997.

III.

Í tilefni af kvörtun A ritaði umboðsmaður Alþingis yfirskattanefnd bréf, dags. 27. febrúar 1998. Í bréfinu gerði umboðsmaður grein fyrir gangi málsins og þeim ákvörðunum skattstjórans í Reykjavík og ríkisskattstjóra sem kvörtun A varðar. Óskaði umboðsmaður þess með vísan til 7. og 9. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að yfirskattanefnd upplýsti um viðhorf sitt til þess, hvort umræddar synjanir um endurupptöku álagningar fyrir gjaldárin 1985 til 1992 á grundvelli 3. mgr. 101. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, sættu kærur til nefndarinnar með sama hætti og skattaðila væri heimilt að kæra breytingar á álagningu á grundvelli greinarinnar.

Svar formanns yfirskattanefndar barst umboðsmanni Alþingis með bréfi, dags. 19. mars 1998. Í bréfinu segir svo:

„Litið er svo á, að synjun ríkisskattstjóra eða eftir atvikum skattstjóra á að neyta þeirra heimilda til endurupptöku, sem getur í 3. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sé ekki ákvörðun, sem kærleg sé til yfirskattanefndar, áður ríkisskattanefndar. Má vísa um þetta til margra úrskurða nefndarinnar. Ekki verður talið, að nein breyting hafi orðið hér á við þá breytingu, sem gerð var á 3. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981 með 14. gr. laga nr. 137/1996.

Í tilviki [A] endurákvæðið skattstjóri opinber gjöld hans gjaldárið 1993, vegna ákveðinnar leiðréttingar, en synjaði beiðni um hliðstæðar leiðréttingar á fyrri árum. Spurningin er þá sú, hvort meta beri þessa niðurstöðu skattstjóra sem eina heildstæða

ákvörðun, er sæti sem slík kæru til yfirskattanefndar eftir ákvæðum laga þar um. Á þetta hefur reynt í nokkrum úrskurðum og hefur yfirskattanefnd talið, að við þessar aðstæður einskorðist kæruréttur við gjaldár, þar sem skattstofni eða skattálagningu hefur verið breytt. Sjá um þetta m.a. úrskurð yfirskattanefndar nr. 261/1997, sem hjálagt fylgir, og úrskurð ríkisskattanefndar nr. 1091/1991 (bls. 487 í útgefnum úrskurðum frá árunum 1990, 1991 og 1992), en þar koma sömu viðhorf fram.

Samkvæmt því sem rakið hefur verið, er spurningu í bréfi yðar svarað neitandi.“

Með bréfi til ríkisskattstjóra, dags. 22. júní 1998, sbr. ítrekun í bréfi, dags. 22. september s.á., óskaði umboðsmaður Alþingis eftir því með vísan til 7. og 9. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að ríkisskattstjóri skýrði viðhorf sitt til kvörtunar A og léti umboðsmanni í té gögn málsins, þ. á m. bréf ríkisskattstjóra frá 4. mars og 17. apríl 1997 varðandi tilhögun leiðréttinga á álagningu eldri ára í tilefni af niðurstöðu Hæstaréttar Íslands í dómi frá 19. desember 1996 (H 1996:4248). Sérstaklega óskaði umboðsmaður eftir því að gerð yrði grein fyrir þeim forsendum ríkisskattstjóra að takmarka heimild til endurupptöku af framangreindu tilefni við gjaldárið 1993 og yngri gjaldár, og með hvaða rökum yrði stuðst við ákvæði laga nr. 29/1995 í þeim efnunum. Þá sagði svo í bréfi umboðsmanns:

„Ég tel ástæðu til að taka fram, að mér er kunnugt um, að með dómi Hæstaréttar frá 19. desember 1996 (Hrd. 1996:4248) var langvarandi skattaframkvæmd breytt til hagsbóta fyrir skattaðila, þ.e. sjálfstætt starfandi mönnum var heimiluð gjaldfærsla í rekstrarreikningi á svonefndu atvinnurekendaframlagi vegna eigin lífeyriskaupa. Við blásti því það vandasama álitaefni, hvernig haga bæri leiðréttingum á álagningu þeirra skattaðila, sem voru í sömu aðstöðu og fyrrgreindur málsaðili, og hversu langt aftur slíkar leiðréttingar ættu að ná. Óska ég eftir viðhorfum ríkisskattstjóra til vandamála af þessu tagi almennt og upplýsingum embættisins um það, hvernig staðið hefur verið áður að leiðréttingum á álagningu á skattaðila við hliðstæðar aðstæður.“

Svar ríkisskattstjóra barst umboðsmanni Alþingis með bréfi, dags. 29. desember 1998. Þar segir svo:

„Eins og fram er komið var sett fram sú verklagsregla af hálfu ríkisskattstjóra að heimila skyldi leiðréttingu skattskila frá fyrra tímamarki en uppkvaðning og birting dómsins bar upp á.

Dómurinn féll í árslok 1996.

Með honum var breytt áratuga skattframkvæmd og sett ný regla um frádráttarheimildir rekstraraðila.

Eftir allnokkra umþóttun, þar sem lékust á ýmis sjónarmið um gildistöku tíma- mark hinnar nýju reglu, var ákveðið að það verklag yrði viðhaft að leiðrétta skattskil þess rekstrarárs sem var að líða þegar dómur Hæstaréttar var uppkveðinn og að auki fjögur eldri rekstrarár: 1992, 1993, 1994 og 1995.

Ekki var við nein lagafyrirmæli að styðjast og fordæmi voru fá og með ýmsum hætti.

Má segja að almenn viðhorf í stjórnsýslurétti um skyldu ríkisvaldsins til að gæta hagsmuna þegnanna í þeim tilvikum er þeir gætu átt von á leiðréttingu ákvarðana er þá varða hafi hér verið uppi á borðinu. Einfaldasta framkvæmdarreglan hefði verið sú að ákveða tímamark gildistöku sama og birtingardag dóms. Á þann hátt hefðu iðgjöld vegna eigin lífeyristryggingar sjálfstæðra rekstraraðila vegna tímamarks eftir nóvember 1996 orðið frádráttarbær en önnur ekki.

Að öllu virtu þótti slík þröng túlkun ekki tæk. Þess í stað var ákveðið að leitast

við að leiðrétta með afturvirkum hætti umrætt atriði. Þrjú tímamörk komu nú til álita: Ótímabundið, þ.e.a.s. eins langt aftur og viðkomandi hafði greitt iðgjald, sex ár frá og með rekstrarárinu 1996 og loks það sem varð ofan á, fjögurra ára mark frá rekstrarárinu 1996.

Rök fyrir ótímabundinni leiðréttingu þarf ekki að fjölyrða um. Sex ára markið miðaðist við endurákvörðunarheimildir skattfyrvalda, sbr. 1. mgr. 97. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Varðar það ákvörðun um hækkun gjaldstofna að frumkvæði skattstjórnaraðila.

Fjögurra ára tíminn varð ofan á, m.a. með tilliti til almennra fyrningarreglna í lögskiptum. Var einnig höfð í huga sú meginregla sem kveðið er á um með lögum um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda og sett var með beinni tilvísun í fyrningarlögin nr. 14/1905, sbr. athugasemd við 4. gr. frv. að lögum nr. 29/1995 í meðferð þingsins.

Þessi viðmiðun ríkisskattstjóra höfðar því til meginstrauma er virðast vera innan stjórnsýslunnar um að aðlaga endurgreiðsluskyldur á ofteknu skattfé almennri kröfu-fyrningu. Í ljósi ýmissa annarra atvika virðist þetta tímamark og ekki óeðlilegt.

Varðveisla og uppröðun gagna, aðgengi upplýsinga um skattskil hvers skattþegns og öryggi í framkvæmdinni að öðru leyti er önnur grundvallarforsenda þess að taka upp þennan tiltölulega skamma endurákvörðunarfrest í þessu tilviki, þ.e.a.s. eftir að sú ákvörðun lá fyrir að fara aftur í tímann með leiðréttingar.

Slíkt stjórnsýslutímamark í skattfrankvæmd kom og fram í frumvarpi á þskj. 710, 392. mál, 122. löggjafarþing. Það hlaut ekki samþykki en var afgreitt á jákvæðan hátt úr þingnefnd. Var gert ráð fyrir 6 ára fyrningarfresti í umræddu frumvarpi. Má segja að þetta þingmál styrki á vissan hátt forsendur fyrir niðurstöðu ríkisskattstjóra um viðmiðun til endurákvörðunar. Mál þetta var endurflutt á yfirstandandi þingi með einhverjum breytingum.

Að sjálfsögðu var ljóst að lögin nr. 29/1995 höfðu enn ekki tekið gildi en af þeim var þó sem fyrr greinir ráðin viss meginregla eða löggjafarvilji á þessum vettvangi.

Hvað varðar fyrri framkvæmd í sambærilegum tilvikum er það að segja að hún hefur verið með ýmsum hætti.

Almennar breytingar í stjórnsýslunni undanfarin misseri, þjóðfélagsmyndin og breytingar og opnun á samskiptum þegnanna við stjórnvöld gera allan samanburð við eldri framkvæmd erfiðan og óraunhæfan.

Rétt er þó að stikla hér á nokkrum atriðum sem upp hafa komið. Ýmis þessara mála munu yður kunn.

Á árunum fyrir 1970 var með dómi ákveðin breyting á heimildum til innheimtu aðstöðugjalds í framhaldi af dómi Hæstaréttar (millivelta innan fyrirtækis). Skattframtölum viðkomandi rekstraraðila var breytt. Aðstöðugjald lækkað en tekjuskattur og tekjuútsvar hækkuð hjá öllum er eins stóð á um. Afturvirkir að þeim tíma er aðstöðugjald var lögfest (ca. 6 ár hámark). Án umsóknar eða kærur.

Slysatryggingaíðgjaldi útgerða var breytt úr staðgreiðslu í eftirágreiðslu 1980. Lentu sum útgerðarfyrirtæki í „tvísköttun“. Ríkisskattanevnd úrskurðaði hana andstaða stjórnarskrá. Tvísköttun var leiðrétt án innköllunar og tryggingagjald lækkað en tekjuskattur og tekjuútsvar hækkuð (1 ár). Án umsóknar eða kærur.

Verkfræðistofur og arkitektastofur voru úrskurðaðar af ríkisskattanevnd 1990 sem undanþegnar sérstökum eignarskatti á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Leiðrétt var allt að 6 ár að fenginni umsókn eða kærur og skatturinn lækkaður hvert ár en tekjuskattur og útsvar hækkuð.

Hlutabréfaeign var með dómi Hæstaréttar felld að vissum skatthagræðisreglum

1993. Leiðrétt var allt að 6 árum að fenginni umsókn eða kærú og eignarskattur lækk-
aður ár hvert.

Reiknað endurgjald sjálfstæðra atvinnurekenda í staðgreiðslu var af dómstólum
ekki talið viðhlítandi grundvöllur til álagningar tryggingagjalds. Leiðrétt var eftir um-
sókn eða kærú: Tryggingagjaldið til lækkunar og tekjuskattur og útsvar til hækkunar
allt frá gildistöku.

Vextir byggingarsamvinnufélaga vegna hvers byggingarflokks innan félagsins
voru samkvæmt úrskurði ríkisskattanefndar taldir eiga að skiptast á vaxtabótagrunn
einstakra félagsmanna. Vaxtabætur félagsmanna leiðréttar allt frá gildistöku (2–3 ár)
eftir umsókn eða kærú.

Eflaust mætti tína til fleiri dæmi en að öllu virtu verður að telja þessi tilvik gefa
nokkra mynd af því sem verið hefur við að glíma.

Það verður að telja að lífeyrisðgjaldagjaldfærsla hjá öllum rekstraraðilum sé til
muna almennari og viðameiri leiðréttingaratriði en þau er greinir hér að framan,
undanskilið er þá reiknaða endurgjaldið vegna staðgreiðslu.

Í heildina séð telur ríkisskattstjóri að ákvörðun sín um að fara aftur fyrir tíma-
mark dómsuppsögu hafi verið eðlileg og sanngjörn. Viðmiðun við fjögur ár virðist
jafnframt eðlileg í ljósi almennra viðhorfa um leiðréttingarskyldur stjórnvalda.“

Með bréfi, dags. 16. júní 1999, gaf ég A kost á að gera athugasemdir við bréf ríkisskatt-
stjóra. Athugasemdir A bárust mér með bréfi B héraðsdómslögmanns, dags. 22. júlí s.á.

Í bréfi lögmannsins eru áður fram komin sjónarmið A í málinu ítrekuð. Þá kveðst
lögmaðurinn alfarið hafna þeirri skoðun ríkisskattstjóra að með dómi Hæstaréttar frá 19.
desember 1996 (H 1996:4248) hafi verið sett ný regla um frádráttarheimildir rekstraraðila
og bendir m.a. á í því sambandi að samkvæmt stjórnarskrá fari löggjafinn með skattlagn-
ingarvaldið en ekki dómstólarnir, sbr. 40. og 77. gr. hennar. Þá er í bréfi lögmannsins vikið
að þeim dæmum um leiðréttingar á gjöldum skattaðila aftur í tímann sem tilgreind eru í
bréfi ríkisskattstjóra.

Í bréfi lögmannsins segir m.a. svo:

„Í fyrsta lagi hafnar ríkisskattstjóri þeim möguleika, að leiðréttingarheimild hans
geti verið ótímabundin. Um rök sín fyrir þeirri afstöðu sinni getur ríkisskattstjóri
þess, að ekki þurfi „að fjölyrða um“ þau. Umbj. minn er ósammála þessari afstöðu
ríkisskattstjóra, og hefur af þeim ástæðum kvartað yfir henni til umboðsmanns
Alþingis. Hefur umbj. minn lagt fram rökstuðning sinn og er hann ítrekaður hér. Við
leiðréttingar á álögdum gjöldum gjaldanda í hag eru engin tímamörk í 101. gr. laga nr.
75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Aldrei hafa verið sett í
íslensk skattalög tímamörk um leiðréttingar á álagningu í hag skattaðilunum og fer
ríkisskattstjóri nú með það vald, sbr. 101. gr. nefndra laga. Hefur sú heimild verið
kölluð „öryggisventill“. Er tilgangurinn augljóslega sá að tryggja svo sem kostur er,
að skattaðili verði ekki látinn greiða skatta af gjaldstofni, sem ekki styðjist við sett
lög, sbr. stjórnarskrá. Enginn á að greiða meira en honum ber að lögum. Greiðslu-
skyldan byggist á álagningu gjalda eða eftir atvikum endurákvörðun. Greiðslan bygg-
ist þannig á álagningunni og er forsenda hennar. Ef álagningunni eða endurákvörð-
uninni er ekki breytt af þar til bærum aðila ber að greiða, þ.e. fyrir skattkröfueigand-
ann að endurgreiða það sem oftekið var eða fyrir skattaðilann að greiða skuld sína.
Ef myndast skattinneign við álagningu eða endurálagningu ber þannig að endur-
greiða skattaðilanum ofálögð gjöld. Sú endurgreiðslukrafa skattaðilans fyrnist á fjór-

um árum, þ.e. ef hann gerir ekki reka að því að nálgast skattinneign sína, sbr. fyrningarlögin nr. 14/1905 og lög nr. 29/1995, sem borið hafa á góma í kvörtunarmálinu. Tímamörk endurupptöku álagningar aftur í tímann hefur ekkert með fyrningu skattkröfunnar að gera, en hún getur breyst til lækkunar eða hækkunar við endurupptöku eða staðið óbreytt. Ákvæði um gjalddaga og eindaga skattkröfunnar, sem stofnast við álagningu eða endurálagningu, er í 110. gr. laga nr. 75/1981. Tímamörk endurupptöku álagningar skattaðila í óhag eru í 97. gr. laganna, en engin tímamörk eru sett, þegar endurupptakan er í hag gjaldandanum. Er einmitt tekið fram í 3. mgr. 101. gr. laganna, að ríkisskattstjóri skuli við endurálagningu gæta ákvæða 97. gr., ef um hækkun er að ræða. Stjórnsýslulögin geta ekki breytt eða þrengt að þessum endurupptökuheimildum og alls ekki, þegar gjöldum er breytt til hagsbóta fyrir gjaldanda.“

IV.

1.

Í máli A reynir á álitaefni sem grundvallarþýðingu hefur í stjórnsýslu- og skattarétti, þ.e. hvort skattaðili eigi lögvarinn rétt til endurupptöku máls þegar síðar kemur í ljós í öðru sambærilegu máli, sem lagt er fyrir æðra stjórnvald eða dómstól, að skattákvörðun hafi ekki verið byggð á réttum lagagrundvelli.

Sé komist að þeirri niðurstöðu að lögvörðum rétti til endurupptöku sé til að dreifa í slíku tilviki getur auk þess reynt á það hvort skattyfirvöldum beri að eigin frumkvæði að taka sambærileg mál að nýju til meðferðar eða hvort gera verði þá kröfu að skattaðili beri sjálfur fram ósk um endurupptöku máls síns. Vegna þeirrar lögsmæltu tilhögunar á álagningu tekjuskatts, að skatturinn er lagður á ár hvert vegna tekna undanfarandi árs, kann enn fremur að reyna á það álitaefni til hvaða gjaldára réttur skattaðila til endurupptöku taki, þ.e. hvort sá réttur verður talinn bundinn við það gjaldár sem til umfjöllunar var í dómi eða úrskurði æðra stjórnvalds og eftir atvikum síðari gjaldár eða hvort réttur til endurupptöku verður aukin heldur talinn ná til skatts vegna tekna og eigna fyrri ára, þ.e. ára sem gengið hafa á undan því ári sem viðkomandi dómsúrlausn eða stjórnvaldsúrskurður laut að. Sé niðurstaðan sú að réttur skattaðila til endurupptöku sé ekki bundinn við það gjaldár sem til umfjöllunar var í dómi eða stjórnvaldsúrskurði verður að leysa úr því hversu langt aftur í tímann sá réttur náí. Þar sem skattalög taka tíðum breytingum getur svar við þessum álitaefnum m.a. oltíð á túlkun þeirrar dómsúrlausnar eða stjórnvaldsúrskurðar sem í hlut á og skýringu þeirra lagaákvæða sem þar reynir á.

Með dómi Hæstaréttar Íslands frá 19. desember 1996 í málinu nr. 432/1995 (H 1996:4248) var staðfest sú niðurstaða héraðsdóms Reykjavíkur í dómi frá 17. október 1995 að stefnanda, sjálfstætt starfandi manni, væri heimilt að draga frá tekjum sínum af atvinnurekstri í skattframtali árið 1992 „atvinnurekandaframlag [. . .] í eigin lífeyrissjóð“ á árinu 1991. Var sú niðurstaða byggð á því að um væri að ræða frádráttarbæran rekstrarkostnað í skilningi 1. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Í forsendum dóms meirihluta Hæstaréttar segir m.a. svo:

„Ágreiningur aðila máls þessa fjallar um það, hvort framlag sjálfstætt starfandi atvinnurekanda til lífeyrissjóðs af eigin vinnu vegna þess hluta, sem almennt greiðist af vinnuveitanda, teljist til rekstrarkostnaðar í skilningi 1. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, svo að draga megi það frá atvinnurekstrartekjum, áður en skattstofn er ákveðinn.

[. . .]

Samkvæmt framansögðu er það meginregla í skattarétti, að öll gjöld, sem fara í að afla tekna, tryggja þær og halda þeim við, komi til frádráttar frá tekjum af atvinnu-

rekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Allar undantekningar frá þeirri reglu verða að vera skýrar og ótvíræðar. Í lögnum er að þessu leyti enginn munur gerður á fyrirtækjum eftir rekstrarformi þeirra. Þá ber hér að hafa í huga, að stefnda [stefnanda málsins í héraði] var skylt að greiða iðgjöld í lífeyrissjóð af tekjum sínum, og teljast slík skyldu-framlög atvinnurekanda til rekstrarkostnaðar. Er fallist á þá niðurstöðu héraðsdóms, að atvinnurekandaframlag stefnda í eigin lífeyrissjóð falli undir rekstrarkostnað, sem heimilt sé að gjaldfæra.“

Með umræddum dómi Hæstaréttar Íslands var langvarandi skattfrankvæmd varðandi ofangreint úrlausnarefni hnekktil hagsbóta fyrir gjaldendur, þ.e. fallist var á að sjálfstætt starfandi mönnum væri heimilt að draga frá rekstrartekjum sínum atvinnurekandaframlag vegna eigin lífeyristryggingar þar sem um rekstrarkostnað í skilningi 1. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, væri að ræða. Af hálfu skattyfirvalda hafði um langt árabíll verið byggt á því að útgjöld sjálfstætt starfandi manns af framangreindum toga teldust ekki til frádráttarbærs rekstrarkostnaðar samkvæmt ofangreindu ákvæði laga nr. 75/1981. Sú túlkun hlaut staðfestingu í úrskurðarfrankvæmd ríkisskattaneftndar og síðar yfírskattaneftndar, sbr. t.d. úrskurð ríkisskattaneftndar nr. 464/1982, sem birtur er á bls. 217 í úrskurðasafni neftndarinnar fyrir árin 1981–1982, og úrskurð yfírskattaneftndar nr. 1035/1993 í máli því sem dæmt var með dómi Hæstaréttar frá 19. desember 1996.

Með bréfi ríkisskattstjóra til allra skattstjóra, dags. 4. mars 1997, var skattstjórum landsins kynnt niðurstaða Hæstaréttar í ofangreindu dómsmáli og þess getið að með henni „[væri] orðin breyting á margra áratuga skattfrankvæmd“. Í þessu bréfi ríkisskattstjóra segir m.a. svo:

„Lífeyrissjóðsiðgjöldum má skipta í hluta launamanns (4%) og launagreiðanda (oftast 6%).

Í framhaldi af þessum dómi heimilast einstaklingum sem stunda atvinnurekstur að gjaldfæra það framlag sitt til lífeyrissjóðs sem er umfram 4% af reiknuðu endurgjaldi þeirra.

Það er einnig niðurstaða ríkisskattstjóra að leiðréttta beri framtöl og reikningsskil þeirra manna sem greitt hafa til lífeyrissjóða. Verður við það miðað, sbr. lög um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda nr. 26/1995 (bls. 96 í skattalagaútg. 1995) að leiðréttta fjögur rekstrarár aftur í tímann.“

Bréfi ríkisskattstjóra fylgdi uppkast að stöðluðu eyðublaði til nota við leiðrétttingar samkvæmt því sem í bréfinu greindi, og bar það yfírskriftina „umsókn um leiðrétttingu“. Gerði uppkastið ráð fyrir tilgreiningu heildariðgjaldagreiðslna umsækjanda vegna rekstraráranna 1992–1995, þ.e. vegna skattframtala áráanna 1993–1996.

Með bréfi til allra skattstjóra, dags. 17. apríl 1997, gerði ríkisskattstjóri grein fyrir því hvernig haga skyldi leiðrétttingum á skattskilum sjálfstætt starfandi manna vegna eigin lífeyriskaupna. Í bréfinu segir svo:

„Nú liggja fyrir línurnar um hvernig standa skuli að leiðrétttingum á framtalsskilum þeirra sjálfstætt starfandi einstaklinga sem kröfu eiga á gjaldfærslu iðgjalda til lífeyrissjóðs vegna eigin eftirlaunatryggingar, sbr. dóm Hæstaréttar í lok sl. árs. Með vísan til 1. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981 setur ríkisskattstjóri því fram eftirfarandi starfstílhögun:

1. Afturvirktil um 4 ár, sbr. lög nr. 26/1995.

Leiðréttting skal taka til þeirra iðgjalda sem greidd voru rekstrarárin 1992–1995 og varða rekstur og reiknað endurgjald þeirra ára.

2. Hámark 6%.

Færa skal „launamannabátt“ iðgjaldsins til frádráttar á einstaklingsframtal vegna tímabilsins 1. apríl 1995 og áfram og er gengið út frá því að slíkt hafi verið gert samkvæmt þeim reglum sem um það hafa gilt. Eins og Hæstiréttur rökstyður niðurstöðu sína verður ekki annað séð en að heimild til gjaldfærslu í rekstrinum, sbr. 31. gr. laga nr. 75/1981, miðist við hámark 6% og viðmiðunarfjárhæð. Viðmiðunarfjárhæð er í öllum tilvikum reiknað endurgjald vegna eigin starfa.

3. Gjaldfæra má í einu lagi á framtal 1997.

Í ljósi hins sérstaka eðlis þess útgjaldaliðar sem hér um ræðir þykir ríkisskattstjóra ekki óeðlilegt að fallast á að gjaldfæra megi greitt iðgjald, þ.e.a.s. 6% af reiknuðum launum, umræddra 4 ára í skattskilum fyrir rekstrarárið 1996, skattframtal 1997. Forsenda er sú að gerð sé ítarleg grein fyrir iðgjaldi og það sundurliðað eftir árum. Fari gjaldandi fram á leiðréttingu á framtölum er varða þau rekstrarár þegar iðgjöldin voru greidd skal fallast á slíka leiðréttingu og er rétt að skattstjóri annist um það. Að auki gjaldfærast iðgjald er varðar rekstrarárið 1996.

4. Einungis greidd iðgjöld 1992–1995.

Ef ekki var greitt á sínum tíma til viðurkennds lífeyrissjóðs telst gjaldfærsla ekki tilheyra fyrri rekstrarárum. Réttindakaup aftur í tímann t.d. núna í ár, heimila ekki gjaldfærslu umfram 6% af viðmiðunarlaunum 1997. Iðgjald ársins 1996 færast með venjulegum hætti á framtal 1997, þ.e.a.s. 4% á einstaklingsframtal og allt að 6% á rekstur.

5. Eftirlit.

Gæta skal þess að raunverulega hafi verið greitt til viðurkennds lífeyrissjóðs á umræddum árum og krefjast greiðsluskjala ef ástæða er til að ætla að gjaldfærsla geti verið málum blandin.“

Kvörtun A snýr að þeirri ákvörðun ríkisskattstjóra að binda leiðréttingu á opinberum gjöldum samkvæmt framangreindu við rekstrarárin 1992–1995 og heimila því ekki frádrátt vegna lífeyrissjóðsframlaga eldri ára. Eins og fram hefur komið synjaði ríkisskattstjóri A um frádrátt vegna eigin lífeyriskaupa á árunum 1984–1991 á grundvelli þeirrar ákvörðunar.

2.

Í lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eru ekki almenn ákvæði um endurupptöku mála. Í lögnum er á hinn bóginn gert ráð fyrir því að skattstjóri endurskoði skattálagningu á skattaðila samkvæmt kæru hins síðarnefnda og kveði upp kæruúrskurð í því sambandi, sbr. 1. mgr. 99. gr. laganna eins og sú grein hljóðar eftir breytingar með 12. gr. laga nr. 147/1994 og 17. gr. laga nr. 145/1995, en telja verður að í þessari meðferð felist a.m.k. að vissu marki endurupptaka á fyrri ákvörðun. Kæruúrskurði skattstjóra er skattaðila heimilt að skjóta til yfirkattanefndar, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 30/1992, um yfirkattanefnd.

Í 96. gr. laga nr. 75/1981 er skattstjóra veitt heimild til þess að breyta fyrri ákvörðun sinni um skattálagningu á gjaldanda, þ.e. endurákværða skatta hans, sbr. 1. og 2. mgr. þessarar greinar laganna. Um tímamörk slíkrar endurákvörðunar eru ákvæði í 97. gr. laganna. Samkvæmt 1. mgr. 97. gr. nær heimild til endurákvörðunar skatts samkvæmt 96. gr. til skatts vegna tekna og eigna síðustu sex ára sem næst eru á undan því ári þegar endur-

ákvörðun fer fram. Hafi skattaðili látið í té í framtali sínu eða fylgigögnum þess fullnægjandi upplýsingar sem byggja mátti rétta álagningu á er þó eigi heimilt að endurákvörðaða honum skatt nema vegna síðustu tveggja ára sem næst eru á undan því ári þegar endurákvörðun fer fram þótt í ljós komi að álagning hafi verið of lág, sbr. 2. mgr. 97. gr. laganna. Úrskurði skattstjóra um endurákvörðun verður skotið til yfirskattanefndar eftir ákvæðum laga nr. 30/1992, sbr. 6. mgr. 96. gr. laga nr. 75/1981, sbr. 16. gr. laga nr. 145/1995.

Um ríkisskattstjóra eru ákvæði í 101. gr. laga nr. 75/1981 og er honum þar m.a. veitt heimild til að breyta ákvörðun skattstjóra um skattálagningu. Samkvæmt 1. mgr. greinarinnar skal ríkisskattstjóri, auk þeirra starfa sem honum eru falin með öðrum ákvæðum laga nr. 75/1981, hafa eftirlit með störfum skattstjóra og gæta þess að samræmi sé í störfum þeirra og ákvörðunum. Skal hann setja þeim framkvæmdar- og starfsreglur ásamt leiðbeiningum og verklagsreglum og kynna þeim úrskurði og dóma sem þýðingu kunna að hafa fyrir störf þeirra. Ríkisskattstjóri getur af sjálfsdáðum kannað framtöl aðila og hvert það atriði er varðar framkvæmd laganna og annarra laga um skatta og gjöld sem álögð eru af skattstjórum og getur hann í því skyni krafist allra upplýsinga og gagna sem hann telur þörf á frá skattstjórum, umboðsmönnum þeirra og aðilum sem um ræðir í 94. gr. laganna, sbr. 2. mgr. 101. gr. þeirra. Þá segir svo í 3. mgr. sömu greinar, sbr. 14. gr. laga nr. 137/1996:

„Telji ríkisskattstjóri ástæðu til að breyta ákvörðun skattstjóra um skattstofn eða skattálagningu samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum um skatta og gjöld, sem skattstjórar leggja á, getur hann ákvarðað skattaðila skattstofn og skatt að nýju eða falið það skattstjóra, enda séu uppfyllt skilyrði 96. og 97. gr., ef um hækkun er að ræða. Heimilt er skattaðila að kæra breytingar til yfirskattanefndar, sbr. lög nr. 30/1992.“

Ofangreinda heimild ríkisskattstjóra til að breyta ákvörðunum skattstjóra um skattstofn eða skattálagningu verður að mínum dómi fyrst og fremst að skoða sem lið í almennu eftirlits- og samræmingarhlutverki ríkisskattstjóra samkvæmt 1. mgr. sömu laga greinar, þar sem fram kemur að ríkisskattstjóri skuli auk þeirra starfa sem honum eru falin með öðrum ákvæðum laga nr. 75/1981 hafa eftirlit með störfum skattstjóra og gæta þess að samræmi sé í störfum þeirra og ákvörðunum. Verður því almennt ekki talið að umrætt ákvæði feli í sér sjálfstæðan rétt til handa skattaðila að fá mál sitt endurupptekið þó að það útiloki ekki að skattaðili geti vakið athygli ríkisskattstjóra á máli sínu og fært að því rök að fyrri ákvörðun í því sé röng.

Um endurupptöku máls eru ákvæði í 24. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Í 1. mgr. greinarinnar kemur fram að eftir að stjórnvald hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt á aðili máls rétt á því að mál sé tekið til meðferðar á ný ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin, sbr. 1. og 2. tölulið þessarar málsgreinar. Í niðurlagi 2. mgr. 24. gr. laganna er þó sett sú regla að mál verður ekki tekið upp að nýju ef ár er liðið frá fyrrgreindum tímamörkum nema veigamiklar ástæður mæli með því.

Ljóst er að hvorug reglan sem kveðið er á um í 1. mgr. 24. gr. stjórnslulaga á við í tilvikum af þeim toga sem á reynir í máli A, þ.e. þegar beiðni um endurupptöku er reist á því að langvarandi framkvæmd stjórnvalda hafi verið hrundið með dómi eða úrskurði æðra stjórnvalds. Í slíkum tilvikum er ekki um það að ræða að ákvörðun hafi byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, sbr. 1. tölulið málsgreinarinnar. Annar töluliður ákvæðisins á sömuleiðis ekki við í máli A þar sem ekki er um ákvörðun um boð eða bann að tefla.

Í athugasemdum við 24. gr. í frumvarpi því, er varð að stjórnarsýslulögum nr. 37/1993, segir m.a. svo:

„Rétt er að taka fram að aðili máls getur að sjálfsögðu átt rétt til endurupptöku máls í fleiri tilvikum en þessum tveimur, ýmist á grundvelli lögfesta reglna eða óskráðra, [. . .].“ (Alþt. 1992–93, A-deild, bls. 3305.)

Samkvæmt framansögðu er ljóst að ekki er hægt að gagnálykta frá 24. gr. stjórn-sýslulaga um skyldu stjórnvalda til að taka mál upp að nýju. Stjórnvöldum kann að vera skylt að endurupptaka mál á grundvelli ólögfesta reglna, eins og fram kemur í athuga-semdinni, til að mynda þegar lagalegar forsendur ákvörðunar hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Einnig kunna rökstuddar vísbendingar um verulegan annmarka á málsmeðferð stjórnvalds að leiða til þess að því sé skylt að taka mál upp að nýju. Ég tel að sama eigi við um þau tilvik þegar fyrir liggur að ákvörðun hafi byggst á röngum laga-grundvelli eða verulegt misræmi er á milli úrlausna stjórnvalds í sambærilegum málum þannig að fari í bága við jafnræðisreglu stjórn-sýsluréttar. Hins vegar leiða tómlætissjónarmið til þess að sú skylda varir ekki endalaust, sbr. m.a. það sjónarmið sem lokamálsliður 2. mgr. 24. gr. stjórn-sýslulaga er byggður á.

Eins og áður hefur komið fram fól dómur Hæstaréttar Íslands frá 19. desember 1996 (H 1996:4248) í sér að langvarandi skattframtök varðandi það úrlausnarefni sem til umfjöllunar var í dómi þessum var hrundið til hagsbóta fyrir gjaldendur. Með dóminum var því slegið föstu að atvinnurekandaframlag sjálfstætt starfandi manns vegna eigin lífeyrstryggingar félli undir frádráttarbæran rekstrarkostnað samkvæmt 1. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 2. mgr. 29. gr. sömu laga. Eins og umræddum frádráttarlið er háttað, þeim lagaákvæðum sem á reyndi í málinu og forsendum í dómi meiri hluta Hæstaréttar er sýnt að niðurstaða réttarins hafði almennt gildi fyrir ágreining af þeim toga sem uppi var í málinu. Að fenginni niðurstöðu Hæstaréttar lá þannig fyrir að ákvarðanir skattfyrvalda í fjölda ágreinings- og kærumála vegna gjald-færslu sjálfstætt starfandi manna á atvinnurekandaframlagi í lífeyrissjóð hefðu byggst á röngum lagagrundvelli. Með hliðsjón af því og þeirri grundvallarreglu að álagning skatta skuli byggð á lögum og vera í samræmi við lög, sbr. m.a. 1. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, sbr. 15. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995, er það álit mitt að í slíkum tilvikum hafi skattaðilar á grundvelli margnefnds hæstaréttardóms öðlast lögvarinn rétt til endur-upptöku mála sinna. Er þá gengið út frá því af minni hálfu að niðurstaða dómsins hafi fordæmisgildi fyrir mál hlutaðeigandi gjaldenda samkvæmt almennum sjónarmiðum í lögfræði um mat á fordæmisgildi dómsúrlausna. Liggi á hinn bóginn fyrir að atvik hafi ekki verið sambærileg er aftur á móti ljóst að gjaldandi á ekki rétt á endurupptöku máls síns á grundvelli dómsins. Svárið við þessu veitur í reynd á túlkun á forsendum í dómi Hæstaréttar og þeim lagareglum sem reyndi á í málinu.

Af hálfu ríkisskattstjóra var brugðist við dómi Hæstaréttar Íslands frá 19. desember 1996 með bréfi til allra skattstjóra, dags. 4. mars 1997, þar sem ríkisskattstjóri gerði skatt-stjórum grein fyrir þeirri niðurstöðu sinni að í kjölfar dómsins bæri að „leiðrétta framtöl og reikningsskil þeirra manna sem greitt hafa til lífeyrissjóða“, eins og þar sagði. Gerði ríkisskattstjóri nánari grein fyrir verklagi í þessu efni í bréfi sínu til allra skattstjóra frá 17. apríl 1997. Eins og þar er rakið ákvað ríkisskattstjóri að leiðrétting skyldi einungis taka til lífeyrissjóðsigjalda sem innt hefðu verið af hendi á árunum 1992–1995 og vörðuðu rekstur þeirra ára auk þess sem sett voru skilyrði um upplýsingagjöf og eftir atvikum framlagn-ingu gagna til stuðnings kröfum um frádrátt. Aftur á móti féllst ríkisskattstjóri á að iðgjöld umræddra ára yrðu gjaldfærð í einu lagi í skattframtali ársins 1997, sbr. á hinn bóginn

ákvæði í 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, um tíma-
viðmiðun rekstrarútgjalda.

Eins og að framan greinir var ljóst að gengnum dómi Hæstaréttar Íslands frá 19. desember 1996 að ákvarðanir skattfyrivalda í fjölda ágreinings- og kærumála vegna gjaldfærslu sjálfstætt starfandi manna á framlagi í eigin lífeyrissjóð hefðu byggst á röngum laga-
grundvelli. Er niðurstaða mín sem áður greinir sú að í slíkum tilvikum hafi viðkomandi skattaðilar öðlast rétt til endurupptöku. Á hinn bóginn er einsýnt að í fjölda tilvika hefur verið um það að ræða að sjálfstætt starfandi menn, sem innt höfðu af hendi framlag í eigin lífeyrissjóð, gerðu ekki kröfu um frádrátt vegna þeirra framlaga í skattframtölum sínum vegna viðkomandi rekstrarára, enda lá þá fyrir sú afstaða skattfyrivalda að útgjöld af umræddum toga væru ekki frádráttarbær frá skatti. Með fyrirmælum sínum til allra skattstjóra frá 4. mars og 17. apríl 1997 hefur ríkisskattstjóri ákveðið að leiðrétta skuli skattskil þeirra sjálfstætt starfandi manna „sem kröfu eiga á gjaldfærslu iðgjalda til lífeyrissjóðs vegna eigin eftirlaunatryggingar, sbr. dóm Hæstaréttar“. Er þannig enginn áskilnaður gerður í þá veru fyrir leiðréttingu af hálfu ríkisskattstjóra að skattaðili hafi gert kröfu um frádrátt vegna slíkra útgjalda á skattframtölum sínum eða með öðrum hætti vegna þeirra gjaldára sem ríkisskattstjóri féllst á að leiðrétting tæki til. Samkvæmt þessu er ekki tilefni til frekari umfjöllunar af minni hálfu um álitafni sem kunna að rísa um rétt þeirra aðila sem sannanlega inntu af hendi framlag vegna eigin lífeyristryggingar en gerðu ekki kröfu um frádrátt vegna þess í skattskilum sínum. Ég bendi þó á að ákvörðun ríkisskattstjóra er að þessu leyti frekast í samræmi við almenn jafnræðissjónarmið, sbr. m.a. 1. mgr. 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, og þá grundvallarreglu að álagning skatta hverju sinni skuli byggð á lögum.

Ekki er ágreiningur um að ríkisskattstjóri hafi verið innan formlegrar heimildar sinnar samkvæmt 1. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981 við ofangreindar ákvarðanir sínar. Af hálfu A eru á hinn bóginn bornar bríður á lögmæti þeirrar ákvörðunar ríkisskattstjóra að heimila einungis frádrátt vegna lífeyrissjóðsframlaga árána 1992–1995, en ekki eldri ára.

3.

Íslensk stjórnskipun er byggð á þeirri grundvallarreglu að stjórnvöld sé bundin af lögum. Þessi grundvallarregla, sem nefnd hefur verið lögmætisreglan, er í meginatriðum tvíþætt. Annars vegar verða ákvarðanir stjórnvalda að vera í samræmi við lög. Hins vegar verða ákvarðanir stjórnvalda að eiga sér viðhlítandi stöð í lögum. Af þessari reglu leiðir að stjórnvöld geta almennt ekki tekið ákvarðanir sem eru íþyngjandi fyrir borgarana nema hafa til þess heimild í lögum. Meginreglan er sú að það er löggjafinn sem hefur vald til þess að mæla fyrir um það í lögum, innan þeirra marka sem stjórnarskrá heimilar, að hvaða leyti og með hvaða hætti stjórnvöldum sé heimilt að íþyngja almenningi með ákvörðunum sínum og athöfnum.

Af viðfangsefni skattalaga leiðir að þau taka með almennum hætti til mikils fjölda manna og lögaðila. Á þessu sviði réttarins er því raunhæft álitafni hvernig fara beri með mál skattaðila þegar síðar kemur í ljós í öðru sambærilegu máli, sem lagt er fyrir aðra stjórnvald eða dómstól, að skattákvörðun hefur verið byggð á röngum lagagrundvelli. Engu að síður nýtur ekki skráðra reglna í skattalöggjöfinni um hvernig bregðast skuli við aðstæðum á borð við þessar og eftir atvikum hvernig haga beri meðferð endurupptöku- og leiðréttingarbeiðna sem beint er til skattfyrivalda af slíku tilefni. Hefur löggjafinn þannig enga afstöðu tekið til álitaefna af þessum toga.

Í kafla IV. 2 í álitu þessu er gerð grein fyrir þeirri niðurstöðu minni að í kjölfar dóms Hæstaréttar frá 19. desember 1996 hafi skattaðilar, sem eins var ástatt um og stefnanda í því máli í héraði, öðlast lögvarinn rétt til endurupptöku máls. Eins og þar kemur fram verður réttur skattaðila til endurupptöku á grundvelli dómsins þó talinn bundinn því skil-

yrði að atvik séu sambærileg, þ.e. að niðurstaða dómsins hafi fordæmisgildi fyrir mál viðkomandi skattaðila samkvæmt almennum reglum þar um. Skattfyrvöldum er því unnt án sérstakrar lagaheimildar að synja beiðni skattaðila um endurupptöku ef aðstæður í máli hans eru ekki sambærilegar og í máli því sem dæmt var með margnefndum hæstaréttardómi. Þá tel ég að skattfyrvöldum sé heimilt að gera að skilyrði endurupptöku skattálagningar og viðurkenningar frádráttar vegna framlags í eigin lífeyrissjóð að skattaðili sýni fram á að um greiðslu á frádráttarbæru framlagi hafi verið að ræða, eftir atvikum með framlagningu gagna þar að lútandi, sbr. áskilnað í þessa veru í bréfi ríkisskattstjóra til allra skattstjóra frá 17. apríl 1997. Hef ég þá í huga þá almennu reglu skattaréttar að það beri undir skattaðila að sýna fram á að um kostnað sé að ræða sem heimilt sé að draga frá tekjum, sbr. m.a. dóma Hæstaréttar Íslands frá 30. janúar 1997 í málinu nr. 3/1997 (H 1997:385) og 20. febrúar s.á. í málinu nr. 163/1996 (H 1997:759).

Synjun ríkisskattstjóra á erindi A um leiðréttingu á álögðum opinberum gjöldum hans gjaldárin 1985–1992 var ekki byggð á því að sú frádráttarregla, sem Hæstiréttur sló fastri með dómi sínum frá 19. desember 1996, tæki ekki til lífeyrissjóðsframlaga A á árunum 1984–1991, né að A hefði ekki synt fram á að um greiðslu á frádráttarbæru framlagi hefði verið að ræða. Var synjunin eingöngu rökstudd með vísan til þeirrar ákvörðunar ríkisskattstjóra að binda almennar leiðréttingar á álögðum opinberum gjöldum sjálfstætt starfandi manna í tilefni af dóminum við lífeyrissjóðsframlög rekstraráranna 1992–1995.

Ágreiningur í máli því sem dæmt var með margnefndum hæstaréttardómi laut að lífeyrissjóðsframlagi sjálfstætt starfandi manns á árinu 1991 og gjaldfærslu þess framlags í skattframtali 1992. Eins og áður hefur komið fram hefur niðurstaða dómsins þó bersýnilega almennt gildi varðandi frádráttarrétt þann sem þar var slegið föstum og er efnisleg þýðing hennar því ekki endilega bundin við gjaldárið 1992 eða yngri gjaldár. Með vísan til þess og þeirrar niðurstöðu minnar sem fyrr greinir að á grundvelli dómsins hafi skattaðilar öðlast lögvarinn rétt til endurupptöku tel ég að ríkisskattstjóra hafi ekki verið unnt án sérstakrar heimildar í lögum að synja almennt og undantekningarlaust um endurupptöku vegna eldri rekstrarára en 1992 án tillits til þess hvernig réttur skattaðila til endurupptöku og frádráttar horfði við vegna lífeyrissjóðsframlaga þeirra ára. Hef ég þá bæði í huga þá grundvallarreglu að íþyngjandi ákvarðanir stjórnvalda þurfi að eiga sér stoð í lögum og að álagning skatta hverju sinni skuli byggð á lögum og vera í samræmi við lög, sbr. m.a. 1. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 15. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995.

Sú ákvörðun ríkisskattstjóra að binda afturvirkar leiðréttingar á skattskilum sjálfstætt starfandi manna í tilefni af dómi Hæstaréttar við rekstrarárið 1992 og yngri ár var í bréfum ríkisskattstjóra til allra skattstjóra frá 4. mars 1997 og 17. apríl s.á. rökstudd með vísan til laga nr. 29/1995, um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda, sbr. og bréf ríkisskattstjóra til lögmanns A, dags. 23. desember 1997. Í 1. mgr. 1. gr. tilvitnaðra laga er kveðið á um skyldu stjórnvalda, sem innheimta skatta eða gjöld, til þess að endurgreiða það fé sem ofgreitt reynist lögum samkvæmt ásamt vöxtum, sbr. 2. gr. sömu laga. Í 2. mgr. 1. gr. laganna segir að stjórnvöld skuli hafa frumkvæði að slíkum endurgreiðslum þegar þeim verður ljóst að ofgreitt hefur verið. Þá er tekið fram í 3. mgr. sömu greinar að ákvæði hennar gildi ekki þar sem lög mæla fyrir á annan veg. Í 4. gr. laga nr. 29/1995 kemur fram að krafa um endurgreiðslu samkvæmt lögnum falli úr gildi fyrir fyrningu þegar fjögur ár eru liðin frá því að greiðsla átti sér stað. Í athugasemdum við síðastnefnda grein í frumvarpi því er varð að lögum nr. 29/1995 segir svo:

„Í ákvæðinu er mælt fyrir um fjögurra ára fyrningartíma sem er í samræmi við reglur sem gilda um fyrningu sambærilegra krafna, sbr. lög nr. 14/1905.“ (Alþt. 1994–95, A-deild, bls. 3290.)

Lög nr. 29/1995 öðluðust gildi 1. janúar 1996 og taka til ofgreiðslu á sköttum og gjöldum sem á sér stað eftir það tímamark.

Eins og rakið er í kafla IV. 2 hér að framan er í lögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981, með síðari breytingum, kveðið á um sérstakar heimildir skattstjóra og eftir atvikum ríkisskattstjóra til að breyta fyrri ákvörðunum um skattálagningu á skattaðila, þ.e. endurákvörða skatta hans, sbr. einkum 96. gr. og 3. mgr. 101. gr. laganna. Þá eru reglur í 97. gr. laganna sem binda þessar heimildir tilteknum tímatakmörkunum. Kemur þar fram í 1. mgr. að heimild til endurákvörðunar skatts skv. 96. gr. sömu laga náí til skatts vegna tekna og eigna síðustu sex ára sem næst eru á undan því ári þegar endurákvörðun fer fram. Í vissum tilvikum er þó einungis heimilt að endurákvörða skatt vegna síðustu tveggja ára sem næst eru á undan því ári þegar endurákvörðun fer fram, sbr. 2. mgr. 97. gr. laganna.

Í 112. gr. laga nr. 75/1981 er fjallað um vexti. Sérstakt ákvæði er í 2. mgr. þessarar greinar laganna um endurgreiðslu á ofgreiddum skatti, sbr. 17. gr. laga nr. 49/1987, um breytingu á lögum nr. 75/1981, og 2. gr. laga nr. 31/1995. Segir m.a. svo í málsgreininni:

„Nú verður ljóst þegar álagningu skatta, annarra en tekjuskatts manna, lýkur eða við endurákvörðun þessara sömu skatta að gjaldandi hefur greitt meira en endanlega álögðum sköttum nemur og skal þá endurgreiða það sem ofgreitt var ásamt vöxtum fyrir það tímabil sem féð var í vörslu ríkissjóðs. [. . .] Sama gildir þegar í ljós kemur við endurákvörðun á tekjuskatti manna að um ofgreiðslu hafi verið að ræða að öðru leyti en því að vextir reiknast aldrei fyrir en frá 1. júlí á álagningarári.“

Með endurákvörðun skatts er skattur lagður á að nýju. Gera verður greinarmun á slíkri endurálagningu skatts annars vegar og innheimtu á ógreiddum skatti, þ.e. skattkröfunni sem er almenn fjárkrafa, hins vegar. Þannig er mælt fyrir um í 6. mgr. 110. gr. laga nr. 75/1981 að séu skattar gjaldanda hækkaðir eftir álagningu falli viðbótarfjárhæðin í gjalddaga 10 dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um hækkunina. Frá þeim tíma telst krafan gjaldkræf og sé hún ekki greidd innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er, sbr. 1. mgr. 112. gr. sömu laga. Í samræmi við þetta hefur í dómaframkvæmd verið litið svo á að fyrningarfrestur endurákvörðaðrar skattkröfu byrji ekki að líða fyrr en frá gjalddaga hennar samkvæmt framangreindu, sbr. m.a. dóma Hæstaréttar Íslands frá 12. janúar 1998 í málinu nr. 521/1997 (H 1998:49) og 20. janúar s.á. í málinu nr. 12/1998 (H 1998:163). Í forsendum hins fyrrnefnda hæstaréttardóms segir m.a. svo:

„Sölugjaldið, sem ágreiningur aðila stendur um, var, sem áður segir, upphaflega lagt á Brúnás hf. með úrskurði ríkisskattstjóra 29. desember 1989. [. . .] Samkvæmt 1. mgr. 28. gr. áðurgildandi laga nr. 10/1960 um söluskatt með áorðnum breytingum, sbr. 6. mgr. 110. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, féll álagning samkvæmt úrskurðinum 29. desember 1989 í gjalddaga tíu dögum eftir, að gjaldanda var tilkynnt um hana. Fær ákvæði 2. málslíðar 4. mgr. 96. gr. síðarnefndu laganna þessu ekki breytt. Verður því miðað hér við, að gjalddagi skattkröfunnar hafi verið 26. janúar 1990. Þar með hófst fyrningarfrestur kröfunnar, sbr. upphafsorð 1. mgr. 5. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfurettinda, en síðari úrskurðir skatt-yfirvalda í kærumálum um hana marka ekki nýtt upphaf frestsins. Samkvæmt 3. tölulíð 3. gr. sömu laga verður krafa [innheimtumanns ríkissjóðs] um sölugjald því talin hafa fyrnst 26. janúar 1994, ef ekki er sýnt fram á, að fyrningu hafi áður verið slitið.“

Samkvæmt framansögðu er í lögum nr. 75/1981 gerður greinarmunur á álagningu og endurákvörðun skatts annars vegar og innheimtu gjaldfallinnar skattkröfu hins vegar. Af

þeim sökum tel ég ekki unnt að líta svo á að reglur um fyrningu kröfuréttinda takmarki að einhverju leyti heimildir skattyfirvalda til endurákvörðunar á tekjuskatti. Sæta þær heimildir einvörðungu þeim tímatakmarkunum sem kveðið er á um í 97. gr. laga nr. 75/1981. Af sömu ástæðum verður ekki talið að fyrningarákvæði 4. gr. laga nr. 29/1995 girði á neinn hátt fyrir endurupptöku skattálagningar á skattaðila sem þess óskar. Eins og tíundað er í kafla IV. 2 í álitinu þessu fer um þau efni eftir almennum reglum um endurupptöku. Af þessu leiðir að réttmætri kröfu skattaðila um endurupptöku máls verður ekki synjað á þeim grundvelli að hugsanlegar endurgreiðslukröfur hans á hendur ríkinu séu fallnar úr gildi fyrir fyrningu. Er þessi niðurstaða m.a. augljós í þeim tilvikum þegar engin ofgreiðsla hefur átt sér stað af hendi skattaðila, sbr. t.d. ef endurálagning skatts leiðir einvörðungu til leiðréttinga á yfirfæranlegu tapi af atvinnurekstri skattaðila, sbr. ákvæði um frádráttarþærni eftirstöðva rekstrartaps í 7. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981.

Með bréfi til ríkisskattstjóra, dags. 22. júní 1998, óskaði umboðsmaður Alþingis eftir því að ríkisskattstjóri gerði grein fyrir forsendum þess að takmarka heimild til endurupptöku í tilefni af dómi Hæstaréttar frá 19. desember 1996 við gjaldárið 1993 og yngri gjaldár og með hvaða rökum yrði stuðst við ákvæði laga nr. 29/1995 í þeim efnunum. Í svarbréfi ríkisskattstjóra, dags. 29. desember 1998, kemur fram að eftir allnokkra umþóttun hafi verið ákveðið að viðhafa það verklag að leiðrétta skattskil þess rekstrarárs sem var að líða þegar dómur Hæstaréttar var kveðinn upp og að auki fjögur eldri rekstrarár, þ.e. árin 1992–1995. Tekið er fram að ekki hafi verið við nein lagafyrirmæli að styðjast og fordæmi hafi verið fá og með ýmsum hætti. Þá er greint frá því að „þrjú tímamörk [hafi komið] til álita“, þ.e. að leiðrétta skattskil „ótímabundið, þ.e.a.s. eins langt aftur og viðkomandi hafði greitt iðgjald, sex ár frá og með rekstrarárinu 1996 og loks það sem varð ofan á, fjögurra ára mark frá rekstrarárinu 1996“. Um röksemdir fyrir síðastnefndri niðurstöðu segir svo í bréfi ríkisskattstjóra:

„Fjögurra ára tíminn varð ofan á, m.a. með tilliti til almennra fyrningarreglna í lögskiptum. Var einnig höfð í huga sú meginregla sem kveðið er á um með lögum um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda og sett var með beinni tilvísun í fyrningarlögin nr. 14/1905, sbr. athugasemd við 4. gr. frv. að lögum nr. 29/1995 í meðferð þingsins.

Þessi viðmiðun ríkisskattstjóra höfðar því til meginstrauma er virðast vera innan stjórnsýslunnar um að aðlaga endurgreiðsluskyldur á ofteknu skattfé almennri kröfufyrningu. Í ljósi ýmissa annarra atvika virðist þetta tímamark og ekki óeðlilegt.

Varðveisla og uppröðun gagna, aðgengi upplýsinga um skattskil hvers skattþegns og öryggi í framkvæmdinni að öðru leyti er önnur grundvallarforsenda þess að taka upp þennan tiltölulega skamma endurákvörðunarfrest í þessu tilviki, þ.e.a.s. eftir að sú ákvörðun lá fyrir að fara aftur í tímann með leiðréttingar.

Slíkt stjórnsýslutímamark í skattframkvæmd kom og fram í frumvarpi á þskj. 710, 392. mál, 122. löggjafarþing. Það hlaut ekki samþykki en var afgreitt á jákvæðan hátt úr þingnefnd. Var gert ráð fyrir 6 ára fyrningarfresti í umræddu frumvarpi. Má segja að þetta þingmál styrki á vissan hátt forsendur fyrir niðurstöðu ríkisskattstjóra um viðmiðun til endurákvörðunar. Mál þetta var endurflutt á yfirstandandi þingi með einhverjum breytingum.

Að sjálfsögðu var ljóst að lög nr. 29/1995 höfðu enn ekki tekið gildi en af þeim var þó sem fyrr greinir ráðin viss meginregla eða löggjafarvilji á þessum vettvangi.“

Samkvæmt framansögðu fæ ég ekki séð að ríkisskattstjóri byggi í reynd á því í málinu að ákvæði laga nr. 29/1995 standi í vegi fyrir endurupptöku skattálagningar vegna eldri rekstrarára en ársins 1992, þrátt fyrir rökstuðning í bréfi ríkisskattstjóra til lögmanns A frá

23. desember 1997 og bréfum hans til allra skattstjóra frá 4. mars og 17. apríl s.á. Verður að skilja framangreint bréf ríkisskattstjóra til mín svo að ríkisskattstjóri telji unnt að synja um endurupptöku vegna eldri ára án sérstakrar heimildar í skráðum lögum, en á grundvelli þeirra sjónarmiða og raka sem koma fram í bréfinu. Í ljósi þeirrar niðurstöðu minnar sem fyrr greinir þess efnis að ekki verði synjað almennt og undantekningarlaust um endurupptöku vegna eldri rekstrarára en 1992 án sérstakrar heimildar í lögum verður ekki fallist á þessa afstöðu ríkisskattstjóra. Vegna sjónarmiða ríkisskattstjóra um „[varðveislu] og uppröðun gagna, aðgengi upplýsinga um skattskil hvers skattþegns og öryggi í framkvæmdinni að öðru leyti“ áréttá ég að skattyfirvöld geta krafist þess af skattaðila, sem óskar eftir endurupptöku skattálagningar í tilefni af dómi Hæstaréttar og viðurkenningu frádráttar vegna framlags í lífeyrissjóð, að hann sýni fram á að um greiðslu á frádráttarbæru framlagi hafi verið að ræða, sbr. hér að framan. Ekki verður séð að því sé haldið fram af hálfu ríkisskattstjóra í máli þessu að ókleift sé af tæknilegum ástæðum að leiðrétta skattálagningar eldri gjaldára en 1993, en benda má á í því sambandi að skattyfirvöldum er með lögum veitt heimild til að endurákværða tekjuskatt vegna tekna síðustu sex ára sem næst eru á undan því ári þegar endurákvörðun fer fram, sbr. 1. mgr. 97. gr. laga nr. 75/1981.

Samkvæmt framangreindu er niðurstaða mín sú að fyrirmæli ríkisskattstjóra til allra skattstjóra frá 4. mars og 17. apríl 1997 um að takmarka endurupptöku í tilefni af dómi Hæstaréttar frá 19. desember 1996 við rekstrarárið 1992 og yngri ár hafi ekki átt sér fullnægjandi stoð í lögum. Var synjun ríkisskattstjóra frá 23. desember 1997 á erindi A um leiðréttingu á álögðum opinberum gjöldum hans gjaldárin 1985 til og með 1992 því byggð á ólögmatum grundvelli. Beini ég því þeim tilmælum til ríkisskattstjóra að taka mál A til endurskoðunar, komi fram ósk þess efnis frá honum, eða eftir atvikum fela það skattstjóra, og leysa úr máli hans á grundvelli þeirra sjónarmiða sem ég hef rakið í álitinu þessu.

Ég tek fram að með álitinu þessu er engin afstaða tekin til þess af minni hálfu hvort lífeyrissjóðsframlög A á árunum 1984–1991 séu frádráttarbær frá tekjum hans samkvæmt 1. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands frá 19. desember 1996. Þá er í samræmi við efnislega niðurstöðu í álitinu um þann greinarmun sem að lögum verður að gera á endurupptöku skattákvörðunar annars vegar og fyrningu kröfu sem af slíkri ákvörðun leiðir hins vegar, engin afstaða tekin til álitaefna varðandi fyrningu á hugsanlegum endurgreiðslukröfum A á hendur ríkinu í tilefni af leiðréttingu á álögðum opinberum gjöldum hans.

V.

Eins og rakið er í kafla IV. 2 í álitinu þessu nýtur ekki skráðra reglna í skattalöggjöfinni um aðstæður af þeim toga sem á reynir í máli þessu, þ.e. hvernig fara beri með mál skattaðila þegar síðar kemur í ljós í öðru sambærilegu máli, sem lagt er fyrir æðra stjórnvald eða dómstól, að skattákvörðun hefur ekki verið byggð á réttum lagagrundvelli. Hefur því ríkt nokkur réttaróvissa um hvernig skattyfirvöldum beri að haga meðferð endurupptöku og leiðréttingarbeiðna sem beint er til þeirra af slíku tilefni, sbr. m.a. bréf ríkisskattstjóra til mín, dags. 29. desember 1998. Í ljósi þess að skattalög og framkvæmd þeirra varða borgarana miklu tel ég brýnt að þeirri réttaróvissu verði eytt með upptöku almennra ákvæða í lög um tekjuskatt og eignarskatt um rétt skattaðila til endurupptöku við aðstæður sem þessar, enda er mikilvægt að festa ríki í skattframkvæmd á þessu sviði. Má benda á í því sambandi að í Danmörku hafa slíkar reglur nýlega verið teknar upp í skattalög, sbr. lög nr. 381 frá 2. júní 1999 („Lov om ændring af skattestyrelsesloven og andre love“). Við slíka lagasetningu væri m.a. unnt að taka afstöðu til þeirra fjölmörgu álitaefna sem risið geta við þær aðstæður þegar fyrri framkvæmd skattyfirvalda er hnekkt af hálfu yfirskattanefndar eða dómstóla, m.a. þeirra álitaefna er snúa að aðgengi að upplýsingum um skattskil og

öryggi í skattframkvæmd og ríkisskattstjóri hefur tæpt á í máli A. Af þessum sökum er álit þetta sent fjármálaráðherra og Alþingi, sbr. 11. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, og athygli ráðuneytisins og Alþingis vakin á málinu.

VI.

Niðurstaða.

Í samræmi við framanritað er það niðurstaða mín að fyrirmæli ríkisskattstjóra til allra skattstjóra frá 4. mars og 17. apríl 1997 um að takmarka endurupptöku í tilefni af dómi Hæstaréttar Íslands frá 19. desember 1996 í málinu nr. 432/1995 (H 1996:4248) við rekstrarárið 1992 og yngri ár hafi ekki átt sér fullnægjandi stoð í lögum. Tel ég því að synjun ríkisskattstjóra frá 23. desember 1997 á erindi A um leiðréttingu á álögdum opinberum gjöldum hans gjaldárin 1985–1992 hafi byggst á ólögðum grundvelli. Beini ég þeim tilmælum til ríkisskattstjóra að mál A verði tekið til endurskoðunar, komi fram ósk þess efnis frá honum, og að leyst verði úr því á grundvelli þeirra sjónarmiða sem ég hef rakið í álitinu þessu.

Ég tel brýnt að tekin verði upp almenn ákvæði í lög um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981 um rétt skattaðila til endurupptöku við þær aðstæður þegar fyrri framkvæmd skattyfirvalda er hnekkð með úrskurði æðra stjórnvalds eða með dómi. Er athygli fjármálaráðuneytisins og Alþingis vakin á því máli, sbr. 11. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis.

VII.

Í tilefni af álitinu mínu leitaði A til ríkisskattstjóra og óskaði eftir því að mál hans yrði tekið til endurskoðunar. Ríkisskattstjóri féllst á það og felldi úrskurð í málinu þann 25. júlí 2000. Hann tók kröfur A til greina að hluta en synjaði að öðru leyti.

A kærði úrskurð ríkisskattstjóra til yfirséttanefndar. Í úrskurði yfirséttanefndar, dags. 20. desember 2000, segir meðal annars svo:

„[. . .] synjaði ríkisskattstjóri erindi kæranda að því er varðar gjaldfærslu lífeyris-
sjóðsiðgjalda gjaldárin 1985, 1986, 1987 og 1988, þ.e. vegna rekstraráranna 1984, 1985,
1986 og 1987. Með því að ríkisskattstjóri neytti þannig ekki heimildar samkvæmt 3. mgr.
101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, til breytinga á áður álögdum
opinberum gjöldum kæranda vegna hinna síðarnefndu ára hefur engin sú ákvörðun
verið tekin varðandi þessi ár sem kæránleg er til yfirséttanefndar samkvæmt lögum
nr. 30/1992, um yfirséttanefnd, sbr. síðari málslið þessa ákvæðis laga nr. 75/1981. Að
svo vöxnu máli þykir bera að vísa kærnu kæranda frá yfirséttanefnd.“

15.2.

Lækkun tekjuskattsstofns. Ívilnun. Rökstuðningur.

Form og efni úrskurða. Verklagsreglur. Efni stjórnvaldsfyrirmæla.

(Mál nr. 2532/1998)

A kvartaði yfir úrskurði ríkisskattstjóra um lækkun tekjuskattsstofns hans gjaldárið 1997. A taldi að ríkisskattstjóri hefði ekki gert nóg með því að lækka tekjuskattsstofn hans um 500.000 kr. vegna veikinda sem höfðu tekið sig upp á árinu 1996 og skert gjaldþol hans verulega, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 66. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Umboðsmaður benti á að í úrskurði ríkisskattstjóra væri skírskotað til gagna um að veikindi A hefðu haft í för með sér atvinnu- og tekjumissi fyrir hann, en af gögn-

unum væru ekki dregnar rökstuddar ályktanir um gjaldþol A. Í úrskurðinum væri hvorki gerð grein fyrir umfangi gjaldþolsskerðingar A né fjallað um áhrif skerðingarinnar með hliðsjón af upplýsingum um hagi hans, t.d. um „framfærslukostnað og fjárskuldbindingar“, eins og mælt væri fyrir um í verklagsreglum ríkisskattstjóra um ívilnanir. Taldi umboðsmaður að það yrði ekki ráðið af úrskurðinum hvers vegna ríkisskattstjóri ákvað að lækka tekjuskattsstofn A um 500.000 kr. gjaldárið 1997, og að úrskurðurinn bæri ekki með sér að ríkisskattstjóri hefði tekið mið af því að A hefði látið af störfum hjá X á árinu 1996 og við það misst hluta þeirra tekna sem hann hefði haft til framfærslu. Tók umboðsmaður fram að ríkisskattstjóri hefði átt að rökstyðja niðurstöðu sína tölulega að gættu gjaldþoli A áður en hann veiktist annars vegar og eftir að hann lét af störfum og tekjur hans lækkuðu hins vegar. Var það niðurstaða umboðsmanns að úrskurður ríkisskattstjóra fullnægði ekki kröfum um rökstuðning matskenndra stjórnvaldsákvarðana, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 22. gr. stjórn-sýslulaga nr. 37/1993. Í álitinu lagði umboðsmaður áherslu á að ríkisskattstjóri gerði skilmerkilega grein fyrir þeim sjónarmiðum sem réðu niðurstöðu hans og fjallaði um áhrif gjaldþolsskerðingar með tilliti til þess hvernig það bitnaði sérstaklega á skattaðila. Vegna þess annmarka sem var á úrskurði ríkisskattstjóra taldi umboðsmaður ekki vera skilyrði til þess að hann fjallaði frekar um niðurstöðu úrskurðarins. Beindi umboðsmaður þeim tilmælum til ríkisskattstjóra að mál A yrði tekið til meðferðar að nýju færi hann fram á það og yrði þá fjallað um það með tilliti til þess sem að framan greinir.

Þá vakti umboðsmaður athygli á því að í reglum nr. 212/1996, um skilyrði fyrir ívilnunum samkvæmt 66. og 80. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sem ríkisskattstjóri hefði sett á grundvelli 2. mgr. 66. gr. laga nr. 75/1981, væri ekki gert ráð fyrir því að ívilnun væri veitt í þeim tilvikum þegar veikindi manns hefðu leitt til þess að aflahæfi hans hefði skerst, svo sem vegna missis atvinnu eða launa, líkt og í tilviki A, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 66. gr. laganna. Beindi umboðsmaður þeim tilmælum til ríkisskattstjóra að hann endurskoðaði reglur nr. 212/1996 með tilliti til þessa.

Með bréfi til ríkisskattstjóra, dags. 23. janúar 2001, óskaði ég eftir upplýsingum um hvort A hefði leitað til ríkisskattstjóra á ný og þá hvort einhverjar ákvarðanir hefðu verið teknar af því tilefni. Í svari ríkisskattstjóra, dags. 13. febrúar 2001, segir meðal annars svo:

„1. [A] leitaði til ríkisskattstjóra með bréfi, sem mótttekið var þ. 12. apríl 2000. Erindi þetta var afgreitt með úrskurði dags. 12. desember 2000. Í niðurlagi þess úrskurðar segir m.a.:

„Almennt má segja um lækkun tekna með ívilnun að með slíkri lækkun sé vikið frá almennum reglum um skattlagningu. Verður því að ætla að af hálfu lög-gjafans sé til þess ætlast að tilefni til þeirra sé ótvírætt þar eð jafnræði skattþegna væri raskað að öðrum kosti. Varðandi mat á fjárhæð til lækkunar tekna í tilviki sem þessu, þ.e. þegar sýnt þykir að tekjur skerðist verulega vegna veikinda skattþegans og greiðslubyrði hans er veruleg, eru engar skráðar reglur til. Hins vegar hefur verið stuðst við þá vinnureglu að fjárhæð ívilnunar til lækkunar tekjum geti numið allt að helmingi þeirrar skerðingar á þeim heildartekjum sem rekja megi til veikindanna. Að því er gjaldandann varðar hefur áður komið fram hverjar tekjur hans voru á árunum 1993 – 1997. Er því við að bæta að skv. skattframtali hans 1999 nema tekjur hans kr. [. . .].

Með tilvísan til þess sem að framan greinir og þeirri fjárhæð sem tekjur gjaldandans hafa verið lækkaðar um með ívilnun, þ.e. kr. 500.000 á skattframtali 1997 og kr. [. . .] á skattframtali hans 1998, verður ekki á það fallist að tilefni sé

til að ganga lengra í því að lækka tekjur hans með ívilnun. Viðurkennt skal að önnur skipting ívilnunarfrjárhæða á milli ára hefði getað komið til álita, þ.e. minni lækkun á skattframtali 1997 en meiri lækkun á skattframtali 1998. Skipting með þeim hætti hefði þó ekki verið hagstæðari fyrir gjaldandann.

Með vísan til þess sem að framan greinir er erindinu synjað.“

2. Á síðastliðnu hausti setti ríkisskattstjóri á laggirnar starfshóp til að framkvæma heildarendurskoðun á þeim reglum, sem unnið væri eftir við veitingu ívilnunar á grundvelli 66. gr. Starfshópur þessi hefur ekki lokið störfum, en vænta má lokaskýrslu á næstu vikum. Í framhaldi þess er fyrirhugað að undirbúningur hefjist við breytingar á reglum, eyðublöðum og verklagsreglum.“

15.3.

Skattframkvæmd. Verklagsreglur. Birting. Frumkvæðisathugun. (Mál nr. 2542/1998)

Umboðsmaður tók til athugunar að eigin frumkvæði hvernig háttáð væri framkvæmd almennrar birtingar verklagsreglna og fyrirmæla ríkisskattstjóra sem vörðuðu túlkun eða skýringu skattalaga eða hefðu með öðrum hætti þýðingu við framkvæmd skattalaga.

Í svari ríkisskattstjóra við fyrirspurn umboðsmanns af framangreindu tilefni kom fram að fyrirmæli sem samin hefðu verið á grundvelli 1. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, hefðu ekki verið flokkuð sem slík í skjalasafni embættisins og ekki verið birt sérstaklega. Ávallt hefði þó verið veittur aðgangur að þeim hafi þess verið óskað.

Í álitinu benti umboðsmaður á að fyrirmælum og verklagsreglum ríkisskattstjóra samkvæmt 1. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981 og hliðstæðum ákvæðum í lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, væri ætlað að tryggja samræmi í störfum skattstjóra landsins og stuðla þannig að því að jafnræðis væri gætt í stjórnarsýslu þeirra. Umboðsmaður taldi því nauðsynlegt að fyrir lægi hvaða reglur hefðu verið settar á þessum grundvelli og væru í gildi hverju sinni. Yrði ekki unað við ríkjandi óvissu í því efni. Þá gat umboðsmaður þess að téð fyrirmæli ríkisskattstjóra gætu haft vissa þýðingu fyrir réttarstöðu skattaðila þrátt fyrir að þau væru almennt ekki bindandi fyrir hann og að öðru leyti verið til mikilsverðrar skýringar og upplýsingar um skattframkvæmd og túlkun skattalaga. Taldi umboðsmaður því brýnt að fyrirmæli og verklagsreglur ríkisskattstjóra, sem hefðu þýðingu við framkvæmd skattalaga, væru birt og með þeim hætti gerð aðgengileg almenningi.

I.

Umboðsmaður Alþingis ákvað á grundvelli heimildar í 5. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að taka til athugunar að eigin frumkvæði framkvæmd almennrar birtingar verklagsreglna og fyrirmæla ríkisskattstjóra sem varða túlkun eða skýringu skattalaga eða kunna með öðrum hætti að hafa þýðingu við framkvæmd skattalaga.

Ég lauk máli þessu með álitu, dags. 7. apríl 2000.

II.

Í tilefni af ofangreindri athugun umboðsmanns Alþingis ritaði umboðsmaður ríkisskattstjóra bréf hinn 7. september 1998. Í bréfinu sagði m.a. svo:

„Í 101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, kemur fram, að ríkisskattstjóri skuli setja skattstjórum framkvæmdar- og starfsreglur, ásamt leiðbeiningum og verklagsreglum. Þá kemur fram, að ríkisskattstjóri skuli gefa út og hafa til sölu fyrir almenning reglur og gögn, sem hann metur að rétt sé að kynnt skuli almenningi. Ennfremur segir, að ríkisskattstjóri skuli gæta þess, að samræmi sé í störfum og ákvörðunum skattstjóra, sbr. einnig 39. gr. laga nr. 50/1988.

Fyrirmæli og verklagsreglur ríkisskattstjóra snerta oft á tíðum framkvæmd skattalaga með þeim hætti, að ætla verður, að skattaðilar ættu að eiga þess kost að kynna sér efni þeirra, t.d. lögskýringu embættisins á tiltekinni lagagrein. Hér til hliðsjónar er bent á 8. gr. laga nr. [91/1998], um bindandi álit í skattamálum, en þar er tekið fram, að ríkisskattstjóri skuli birta ákvarðanir og niðurstöður, sem fram koma í álitum, sem gefin eru samkvæmt lögnum, að því leyti sem þær hafa almenna þýðingu.

Þess er óskað, að mér verði send skrá yfir öll gildandi fyrirmæli, sem sett hafa verið samkvæmt tilvitnuðum lagaákvæðum, svo og afrit af þessum fyrirmælum. Hér er átt við fyrirmæli, er varða m.a. tekjuskatt, eignarskatt og virðisaukaskatt. Ennfremur er óskað eftir upplýsingum um, hvernig birtingu þeirra eða kynningu hefur verið háttað.“

Umboðsmaður Alþingis átti fund með ríkisskattstjóra 14. október 1998 vegna málsins. Í kjölfar þess fundar barst umboðsmanni 4. janúar 1999 bréf ríkisskattstjóra, dags. 30. desember 1998, þar sem m.a. segir svo:

„Varðandi svar við þessari fyrirspurn sem er sú viðamesta sem embættinu hefur borist frá upphafi skulu ítrekuð tilmæli mín til embættis yðar sem fram komu á fundi mínum með Gauki Jörundssyni þann 14. október sl. um að starfsmenn embættis yðar kæmu á starfsstöð okkar og fengju þar aðgang að umbeðnum gögnum og upplýsingum.

Að öðru leyti leyfi ég mér að vísa til heimasíðu ríkisskattstjóra (rsk.is) sem opnuð verður í dag, en þar munu verða að finna veigamestu gögnin sem að beiðni yðar lýtur.“

Í tilefni af framangreindu svarbréfi ríkisskattstjóra átti ég fund með ríkisskattstjóra 9. apríl 1999. Í kjölfar þess fundar barst mér 3. júní 1999 bréf ríkisskattstjóra, dags. 1. júní s.á., ásamt gögnum. Bréf ríkisskattstjóra er svohljóðandi:

„Vísað er til bréfs yðar frá 7. september 1998 þar sem beðið var um skrá yfir öll gildandi fyrirmæli, sem sett hafa verið af ríkisskattstjóra, svarbréfs ríkisskattstjóra, dags. 30. desember 1998, og fundar ríkisskattstjóra með yður föstudaginn 9. apríl sl.

Á framangreindum fundi var rætt um þá umfangsmiklu upplýsingaöflun, sem farið hafði verið fram á í bréfi umboðsmanns frá 7. september 1998 og vandkvæðum á að verða við henni. Af hálfu ríkisskattstjóra var tekið fram að hann myndi láta umboðsmanni í té verklagsreglur ríkisskattstjóra, svo og sýnishorn af bréfum til skattstjóra, leiðbeiningum o.fl. sem gæfi greinargóða mynd af því með hvaða hætti er staðið að birtingu fyrirmæla af hálfu embættisins.

Í samræmi við framangreint fylgja hér með þrjár möppur. Í fyrsta lagi verklagsreglur ríkisskattstjóra og handbók um tekjuskatt og eignarskatt. Í öðru lagi afrit af bréfum til skattstjóra á árinu 1997 ásamt efnisyfirliti yfir slík bréf á árunum 1996 til 1999. Í þriðja lagi ýmsar skýringar og leiðbeiningar sem embætti ríkisskattstjóra hefur gefið út á undanförunum árum.

Ríkisskattstjóri væntir þess að lítið verði á þetta sem fullnægjandi svar við fyrirspurn yðar og er hann reiðubúinn til frekari viðræðna um málið við yður sé þeirra óskað.“

Hinn 27. ágúst 1999 barst mér bréf frá ríkisskattstjóra, dags. 23. ágúst s.á. Í bréfinu eru fyrri bréfaskipti vegna málsins rakin. Þá segir svo í bréfi ríkisskattstjóra:

„Því miður hafa fyrirmæli og reglur, sem samin hafa verið á grundvelli 1. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, ekki verið flokkuð sérstaklega sem slík í skjalasafni embættisins. Það er því erfitt að taka saman með tæmandi hætti þau bréf sem rituð hafa verið á grundvelli þessa ákvæðis. Almennt má þó segja að því er birtingu varðar, að bréf þessi hafa ekki verið birt sérstaklega, en ávallt hefur verið veittur aðgangur að þeim hafi þess verið óskað. En fyrir hefur komið að skattstjórar hafa borið fyrir sig túlkun ríkisskattstjóra og hafa þá gjaldendur eða umboðsmenn þeirra óskað eftir því að fá að sjá slíka túlkun og ávallt fengið afrit slíkra bréfa. Auk þess má segja að því er varðar tekjuskatts- og eignarskattsálagningu einstaklinga að túlkanir ríkisskattstjóra og flestar þær framkvæmdarreglur sem almenna þýðingu hafa sé efnislega að finna í leiðbeiningum þeim sem sendar eru út með framtali.

Þetta fyrirkomulag er þó engan veginn eins og best verður á kosið og fullnægir ekki þeim kröfum sem gera verður til gagnsæi í stjórnsýslunni. Slíkt er ekki hvað síst mikilvægt í skattastjórnsýslunni þar sem fjallað er um mál nánast allra landsmanna sem varða þá flesta fjárhagslegum hagsmunum og því mikilsvert að reglur séu [skýrar] og tryggt sé að jafnræðis sé gætt og að öllum séu aðgengilegar þær reglur sem starfað er eftir.

Ríkisskattstjóri vill af þessu tilefni taka fram að hann telur að við þetta verði ekki unað. Mun verða hlutast til um að málum þessum verði komið í viðunandi horf eins og nánar er gerð grein fyrir hér að neðan.

Um langt skeið hefur ríkisskattstjóri gefið út safn laga og reglugerða um skattamál. Hefur þetta verið gert með tveimur bókum þar sem önnur bókin hefur að geyma safn laga og reglugerða er varða óbeina skatta og er varðar beina skatta. Hafa þessi söfn komið út nokkuð reglulega en ekki þó árlega. Á næstu dögum er væntanleg endur-útgáfa heftis um lög og reglugerðir er varða beina skatta. Ríkisskattstjóri mun halda útgáfu þessari áfram eins og verið hefur en þó þannig að bókin um beinu skattana verður gefin út reglulega í upphafi hvers árs, þannig að við það sé miðað að þar sé að finna á einum stað flest þau lög og þær stjórnsýslureglur er álagning skatta það árið verður byggð á.

Auk þessarar hefðbundnu útgáfu laga og reglugerðarsafna hefur ríkisskattstjóri ákveðið að ráðast í samningu handbóka með svipuðu sniði og gert er á öðrum Norðurlöndum. Sem dæmi má taka að í Danmörku kallast þessi rit (það er varðandi tekjuskatt) Ligningsvejledning eða álagningarleiðbeiningar og eru þau gefin út í fimm bindum auk eins viðauka. Eru þessar handbækur gefnar út ár hvert af Told- og skattestyrelsen sem leiðbeiningar til skattyfirvalda við skattframkvæmd og álagningu skatta. Í þessum handbókum er skilmerkilega lýst með hvaða hætti Told- og skattestyrelsen túlkar gildandi rétt og ber skattyfirvöldum að fara eftir þessum leiðbeiningum. Handbækur þessar eru síðan til sölu fyrir almenning. Það fyrirkomulag að hafa á einum stað nákvæma útlistun á gildandi rétti fyrir hvert og eitt ár, eins og hann kemur skattyfirvöldum fyrir sjónir, er ákaflega mikilvægt og til mikils hægðarauka fyrir alla þá sem að skattamálum koma.

Það er mikið verk að semja handbækur af þessu tagi og mun það því verða unnið í áföngum. Ríkisskattstjóri leggur áherslu á að verkinu verði hraðað eftir því sem

kostur er og er ráðgert að fyrsti hluti þess verði tilbúinn fyrri hluta næsta árs og mun sá hluti fjalla um tekjuskatt og eignarskatt einstaklinga utan rekstrar. Verður þar ítarlega fjallað um þær reglur sem gilda um þessa skatta og hvernig skattyfirvöld túlka gildandi rétt. Þarna verður og að finna tilvísanir í úrskurði, dóma og fræðigreinar er málið kunna að varða. Síðan munu handbækur þessar koma út hver á fætur annarri eins hratt og kostur er.

Bækur þessar verða síðan jafnóðum uppfærðar miðað við breytingar á lögum og framkvæmd og gefnar út í ársbyrjun ár hvert eða eftir því sem tilefni er til.

Með þessu vonast ríkisskattstjóri eftir því, að samhliða því að létta starfsfólki skattkerfisins vinnu sína að ná því markmiði að skattþegnar geti með aðgengilegum hætti kynnt sér allar þær túlkanir, verklagsreglur og ákvarðanir sem almennt gildi hafa við skattframkvæmd.“

III.

1.

Samkvæmt 1. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skal ríkisskattstjóri auk þeirra starfa sem honum eru falin með öðrum ákvæðum laga nr. 75/1981 hafa eftirlit með störfum skattstjóra og gæta þess að samræmi sé í störfum þeirra og ákvörðunum. Skal hann setja þeim framkvæmdar- og starfsreglur ásamt leiðbeiningum og verklagsreglum og kynna þeim úrskurði og dóma sem þýðingu kunna að hafa fyrir störf þeirra. Þá skal ríkisskattstjóri gefa út og hafa til sölu fyrir almenning reglur og gögn sem hann metur að rétt sé að kynnt skuli almenningi. Í 2. mgr. 24. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með áorðnum breytingum, kemur fram að ríkisskattstjóri, sem hefur á hendi yfirstjórn staðgreiðslu samkvæmt 23. gr. sömu laga, skuli setja skattstjórum framkvæmdar- og starfsreglur ásamt leiðbeiningum og verklagsreglum eftir því sem þörf krefur. Þá segir í 39. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, að ríkisskattstjóri skuli hafa eftirlit með störfum skattstjóra og sjá um að sem best samræmi sé í ákvörðunum um virðisaukaskatt hvarvetna á landinu. Skal ríkisskattstjóri leiðbeina skattstjórum um allt er að ákvörðunum um virðisaukaskatt lýtur, m.a. með því að kynna þeim dóma og úrskurði sem almennt gildi hafa.

Samkvæmt framangreindu hefur ríkisskattstjóra með lögum verið falið ákveðið stjórnarsýslueftirlit með stjórnarsýslu skattstjóra landsins, þ.m.t. eftirlit með því að samræmi sé í störfum þeirra og ákvörðunum. Var slíkt eftirlit áður í höndum ríkisskattanefndar en var falið ríkisskattstjóra við stofnun embættisins á árinu 1962, sbr. 42. gr. laga nr. 70/1962, um tekjuskatt og eignarskatt, og athugasemdir við ákvæðið í frumvarpi er varð að þeim lögum og lagt var fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi 1961–1962. (Alþt. 1961, A-deild, bls. 854.) Kom fram í 1. mgr. 42. gr. laga nr. 70/1962 að ríkisskattstjóri skyldi hafa eftirlit með störfum skattstjóra og sjá um að sem best samræmi væri í skattákvörðunum hvarvetna á landinu og leiðbeina skattstjórum um allt er að skattákvörðun og skattframtali lyti, m.a. með því að senda þeim jafnharðan eftirrit af þeim úrskurðum ríkisskattanefndar sem almennt gildi hefðu. Með 16. gr. laga nr. 7/1972, um breyting á lögum nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt, var orðalagi 42. gr. laganna breytt nokkuð og m.a. kveðið á um að ríkisskattstjóri skyldi setja skattstjórum starfsreglur og verklagsreglur og kynna þeim dóma og úrskurði sem þýðingu hefðu. Í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi því er varð að lögum nr. 7/1972 var þó ekki sérstaklega vikið að fyrir mælum ákvæðisins um setningu starfs- og verklagsreglna. (Alþt. 1971, A-deild, bls. 558.) Ákvæðið komst síðan í núverandi horf með lögum nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 101. gr. þeirra laga. Í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi til þeirra laga kom fram að ekki væru gerðar tillögur um efnislegar breytingar að öðru leyti en því að ákvæði um framkvæmd tvísköttunarsamninga væri fellt niður. (Alþt. 1977–78, A-deild, bls. 2582.)

Liður í því hlutverki ríkisskattstjóra að tryggja samræmi í störfum skattstjóra er að setja þeim framkvæmdar- og starfsreglur ásamt leiðbeiningum og verklagsreglum og kynna þeim úrlausnir dómstóla og æðri stjórnvalda sem þýðingu hafa fyrir störf þeirra. Þar sem skattstjórum ber á sama hátt og öðrum stjórnvöldum að gæta samræmis og jafnræðis við úrlausn einstakra mála, sbr. m.a. 1. mgr. 11. gr. stjórnssýslulaga nr. 37/1993, er ljóst að hér er um þýðingarmikið verkefni ríkisskattstjóra að ræða, ekki síst með tilliti til þess mikla fjölda ákvarðana sem skattstjórar taka á ári hverju. Ber og að hafa í huga að skattalög eru iðulega flókin smíð og af viðfangsefni þeirra leiðir að þau taka með almennum hætti til verulegs fjölda manna og lögaðila.

Verklagsreglur og fyrirmæli sem ríkisskattstjóri setur skattstjórum á framangreindum grundvelli verða að jafnaði ekki taldar til almennra stjórnvaldsfyrirmæla, sbr. m.a. sjónarmið í álitum umboðsmanns Alþingis frá 2. febrúar 1996 í máli nr. 1427/1995 (SUA 1996:485). Slíkar reglur verða því ekki taldar sjálfstæð réttarheimild sem ákvarðanir á þessu sviði verða byggðar á heldur eru þær í eðli sínu viðmiðunarreglur sem ríkisskattstjóri hefur sett á grundvelli lögmæltis samræmingarhlutverks síns til þess að samræma úrlausnir í skattmálum og tryggja að jafnræðis sé gætt í stjórnssýslu skattstjóra landsins. Af framangreindu leiðir að reglur af umræddum toga eru almennt ekki bindandi fyrir skattaðila. Fyrir liggur og að umræddar reglur ríkisskattstjóra hafa almennt ekki sætt opinberri birtingu, sbr. lög nr. 64/1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda. Frá því finnst þó sú undantekning að í 63. tbl. B-deildar Stjórnartíðinda 1999, sem út kom 9. júlí 1999, er birt auglýsing ríkisskattstjóra nr. 10/1999, um gildandi reglur þegar hlutabréf eru keypt á undirverði. Kemur fram í reglum þessum að um sé að ræða „upplýsingar og skýringar á þeim reglum, sem gilda um kaup skattaðila á hlutabréfum á undirverði, þ.e. þegar það verð sem hann greiðir fyrir bréfin er lægra en gangverð þeirra, og um skyldur skattaðila til að veita skattyfirvöldum upplýsingar þar um“. Þá segir að reglurnar séu „birtar í samræmi við 101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, til nánari skýringar á ákvæðum þeirra laga og taka til álagningar skatta samkvæmt þeim lögum og álagningar tryggingagjalds skv. lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald“.

Ástæða er til að taka fram í þessu sambandi að ríkisskattstjóra hefur í einstökum tilvikum verið falið með lögum að setja almenn stjórnvaldsfyrirmæli um tiltekin efni sem lögskylt er að birta í samræmi við lögmæltan birtingarhátt, þ.e. í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 64/1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, sbr. 1. gr. laga nr. 95/1994, um breytingu á þeim lögum. Þannig skal ríkisskattstjóri árlega gefa út reglur um mat á hlunnindum og öðrum tekjum og frádrætti sem meta þarf til verðs samkvæmt lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 116. gr. þeirra laga. Hefur ríkisskattstjóri á þessum grundvelli árlega gefið út almenn skattmöt sem birt eru í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. síðast auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 3/2000 um skattmat tekjuárið 1999 (framtalsárið 2000) sem birtist í B-deild Stjórnartíðinda, 7. tbl., sem út kom 20. janúar 2000. Þá skal ríkisskattstjóri setja nánari ákvæði um skilyrði fyrir ívilnunum sem veittar eru á grundvelli 66. gr. laga nr. 75/1981, sbr. upphaf 2. mgr. þeirrar greinar laganna. Hefur ríkisskattstjóri samkvæmt því sett reglur nr. 212/1996, um skilyrði fyrir ívilnun samkvæmt 66. og 80. gr. laga nr. 75/1981, sem birtar voru í B-deild Stjórnartíðinda, 29. tbl., sem út kom 19. apríl 1996.

Þegar ríkisskattstjóra er með lögum falið að setja almenn stjórnvaldsfyrirmæli um tiltekin efni verður slíkri lagaskyldu ekki fullnægt með setningu starfs- eða verklagsregna á þeim grundvelli sem hér er til umræðu, sbr. fyrrnefnt álit umboðsmanns Alþingis frá 2. febrúar 1996 í máli nr. 1427/1995 (SUA 1996:485) þar sem umboðsmaður taldi að með tilteknum starfsreglum ríkisskattstjóra frá árinu 1983 hefði ekki verið fullnægt þeim fyrirmælum 1. másl. 2. mgr. 66. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, að setja bæri nánari ákvæði um ívilnanir. Sé ríkisskattstjóra gert að setja og birta reglur í formi stjórn-

valdsfyrirmæla þurfa slíkar reglur auk þess að geyma þau efnislegu fyrirmæli sem þýðingu hafa gagnvart skattgreiðendum. Er ríkisskattstjóra ekki unnt í slíkum tilvikum að mæla fyrir um hinar eiginlegu efnisreglur í óbirtum fyrirmælum sem hann setur á grundvelli lög- mæltis samræmingarhlutverks síns.

Þrátt fyrir að reglur og fyrirmæli sem ríkisskattstjóri setur skattstjórum á grundvelli 1. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981, sbr. og 2. mgr. 24. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opin- berra gjalda, og 39. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, séu almennt ekki bindandi fyrir skattaðila er þó ekki þar með sagt að skattaðili geti ekki byggt rétt á slíkum fyrirmælum í einstökum tilvikum. Þar sem þeim er ætlað að stuðla að því að samræmis og jafnræðis sé gætt við framkvæmd mála hjá skattstjórum kann skattaðili að eiga kröfu á því á grundvelli jafnræðisreglu, sbr. m.a. 1. mgr. 11. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993, að leyst sé úr máli hans í samræmi við slíkar reglur, enda séu þær ekki andstæðar lögum. Þá ber að hafa í huga að fastmótuð framkvæmdarvenja skattýfirvalda á ákveðnu sviði getur átt rót sína að rekja til starfs- eða verklagsreglna sem settar hafa verið. Af dómum verður ráðið að skattaðili getur byggt rétt á framkvæmdarvenju skattýfirvalda sem ekki fer í bága við lög, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar Íslands frá 5. febrúar 1998 í málinu nr. 224/1997 (H 1998:536) þar sem fjallað var um skattalega meðferð tekna presta af aukaverkum. Taldi Hæstiréttur að líta yði til þess við úrlausn málsins að skattýfirvöld hefðu um langan aldur fallist á að prestum væri heimilt að draga kostnað frá sérstökum tekjum vegna aukaverka þótt þau heyrðu til embættisskyldum þeirra.

2.

Með bréfi til ríkisskattstjóra, dags. 7. september 1998, óskaði umboðsmaður Alþingis eftir því að honum yrði send skrá yfir öll gildandi fyrirmæli sem ríkisskattstjóri hefði sett á grundvelli 101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 39. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, auk þess sem umboðsmaður óskaði eftir upplýsingum um hvernig birtingu þeirra eða kynningu hefði verið háttáð. Í tilefni af þessari fyrirspurn umboðs- manns hefur komið fram af hálfu ríkisskattstjóra, sbr. m.a. bréf ríkisskattstjóra til mín frá 23. ágúst 1999, að fyrirmæli og reglur sem samin hafi verið á grundvelli 1. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981 hafi ekki verið flokkuð sérstaklega sem slík í skjalasafni embættisins. Sé því erfitt að taka saman með tæmandi hætti þau bréf sem rituð hafi verið á grundvelli þessa ákvæðis. Þá hafi bréf þessi ekki verið birt sérstaklega en ávallt verið veittur aðgangur að þeim hafi þess verið óskað.

Eins og rakið hefur verið hér að framan er fyrirmælum og verklagsreglum ríkis- skattstjóra, sem sett eru á grundvelli 1. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981 eða hliðstæðra ákvæða í lögum nr. 45/1987 og 50/1988, ætlað að tryggja samræmi í störfum skattstjóra landsins og þannig stuðla að því að jafnræðis sé gætt í stjórnisýslu þeirra. Til þess að því markmiði verði náð er nauðsynlegt að fyrir liggja hvaða reglur og fyrirmæli hafa verið sett á þessum grundvelli og séu í gildi hverju sinni. Núverandi ástand í þessu efni, sem lýst er í framan- greindu bréfi ríkisskattstjóra, er því að mínum dómi óviðunandi og til þess fallið að skapa óvissu í stjórnisýsluframkvæmd. Er mikilvægt að ríkisskattstjóri haldi með skipulegum hætti skrá yfir gildandi fyrirmæli sem sett hafa verið samkvæmt þeim lagareglum sem hér um ræðir þannig að unnt sé að ganga úr skugga um það með einföldum hætti hvaða fyrir- mæli séu í gildi hverju sinni. eru það því tilmæli mín til ríkisskattstjóra að hann gangist fyrir úrbótum í þessu efni þannig að framvegis verði kleift án teljandi erfiðleika að henda reiður á gildandi fyrirmælum embættisins í heild sinni.

3.

Með bréfi ríkisskattstjóra til mín frá 1. júní 1999 fylgdu þrjár möppur, þ. á m. mappa sem hefur að geyma „verklagsreglur ríkisskattstjóra“. Er þar um að ræða reglur frá árunum

1995–1998, þ.e. verklagsreglur ríkisskattstjóra um grunnskoðun einstaklingsframtala, dags. 30. apríl 1996, reglur um útreikning gjalda, dags. 22. maí 1997, verklagsreglur um ívilnanir frá 7. nóvember 1995 annars vegar og 17. mars 1998 hins vegar, verklagsreglur um sjómannaafslátt, dags. 20. nóvember 1995, verklagsreglur um vaxtabætur, dags. 29. febrúar 1996, og loks verklagsreglur um frádrátt vegna fjárfestinga manna í atvinnurekstri, dags. 13. júní 1997. Þá fylgdu bréfi ríkisskattstjóra ljósrit allra bréfa embættisins til skattstjóra landsins („skattstjórabréfa“) á árinu 1997 ásamt efnisyfirliti yfir slík bréf sem send hafa verið á árunum 1996–1999. Loks fylgdu bréfi ríkisskattstjóra ýmsir bæklingar og leiðbeiningarrit sem ríkisskattstjóri hefur gefið út á undanförnum árum, svo sem skýringar og leiðbeiningar um skattlagningu fjármagnstekna frá árinu 1997 og 5. útgáfa á leiðbeiningum og dæmum um virðisaukaskatt frá árinu 1998.

Ástæða er til að taka fram í þessu sambandi að „verklagsreglur“ ríkisskattstjóra eru ekki tæmandi taldar hér að framan. Þannig hefur ríkisskattstjóri sett verklagsreglur um stofnun einkahlutafélags með yfirtöku einstaklingsreksturs „svo og um stofnun og slit annarra fyrirtækjaforma er ekki falla undir 56. og 57. gr. laga nr. 75/1981“ en reglur þessar eru birtar á vefsíðu ríkisskattstjóraembættisins (www.rsk.is). Áður er getið auglýsingar ríkisskattstjóra nr. 10/1999, um gildandi reglur þegar hlutabréf eru keypt á undirverði, sem birt er í B-deild Stjórnartíðinda, 63. tbl. 1999, þar sem segir að reglurnar séu birtar í samræmi við 101. gr. laga nr. 75/1981. Þá má hér nefna verklagsreglur ríkisskattstjóra frá 27. febrúar 1989 um frádrátt kostnaðar vegna námsferða sjálfstætt starfandi sérfræðinga frá tekjum, en á þær reglur reyndi í úrskurði yfirskattanefndar nr. 608/1997 sem birtur er í 2. tbl. Skatta- og tollatíðinda 1997.

Athugun á bréfum ríkisskattstjóra til allra skattstjóra á árinu 1997 leiðir í ljós að efni þeirra er með margvíslegum hætti. Mörg þessara bréfa lúta fyrst og fremst að innri mál-efnum skattkerfisins og varða þannig hvorki skýringu skattalaga né skattframkvæmd í hefðbundnum skilningi, sbr. t.d. bréf ríkisskattstjóra til allra skattstjóra frá 17. febrúar 1997 þar sem lýst er vinnuferli við skönnun persónuframtala. Þá er oft um að ræða kynningu á laga- og reglugerðarbreytingum sem varða starfssvið skattstjóra eða kynningu á nýlegum dómum eða úrskurðum yfirskattanefndar. Í sumum tilvikum geyma bréf þessi túlkun ríkisskattstjóra á tilteknum ákvæðum skattalaga og eftir atvikum tilmæli til skattstjóra um að haga framkvæmd í samræmi við slíka túlkun. Má í því sambandi nefna bréf ríkisskattstjóra til allra skattstjóra frá 11. mars 1997 varðandi sjómannaafslátt þar sem gerð er grein fyrir því áliti ríkisskattstjóra að tryggingafélögum sé óheimilt að taka tillit til sjómannaafsláttar við greiðslu á bótum fyrir tímabundið atvinnutjón samkvæmt 2. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þá má nefna bréf ríkisskattstjóra til allra skattstjóra frá 2. apríl 1997 þar sem rakin eru sjónarmið ríkisskattstjóra um skattalega meðferð á bótum vegna niðurfellingar fullvirðisréttar í tilefni af hæstaréttardómi sem féll á árinu 1996. Er þar beint tilmælum til skattstjóra um að haga skattframkvæmd í samræmi við afstöðu ríkisskattstjóra. Loks skal nefnt bréf ríkisskattstjóra til allra skattstjóra frá 2. júní 1997 þar sem fjallað er um skattalega meðferð lífeyrissjóðsiðgjalda þeirra er stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Í tilvikum af þessum toga hafa bréf ríkisskattstjóra augljóslega þýðingu fyrir skattframkvæmd á sama hátt og verklagsreglur þær sem að framan greinir.

Af hálfu ríkisskattstjóra hefur komið fram, sbr. m.a. bréf ríkisskattstjóra til mín frá 23. ágúst 1999, að fyrirmæli og reglur embættisins sem sett hafa verið á grundvelli 1. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, hafi ekki verið birt sérstaklega. Ávallt hafi þó verið veittur aðgangur að þeim hafi þess verið óskað.

Eins og rakið er í kafla III.1 í áliti þessu geta verklagsreglur og fyrirmæli sem ríkisskattstjóri setur skattstjórum samkvæmt 101. gr. laga nr. 75/1981, sbr. 39. gr. laga nr. 50/1988 og 2. mgr. 24. gr. laga nr. 45/1987, haft vissa þýðingu fyrir réttarstöðu skattaðila þrátt fyrir að slíkar reglur séu almennt ekki bindandi fyrir hann. Þá er ljóst að téð fyrirmæli geta að

öðru leyti verið til mikilsverðrar skýringar og upplýsingar um skattfrankvæmd og túlkun skattalaga fyrir skattaðila og þá sem veita ráðgjöf og aðra þjónustu á þessu sviði, svo sem endurskoðendur og lögmennt. Að mínum dómi er því brýnt að reglur og fyrirmæli, sem ríkisskattstjóri setur skattstjórum á framangreindum grundvelli og varða túlkun eða skýringu skattalaga eða hafa með öðrum hætti þýðingu við framkvæmd þeirra, séu birtar og með þeim hætti gerðar aðgengilegar almenningi. Tel ég mikilvægt að almenningur eigi þess kost að kynna sér reglur ríkisskattstjóra án teljandi fyrirhafnar enda er slíkt til þess fallið að auka á aðhald með starfsemi skattyfirvalda og þjóna þeim megintilgangi umræddrar reglusetningar að tryggja samræmi og jafnræði í stjórnsýslu. Tilefni er til að benda á í þessu sambandi að sjónarmið um fyrirsjáanleika um skattalegar afleiðingar ráðstafana hafa hlotið ríkari hljómgrunn í löggjöf síðustu ára, sbr. einkum lög nr. 91/1998, um bindandi álit í skattamálum, sem kveða á um að ríkisskattstjóri skuli láta uppi bindandi álit sitt á álitamálum sem snerta álagningu skatta og gjalda og eru á valdsviði skattstjóra eða ríkisskattstjóra og falla undir úrskurðarvald yfirkattaneftndar, sbr. 1. gr. laganna. Er m.a. mælt fyrir um í 8. gr. laga þessara að ríkisskattstjóri skuli birta ákvarðanir og niðurstöður sem fram koma í álitum samkvæmt lögnum að því leyti sem þær hafa almenna þýðingu.

Í bréfi ríkisskattstjóra til mín frá 23. ágúst 1999 er tekið undir þá skoðun að framkvæmd almennrar birtingar á verklagsreglum og fyrirmælum embættisins sé ófullnægjandi og uppfylli ekki þær kröfur sem gera verður til gegnsæi í stjórnsýslu. Kemur fram í bréfinu að ríkisskattstjóri muni hlutast til um að framkvæmd í þessu efni verði komið í viðunandi horf, svo sem frekari grein er þar gerð fyrir.

Tilefni þess að umboðsmaður Alþingis ákvað að taka til athugunar að eigin frumkvæði framkvæmd almennrar birtingar verklagsreglna og fyrirmæla ríkisskattstjóra sem snerta túlkun og framkvæmd skattalaga var að umboðsmaður hafði í störfum sínum orðið þess var að misbrestur væri á framkvæmd í þessu tilliti þar sem téð fyrirmæli væru almennt ekki birt. Athugun mín af þessu tilefni hefur jafnframt leitt í ljós aðra og ekki síður aðfinnsluverða brotalöm sem er í því fólgin að ekki virðist unnt að henda reiður á því hverjar reglur og fyrirmæli ríkisskattstjóra af umræddum toga séu í reynd í gildi, svo sem nánar er rakið í kafla III.2 í álitinu þessu. Við þær ráðstafanir til úrbóta sem lýst er í bréfi ríkisskattstjóra frá 23. ágúst 1999 er því að mínum dómi nauðsynlegt að huga að endurskoðun með tilliti til þessa síðarnefnda atriðis og eyða því óvissuástandi sem nú virðist uppi um gildandi fyrirmæli ríkisskattstjóra sem sett hafa verið á þeim grundvelli sem hér er til umfjöllunar. Þar sem ríkisskattstjóri hefur tekið undir þau sjónarmið um þörf á birtingu umræddra fyrirmæla sem ég hef tíundað hér að framan og lýst því yfir að hann muni gangast fyrir úrbótum tel ég hins vegar að svo stöddu ekki tilefni til efnislegrar umfjöllunar um fyrirætlanir ríkisskattstjóra í því sambandi, en þeim er lýst í bréfi ríkisskattstjóra til mín frá 23. ágúst 1999. Þegar ráðstafanir ríkisskattstjóra til úrbóta liggja fyrir mun ég taka afstöðu til þess hvort tilefni sé til þess að taka framkvæmd þessara mála að nýju til athugunar á grundvelli 5. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Það eru því tilmæli mín til ríkisskattstjóra að hann geri mér grein fyrir ráðstöfunum sínum í þessu efni þegar þær liggja fyrir.

Samkvæmt 1. mgr. 105. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur fjármálaráðherra eftirlit með því að ríkisskattstjóri ræki skyldur sínar. Af þeim sökum tel ég ástæðu til að vekja athygli fjármálaráðherra á þeirri óvissu um tilvist gildandi verklagsreglna og fyrirmæla ríkisskattstjóra sem áður greinir og niðurstöðum álits þessa að öðru leyti. Er álitíð því sent fjármálaráðherra.

IV.

Niðurstaða.

Í samræmi við framangreint er það álit mitt að núverandi framkvæmd almennrar birtingar verklagsreglna og fyrirmæla ríkisskattstjóra sem varða túlkun eða skýringu skattalaga eða hafa með öðrum hætti þýðingu við framkvæmd þeirra sé óviðunandi. Tel ég jafnframt að ekki verði unað við ríkjandi óvissu um tilvist gildandi fyrirmæla ríkisskattstjóra af umræddum toga. Beini ég þeim tilmælum til ríkisskattstjóra að gangast fyrir úrbótum í þessu efni með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem rakin eru í álitinu þessu.

V.

Með bréfi til ríkisskattstjóra, dags. 23. janúar 2001, óskaði ég eftir upplýsingum um hvort einhverjar ákvarðanir hefðu verið teknar í tilefni álits míns. Í svari ríkisskattstjóra, dags. 26. janúar 2001, segir m.a. svo:

„Undanfarin misseri hefur ríkisskattstjóri unnið að því að fara í gegnum bréfasafn sitt og vinna upp úr því safn gildandi fyrirmæla. Eru þannig bréf embættisins skoðuð með hliðsjón af lagabreytingum, sem og gengnum dómum og úrskurðum sem kunna að hafa breytt skattframkvæmd frá því að embættið lét frá sér einstök bréf, fyrirmæli eða verklagsreglur. Því miður hefur vinna þessi reynst tafsamari, en gert var ráð fyrir í fyrstu. Þess er að vænta að síðar í vetur mun embættið birta á heimasíðu sinni texta er hefur að geyma fyrirmæli og verklagsreglur varðandi afmarkaða þætti skattframkvæmdarinnar. Í þessum fyrsta áfanga verður fjallað um vaxtabætur, sjómannaaflátt, barnabætur og reglur um ákvörðun skatta einstaklinga sem flytjast brott af landinu eða dvelja aðeins tímabundið hér á landi. Eftir því sem verkið vinnst munu fleiri þættir verða birtir og er síðan gert ráð fyrir að þegar [upp] verður staðið verði öllu þessu efni safnað saman í eina handbók sem gefin verði út með sama hætti og tíðkast hjá systurstofnun ríkisskattstjóra á Norðurlöndum. Það skal og tekið fram að val á fyrrgreindum þáttum sem fyrst eru teknir fyrir byggir fyrst og fremst á því að hér er um að ræða málaflokka sem varða einstaklinga miklu og talsvert er spurst fyrir um.“

**15.4. Gatnagerðargjald. Álagning og innheimta B-gatnagerðargjalds.
Fjárhæð þjónustugjalda. Stjórnsýslukæra. Kæruheimild.
(Mál nr. 2637/1999)**

A kvartaði fyrir hönd X hf. yfir álagningu og innheimtu B-gatnagerðargjalds samkvæmt lögum nr. 51/1974, um gatnagerðargjöld, á húseign félagsins í Egilsstaðabæ. Þá kvartaði A yfir því að gangstétt við aðra götu í bænum sem húseign hans stóð við hefði ekki verið lögð þrátt fyrir að B-gatnagerðargjöld vegna þeirrar götu hefðu verið greidd að fullu fyrir áratugum síðan.

Kvörtun A fyrir hönd X hf. laut í fyrsta lagi að því að B-gatnagerðargjald hefði verið lagt á húseign félagsins án þess að framkvæmdum við hlutadeigandi götu hefði verið að fullu lokið. Umboðsmaður vísaði í því sambandi til umfjöllunar um samsvarandi álitafni í álitinu umboðsmanns Alþingis í máli nr. 78/1989. Tók umboðsmaður fram að grundvallarregla laga nr. 51/1974 væri ótvírætt sú, eins og áréttað væri í dómi Hæstaréttar, H 1991:615, að óheimilt væri að leggja á og innheimta B-gatnagerðargjald fyrr en lokið hefði verið þeim framkvæmdum sem það ætti að standa straum af og raunverulegur kostnaður af þeim lægi fyrir. Ef gjaldið væri lagt á í einu lagi bæði vegna lagningar bundins slitlags og gangstéttar teldi umboðsmaður ekki heimild að lögum

til álagningar gjaldsins fyrir en báðum þessum verkþáttum væri lokið. Var niðurstaða umboðsmanns sú að ekki yrði séð samkvæmt fyrirliggjandi gögnum málsins að lagaskilyrði hefðu verið til álagningar og heimtu sérstaks gatnagerðargjalds af húseign X hf. vegna lagningar gangstéttar.

Í öðru lagi beindist kvörtun A fyrir hönd X hf. að fjárhæð álagðra B-gatnagerðargjalda á húseign félagsins. Samkvæmt upplýsingum Egilsstaðabæjar var sú álagning ekki byggð á raunverulegum kostnaði bæjarins af hlutaðeigandi gatnagerðarframkvæmdum heldur upplýsingum um meðalkostnað sveitarfélagsins af gatnagerð yfir 12 ára tímabil. Umboðsmaður áréttaði þá grundvallarreglu við álagningu gjalda að gjaldendur ættu kröfu á að fá upplýst hvaða kostnaði gjöldin ættu að standa straum af og hvernig álagningu væri háttáð, enda væri það forsenda þess að unnt væri að bregðast við ólögumatri gjaldtöku. Vísaði umboðsmaður til dóms Hæstaréttar, H 1998:1800, í því sambandi. Þá vék umboðsmaður að dómi Hæstaréttar, H 1991:615, og gat þess að samkvæmt þeim dómi gæti verið heimilt, þegar unnið væri að lagningu gangstétta og bundins slitlags á götur í áföngum, að jafna heildarkostnaði af verkinu niður á húseignir við þær götur sem hver áfangi verksins tæki til. Aftur á móti taldi umboðsmaður ótvírætt að af dóminum yrði ekki dregin sú ályktun að heimilt væri að jafna heildarkostnaði af aðskildum gatnagerðarframkvæmdum sveitarfélags yfir margra ára tímabil niður á húseignir við götur þar sem slíkar framkvæmdir ættu sér stað, enda leiddi óhjákvæmilega af slíkri tilhögun gjaldtöku að alveg væri óvissu háð hvort heildargjaldtaka vegna gatnagerðarframkvæmdar svaraði til kostnaðar sveitarfélagsins af henni. Grundvallarregla laga nr. 51/1974, um álagningu sérstaks gatnagerðargjalds, væri ótvírætt sú að álagt gjald skyldi miðað við að standa straum af raunverulegum kostnaði sveitarfélags af þeirri gatnagerðarframkvæmd sem um væri að ræða hverju sinni, sbr. 2. mgr. 6. gr. laganna, en ekki kostnaði vegna annarra og óskyldra gatnagerðarframkvæmda. Var niðurstaða umboðsmanns sú að ekki yrði séð að lagaskilyrði hefðu verið til heimtu og álagningar B-gatnagerðargjalds með þeim hætti sem gert var á húseign X hf.

Vegna þess þáttar kvörtunar A er laut að ætlaðri vanrækslu Egilsstaðabæjar við lagningu gangstéttar við aðra götu í bænum taldi umboðsmaður að þeim ágreiningi yrði skotið til félagsmálaráðuneytisins á grundvelli 1. mgr. 103. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Benti umboðsmaður A á að fara þá leið þar sem ekki yrði kvartað til umboðsmanns fyrir en æðra stjórnvald hefði fellt úrskurð sinn í máli ef skjóta mætti því til æðra stjórnvalds, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis.

15.5.

Þjónustugjöld. Fjallskil. Stjórnvaldsfyrirmæli. Undirbúningur að setningu stjórnvaldsfyrirmæla. (Mál nr. 2638/1999)

A, eigandi jarðarinnar X í Dalasýslu, kvartaði yfir því að honum væri gert að taka þátt í fjallskilum, þ.e. smala land jarðarinnar og greiða fjallskilagjald, enda þótt hann ætti hvorki sauðfé né hross og væri ekki búsettur á jörðinni.

Umboðsmaður rakti ákvæði laga nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl., og forsögu laganna. Samkvæmt 2. gr. laganna fara sveitarfélög með afrétta- og fjallskilamál innan umdæma sinna eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögnum. Ákvæði um skyldu manna til þátttöku í fjallskilum er að finna í 38.–41. gr. laganna og á grundvelli 3. gr. þeirra hefur verið sett fjallskilasamþykkt fyrir Dalasýslu nr. 532/1997. Samkvæmt fyrri málslið 42. gr. laganna skal fjallskilum í afréttum og öðrum sumar- og beitahögum jafnað niður á fjallskilaskylda aðila í hlutfalli við tölu fjallskilaskylds

búpenings. Í síðari málslið sömu lagagrein er mælt fyrir um heimild til að leggja hluta fjallskilakostnaðar á landverð jarða, að frádregnu verði ræktaðs lands og hlunninda, enda eru ákvæði þess efnis í fjallskilasamþykkt. Taldi umboðsmaður að í ákvæðinu fælist heimild til töku þjónustugjalds eins og það hugtak hefði verið skilgreint í íslenskum rétti.

Umboðsmaður benti á að í lögum nr. 6/1986 væri ekki skilgreint hverjir væru fjallskilaskyldir aðilar í merkingu laganna. Með hliðsjón af ákvæðum V. kafla laganna, um göngur og réttir, og almennri málvenju yrði að skýra orðin „fjallskilaskyldir aðilar“ á þann veg að átt væri við þá aðila sem eiga og/eða halda búfénað sem þeim er skylt samkvæmt lögum eða viðkomandi fjallskilasamþykkt að reka í afrétt eða önnur sameiginleg beitolönd sem fjallskilaframkvæmd tekur til. Ljóst væri að A hefði ekki talist til fjallskilaskyldra aðila. Umboðsmaður taldi engu síður að taka þyrfti afstöðu til þess hvort Dalabyggð hefði verið heimilt að skylda A til að greiða hluta af fjallskilakostnaði Dalabyggðar á grundvelli síðari málsliðar 42. gr. laga nr. 6/1986. Benti hann á að í 7. gr. laganna er kveðið á um að allir búfjáreigendur, sem landsafnot hafa í hreppi eða á félagssvæði fjallskiladeildar, eigi upprekstrarrétt á afrétt hrepps eða annars upprekstrarfélags. Tók umboðsmaður fram að í bréfi Dalabyggðar kæmi fram að jörðinni X fylgdi aðeins réttur til að nota eigið „heimaland“ til búfjárbeitar, en um smölun á því og kostnað við hana færi eftir 39. og 41. gr. laga nr. 6/1986. Ákvæði síðari málsliðar 42. gr. laganna yrði að skýra á þann veg að heimilt væri að jafna niður kostnaði af fjallskilum á öðrum landsvæðum en heimalöndum. Taldi umboðsmaður að greiðsluskylda samkvæmt ákvæðinu væri ekki bundin við þá sem væru fjallskilaskyldir. Með tilliti til þess lagagrundvallar að um þjónustugjald væri að ræða yrði kröfu um greiðslu fjallskilagjalds samkvæmt ákvæðinu aðeins beint að eigendum þeirra jarða sem notuðu eða ættu kost á að nota það land sem fjallskilin tækju til. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum yrði ekki séð að A hefði sem eigandi jarðarinnar X átt þess kost að nota til búfjárbeitar nein þau lönd þar sem kostnaður við fjallskil féll til. Niðurstaða umboðsmanns var því sú að Dalabyggð hefði ekki verið heimilt að krefja A um greiðslu fjallskilagjalds.

Þá gerði umboðsmaður grein fyrir eftirlitsskyldu landbúnaðarráðherra við staðfestingu fjallskilasamþykkt. Benti umboðsmaður á að ráðherra yrði að gæta þess að fjallskilasamþykkt væri í samræmi við lög og grundvallarreglur stjórnisýsluréttar. Gjaldtaka mætti ekki vera umfram kostnað hlutaðeigandi fjallskiladeildar af fjallskilum. Þá þyrftu í samþykktunum að koma fram þau megin sjónarmið sem lögju til grundvallar ákvörðun gjaldsins. Taldi umboðsmaður að fjallskilasamþykkt Dalasýslu nr. 532/1997 fullnægði ekki framangreindum kröfum.

Í tilefni af álitinu sendi sveitarstjórn Dalabyggðar mér bréf, dags. 23. október 2000, þar sem gerð var grein fyrir viðbrögðum hennar. Í bréfinu segir meðal annars svo:

„Á fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar þann 17. október s.l. var álit umboðsmanns Alþingis dags. 12. september s.l. varðandi kvörtun [A], sbr. 11. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, tekið til afgreiðslu. Eftirfarandi afgreiðsla sveitarstjórnar var færð til bókar:

Dalabyggð hefur borist álit umboðsmanns Alþingis frá 12. september 2000 vegna kvörtunar [A] varðandi álagningu fjallskilagjalda. Sveitarstjórn tekur fram að hún telur að hún hafi farið í einu og öllu að lögum við álagningu fjallskilagjalda enda fór álagningin fram samkvæmt fjallskilasamþykkt sem hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra. Sveitarstjórn telur hins vegar rétt að bregðast við álitinu umboðsmanns með þeim hætti að breyta fjallskilasamþykkt fyrir Dalasýslu eins og umboðs-

maður mælist til þannig að ekki leiki vafi á því að heimilt sé að leggja hluta fjallskila-kostnaðar á landverð jarða. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og lögmanni sveitarfélagsins að gera tillögu að nýrri fjallskilasamþykkt fyrir Dalasýslu og leggja fyrir sameiginlegan fund sveitarstjórna í sýslunni.“

Í framhaldi af fundi mínum með sveitarstjóra og tveimur sveitarstjórnamönnum Dalabyggðar barst mér bréf sveitarstjórnar Dalabyggðar 22. desember 2000. Í bréfinu segir meðal annars svo:

„Á fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar þann 21. desember s.l. var álit umboðsmanns Alþingis dags. 12. september 2000, vegna kvörtunar [A], er áður var á dagskrá sveitarstjórnar þann 17. október 2000, tekið fyrir að nýju. Eftirfarandi afgreiðsla var færð til bókar:

Vísað er til álits umboðsmanns Alþingis frá 12. september 2000. Eftir nánari skoðun telur sveitarstjórn Dalabyggðar rétt að taka málið fyrir að nýju og er hér með felld úr gildi bókun sveitarstjórnar varðandi málið frá 17. október sl. Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkir samhljóða að hlíta álit umboðsmanns Alþingis dags. 12. september 2000.“

15.6. Lækkun tekjuskattsstofns. Ívilnun. Lögmatísreglan. Jafnræðisregla. Verklagsreglur. Skyldubundið mat. (Mál nr. 2723/1999)

A kvartaði yfir úrskurði ríkisskattstjóra þar sem synjað var umsókn hans um lækkun tekjuskattsstofns vegna framfærslu föður sem búsettur var í Kúrdistan í Norður-Írak. Úrskurður ríkisskattstjóra var byggður á því að ákvæði 3. tölul. 1. mgr. 66. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sem kveður á um að skattstjóri skuli taka til greina umsókn manns um lækkun tekjuskattsstofns ef maður hefur foreldra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu, yrði ekki skilið þannig að það fæli í sér skuldbindingu fyrir íslensk skattyfirvöld til að taka tillit til framfærslu þegna erlendra ríkja með veitingu ívilnunar, nema því aðeins að ákvæði væru um það í samningum sem Ísland væri aðili að, en svo væri ekki í tilviki A.

Umboðsmaður rakti forsögu ákvæðis 3. tölul. 1. mgr. 66. gr. laga nr. 75/1981 og gerði grein fyrir lögskýringargögnum með því. Taldi hann að af framangreindum heimildum yrði ekki dregin víðtækari ályktun um ætlun löggjafans en sú að markmiðið með nefndu ívilnunarákvæði hefði fyrst og fremst verið að taka tillit til þess við skattálagningu ef á skattþegn hefði fallið sérstakur kostnaður eða útgjöld vegna sannanlegrar framfærslu foreldris eða vandamanns. Í því sambandi benti umboðsmaður á að ákvæðinu hefði frá upphafi verið skipað með öðrum ívilnunarheimildum auk þess sem ákvæðið virtist í framkvæmd smám saman hafa leyst af hólmi sérstakan skattfrádrátt vegna framfærslu „skylduómaga“, en þeim frádrætti hefði upphaflega verið ætlað að miða að því að „ljetta skattbyrði ómagamanna í samanburði við ómagalausra“ samkvæmt því sem greindi í lögskýringargögnum. Gat umboðsmaður þess að útfærsla hins umdeilda ákvæðis í reglugerðum um tekjuskatt og eignarskatt væri í samræmi við þann skilning auk þess sem byggt hefði verið á því við framkvæmd ákvæðisins að framfærsla foreldris eða vandamanns hefði haft í för með sér sérstök útgjöld eða kostnaðarauka fyrir skattaðila. Þá taldi umboðsmaður ekki unnt að líta svo á að viðurkenning á rétti skattaðila til ívilnunar í sköttum vegna sannanlegrar framfærslu vandamanns, þótt viðkomandi vandamaður væri erlendur ríkis-

borgari eða búsettur erlendis, yrði jafnað til lagalegrar skuldbindingar af hálfu íslenska ríkisins sem aðila að þjóðarétti til þátttöku í framfærslu erlendra ríkisborgara. Ennfremur tók umboðsmaður fram að við túlkun lagaákvæða á borð við 3. tölul. 1. mgr. 66. gr. laga nr. 75/1981 væri skattyfirvöldum á grundvelli 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 óheimilt að velja þann skýringarkost er leiddi til ómálefnaleggrar mismununar skattþegna. Ef niðurstaða skattyfirvalda yrði talin leiða til mismununar skattþegna þá yrði að vera hægt að ráða með óyggjandi hætti af orðalagi viðkomandi lagaákvæðis eða lögskýringargögnum að slík mismunun væri reist á mál-efnalegum sjónarmiðum. Að þessu gættu og þar sem ákvæði 3. tölul. 1. mgr. 66. gr. laga nr. 75/1981 gerði engan áskilnað um ríkisfang eða búsetu foreldris eða vanda-
manns þess sem sækti um ívilnun og hann hefði á framfæri sínu var niðurstaða umboðsmanns sú að túlkun ríkisskattstjóra í úrskurði hans í máli A ætti sér ekki fullnægjandi stoð í lögum. Úrskurðurinn væri því byggður á ólögmatum grundvelli. Beindi umboðsmaður þeim tilmælum til ríkisskattstjóra að embættið tæki fyrir mæli sem send voru skattstjórum landsins og byggðust á umræddum úrskurði til endurskoðunar.

Í niðurlagi álits síns fjallaði umboðsmaður um það skilyrði 3. tölul. 1. mgr. 66. gr. laga nr. 75/1981 að umsækjandi um ívilnun sýndi fram á að hann hefði haft foreldri eða vandamann á framfæri sínu. Taldi umboðsmaður að skattyfirvöldum væri unnt að gera að skilyrði fyrir veitingu ívilnunar á grundvelli ákvæðisins að upplýsingar lægju fyrir um framfærslu samkvæmt því sem greindi í verklagsreglum ríkisskattstjóra nr. 212/1996, um skilyrði fyrir ívilnun samkvæmt 66. og 80. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og að skattyfirvöld hefðu raunhæfa möguleika á að staðreyna með einhverjum hætti að um framfærslu hefði verið að ræða sem veitti rétt til ívilnunar á grundvelli ákvæðisins. Þar sem ríkisskattstjóri hafði í úrskurði sínum í máli A ekki tekið neina afstöðu til þess hvort gögn sem A lagði fram með umsókn sinni um ívilnun væru fullnægjandi í þessu sambandi taldi umboðsmaður rétt að beina þeim tilmælum til ríkisskattstjóra að embættið tæki mál A til endurskoðunar kæmi fram ósk þess efnis frá honum.

I.

Hinn 20. apríl 1999 leitaði til mín A og bar fram kvörtun vegna úrskurðar ríkisskattstjóra frá 7. apríl 1999 þar sem synjað var beiðni hans um lækkun tekjuskattsstofns. Var sú beiðni borin fram á grundvelli 3. tölul. 1. mgr. 66. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Ég lauk máli þessu með áliti, dags. 13. september 2000.

II.

Málavextir eru þeir að með erindi til skattstjórans í Reykjavík, dags. 30. október 1998, fór A fram á lækkun á tekjuskattsstofni vegna framfærslu foreldris, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 66. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Í erindinu var tiltekið að um væri að ræða fjárhagsaðstoð við föður sem búsettur væri í Kúrdistan í Norður-Írak.

Með bréfi, dags. 5. janúar 1999, synjaði skattstjórinn í Reykjavík erindinu á svohljóðandi forsendum:

„Umsókn um lækkun á tekjuskattsstofni skv. 66. gr. laga um tekju- og eignarskatt nr. 75/1981 tiltekur ákveðnar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að meta megi gjaldþol umsækjanda.

Varðandi umsókn um ívilnun vegna stuðnings við ættingja (aðra en konu og

börn) í öðrum þjóðríkjum verða að uppfylltum ákvæðum 66. gr. tilvitnaðra laga, að liggja fyrir staðfest tengsl aðilja og þeim fylgi skuldbinding um aðstoð. Einnig er gerð krafa um staðfestingu þess sem nýtur aðstoðar fyrir úttekt greiðslunnar.

Með vísan til að ekki liggja fyrir gögn samanber ofanritað eru ekki efni til ívilnunar gjalda.“

Af hálfu A var synjun skattstjórans í Reykjavík um ívilnun skotið til ríkisskattstjóra með bréfi sem ríkisskattstjóri móttók 1. febrúar 1999. Í bréfinu var gerð svofelld grein fyrir forsendum ívilnunarbeiðninnar:

„Umbjóðandi minn er kúrdískur flóttamaður sem búið hefur á Íslandi um árabíl. Umbjóðandi minn og eiginkona hans eru bæði starfandi hér á landi og standa full skil á opinberum gjöldum til ríkissjóðs. Fjölskylda hans, þar með talinn aldraður faðir býr hins vegar ennþá í Kúrdistan við erfið skilyrði, nánar tiltekið í þeim hluta Kúrdistan sem er í Írak. Faðir hans er nú átræður og þjáist af alvarlegum hjartasjúkdómi. Aðstæður hans eru mjög erfiðar, atvinna stopul og tekjur óvissar. Umbjóðandi minn hefur stutt fjölskyldu sína fjárhagslega í þeim tilgangi að fjármagna lyfjakaup föður síns, þar sem þau lyf sem hann þarfnast eru mjög dýr og þarf að sækja þau um langan veg. Kostnaður föður hans vegna lyfja er meiri en hann ræður við. Vegna viðskiptabanns Sameinuðu þjóðanna á Írak hefur reynst erfitt að koma fjárfrahlögum til fjölskyldu hans, auk þess sem öll nauðsynleg lyf eru mun dýrari en ella.

Landflótta Kúrdar hafa skipulagt ferðir til fjallahéraða Kúrdistan með peninga til ættingja sinna og hefur umbjóðandi minn sent fjölskyldu sinni peninga með þessum hætti. Sem þóknun hefur hann greitt 7,5% ofan á þá fjármuni sem hann sendir. Það er ljóst að það er erfitt fyrir umbjóðanda minn að afla nauðsynlegra vottorða og gagna vegna þeirra aðstæðna sem ríkja í föðurlandi hans. Slíkir erfiðleikar stafa þó ekki eingöngu af viðskiptabanni Sameinuðu þjóðanna, heldur ekki síður ólíkri þjóðfélagsgerð og tungumáli. Í þessum afskekktu héruðum Kúrdistan er enginn aðili sem gæti gefið nauðsynleg vottorð á vestrænni tungu til [notkunar] hér á landi. Það má því í raun segja að aðstæður umbjóðanda míns að þessu leyti séu óyfirtíganlegar.

Meðfylgjandi bréfi þessu er útprentun á gjaldeyrisreikningi umbjóðanda míns, en þar koma fram þær fjárhæðir sem hann hefur sent föður sínum á árinu 1996 og 1997. Á árinu 1996 sendi hann USD 4.490 og á árinu 1997 USD 2.100.

Með hliðsjón af því að umbjóðandi minn hefur mikinn kostnað vegna framfærslu föður síns í Kúrdistan, m.a. vegna lyfja og læknskostnaðar, er það ósk mín að ríkisskattstjóri taki beiðni umbjóðanda míns til þóknanlegrar meðferðar og líti til þeirra erfiðu skilyrða sem hann þarf að búa við varðandi öflun nauðsynlegra læknisvottorða eða annarra gagna. Þá er þess óskað að ívilnun ríkisskattstjóra taki til gjaldáranna 1997 og 1998.“

Með úrskurði, dags. 7. apríl 1999, synjaði ríkisskattstjóri erindi A um lækkun á tekjuskattsstofni. Forsendur úrskurðarins eru svohljóðandi:

„Ákvæði 3. tl. 1. mgr. 66. greinar skattalaganna, þess efnis að skattstjóri skuli taka til greina umsókn manns um lækkun tekjuskattsstofns hans ef hann hefur foreldra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu, verða ekki skilin þannig að þau skuldbindi íslensk skattýfirvöld til að taka með þeim hætti tillit til framfærslu þegna erlendra ríkja, nema því aðeins að ákvæði séu um það í samningum sem Ísland er aðili að. Svo er ekki í þessu tilviki. Erindinu er því synjað.“

Í kvörtun A til mín kemur m.a. fram að hann hafi verulegan kostnað af framfærslu föður síns í Kúrdistan, m.a. vegna lyfja og læknaaðstoðar, en erfitt sé að sýna fram á þann

kostnað vegna óvenjulegra aðstæðna sem gögn málsins beri með sér. Telur A að ríkisskattstjóri hafi ekki tekið nægilegt tillit til sérstöðu málsins við úrlausn þess. Þá tekur A fram að hann sé íslenskur ríkisborgari frá og með 4. ágúst 1997.

III.

Í tilefni af kvörtun A ritaði ég ríkisskattstjóra bréf, dags. 11. maí 1999, sbr. ítrekun í bréfi, dags. 17. september s.á., og óskaði eftir því með vísan til 7. og 9. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að ríkisskattstjóri skýrði viðhorf sitt til kvörtunarinnar og léti mér í té gögn málsins. Í bréfi mínu sagði síðan:

„Sérstaklega er þess óskað að ríkisskattstjóri geri grein fyrir lagasjónarmiðum að baki þeirri túlkun embættisins á ákvæði 3. töluliðar 1. mgr. 66. gr. laga nr. 75/1981, að það feli ekki í sér rétt til handa einstaklingum, sem hafa foreldra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu, í þeim tilvikum þegar viðkomandi foreldri eða vandamaður er þegn erlends ríkis. Er þá óskað eftir að fram komi hvaða rök standi til að gera slíkan greinarmun eftir ríkisfangi eða eftir atvikum búsetu foreldris eða vandamanns sé óumdeilt að umsækjandi um ívilnun á grundvelli fyrrgreinds ákvæðis hefur sannanlega haft foreldri eða vandamann á sínu framfæri í skilningi þess. Jafnframt fer ég fram á, í tilefni af skírskotun ríkisskattstjóra til samninga Íslands í hinum umdeilda úrskurði embættisins frá 7. apríl sl., að ríkisskattstjóri geri grein fyrir hvort, og þá með hvaða hætti, embættið telji að þjóðréttarlegar samningsskuldbindingar Íslands geti skipt máli varðandi rétt manna til ívilunar samkvæmt ákvæðum 66. gr. laga nr. 75/1981. Að endingu óska ég eftir að ríkisskattstjóri rökstyðji sérstaklega hvernig embættið telji að sú túlkun 3. töluliðar 1. mgr. 66. gr. umræddra laga, sem fram kemur í nefndum úrskurði ríkisskattstjóra, samrýmist þeirri kröfu um jafnræði aðila sem dómstólar hafa talið að fylgja verði við framkvæmd skattalaga, sbr. nú einnig jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 3. gr. [stjórnarskipunarlaga] nr. 97/1995, og 11. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.“

Svar ríkisskattstjóra barst mér með bréfi, dags. 30. september 1999. Þar segir m.a. svo:

„Ákvæði 3. tölul. 1. mgr. 66. gr. skattalaganna, um heimild til lækkunar á tekjum þess sem stendur straum af framfærslu vandamanna sinna, eru að stofni til gömul. Var þessu ákvæði ætlað að bæta úr þegar samfélagslegar tryggingar og úrræði ríkis og sveitarfélaga dugðu ekki til að tryggja viðunandi framfærslu. Eftir því sem þessum samfélagslegu úrræðum hefur vaxið fiskur um hrygg hefur þýðing þessa ákvæðis sífellt farið minnkandi. Er því lítið beitt í dag og þá helst í þeim tilvikum þegar til staðar er verulega aukinn framfærslukostnaður sem almannavaldið hefur af einhverjum orsökum ekki tekið tillit til við ákvörðun bóta og félagslegrar aðstoðar. Er þá í flestum tilvikum um tímabundnar aðstæður að ræða. Má því segja að með framangreindu lagaákvæði fallist almannavaldið á að umbuna skattþegnum sem tímabundið standa straum af framfærslu vandamanna sem það þó telur sér skylt að tryggja, þ.e. hlaupa með vissum hætti undir bagga með almannavaldinu til að tryggja framfærslu þeirra sem rétt eiga samkvæmt íslenskri löggjöf á slíkri tryggingu.

Niðurstaða ríkisskattstjóra í framangreindum úrskurði hans er byggð á þeim sjónarmiðum sem að framan greinir. Er það skoðun hans að önnur og rýmri túlkun leiddi til þess að íslenska ríkið tæki á sig skuldbindingar sem ekki hafi verið ætlast til af hálfu löggjafarvaldsins og ekki geti fallið undir þjóðréttarlegar samningsskuldbindingar. Sé þessi niðurstaða ekki brot á jafnræðisreglu.

Á það skal bent að það er forsenda fyrir því að heimildarákvæði 3. tölul. 1. mgr.

66. gr. skattalaganna sé beitt að traustar upplýsingar liggja fyrir um tekjur og efnahag vandamanns sem er tilefni beiðnar um ívilnun. Í því tilviki sem hér um ræðir er ljóst að ekki er hægt að uppfylla það skilyrði, enda ekki unnt að beina fyrirspurn um það efni til bærs aðila. Synjaði skattstjóri ívilnunarbeiðni [A] á þeirri forsendu. Verður að telja líklegt að þó svo að talið væri að ívilnunarheimild gæti verið fyrir hendi í tilvikum sem þessu yrði alltaf óhægt um vik, svo ekki sé meira sagt, að sanna að stuðningur hafi verið veittur sem nauðsynlegur hafi verið til framfærslu.

Samkvæmt því sem að framan greinir er það skoðun ríkisskattstjóra að íslenskum skattyfirvöldum sé ekki skylt að verða við beiðni [A] um ívilnun. Hins vegar er það ekki útilokað að samningar við erlend ríki geti leitt til þess að ívilnun megi veita vegna framfærsluástoðar til þegna þeirra. Væru slík samningsákvæði til staðar er þess einnig að vænta að þar væri að finna ákvæði um upplýsingaskyldu þannig að fá mætti þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að meta hvort skilyrði til ívilnunar séu uppfyllt frá þærum yfirvöldum í þeim ríkjum.“

Með bréfi, dags. 4. október 1999, sbr. ítrekun í bréfi, dags. 19. nóvember s.á., gaf ég A kost á að gera athugasemdir við bréf ríkisskattstjóra. Hinn 9. desember 1999 kom A á skrifstofu mína og kvaðst ekki hafa sérstakar athugasemdir fram að færa vegna bréfs ríkisskattstjóra.

IV.

1.

Eins og rakið er í álitum umboðsmanns Alþingis frá 2. febrúar 1996 í máli nr. 1427/1995 (SUA 1996:485) komu lagaákvæði um ívilnanir í sköttum fyrst til sögunnar með 34. gr. laga nr. 74/1921, um tekjuskatt og eignarskatt, sem voru fyrstu íslensku heildarlögin um það efni. Hefur slík ákvæði ætíð síðan verið að finna í skattalöggjöfinni í einni eða annarri mynd. Hið tilvitnaða ákvæði í 34. gr. laga nr. 74/1921 fól einungis í sér heimild fyrir yfirskattanefndir til að veita linun eða eftirgjöf á skattgreiðslum þegar alvarleg veikindi, slys eða mannlát höfðu skert gjaldþol skattgreiðanda. Í 13. gr. sömu laga var mönnum, heimilisföstum hér á landi, hins vegar heimilað að draga frá hreinum tekjum sínum framfærslueyri fyrir börn og „aðra skylduómaga“ að ákveðnu hámarki, svo sem nánar var þar rakið, og var tekið fram í athugasemdum við ákvæðið að það miðaði að því að „ljetta skattbyrði ómagamanna í samanburði við ómagalausra“ (Alþt. 1921, A-deild, bls. 79).

Með 35. gr. laga nr. 6/1935, um tekjuskatt og eignarskatt, var tekið upp ákvæði um heimild til sérstaks persónufrádráttar að ákveðnu hámarki vegna ættingja eða vandamanna sem skattþegn hefði á framfæri sínu. Aðdragandi þess var sá að borin var fram á Alþingi breytingartillaga við frumvarp það, sem varð að lögum nr. 6/1935, sem gerði ráð fyrir þeirri breytingu á 13. gr. frumvarpsins, þar sem fjallað var um frádrátt frá tekjum manna, að í stað frádráttar vegna framfærslu „skylduómaga“ skyldi frádrátturinn taka til foreldra, systkina, ættingja og vandamanna sem skattgreiðandi hefði á framfæri sínu (Alþt. 1934, A-deild, bls. 563). Í þingræðu var gerð svofelld grein fyrir þessari breytingartillögu:

„En svo er það c-liður frv. Þar er talað um frádrátt vegna barna og skylduómaga. Í till. minni reyni ég að færa þetta meira út, og að frádráttur verði leyfður vegna annara skyldmenna, sem eru á framfæri hjá ættingjum sínum. Það er alveg fráleitt að leyfa ekki slíkan frádrátt, ef t.d. systkini framfæra hvert annað eða nánustu vandamenn, því að með því móti er því opinbera, sveitar- og bæjarfélögunum hlíft við útgjöldum, sem þau annars mundu hafa af því að sjá um framfærslu þessa fólks. Mér virðist fyllsta ástæða til að taka þetta til greina og viðurkenna rétt þessara manna,

með því að bæta þessu inn í frv. og gera þessa ómaga jafnrétttháa skylduómögum.“ (Alpt. 1934, B-deild, dálkur 1048–49.)

Framangreind breytingartillaga var samþykkt við atkvæðagreiðslu eftir 2. umræðu í neðri deild þingsins (Alpt. 1934, B-deild, dálkur 1061–62). Í meðförum efri deildar þingsins breyttist ákvæðið hins vegar á ný í fyrri horf að tillögu meiri hluta fjárhagsnefndar, þ.e. í stað orðanna „foreldri, systkini, ættingja og vandamenn“ komu orðin „aðra skylduómaga“ (Alpt. 1934, A-deild, bls. 914). Í ræðu framsögumanns gerði hann svofellda grein fyrir ástæðum þeirrar breytingar:

„Brtt. n. við 12. gr. er borin fram samkv. bendingu frá yfirs kattan. til fjm rh. Þótti það of óákveðið orðalag, að leyfa skattþegni að draga frá fyrir vandamönnum sínum, systkinum og ættingjum, enda gæti þá orðið vandasamt og erfitt að skilgreina, hverjir væru á framfæri hans. En ef í staðinn fyrir þessa upptalningu er notað orðið skylduómagar, eins og n. leggur til, þá er það skilgreint í l., hvað meint er með því. Þessi breyt. er gerð samkv. bendingu frá yfirs kattan. í Rvík.“ (Alpt. 1934, B-deild, dálkur 1093.)

Að tillögu meiri hluta fjárhagsnefndar var hins vegar gerð svohljóðandi viðbót við ívilnunarákvæði 35. gr. frumvarpsins (Alpt. 1934, A-deild, bls. 914):

„Yfirs kattanefndir geta og, eftir tillögum undirs kattanefnda, leyft persónufrádrátt allt að 500 kr. fyrir ættingja eða vandamenn, sem vitað er um, að skattþegn hefir á framfæri sínu.“

Um þessa breytingu segir ekki annað í ræðu framsögumanns meiri hluta þingnefndarinnar en að hún hafi verið borin fram af ríkisskattanefnd og væri flutt samkvæmt ósk fjármálaráðherra (Alpt. 1934, B-deild, dálkur 1093–94).

Með 13. gr. laga nr. 41/1954, um breyting á lögum nr. 6/1935, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 36. gr. laga nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt, var orðalagi 35. gr. breytt og m.a. tekið fram að yfirs kattanefndir gætu leyft persónufrádrátt fyrir ættingja eða vandamenn, sem vitað væri um að skattþegn hefði á framfæri sínu, allt að þeirri upphæð sem leyfð væri til frádráttar fyrir skylduómaga samkvæmt 12. gr. laganna. Með 52. gr. laga nr. 70/1962, um tekjuskatt og eignarskatt, voru síðan gerðar talsverðar breytingar á ákvæðum um ívilnanir sem voru færð í það horf sem að meginstefnu til hefur haldist síðan. Samkvæmt 4. tölul. 1. mgr. 52. gr. laganna var skattstjóra heimilt, ef skattþegn hafði „foreldra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu“, að veita sama frádrátt og fyrir börn. Sérstakur frádráttur vegna skylduómaga á framfæri einstæðra foreldra eða annarra einstaklinga hélst þó, sbr. 3. mgr. 16. gr. laganna. Ákvæðið um ívilnun vegna foreldra eða annarra vandamanna á framfæri skattþegns var óbreytt í 52. gr. laga nr. 55/1964, um tekjuskatt og eignarskatt, en með þeim lögum féll frádráttur vegna annarra skylduómaga en barna niður, sbr. 16. gr. þeirra. Í athugasemdum var vísað til þess að ákvæði um frádrátt vegna slíkra skylduómaga væru í 4. tölul. 1. mgr. 52. gr. laganna og að frádráttur hefði ekki verið veittur samkvæmt 3. mgr. 16. gr. þeirra (Alpt. 1963, A-deild, bls. 1064–65). Hélt ákvæðið óbreytt þar til orðalag tölulíðarins komst í núverandi horf með 9. gr. laga nr. 60/1973, um breyting á lögum nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Um breytingar á ívilnunarákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt að öðru leyti vísa ég til ítarlegrar umfjöllunar um það efni í áðurgreindu álitni umboðsmanns Alþingis frá 2. febrúar 1996 í máli nr. 1427/1995 (SUA 1996:485), en eins og þar kemur m.a. fram var sú þýðingarmikla breyting gerð á þeim með 20. gr. laga nr. 25/1981, um breyting á lögum

nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, að í stað orðalagsins „Heimilt er skattstjóra að taka til greina [. . .]“ í upphafsákvæði 66. gr. laganna kom orðalagið: „Skattstjóri skal taka til greina [. . .]“.

Í reglugerðum um tekjuskatt og eignarskatt hefur verið að finna ákvæði um ívilnanir, sbr. 39. gr. reglugerðar nr. 90/1921, um tekjuskatt og eignarskatt, 52. gr. reglugerðar nr. 133/1936, um tekjuskatt og eignarskatt, 50. gr. reglugerðar nr. 147/1955, um tekjuskatt og eignarskatt, og 49. gr. reglugerðar nr. 245/1963, um tekjuskatt og eignarskatt, sem er síðasta heildarreglugerðin um tekjuskatt og eignarskatt. Í reglugerðarákvæðum þessum eru skilgreindar nánar en í lagaákvæðunum þær aðstæður sem tilefni gátu gefið til ívilnana í sköttum. Ákvæði um ívilnun vegna framfærslu vandamanna í 2. mgr. 52. gr. reglugerðar nr. 133/1936 var svohljóðandi:

„Hins vegar er yfirsattanefndum heimilt að veita linun eða ívilnun á skattgreiðslunni sjálfri, þ.e. fjárhæð skatts, ef neðangreindar ástæður eru fyrir hendi:

[. . .]

- B. Ef skattþegn hefir haft á framfæri sínu ættingja eða vandamenn, auk þeirra sem honum ber frádráttur fyrir samkvæmt 19. gr. og það bakað honum tilfinnanlegan kostnað. Hér teljast m.a. systkini, afi og amma, fósturforeldrar og tengdafólk. Lækkun á skattinum vegna slíks ómaga má þó eigi vera meiri en samsvarar persónufrádrætti, þ.e. 500 kr.

Hér ber að taka tillit til efnahags og tekna framfæranda, á sama hátt sem þegar um linun á skatti vegna veikinda er að ræða. Einnig verður að ganga úr skugga um, að ættingjar þessir eða vandamenn hafi ekki tekjur eða vinni fyrir sér á einhvern annan hátt, t.d. við heimilisstörf, og að gjaldandi hafi eigi styrk með þeim annars staðar frá.

[. . .]“

Samsvarandi ákvæði var í B-lið 2. mgr. 50. gr. reglugerðar nr. 147/1955. Í reglugerð nr. 245/1963 eru ákvæði um ívilnun vegna framfærslu vandamanna svohljóðandi, sbr. 4. tölul. A-liðar 49. gr. hennar:

„Ef skattþegn hefur foreldra eða aðra vandamenn, auk þeirra barna, sem honum ber frádráttur fyrir skv. 41. gr., sannanlega á framfæri sínu, má skattstjóri veita fyrir þá sama frádrátt og fyrir börn. Frádrátt þennan má veita m.a. fyrir systkini, afa og ömmu, fósturforeldra og tengdafólk auk foreldra og kjörforeldra. Hafi vandamenn þessir tekjur eða vinna fyrir sér á einhvern annan hátt, t.d. við heimilisstörf, eða fái skattþegn styrk með þeim annars staðar frá, kemur það til lækkunar frádrætti vegna þeirra. Þegar um er að ræða hjón, sem raunverulega hafa slitið samvistum eða eru skilin að borði og sæng, þá er og skattstjóra heimilt að veita því hjóna, sem greiðir hinu framfærslueyri, sama frádrátt og fyrir barn, þó ekki hærrí en greiddum framfærslueyri nemur.“

2.

Eins og rakið er í kafla II í álitinu þessu synjaði skattstjórinn í Reykjavík umsókn A um lækkun tekjuskattsstofns á þeim forsendum að hann hefði ekki lagt fram tilskilin gögn með umsókninni, sbr. bréf skattstjóra, dags. 5. janúar 1999. Nánar tiltekið kvað skattstjóri skilyrði ívilnunar í sköttum samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 66. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, þegar um væri að ræða umsókn um ívilnun vegna stuðnings við ættingja „í öðrum þjóðríkjum“, að fyrir lægju staðfest tengsl aðila og að þeim fylgdi skuldbinding um aðstoð auk þess sem gerð væri krafa um staðfestingu þess sem nyti aðstoðar

fyrir úttekt greiðslu. Var synjun skattstjóra þannig einvörðungu byggð á því að það laga-skilyrði ívilnunar samkvæmt umræddu ákvæði, að maður hefði foreldra eða aðra vanda-menn „sannanlega“ á framfæri sínu, væri ekki uppfyllt í tilviki A. Aftur á móti verður ekki annað ráðið af bréfi skattstjóra en að hann hafi út af fyrir sig ekki talið að það útilokaði rétt A til ívilnunar samkvæmt ákvæðinu þótt um væri að ræða framfærslu vegna erlends ríkisborgara sem búsettur væri erlendis.

Í úrskurði ríkisskattstjóra í máli A, dags. 7. apríl 1999, er byggt á öndverðum skilningi að því er framangreint varðar. Er á því byggt í úrskurðinum að ákvæði 3. tölul. 1. mgr. 66. gr. laga nr. 75/1981 eigi ekki við í tilviki A þar sem ákvæðin verði ekki skilin þannig „að þau skuldbindi íslensk skattfyrirvöld til að taka með þeim hætti tillit til framfærslu þegna erlendra ríkja, nema því aðeins að ákvæði séu um það í samningum sem Ísland er aðili að“, eins og þar segir. Þegar af þessari ástæðu taldi ríkisskattstjóri að synja bæri erindinu og fjallaði þar af leiðandi ekkert um það álitaefni hvort A hefði sýnt fram á að um sannanlega framfærslu vandamanns hefði verið að ræða. Fyrir liggur að með bréfi til allra skattstjóra, dags. 27. apríl 1999, sendi ríkisskattstjóri skattstjórum landsins ljósrit af úrskurði embættisins í máli A með vísan til 2. mgr. 66. gr. laga nr. 75/1981 og mæltist til þess að samræmis yrði gætt við afgreiðslu erinda af umræddum toga.

3.

Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 66. gr. laga nr. 75/1981 skal skattstjóri taka til greina umsókn manns um lækkun tekjuskattsstofns ef maður hefur foreldra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu. Ákvæðið gerir því kröfu til þess samkvæmt hljóðan sinni að sýnt sé fram á að umsækjandi hafi foreldri eða vandamann á framfæri sínu. Á hinn bóginn er enginn áskilnaður gerður í ákvæðinu um ríkisfang eða búsetu foreldris eða vanda-manns. Ljóst er því að sú túlkun ríkisskattstjóra í úrskurði embættisins frá 7. apríl 1999 í máli A, að ákvæðið eigi ekki við í þeim tilvikum þegar um er að ræða framfærslu erlendra þegna, verður ekki leidd af orðalagi þess.

Í bréfi ríkisskattstjóra til mín, dags. 30. september 1999, gerir ríkisskattstjóri grein fyrir lagasjónarmiðum að baki framangreindri túlkun embættisins á ákvæði 3. tölul. 1. mgr. 66. gr. laga nr. 75/1981 í tilefni af fyrirsögn minni í bréfi frá 11. maí 1999. Kemur fram í bréfi ríkisskattstjóra að umrætt ákvæði laganna sé að stofni til gamalt og hafi verið ætlað „að bæta úr“ í þeim tilvikum þegar samfélagsleg úrræði dugðu ekki til þess að tryggja viðun-andi framfærslu. Eftir því sem slíkum úrræðum hafi vaxið fiskur um hrygg hafi hins vegar dregið úr þýðingu ákvæðisins. Sé því lítið beitt í dag og þá helst í tilvikum þar sem til staðar sé verulega aukinn framfærslukostnaður „sem almannavaldið [hafi] af einhverjum orsökum ekki tekið tillit til við ákvörðun bóta og félagslegrar aðstoðar“ og sé þá í flestum tilvikum um tímabundnar aðstæður að ræða. Megi því segja að með ákvæðinu „fallist almannavaldið á að umbuna skattþegnum sem tímabundið standa straum af framfærslu vandamanna sem það þó telur sér skylt að tryggja, þ.e. hlaupa með vissum hætti undir bagga með almannavaldinu til að tryggja framfærslu þeirra sem rétt eiga samkvæmt íslenskri löggjöf á slíkri tryggingu“, eins og segir í bréfi ríkisskattstjóra.

Eins og rakið er hér að framan í kafla IV.1 var það upphaflega almennt skilyrði fyrir ívilnunum í sköttum að gjaldþol skattþegns hefði skerst vegna þeirra atvika sem gátu gefið tilefni til ívilnana, sbr. 34. gr. laga nr. 74/1921, um tekjuskatt og eignarskatt. Er ljóst samkvæmt forsögu þeirra ákvæða að búið hefur að baki þeim sú hugmynd að réttlætlan-legt væri að víkja frá almennum reglum um skattálagningu í einstökum tilvikum þar sem gjaldþol skattþegns hefur skerst verulega vegna sérstakra áfalla, svo sem slysa eða veik-inda, sbr. ítarlega umfjöllun um það efni í áliti umboðsmanns Alþingis frá 2. febrúar 1996 í máli nr. 1427/1995 (SUA 1996:485). Í kafla IV.1 er gerð grein fyrir forsögu þess ákvæðis sem nú er 3. tölul. 1. mgr. 66. gr. laga nr. 75/1981. Það er álit mitt að af þeirri forsögu og

lögskýringargögnum með ákvæðinu verði ekki dregin víðtækari ályktun um ætlun lögjafans en sú að markmiðið með upptöku þessa ívilnunarákvæðis hafi fyrst og fremst verið að taka tillit til þess við skattálagningu ef á skattþegn hefði fallið sérstakur kostnaður eða útgjöld vegna sannanlegrar framfærslu foreldris eða vandamanns. Bendi ég á í því sambandi að ákvæðinu hefur frá upphafi verið skipað með öðrum ívilnunarheimildum, upphaflega heimild til ívilnunar vegna veikinda og skyldra atvika sem skert hefðu gjaldþol skattþegns, sbr. 35. gr. laga nr. 6/1935, um tekjuskatt og eignarskatt. Þá ber hér að líta til þess að eins og rakið er í kafla IV.1 virðist umrædd ívilnunarheimild í framkvæmd smám saman hafa leyst af hólmi sérstakan frádrátt vegna framfærslu „skylduómaga“, sbr. ummæli í athugasemdum með lögum nr. 55/1964, um tekjuskatt og eignarskatt, sem fyrr greinir, en þeim frádrætti var upphaflega ætlað að miða að því að „ljetta skattbyrði ómagamanna í samanburði við ómagalausra“ samkvæmt því sem greinir í lögskýringargögnum (Alþt. 1921, A-deild, bls. 79).

Útfærsla hins umdeilda ákvæðis í reglugerðum um tekjuskatt og eignarskatt er í samræmi við framangreindan skilning. Þannig var beinlínis tekið fram í B-lið 2. mgr. 52. gr. reglugerðar nr. 133/1936, um tekjuskatt og eignarskatt, að það væri skilyrði ívilnunar að framfærsla ættingja eða vandamanns hefði bakað skattþegni „tilfinnanlegan kostnað“, sbr. samsvarandi ákvæði í B-lið 2. mgr. 50. gr. reglugerðar nr. 147/1955. Verður ráðið af bréfi ríkisskattstjóra til mín frá 30. september 1999 að við beitingu ákvæðisins hefur verið byggt á því að framfærsla foreldris eða vandamanns hafi haft í för með sér sérstök útgjöld eða kostnaðarauka fyrir skattaðila, sbr. þau ummæli í bréfi ríkisskattstjóra að ákvæðinu sé helst teitt í þeim tilvikum þegar til staðar er „verulega aukinn framfærslukostnaður“ og sé þá í flestum tilvikum um tímabundnar aðstæður að ræða.

Vegna þeirra sjónarmiða ríkisskattstjóra sem fram koma í bréfi hans til mín frá 30. september 1999 varðandi framfærsluskyldur íslenska ríkisins tel ég óhjákvæmilegt að benda á að ákvæði 3. tölul. 1. mgr. 66. gr. laga nr. 75/1981 kveður á um að skattyfirvöld skuli taka til greina umsókn manns um lækkun á tekjuskattsstofni við ákveðnar aðstæður. Ákvæðið felur því í sér tiltekin réttindi skattaðila við álagningu skatta en fjallar ekki um hugsanlegan rétt annarra til framfærsluadstoðar af hálfu hins opinbera. Að mínum dómi verður því með engu móti litið svo á að viðurkenning á rétti skattaðila til ívilnunar í sköttum vegna sannanlegrar framfærslu vandamanns, þótt viðkomandi vandamaður sé erlendur ríkisborgari eða búsettur erlendis, verði jafnað til lagalegrar skuldbindingar af hálfu íslenska ríkisins sem aðila að þjóðarétti til þátttöku í framfærslu erlendra ríkisborgara, svo sem ríkisskattstjóri virðist telja.

Ég tel vert að taka fram í þessu sambandi að það hefur aldrei verið skilyrði ívilnunar vegna framfærslu vandamanns að á skattaðila hafi hvílt lögbundin framfærsluskylda gagnvart viðkomandi aðila. Hefur ívilnunarheimild þessi einnig að því leyti verið óháð laga-reglum um framfærsluskyldur og framfærslurétt. Í íslenskum lögum hefur raunar lengst af verið kveðið á um framfærsluskyldu manna gagnvart foreldrum, sbr. síðast 6. gr. framfærslulaga nr. 80/1947, þar sem fram kom að börn skyldu ala önn fyrir foreldrum sínum, ef þau væru til þess fær, að svo miklu leyti sem lífeyrir samkvæmt lögum um almannatryggingar og aðrar tekjur hrykkju ekki til. Ákvæðið var fellt niður með lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, sbr. 68. gr. þeirra laga.

Samkvæmt framanrituðu fæ ég ekki séð að framangreind túlkun ríkisskattstjóra á ákvæði 3. tölul. 1. mgr. 66. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eigi sér stoð í forsögu ákvæðisins eða lögskýringargögnum með því. Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, sbr. 3. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995, skulu allir vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits meðal annars til þjóðernisuppruna. Í dómi Hæstaréttar í málinu nr. 12/2000, uppkveðnum 6. apríl sl., kemur fram að af jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar verði ekki ráðið að hvers konar mismunun í löggjöf sé óheimil.

Ákvæðið girði hins vegar fyrir að almenna löggjafanum sé heimilt að mismuna mönnum án þess að til slíkrar mismununar standi málefnaleg sjónarmið. Þessi skilningur á efni ákvæðisins er einnig undirstrikaður í athugasemdum greinargerðar með 3. gr. í frumvarpi því er varð að stjórnarskipunarlögum nr. 97/1995. (Alþt. 1994–1995, A-deild, bls. 2086.)

Ég tel að við túlkun á efni lagaákvæða á borð við 3. tölul. 1. mgr. 66. gr. laga nr. 75/1981, sé skattyfirvöldum á grundvelli 65. gr. stjórnarskrárinnar óheimilt að velja þann skýringarkost er leiðir til ómálefnalegrar mismununar skattþegna. Þá tel ég að ef niðurstaða skattyfirvalda verði talin leiða til mismununar skattþegna þá verði að vera hægt að ráða með óbyggjandi hætti af orðalagi viðkomandi lagaákvæðis eða lögskýringargögnum að slík mismunun sé reist á málefnalegum sjónarmiðum. Með því verði ráðið að löggjafinn hafi ætlað að skipa málum með þeim hætti sem lagatúlkun skattyfirvalda ber með sér. Að þessu gættu og þegar litið er til þess sem fyrr greinir að samkvæmt orðalagi sínu gerir ákvæðið engan áskilnað um ríkisfang eða búsetu foreldris eða vandamanns þess sem sækir um ívilnun og hann hefur á framfæri sínu, er það niðurstaða mín að sú túlkun ríkisskattstjóra, sem fram kemur í úrskurði embættisins frá 7. apríl 1999 í máli A eigi sér ekki fullnægjandi stoð í lögum. Tel ég engu breyta um þá niðurstöðu þótt út af fyrir sig kunni að hafa dregið úr þýðingu þessarar ívilnunarheimildar frá því sem upphaflega gildi vegna þróunar á sviði almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar, eins og ríkisskattstjóri hefur bent á. Samkvæmt þessu er það álit mitt að úrskurður ríkisskattstjóra í máli A frá 7. apríl 1999 sé byggður á ólögmatum grundvelli.

Með bréfi til allra skattstjóra, dags. 27. apríl 1999, hefur ríkisskattstjóri sent þeim ljósrít af úrskurði embættisins í máli A með tilmælum í þá veru að samræmis yrði gætt við afgreiðslu erinda „af þessum toga“, sbr. 2. mgr. 66. gr. laga nr. 75/1981 þar sem m.a. kemur fram að ríkisskattstjóri skuli sérstaklega fylgjast með ívilnunum sem skattstjórar veita samkvæmt greininni og sjá til þess að samræmis sé gætt og réttum reglum fylgt. Í samræmi við niðurstöðu mína hér að framan eru það tilmæli mín til ríkisskattstjóra að umrædd fyrirmæli embættisins verði tekin til endurskoðunar.

4.

Samkvæmt 2. mgr. 66. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, skulu nánari ákvæði um skilyrði fyrir ívilnunum samkvæmt greininni sett af ríkisskattstjóra. Á þessum grundvelli hefur ríkisskattstjóri gefið út reglur nr. 212 frá 29. mars 1996, um skilyrði fyrir ívilnun samkvæmt 66. og 80. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og eru reglur þessar birtar í B-deild Stjórnartíðinda, 29. tbl., sem út kom 19. apríl 1996. Um skilyrði ívilnunar á grundvelli 3. tölul. 1. mgr. 66. gr. laga nr. 75/1981 segir m.a. svo í reglum:

„Skilyrði fyrir lækkun samkvæmt þessum tölulið eru sannanleg útgjöld vegna framfærslu foreldra eða annarra vandamanna. Gera þarf grein fyrir í hverju útgjöldin eru fólgin og jafnframt að sýna fram á að framfærslufé foreldris eða vandamanns, þ.e. tekjur, bætur og styrkir standi ekki undir nauðsynlegum útgjöldum vegna framfærslunnar.“

Eins og áður er frá greint synjaði skattstjórinn í Reykjavík umsókn A um lækkun tekjuskattsstofns á þeim forsendum að hann hefði ekki lagt fram tilskilin gögn með umsókninni og ekki sýnt fram á að um sannanlega framfærslu foreldris hefði verið að ræða. Í úrskurði ríkisskattstjóra frá 7. apríl 1999 er engin afstaða tekin til þessa atriðis þar sem ríkisskattstjóri taldi að synja bæri umsókn A þegar á þeim grundvelli að um ætlaða framfærslu erlends þegns væri að ræða, sbr. hér að framan.

Í bréfi umboðsmanns A til ríkisskattstjóra, sem barst embættinu 1. febrúar 1999, er gerð grein fyrir þeirri framfærslu sem var grundvöllur umsóknar A um ívilnun. Þar er rakið

að vegna aðstæðna í Írak sé A í raun og veru ókleift að leggja fram önnur gögn til stuðnings umsókn sinni en yfirlit gjaldeyrisreiknings frá banka sem beri með sér þær fjárhæðir sem A kveðst hafa sent föður sínum. Er tekið fram í bréfinu að aðstæður A séu í raun óyfirtíganlegar að þessu leyti.

Ákvæði 3. tölul. 1. mgr. 66. gr. laga nr. 75/1981 gerir sem fyrr greinir kröfu til þess að umsækjandi um ívilnun sýni fram á að hann hafi haft foreldri eða vandamann á framfæri sínu. Skattýfirvöldum er því unnt að gera að skilyrði fyrir veitingu ívilunar á þessum grundvelli að upplýsingar liggi fyrir um þau atriði er greinir í áður nefndum reglum ríkisskattstjóra nr. 212/1996 og að unnt sé að sannreyna þær upplýsingar með einhverjum hætti. Þrátt fyrir að áskilnaður lagaákvæðisins um „sannanlega“ framfærslu útiloki að mínum dómi ekki að skattýfirvöld geti við mat á því hverjar kröfur verði gerðar í þessu sambandi tekið visst tillit til aðstæðna umsækjanda hverju sinni, enda ber skattýfirvöldum að leggja sjálfstætt mat á hvert tilvik fyrir sig, verður þó að telja að ákvæðið feli í sér að gera verði ákveðnar lágmarkskröfur í þessu sambandi, þ.m.t. að skattýfirvöld hafi raunhæfa möguleika á að staðreyna með einhverjum hætti að um framfærslu hafi verið að ræða sem veiti rétt til ívilunar á grundvelli ákvæðisins.

Í úrskurði ríkisskattstjóra var niðurstaða málsins takmörkuð við túlkun á efnisskilyrðum 3. tölul. 1. mgr. 66. gr. laga nr. 75/1981, en eins og að framan er rakið er það niðurstaða mín að sú túlkun ríkisskattstjóra hafi verið ólögmat. Samkvæmt þessu var í úrskurðinum ekki tekin nein afstaða til þess hvort þau gögn sem A lagði fram umsókn sinni til stuðnings uppfylltu það formskilyrði ákvæðisins að hann hefði „sannanlega“ sýnt fram á umrædda framfærslu. Af þessum sökum tel ég rétt að beina þeim tilmælum til ríkisskattstjóra að hann taki mál A til endurskoðunar komi fram ósk þess efnis frá honum og taki við þá endurskoðun tillit til þeirra sjónarmiða sem ég hef rakið hér að framan.

V.

Niðurstaða.

Í samræmi við framanritað er það niðurstaða mín að úrskurður ríkisskattstjóra í máli A frá 7. apríl 1999 sé byggður á ólögmatum grundvelli. Eru það tilmæli mín til ríkisskattstjóra að hann taki málið til endurskoðunar í ljósi þeirra sjónarmiða sem rakin eru í álitinu þessu, komi fram ósk þar um af hálfu A. Jafnframt beini ég þeim tilmælum til ríkisskattstjóra að hann taki fyrir máli embættisins til allra skattstjóra frá 27. apríl 1999, sem byggjast á sömu lagatúlkun, til endurskoðunar.

VI.

Með bréfi til ríkisskattstjóra, dags. 1. febrúar 2001, óskaði ég eftir upplýsingum um hvort A hefði leitað til ríkisskattstjóra á ný og þá hvort einhverjar ákvarðanir hefðu verið teknar af því tilefni. Ennfremur óskaði ég eftir upplýsingum um hvort fyrirmæli ríkisskattstjóra til allra skattstjóra frá 27. apríl 1999 hefðu verið tekin til endurskoðunar. Í svari ríkisskattstjóra, dags. 21. febrúar 2001, segir meðal annars svo:

„[. . .] 22. desember 2000 óskaði [A] eftir því við ríkisskattstjóra að mál hans varðandi skattalækkun yrði tekið til endurskoðunar. Ljóst má vera að erindið varðar úrskurð ríkisskattstjóra frá 7. apríl 1999 og [athugasemdir] yðar við þann úrskurð sem fram koma í álitinu yðar sem þér senduð ríkisskattstjóra 13. september 2000.

Formlegri umfjöllun um ofangreint erindi [A] er ekki lokið.

Starfshópur, sem ríkisskattstjóri setti á laggirnar s.l. haust í tilefni m.a. af ofangreindu álitinu yðar mun á næstu vikum skila skýrslu varðandi endurskoðun á reglum varðandi forsendur fyrir lækkun á grundvelli 66. gr. laga nr. 75/1981. Formleg aftur-

köllun á bréfi ríkisskattstjóra til allra skattstjóra frá 27. apríl 1999 hefur því tafist af framangreindum ástæðum.“

**15.7. Virðisaukaskattur. Aðfarargjald. Innheimtukostnaður.
Jafnræðisregla. Form og efni úrskurða.
(Mál nr. 2777/1999)**

A kvartaði yfir synjun fjármálaráðuneytisins á niðurfellingu aðfarargjalda sem A var gert að greiða vegna innheimtu virðisaukaskatts.

Tildrög málsins voru þau að A sætti áætlun skattstjóra á virðisaukaskatti þar sem hún stóð ekki skil á virðisaukaskattsskýrslum vegna tilgreindra uppgjörstímabila árána 1996 og 1997. Eftir að innheimtumaður ríkissjóðs hafði krafist fjárnáms hjá A fyrir hinum áætlaða virðisaukaskatti stóð hún skil á virðisaukaskattsskýrslum vegna viðkomandi uppgjörstímabila og í kjölfar þess var virðisaukaskattsskuldin felld niður. Af hálfu innheimtumanns var A hins vegar krafin um greiðslu aðfarargjalda sem innt voru af hendi vegna afhendingar fjárnámsbeiðna á hendur henni til sýslumanns.

Umboðsmaður tók fram að innheimtumanni ríkissjóðs bæri að lögum að innheimta kröfur sem leiddu af áætlunum skattstjóra á virðisaukaskatti og að aðför væri lögmaelt innheimtuúrræði vegna slíkra krafna. Taldi umboðsmaður að í tilviki A hefði innheimtumanni verið rétt að hefjast handa með aðför og benti á að samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, bæri að standa skil á aðfarargjaldi í ríkissjóð þegar beiðni um fjárnám væri afhent sýslumanni. Væri gjaldið ekki endurkræft þótt fjárnámsbeiðni væri afturkölluð eða ekki yrði af framkvæmd gerðar af öðrum sökum. Niðurstaða umboðsmanns varð sú að innheimtumanni ríkissjóðs hefði verið heimilt að krefja A um endurgreiðslu á útlögðum aðfarargjöldum vegna innheimtuaðgerða á hendur henni og að hún hefði ekki átt kröfu á niðurfellingu gjaldanna vegna þess eins að virðisaukaskattsskuld hennar hefði verið felld niður.

Í álitinu benti umboðsmaður á að þótt fallið hefði verið frá innheimtu aðfarargjalda á hendur A af hálfu sýslumannsins í Kópavogi umfram lagaskyldu yrði almennt ekki talið að A gæti í öðru máli borið fyrir sig þá ákvörðun og krafist sambærilegrar úrlausnar á grundvelli jafnræðisreglu. Þá tók umboðsmaður fram, vegna athugasemda A varðandi reglur um þjónustugjöld, að aðfarargjald samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 88/1991 yrði að telja skatt í skilningi 40., sbr. 77. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944.

Umboðsmaður taldi að afgreiðsla fjármálaráðuneytisins á erindi A uppfyllti ekki skilyrði 31. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 um form og efni úrskurða í kærumáli þar sem niðurstaða ráðuneytisins í málinu hefði ekki verið dregin saman í sérstakt úrskurðarorð. Beindi umboðsmaður þeim tilmælum til ráðuneytisins að gæta þess framvegis við meðferð kærumála og frágang úrskurða að draga aðalniðurstöðu saman í lok úrskurðar í sérstakt úrskurðarorð.

**15.8. Barnabætur. Frumkvæðisathugun.
(Mál nr. 2785/1999)**

Umboðsmaður tók til athugunar að eigin frumkvæði hvort skattframkvæmd er lyti að skiptingu barnabóta milli hjóna, sambýlisfólks og einstaklinga í staðfestri samvist væri í samræmi við lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Hafði umboðsmaður orðið þess var að leiðbeiningar á vefsíðu ríkisskattstjóra bæru með sér að

fyrirmælum um skiptingu barnabóta í 3. mgr. 64. gr. laga nr. 75/1981 væri ekki fylgt í þeim tilvikum þegar skilyrði svonefndrar hjónasköttunar skv. 63. gr. laganna væru aðeins uppfyllt hluta úr ári, t.d. vegna stofnunar eða slita hjúskapar á árinu, slita á samvistum eða andláts maka.

Í bréfi sem umboðsmaður ritaði ríkisskattstjóra af þessu tilefni kom fram að í 1. mgr. A-liðar 69. gr. laga nr. 75/1981 væri kveðið á um að barnabætur greiddust framfæranda barns, en samkvæmt ákvæðinu væri framfærandi sá aðili sem hefði barn hjá sér og annaðist framfærslu þess í lok tekjuárs. Samkvæmt 4. málsl. ákvæðisins skyldu hjón, sem væru skattlögð samkvæmt 63. gr. laganna, bæði teljast framfærendur og barnabætur skiptast milli þeirra til helminga. Hið sama gildi um sambúðarfólk sem uppfyllti í lok tekjuársins skilyrði 3. mgr. 63. gr. laganna, enda þótt það óskaði ekki eftir því að vera skattlagt samkvæmt téðri lagagrein. Að því er snerti einstaklinga í staðfestri samvist kæmi fram í 4. mgr. 63. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 137/1996, að einstaklingar í staðfestri samvist skyldu telja fram og vera skattlagðir sem hjón. Umboðsmaður benti á að í 3. mgr. 64. gr. laga nr. 75/1981 væri sérregla um skiptingu barnabóta í þeim tilvikum þegar skilyrði skattlagningar samkvæmt 63. gr. laganna væru aðeins uppfyllt hluta úr ári, en þar segði að barnabætur samkvæmt A-lið 69. gr. skyldu skiptast milli þeirra aðila sem um ræddi í 1. mgr. 64. gr. og miðast við tímabil framfærsluskyldu. Að því búnu rakti umboðsmaður nokkra úrskurði ríkisskattanefndar um skýringu á ofangreindu ákvæði og óskaði eftir afstöðu ríkisskattstjóra til gildis þeirrar reglu, sem fram kæmi í úrskurðunum, um skiptingu barnabóta vegna breytinga á sifjaréttarlegri stöðu.

Í svari ríkisskattstjóra kom fram að eftir að gerðar hefðu verið breytingar á reglum um barnabætur með lögum nr. 65/1997 hefðu áður nefndir úrskurðir ríkisskattanefndar ekki lengur fordæmisgildi við túlkun umræddra reglna. Þá kom fram að ákvæði 3. mgr. 64. gr. og A-liðar 69. gr. laga nr. 75/1981 væru ósamrýmanleg í þeim tilvikum þegar skilyrði skattlagningar samkvæmt 63. gr. sömu laga væru aðeins uppfyllt hluta úr ári. Taldi ríkisskattstjóri að við setningu laga nr. 65/1997 hefði láðst að breyta 3. mgr. 64. gr. laga nr. 75/1981 til samræmis við þær breytingar sem að öðru leyti hefðu verið gerðar á ákvæðum um barnabætur í síðarnefndu lögum. Skattyfirvöld hefðu lítið svo á að síðastnefnt ákvæði ætti ekki lengur við þar sem það væri ekki lengur samþýðanlegt núgildandi ákvæðum A-liðar 69. gr. laga nr. 75/1981.

Í álitinu tók umboðsmaður fram að ríkisskattstjóri hefði staðfest að núverandi skattframkvæmd væri rétt lýst í leiðbeiningum á vefsíðu embættisins. Þá væri afstaða ríkisskattstjóra sú að með lögum nr. 65/1997 hefði í reynd verið afnumin sú sérregla um skiptingu barnabóta sem fram kæmi í 3. mgr. 64. gr. laga nr. 75/1981. Aftur á móti hefði láðst að fella niður umrætt ákvæði til samræmis við þær breytingar sem hefðu að öðru leyti verið gerðar á reglum um barnabætur í síðastnefndum lögum. Umboðsmaður benti á að fyrir Alþingi lægi nú frumvarp fjármálaráðherra þar sem lagt væri til að ákvæði 3. mgr. 64. gr. yrði fellt brott og að í athugasemdum með frumvarpinu væri vísað til þess að við setningu laga nr. 65/1997 hefði láðst að fella ákvæðið niður. Samkvæmt því myndi löggjafinn fyrirsjáanlega taka afstöðu til þess innan tíðar hvort fella bæri ákvæðið brott úr lögum og þar með hvernig reglum um skiptingu barnabóta verði háttað þegar breyting verði á hjúskapar- eða sambúðarháttum framfæranda innan þess árs sem barnabætur væru greiddar vegna. Væri ljóst að afdrif umræddrar lagabreytingartillögu kynnu að öðru leyti að hafa þýðingu við úrlausn á því lögfræðilega álitaefni hvort núverandi skattframkvæmd yrði að óbreyttu talin standast lög. Af þessum sökum taldi umboðsmaður ekki rétt að svo stöddu að fjalla frekar um framangreint álitaefni né afstöðu ríkisskattstjóra til þess. Þar sem sú afstaða fæli á hinn bóginn í sér að ósamræmi væri í skráðum lögum vegna mistaka við lagasetn-

ingu væri brýnt að slíku ósamræmi yrði eytt og þar með réttaróvissu sem það hefði í för með sér.

I.

Á grundvelli heimildar í 5. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, ákvað ég að taka til athugunar að eigin frumkvæði hvort skattframkvæmd er snýr að skiptingu barnabóta milli hjóna, sambýlisfólks og einstaklinga í staðfestri samvist væri í samræmi við gildandi lög um það efni.

Ég lauk máli þessu með álit, dags. 5. desember 2000.

II.

Í tilefni af ofangreindri athugun minni ritaði ég ríkisskattstjóra bréf hinn 6. júlí 1999. Í bréfinu reifaði ég ákvæði um barnabætur í lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og gat þess að í 3. mgr. 64. gr. þeirra laga væri sérregla um skiptingu barnabóta í þeim tilvikum þegar skilyrði skattlagningar samkvæmt 63. gr. sömu laga, þ.e. svonefndrar hjónasköttunar, væru aðeins uppfyllt hluta úr ári, t.d. vegna stofnunar eða slita hjúskapar á árinu, slita á samvistum eða andláts maka. Tilvitnuð sérregla mælti fyrir um að barnabætur samkvæmt A-lið 69. gr. laga nr. 75/1981 skyldu skiptast milli þeirra aðila sem um ræddi í 1. mgr. 64. gr. laganna, þ.e. skattaðila sem uppfylltu skilyrði 63. gr. aðeins hluta úr ári, „og miðast við tímabil framfærsluskyldu“, eins og þar segir. Þá gerði ég grein fyrir úrskurðum ríkisskattanefndar sem gengið hefðu um skýringu á ofangreindu ákvæði 3. mgr. 64. gr. laga nr. 75/1981. Vísaði ég að svo búnu til þess að á vefsíðu ríkisskattstjóraembættisins (www.rsk.is), þar sem væri að finna upplýsingar um greiðslu barnabóta á árinu 1999, kæmi fram að við ákvörðun barnabóta umrætt ár væri miðað við fjölskyldustöðu eins og hún væri í þjóðskrá Hagstofu Íslands 31. desember 1998 og að breytingar sem hefðu átt sér stað innan ársins 1998 hefðu ekki áhrif. Væri tekið fram að sá sem hefði barnið hjá sér í árslok 1998 fengi barnabæturnar og skipti þá ekki máli hvort barnið hefði verið á framfæri hans allt árið eða hluta úr ári. Í niðurlagi bréfs míns til ríkisskattstjóra sagði svo:

„Af ofangreindu tilefni er þess óskað, sbr. 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að ríkisskattstjóri geri grein fyrir þeim reglum sem fylgt er um skiptingu barnabóta milli hjóna, sambýlisfólks og einstaklinga í staðfestri samvist í þeim tilvikum þegar skilyrði skattlagningar samkvæmt 63. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eru aðeins uppfyllt hluta úr ári, t.d. vegna stofnunar eða slita hjúskapar á árinu eða slita á samvistum. Í ljósi þeirra upplýsinga um skiptingu barnabóta, sem fram koma á vefsíðu ríkisskattstjóraembættisins og að framan eru raktar, er þess sérstaklega óskað að ríkisskattstjóri geri grein fyrir hvort sú regla um skiptingu barnabóta í tilefni breytinga á sifjaréttarlegri stöðu, sem fram kemur í fyrrgreindum úrskurðum ríkisskattanefndar [. . .], sé nú ekki talin gilda. Sé það skoðun ríkisskattstjóra að sú niðurstaða um skiptingu barnabóta, sem uppi er á teningnum í umræddum úrskurðum, heyri sögunni til vegna lagabreytinga eða af öðrum ástæðum óska ég eftir rökstuðningi ríkisskattstjóra fyrir þeirri afstöðu, m.a. með tilliti til ákvæðis 3. mgr. 64. gr. laga nr. 75/1981 sem áður er getið og liggur niðurstöðu ríkisskattanefndar í áðurgreindum úrskurðum til grundvallar.“

Með bréfum til ríkisskattstjóra, dags. 17. september, 21. október, 19. nóvember og 21. desember 1999, ítrekaði ég framangreind tilmæli mín. Svarbréf ríkisskattstjóra, dags. 27. janúar 2000, barst mér 28. janúar s.á. Þar segir m.a. svo:

„Það skal tekið fram að sú umfjöllun á vefsíðu ríkisskattstjóra sem þér vísið til varðandi ákvörðun barnabóta er rétt lýsing á núverandi skattframkvæmd og það skal

og tekið fram að ríkisskattstjóri lítur svo á að þeir úrskurðir ríkisskattanevndar sem þér vísið til geti eigi verið fordæmi við skýringu á gildandi ákvæði A-liðar 69. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, þar sem þeir eiga við um bætur sem ekki eru lengur til í lögum. Þetta álit embættisins og framangreind framkvæmd gefur tilefni til útskýringa eins og farið er fram á í bréfi yðar og þykir af því tilefni rétt að rifja upp sögu bóta tengdum börnum í lögnum um tekjuskatt og eignarskatt, þar sem sú réttarþróun sem átt hefur sér stað skýrir að mati ríkisskattstjóra gildandi framkvæmd.

Það má segja að vísir að barnabótum hafi komið í lög með lögum nr. 10/1974, um skattkerfisbreytingu, þar sem m.a. var breytt ákvæðum þágildandi laga nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt. Með 4. gr. þessara laga var sett inn í 25. gr. laganna nr. 68/1971 ákvæði um skattafslátt til handa foreldrum barna sem eigi voru orðin 16 ára í byrjun álagningarárs. Tekið var fram að ef skattafsláttur þessi væri hærri en sem næmi álögdum skatti þá kæmu eftirstöðvar hans til útborgunar. Þessi útborgunaregla fól það í reynd í sér að hér var í reynd um að ræða bætur fremur en hreinan skattafslátt.

Í lögum nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, voru síðan í 69. gr. ákvæði um barnabætur. Samkvæmt þessu ákvæði skyldi greiða barnabætur með börnum sem væru innan 16 ára aldurs á tekjuárinu. Barnabætur þessar skyldu greiddar til framfæranda barnsins, sbr. 1. mgr. greinarinnar. Tekið var fram í 1. mgr. að barnabætur greiddust ekki á fæðingarári barns en greiddust aftur á móti til loka þess árs þegar barn næði 16 ára aldri. Samkvæmt 4. mgr. greinarinnar taldist framfærandi barns vera sá aðili sem hefði barnið hjá sér og annaðist framfærslu þess. Ekki var í því sambandi vísað til loka tekjuárs. Barnabætur voru óháðar tekjum og miðaði fjárhæð þeirra við fjölda barna og aldur þeirra.

Ákvæði núgildandi 64. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, kom fyrst í lög með framangreindum lögum nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt. (En lög nr. 75/1981 er endurútgáfa laganna nr. 40/1978, þar sem felldar voru inn í meginmál þeirra þær breytingar sem orðið höfðu á lögnum).

Á árinu 1984 verður ákveðin grundvallarbreyting á bótum til barnafólks. Þá voru sett lög nr. 128/1984, um sérstakan barnabótaauka. Barnabótaauki var nokkuð annars eðlis en barnabæturnar, því þar var um tekju- og eignatengdar bætur að ræða. Bæturnar voru sem sagt föst fjárhæð sem var látin skerðast í hlutfalli við tekjur og eignir bótaþega. Bæturnar skyldu greiddar á árinu 1985 vegna barna sem voru innan 16 ára aldurs á árinu 1984. Í 2. gr. laga þessara var talað um bætur vegna barna á framfæri, en ekki var sérstaklega rætt um ákveðinn tímamark í því sambandi. Lög þessi voru tímabundin en sams konar lög voru sett árið á eftir þ.e. lög nr. [112/1985], um sérstakan barnabótaauka. Ákvæði þessara laga nr. 112/1985 voru síðan árið eftir felld inn í ákvæði laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Var það gert með 6. gr. laga nr. 72/1986, þar sem við lögin nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, var bætt nýju ákvæði 69. gr. A. Þannig voru í 69. gr. ákvæði um barnabætur og í 69. gr. A ákvæði um barnabótaauka.

Í tengslum við þá skattkerfisbreytingu sem varð við lögtöku staðgreiðslukerfis skatta á árinu 1987 var með 9. gr. laga nr. 92/1987, um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, gerð breyting á 69. gr. síðarnefndu laganna. Þannig voru ákvæðin um barnabætur í staflíð A í 69. gr. undir fyrirsögninni Barnabætur og ákvæðin um barnabótaauka í staflíð B undir fyrirsögninni barnabótaauki. Það er með þessum lögum sem verður önnur af tveimur meginbreytingum á löggjöf sem hvað mesta þýðingu hefur við skýringu á núverandi réttarframkvæmd. Í ákvæðinu um barnabótaauka (B-lið 69. gr.) var það nýmæli að framfærandi taldist vera sá sem barnið hafði hjá sér og annaðist framfærslu þess í lok tekjuársins. Í þessu sambandi er einnig mikilvægt að benda á að með 4. gr. framangreindra laga nr. 92/1987, um breyting

á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, var gerð sú breyting á 3. mgr. 64. gr. að ákvæðið var látið vísa til A-liðar 69. gr., þ.e. ákvæðisins um barnabætur, en aftur á móti vísaði það ekki til barnabótaaukans, enda regla 3. mgr. 64. gr. ekki vel samþýðanleg reglunum sem nú giltu um barnabótaauka. Fyrir utan þann grundvallar-mun á bótunum sem felst í tekju- [og] eignatengingu barnabótaaukans, má og benda á að barnabætur voru í reynd samtímagreiðsla, þannig að byrjað var að borga þær strax frá fyrsta ársfjórðungi eftir fæðingu barns. Barnabótaauki var aftur á móti aldrei greiddur á fæðingarári heldur fyrst á árinu á eftir og þá til þess eða þeirra sem voru framfærðir í lok tekjuárs. Þannig ef barn fæddist í janúar kom ekki til greiðslu barnabótaauka fyrr en næsta ári á eftir og þá til framfæranda í lok tekjuárs. Á móti var barnabótaauki greiddur fyrir það ár sem barn varð 16 ára á og þannig má segja að heildartímabil greiðslu hafi verið það sama fyrir öll börn. Þetta endurspeglar þær nokkuð ólíku reglur sem giltu um barnabætur annars vegar og barnabótaauka hins vegar.

Hin meginbreytingin sem hér skiptir máli verður síðan með lögum nr. 65/1997, um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Breytingin fólst í því að hinar ótekjutengdu barnabætur voru aflagðar. Aftur á móti héldu ákvæðin um barnabótaauka gildi sínu og voru þær bætur hækkaðar nokkuð með hliðsjón af því að ákvæðið um barnabætur var fellt niður. Eðli máls samkvæmt þótti órökrétt að halda áfram að nota heitið barnabótaauki þar sem ákvæðin um barnabætur voru felld brott. Nafni barnabótaaukans var því breytt í barnabætur og ákvæði 69. gr. breytt þannig að í A-lið var kveðið á um hinar nýju barnabætur og í B-lið um vaxtabætur sem áður höfðu verið í C-lið ákvæðisins. Við þessa lagabreytingu láðist aftur á móti að breyta 3. mgr. 64. gr. laganna til samræmis, en það ákvæði hafði, eins og áður greinir, aldrei gilt um barnabótaaukann og verður ekki séð að neinar breytingar að því leyti hafi verið ráðgerðar af hálfu löggjafans við setningu framangreindra laga.

Hér að framan hafa verið raktar forsendurnar fyrir gildandi framkvæmd. Það má segja að skattyfirvöld líti svo á að ákvæði 3. mgr. 64. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eigi ekki lengur við, þar sem það sé ekki samþýðanlegt ákvæði nügildandi [. . .] A-liðar 69. gr. laganna. Mun ríkisskattstjóri benda fjármálaráðuneytinu á þetta og fara þess á leit að hlutast verði til um lagabreytingar að þessu leyti.“

III.

1.

Um barnabætur er fjallað í A-lið 69. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Samkvæmt 1. mgr. þessa stafliðar 69. gr. greiðast barnabætur framfæranda barns. Framfærandi telst samkvæmt ákvæðinu sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess í lok tekjuársins. Tekið er fram að sá er greiði meðlag með barni teljist ekki framfærandi í þessu sambandi. Samkvæmt 4. málslíð ákvæðisins skulu hjón, sem skattlögð eru samkvæmt 63. gr. laganna, bæði teljast framfærðir og skiptast barnabætur milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambúðarfólk sem uppfyllir í lok tekjuársins skilyrði 3. mgr. 63. gr., enda þótt það óski ekki að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein. Í tilvitnaðri 63. gr. laga nr. 75/1981 eru sérstök ákvæði um skattlagningu hjóna, sam-býlisfólks og einstaklinga í staðfestri samvist. Að því er þá síðastnefndu varðar kemur fram í 4. mgr. þessarar greinar laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 137/1996, um breyting á þeim, að einstaklingar í staðfestri samvist skuli telja fram og vera skattlagðir eins og hjón.

Í 64. gr. laga nr. 75/1981 eru sérstakar reglur um skattskil í þeim tilvikum þegar skil-yrði skattlagningar samkvæmt 63. gr. laganna eru aðeins uppfyllt hluta úr ári, t.d. vegna stofnunar eða slita hjúskapar á árinu, slita á samvistum eða andláts maka. Í 3. mgr. 64. gr.

laganna er sérregla um skiptingu barnabóta í slíkum tilvikum. Ákvæði fyrri málsliðar 3. mgr. 64. gr. er svohljóðandi, sbr. 4. gr. laga nr. 92/1987:

„Barnabætur skv. 69. gr. A skulu skiptast milli þeirra aðila sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar og miðast við tímabil framfærsluskyldu.“

Um skýringu á ofangreindu ákvæði 3. mgr. 64. gr. laga nr. 75/1981 liggja fyrir nokkrir úrskurðir ríkisskattanevndar, sem birtir hafa verið. Má í því sambandi benda á úrskurð nr. 175 frá árinu 1983, sem birtur er á bls. 88–89 í úrskurðasafni ríkisskattanevndar fyrir árin 1983, 1984 og 1985, sem út kom árið 1986. Í máli þessu var fjallað um ákvörðun barnabóta til aðila sem gengið hafði í hjúskap hinn 18. desember 1981. Í forsendum úrskurðar ríkisskattanevndar segir m.a. svo, sbr. bls. 89 í úrskurðasafninu:

„Eigi ræðst það af uppgjörsaðferðum 1. mgr. 64. gr. laga nr. 75/1981 hversu barnabótum samkvæmt 69. gr. laganna skuli skipt, þegar þær breytingar verða á sifjaréttarlegri stöðu, sem um getur í fyrrnefndu lagagreininni, en samkvæmt henni skal miðað við tímabil framfærsluskyldu. Kærandi var framfærsluskyld til giftingardags þann 18. desember 1981 vegna barns þess, sem í málinu greinir, sem eigi var barn eiginmanns, og verður eigi séð að til framfærsluskyldu eiginmanns hafi komið, fyrr en þá. Eigi verður séð, að þau skilyrði hafi verið uppfyllt, sem greinir í 3. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981, þannig að barnabótum verði skipt frá og með fyrra tímamarki en giftingardegi, sbr. 5. mgr. 69. gr. sömu laga. Bera kæranda því barnabætur með téðu barni að öllu leyti til giftingardags. Þá þykir bera að ákvarða kæranda barnabætur fyrir þetta tímabil sem einstæðu foreldri, sbr. 1. mgr. 69. gr. laganna, enda er ekkert fyrirbyggjandi um að um aðrar aðstæður hafi verið að ræða fyrir það tímamark. Barnabætur frá giftingardegi og til ársloka 1981 skiptast til helminga milli kæranda og eiginmanns, sbr. 5. mgr. 69. gr. og fjárhæð ákveðst eftir reglum 2. ml. 1. mgr. greinar þessarar.“

Auk ofangreinds úrskurðar má hér benda á úrskurð ríkisskattanevndar nr. 163 frá árinu 1981, sem birtur er á bls. 58–60 í úrskurðasafni nefndarinnar fyrir árin 1981 og 1982, sem út kom árið 1984, en sá úrskurður varðaði hliðstætt ákvæði í eldri lögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 40/1978.

Í leiðbeiningum ríkisskattstjóra með skattframtali einstaklinga árið 1999 (eyðublað RSK 8.01) er m.a. fjallað um útreikning barnabóta á bls. 39. Um ákvörðun barnabóta kemur eftirfarandi fram í leiðbeiningunum:

„Við ákvörðun barnabóta 1999 er miðað við fjölskyldustöðu eins og hún er í Þjóðskrá 31. desember 1998 en breytingar sem hafa átt sér stað innan ársins 1998 hafa ekki áhrif. Þannig fær sá sem hefur barnið hjá sér í árslok 1998 barnabæturnar og skiptir þá ekki máli hvort barnið hafi verið á framfæri hans allt árið eða hluta úr ári.“

Eins og rakið er í kafla II í álitinu þessu óskaði ég eftir því við ríkisskattstjóra með bréfi, dags. 6. júlí 1999, í tilefni af sambærilegum leiðbeiningum og að framan greinir á vefsíðu ríkisskattstjóraembættisins (www.rsk.is), að ríkisskattstjóri gerði grein fyrir því hvort sú regla um skiptingu barnabóta vegna breytinga á sifjaréttarlegri stöðu, sem fram kemur í áðurgreindum úrskurðum ríkisskattanevndar frá árunum 1981 og 1983, væri nú ekki talin gilda. Tók ég fram að væri það skoðun ríkisskattstjóra að umrædd regla heyrði sögunni til vegna lagabreytinga eða af öðrum ástæðum óskaði ég eftir rökstuðningi ríkisskattstjóra fyrir þeirri afstöðu, m.a. með tilliti til ákvæðis 3. mgr. 64. gr. laga nr. 75/1981 sem áður er getið og liggur niðurstöðu ríkisskattanevndar í áðurgreindum úrskurðum til grundvallar. Í

svarbréfi ríkisskattstjóra til mín, dags. 27. janúar 2000, er lýst þeirri skoðun ríkisskattstjóra að eftir breytingar á reglum um barnabætur með lögum nr. 65/1997, um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, hafi margnefndir ríkisskattanefndarúrskurðir ekki lengur fordæmisgildi við túlkun þeirra reglna. Telur ríkisskattstjóri að ákvæði 3. mgr. 64. gr. laga nr. 75/1981 og ákvæði núgildandi A-liðar 69. gr. sömu laga séu ósamrýmanleg í þeim tilvikum þegar skilyrði skattlagningar samkvæmt 63. gr. laganna eru aðeins uppfyllt hluta úr ári, svo sem nánar er rökstutt í bréfi ríkisskattstjóra til mín. Þá kemur fram í bréfi ríkisskattstjóra að við setningu umræddra laga nr. 65/1997 hafi láðst að breyta 3. mgr. 64. gr. laga nr. 75/1981 til samræmis við þær breytingar sem að öðru leyti voru gerðar á barnabótaákvæðum hinna síðarnefndu laga með lögum nr. 65/1997. Þá segir svo í niðurlagi bréfs ríkisskattstjóra:

„Hér að framan hafa verið raktar forsendurnar fyrir gildandi framkvæmd. Það má segja að skattyfirvöld líti svo á að ákvæði 3. mgr. 64. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eigi ekki lengur við, þar sem það sé ekki sámpýðanlegt ákvæði núgildandi [. . .] A-liðar 69. gr. laganna. Mun ríkisskattstjóri benda fjármálaráðuneytinu á þetta og fara þess á leit að hlutast verði til um lagabreytingar að þessu leyti.“

Hinn 16. nóvember sl. lagði fjármálaráðherra fram á Alþingi á þingskjali 292 frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, sbr. 264. mál á 126. löggjafarþingi 2000–2001. Í 8. gr. þessa frumvarps er gerð tillaga um að fella brott 3. mgr. 64. gr. laga nr. 75/1981. Í athugasemdum við 8. gr. frumvarpsins segir eftirfarandi:

„Hér er lagt til að ákvæði 3. mgr. 64. gr. laganna verði felld brott. Ástæðan er sú að ákvæðið stangast á við 1. mgr. A-liðar 69. gr. laganna um barnabætur.

Með lögum nr. 65/1997, um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, voru barnabætur aflagðar. Jafnframt var heiti barnabótaauka breytt í barnabætur. Við þessar lagabreytingar láðist að fella brott 3. mgr. 64. gr. laganna, sem vísar til barnabóta í því kerfi sem var við lýði fyrir gildistöku laga nr. 65/1997, þ.e. annars vegar ótekjutengdar barnabætur og hins vegar tekju- og eignatengdur barnabótaauki er greiddist þeim sem skráður var framferandi í árslok.“

2.

Tilfni þess að ég ákvað að taka til athugunar að eigin frumkvæði skattframkvæmd er snýr að skiptingu barnabóta milli hjóna, sambýlisfólks og einstaklinga í staðfestri samvist var að fyrirbyggjandi leiðbeiningar á vefsíðu ríkisskattstjóraembættisins báru með sér að annarri reglu væri fylgt um skiptingu barnabóta í þeim tilvikum þegar skilyrði skattlagningar samkvæmt 63. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eru aðeins uppfyllt hluta úr ári en reglu þeirri sem fram kemur í ákvæði 3. mgr. 64. gr. sömu laga. Þar er kveðið á um að barnabótum skuli í slíkum tilvikum skipta milli aðila og miðast við tímabil framfærsluskilyldu. Ríkisskattstjóri hefur nú staðfest að með téðum leiðbeiningum embættisins sé núverandi skattframkvæmd rétt lýst og er afstaða ríkisskattstjóra sú að með lögum nr. 65/1997, um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, þar sem lagareglur um barnabætur voru að öllu verulegu leyti færðar til þess horfs sem áður gildi um svokallaðan barnabótaauka, hafi í reynd verið afnumin sú sérregla um skiptingu barnabóta sem fram kemur í 3. mgr. 64. gr. laga nr. 75/1981. Aftur á móti hafi láðst að fella síðastnefnt ákvæði brott til samræmis við þær breytingar sem gerðar voru að öðru leyti á barnabótareglunum með nefndum lögum nr. 65/1997. Fyrir Alþingi liggur nú

frumvarp fjármálaráðherra til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, þar sem lagt er til að ákvæði 3. mgr. 64. gr. laganna verði fellt brott og er vísað til þess í athugasemdum með frumvarpinu að við setningu laga nr. 65/1997 hafi láðst að fella ákvæðið niður.

Samkvæmt framansögðu mun löggjafinn fyrirsjáanlega taka afstöðu til þess innan tíðar hvort fella beri brott úr lögum þá sérreglu um skiptingu barnabóta milli hjóna, sambýlisfólks og einstaklinga í staðfestri samvist sem greinir í 3. mgr. 64. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og þar með hvernig lagareglum um skiptingu barnabóta verður háttað þegar breyting verður á hjúskapar- eða sambúðarháttum framfærenda innan þess árs sem barnabætur eru greiddar vegna. Er og ljóst að afdrif umræddrar lagabreytingartillögu fyrir Alþingi kunna að öðru leyti að hafa þýðingu við úrlausn á því lögfræðilega álítaefni hvort núverandi skattframkvæmd um þetta efni verður að óbreyttu talin standast lög. Af þessum sökum tel ég að svo stöddu ekki rétt að fjalla frekar um framangreint álítaefni né þá afstöðu ríkisskattstjóra til þess sem fyrr greinir. Þar sem sú afstaða felur á hinn bóginn í sér að ósamræmi sé í skráðum lögum um þetta efni vegna mistaka við laga-setningu er þó ástæða til að taka fram að brýnt er að slíku ósamræmi sé eytt og þar með þeirri réttaróvissu sem það óhjákvæmilega hefur í för með sér. Á það sérstaklega við þegar um er að ræða lagareglur á borð við þær sem hér um ræðir, þ.e. reglur um barnabætur sem taka með almennum hætti til mikils fjölda manna. Tel ég ástæðu til að vekja athygli Alþingis á því áliti mínu, sbr. 11. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis.

IV.

Niðurstaða.

Í samræmi við framanritað tel ég brýnt að því ósamræmi í lögum, sem lýst er í bréfi ríkisskattstjóra til mín frá 27. janúar 2000 og varðar barnabótareglur laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, verði eytt. Er athygli Alþingis vakin á því áliti mínu, sbr. 11. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Að öðru leyti tel ég að svo stöddu ekki tilefni til efnislegrar umfjöllunar af minni hálfu um hvort skattframkvæmd er snýr að skiptingu barnabóta milli hjóna, sambýlisfólks og einstaklinga í staðfestri samvist sé í samræmi við gildandi lög um það efni.

V.

Með 10. gr. laga nr. 149/2000, um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum var 3. mgr. 64. gr. laganna felld brott.

15.9.

Lækkun eða niðurfelling fasteignaskatts hjá tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum. Jafnræðisregla. (Mál nr. 2812/1999)

A kvartaði yfir úrskurði félagsmálaráðuneytisins vegna ákvörðunar bæjarstjórnar Gardabæjar um að synja honum um lækkun álagðs fasteignaskatts sbr. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga. Taldi A að bæjarstjórninni hefði verið óheimilt að líta til fjármagnstekna hans, þ.e. arðs af hlutabréfum og vaxtatekna af bankainnstæðum, við afgreiðslu á erindinu.

Í bréfi umboðsmanns til A, dags. 14. júní 2000, rakti umboðsmaður 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um lækkun eða niðurfellingu fasteignaskatts tekjulítilla elli- og örorkulífeyrisþega sem og eldri ákvæði sama efnis ásamt lögskýringargögnum. Þá rakti hann 3. og 4. mgr. 67. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög

nr. 97/1996, ásamt lögskýringargögnum, en með breytingunni var tekin upp samræmd skattlagning fjármagnstekna. Í 4. mgr. kemur fram að fjármagnstekjurnar skulu ekki taldar til tekjuskattsstofns til viðmiðunar við útreikning bóta eða annarra greiðslna samkvæmt lögum um almannatryggingar, lögum um húsaleigubætur eða öðrum lögum. Með hliðsjón af framangreindu taldi umboðsmaður að samkvæmt núgildandi ákvæði um lækkun eða niðurfellingu fasteignaskatts bæri sveitarfélagi að miða við tekjur viðkomandi og að enginn fyrirvari væri gerður um eðli eða tegund tekna í því sambandi. Taldi hann það hvorki samrýmast orðalagi ákvæðisins né markmiði þess að óheimilt væri að líta til fjármagnstekna viðkomandi svo sem vaxtatekna af bankainnstæðum og arðs af hlutabréfum. Þá tók umboðsmaður fram að ákvæði 4. mgr. 67. gr. laga nr. 75/1981 væri samkvæmt orðalagi sínu bundið við tekjuskattsstofn og ætti því einungis við þegar bætur eða greiðslur tækju mið af tekjuskattsstofni eða reglum laga nr. 75/1981 um tekjur að öðru leyti. Benti hann á að ívilnun í fasteignaskatti samkvæmt heimild 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 væri reist á tekjuviðmiðun sem út af fyrir sig væri óháð reglum um tekjur og tekjuskattsstofn í lögum nr. 75/1981. Tók hann fram að nokkur vafi léki á því að unnt væri að líta á slíka ívilnun í fasteignaskatti samkvæmt umræddu ákvæði sem „bætur eða aðrar greiðslur“ í skilningi 4. mgr. 67. gr. laga nr. 75/1981. Þá hefði eftir því sem upplýst væri um framkvæmd Garðabæjar á umræddri ívilunarheimild ekki verið byggt á tekjuskattsstofni lífeyrisþega við mat á því hvort viðkomandi gæti talist tekjulítill í skilningi hennar. Hefði þannig ekki verið tekið tillit til tilgreindra frádráttarliða sem koma til frádráttar tekjuskattsstofni samkvæmt ákvæðum laga nr. 75/1981. Þá benti umboðsmaður á að vextir teldust til skattskyldra tekna og bæri einstaklingum að telja fram vaxtatekjur sínar á skattframtali, sbr. 91. gr. laga nr. 75/1981. Hafði upptaka fjármagnstekjuskatts á árinu 1996 út af fyrir sig ekki í för með sér neinar breytingar í þeim efnunum. Með vísan til framangreinds taldi umboðsmaður ekki unnt að fullyrða að bæjarstjórn Garðabæjar hefði verið óheimilt við afgreiðslu á umsókn A um lækkun fasteignaskatts að líta til fjármagnstekna hans. Yrði ákvæði 4. mgr. 67. gr. laga nr. 75/1981 ekki talið eiga við þegar um væri að ræða veitingu ívilunar í fasteignaskatti á grundvelli ákvæðis tekjustofnalaga.

Í tilefni að því að A kvaðst ekki vita til þess að önnur sveitarfélög höguðu viðmiðunarreglum sínum um lækkun fasteignaskatts elli- og örorkulífeyrisþega á þann hátt sem tíðkað væri af bæjarstjórn Garðabæjar benti umboðsmaður á að samkvæmt 78. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 ráði sveitarfélög sjálf málefnum sínum eftir því sem lög ákveða. Skulu tekjustofnar sveitarfélaga ákveðnir með lögum svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir. Með 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 er sveitarfélögum veitt heimild til að lækka eða fella niður fasteignaskatt tekjulítilla elli- og örorkulífeyrisþega. Benti umboðsmaður á að af reglunni um sjálfsstjórn sveitarfélaga leiddi að það væri undir einstökum sveitarfélögum komið hvort þau nýttu umrædda heimild og þá hvernig hún væri útfærð með þeim fyrirvara að hún væri innan ramma lagaákvæðisins og byggð á málefnalegum og lögmætum sjónarmiðum. Mismunandi framkvæmd einstakra sveitarfélaga fæli þannig ekki í sér brot á jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga heldur væri það samræmd beiting hennar gagnvart íbúum viðkomandi sveitarfélags sem máli skipti.

Niðurstaða umboðsmanns varð því sú að ekki væri tilefni til athugasemda við niðurstöðu bæjarstjórnar Garðabæjar og félagsmálaráðuneytisins í máli A.

16.0. Skip.

16.1.

Breyting á skráningu vélarafls. Stjórnvaldsfyrirmæli. (Mál nr. 2530/1998)

Vélstjórafélag Íslands kvartaði yfir úrskurði samgönguráðuneytisins þar sem staðfest var ákvörðun Siglingastofnunar Íslands um að breyta skráningu á afli aðalvélar fiskiskipsins A. Beindist kvörtun Vélstjórafélags Íslands að því hvort sú ákvörðun Siglingastofnunar Íslands að breyta skráðu vélarafli fiskiskipsins A, á grundvelli þess að afl aðalvélar skipsins hefði verið fært niður með því að setja hólk á inngjafarstöng vélarinnar og sjóða hann fastan við stöngina, hefði samrýmst ákvæðum reglugerðar nr. 143/1984, um skráningu á afli aðalvéla íslenskra skipa.

Umboðsmaður rakti ákvæði 2. gr. reglugerðar nr. 143/1984 um það hvernig skrá skuli afl aðalvéla skipa. Taldi hann að skýra bæri 2. mgr., sem takmarkar heimild siglingastofnunar til að breyta skráningu á vélarafli, í samræmi við orðalag þess, þ.e. að hvers konar takmörkun eða skerðing á olúgjöfinni hafi ekki áhrif á skráningu vélarafls. Benti umboðsmaður á að þetta þýddi að við breytingu á vélarafli með þeirri aðferð að setja hólk á inngjafarstöng vélarinnar og sjóða hann fastan skuli við skráningu vélarafls samkvæmt reglugerð nr. 143/1984 áfram miða við mesta stöðuga álag sem framleiðandi hefur gefið upp fyrir umrædda vélargerð og árgerð eða eftir atvikum niðurstöður um reynslukeyrslu þrátt fyrir umrædda breytingu. Benti umboðsmaður á að ráðherra hefði með setningu reglugerðar nr. 143/1984 ákveðið með skýrum hætti að breytingar á afli vélar með takmörkun olúgjafar ættu ekki að hafa áhrif á skráningu vélarafls íslenskra skipa. Ennfremur taldi umboðsmaður að þær breytingar á búnaði á vél sem hafa áhrif á afl hennar og leitt geta til þess að skráðu vélarafli verði breytt þurfi að fela í sér annað en breytingu á afli vélar með takmörkun olúgjafar. Þá benti umboðsmaður á að enga heimild hefði verið að finna í reglugerðinni til handa siglingastofnun til að veita undanþágu frá skilyrðum reglugerðarinnar og því hefði siglingastofnun ekki verið heimilt að víkja frá ákvæðum hennar.

Niðurstaða umboðsmanns varð því sú að umrædd breyting siglingastofnunar á skráningu vélarafls fiskiskipsins A hefði ekki verið í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 143/1984. Beindi umboðsmaður þeim tilmælum til samgönguráðuneytisins að ráðuneytið tæki úrskurð sinn til endurskoðunar, kæmi fram ósk um það frá vélstjórafélaginu, og tæki þá mið af þeim sjónarmiðum sem fram kæmu í álitinu.

Með bréfi til samgönguráðuneytisins, dags. 23. janúar 2001, óskaði ég eftir upplýsingum um hvort Vélstjórafélag Íslands hefði leitað til ráðuneytisins á ný og þá hvort einhverjar ákvarðanir hefðu verið teknar af því tilefni. Í svari ráðuneytisins, dags. 15. febrúar 2001, segir meðal annars svo:

„Með bréfi dags. 10. maí 2000 frá Vélstjórafélagi Íslands var óskað eftir því að ráðuneytið endurskoðaði úrskurð sinn frá 6. júlí 1998 í samræmi við álit Umboðsmanns Alþingis. Í framhaldi af bréfinu áttu sér stað bréfaskipti milli ráðuneytisins og Siglingastofnunar Íslands. Ákveðið var að taka reglugerðina til heildarendurskoðunar og fól ráðuneytið Siglingastofnun Íslands að gera drög að nýrri reglugerð um þetta efni. Þau drög hafa verið rædd á fundum Siglingaráðs og eru nú til umfjöllunar innan ráðuneytisins. Engar ákvarðanir hafa verið teknar hvenær reglugerðin verður sett eða

hvort þeim drögum sem nú liggja fyrir verði á einhvern hátt breytt. Siglingastofnun Íslands hefur ákveðið að á meðan ný reglugerð er til umfjöllunar í ráðuneytinu verði ekki heimiluð breyting á skráðu afli aðalvéla skipa.“

17.0. Skólar.

17.1.

**Stjórnsýslukæra. Eftirlitshlutverk ráðuneytis.
Lögmatisreglan. Málshraði. Birting ákvörðunar.
(Mál nr. 2675/1999)**

A kvartaði yfir úrskurði menntamálaráðuneytisins þar sem staðfest var munnleg ákvörðun skólameistara Framhaldsskólans X um að meina henni að halda áfram námi á sjúkraliðabraut skólans. Hafði skólameistari vikið A af námsbrautinni þar sem hún hafði að hans mati ekki uppfyllt þær kröfur sem gerðar eru á sjúkraliðabraut skólans.

Umboðsmaður rakti ákvæði 27. og 28. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 um stjórnsýslukæru. Með vísan til 2. mgr. 28. gr. taldi hann að menntamálaráðuneytinu hefði borið að vísa stjórnsýslukæru A frá ráðuneytinu þar sem ekki yrði annað séð en að um eitt og hálf t. ár hefði liðið frá því að ákvörðun skólameistara var tilkynnt A og þar til hún kærði ákvörðunina til ráðuneytisins. Þá vék umboðsmaður að almennum eftirlitsheimildum ráðuneytis gagnvart sér lægra settum stjórnvöldum og úrræðum sem því kann að vera heimilt að beita í kjölfar athugana er byggðust á slíkum heimildum. Taldi umboðsmaður að þótt ráðuneytinu hefði ekki verið unnt að taka erindi A til umfjöllunar sem stjórnsýslukæru samkvæmt stjórnsýslulögum hefði því ekki verið óheimilt að taka málið til skoðunar í ljósi þessara heimilda ráðuneytisins. Takmarkaðist umfjöllun umboðsmanns fyrst og fremst við það hvort ráðuneytinu hefði verið rétt að beita einhverjum þessara úrræða.

Umboðsmaður rakti ákvæði laga nr. 57/1988, um framhaldsskóla, og reglugerðar nr. 105/1990, um framhaldsskóla, um námsskrá og hlutverk skólameistara og þau ákvæði í námsskrá handa framhaldsskólum, sem gefin var út af menntamálaráðuneytinu í júní 1990, er vörðudu nám á sjúkraliðabraut og námsmat. Benti umboðsmaður á að valdheimildir skólameistara væru markaðar í 9. gr. laga nr. 57/1988 og 22. gr. reglugerðar nr. 105/1990. Í þessum ákvæðum væri ekki kveðið á um heimild skólameistara til að koma að námsmati nemenda skólans en samkvæmt 61. gr. framangreindrar reglugerðar hvílir meginábyrgð á námsmati á hlutaðeigandi skóla. Með hliðsjón af lögmatisreglu stjórnsýsluréttar taldi umboðsmaður að skólameistari hefði ekki haft heimild til að meta námsgetu einstakra nemenda út frá þeim námsmarkmiðum sem sett eru í námsskrá. Þá taldi umboðsmaður að þar sem skólayfirvöld höfðu ekki gert reka að því að setja skýrar reglur um námsmat í verklegu námi á sjúkraliðabraut hefði skólameistara ekki verið heimilt að byggja á því í ákvörðun sinni að A hefði hlotið neikvæða umsögn í starfsþjálfun sinni á Sjúkrahúsi Y.

Niðurstaða umboðsmanns varð því sú að skólameistara Framhaldsskólans X hefði ekki verið heimilt að meina A að halda áfram námi sínu á sjúkraliðabraut skólans. Taldi umboðsmaður að ráðuneytinu hefði borið að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hin ólögmeta ákvörðun skólameistara yrði felld úr gildi. Þá taldi umboðsmaður rétt að ráðuneytið hlutaðist til um að framhaldsskólinn setti reglur um námsmat í verklega hluta sjúkraliðanámsins. Að lokum var það niðurstaða umboðsmanns að afgreiðsla menntamálaráðuneytisins hefði farið í bága við hina almennu málshraðareglu sem fram kemur í 9. gr. stjórnsýslulaga þar sem það tók menntamálaráðuneytið hátt í tvö ár frá því að öll gögn lágu fyrir að afgreiða erindi A. Auk þessa taldi umboðsmaður að þar sem um íþyngjandi ákvörðun var að ræða hefði skólameistara borið, með hliðsjón af 20. gr. stjórnsýslulaga um birtingu ákvörðunar og leiðbeiningar í tengslum við hana, að tilkynna A ákvörðunina skriflega með leiðbeiningum um

kæruheimild og eftir atvikum um rétt hennar til að fá ákvörðunina rökstudda. Beindi umboðsmaður þeim tilmælum til menntamálaráðuneytisins að það tæki mál A til skoðunar að nýju, kæmi fram ósk um það frá henni, og leitaðist þá við að rétta hlut hennar.

Með bréfi til menntamálaráðuneytisins, dags. 1. febrúar 2001, óskaði ég eftir upplýsingum um hvort A hefði leitað til ráðuneytisins á ný og þá hvort einhverjar ákvarðanir hefðu verið teknar af því tilefni. Með svarbréfi ráðuneytisins, dags. 7. febrúar 2001, fylgdi m.a. afrit af bréfi ráðuneytisins til Framhaldsskólans X, dags. sama dag. Í því bréfi segir meðal annars svo:

„[. . .] beinir menntamálaráðuneytið þeim tilmælum til yðar sem skólameistara Framhaldsskólans [X] að endurupptaka fyrri ákvörðun um að meina [A] að halda áfram námi á sjúkraliðabraut skólans og taka mál hennar til nýrrar meðferðar í ljósi niðurstöðu umboðsmanns alþingis og þeirra forsendna sem hún byggist á [. . .].

Umboðsmaður alþingis telur í álitinu sínu rétt að menntamálaráðuneytið hlutist til um að settar verði reglur um námsmat í hinum verklega hluta sjúkraliðanámsins. Námskrárdeild menntamálaráðuneytisins hefur þann þátt málsins til sérstakrar skoðunar.“

Í framhaldi af framangreindu bréfi ráðuneytisins barst mér afrit af bréfi Framhaldsskólans X, dags. 21. febrúar 2001, til A. Í bréfinu segir meðal annars:

„Í samræmi við [álit umboðsmanns] og með vísan til skýrra fyrirmæla ráðuneytis menntamála um að leitast verði við að rétta hlut þinn legg ég til að komið verði á fundi sem fyrst með þér og/eða umboðsmanni þínum og skólayfirvöldum til að ræða mögulegar leiðir til þess. Ég bið þig um að hafa samband við mig til að finna tíma sem hentar fyrir slíkan fund.“

18.0. Starfssvið umboðsmanns Alþingis og skilyrði til þess að umboðsmaður fjalli um kvörtun.

18.1.

Háskólar. Þjónustusamningur. (Mál nr. 2830/1999)

A kvartaði yfir ráðningu í starf deildarforseta myndlistardeildar Listaháskóla Íslands. Í bréfi umboðsmanns til A, dags. 29. febrúar 2000, voru ákvæði 1. og 2. mgr. 3. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, rakin. Samkvæmt framangreindum ákvæðum getur starfssvið umboðsmanns aðeins náð til einkaaðila að því leyti sem þeim hefur að lögum verið fengið opinbert vald til að taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Í bréfinu kom fram að þótt starfssvið umboðsmanns kynni að ná til einkaaðila samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 85/1997 við þá starfsemi sem teldist til meðferðar á opinberu valdi þá þyrfti það ekki að leiða til þess að ákvarðanir slíkra einkaaðila um veitingu starfa fæli í sér meðferð á opinberu valdi. Því þyrfti að taka sérstaklega til athugunar hvort Listaháskóli Íslands væri stjórnvald þannig að ákvörðun um veitingu starfs hjá skólanum teldist til opinberrar stjórnarsýslu í skilningi 1. mgr. 3. gr. laga nr. 85/1997.

Benti umboðsmaður á að Listaháskóli Íslands væri sérstök sjálfseignarstofnun sem fengið hefði starfsleyfi til að veita æðri menntun. Var henni komið á fót með sérstakri skipulagsskrá. Í bréfi umboðsmanns kom fram að almennt teldust sjálfseignarstofnanir, sem komið væri á fót með sérstökum einkaréttarlegum gerningi, ekki vera stjórnvöld á vegum ríkis eða sveitarfélaga í skilningi 1. mgr. 3. gr. laga nr. 85/1997. Á þessu kynnu að vera þröngar undantekningar og einnig að stofnunum kynni að vera falið að fara með opinbert vald til að taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna.

Umboðsmaður dró þá ályktun af gögnum málsins að Listaháskóli Íslands væri að miklu leyti fjármagnaður með framlögum frá ríkinu á grundvelli sérstaks þjónustusamnings. Ákveðnar opinberar réttarreglur gilda um starfsemi skólans og hefur menntamálaráðherra eftirlit með þeirri þjónustu er skólinn veitti á grundvelli laga nr. 136/1997, um háskóla, og framangreinds þjónustusamnings. Þrátt fyrir þetta var það niðurstaða umboðsmanns að við málsmeðferð og ákvörðun Listaháskóla Íslands við ráðningu í starf deildarforseta myndlistardeildar skólans hafi rektor og aðrir sem að þeirri ráðningu komu af hálfu skólans ekki farið með málið sem stjórnvald. Byggðist þessi niðurstaða fyrst og fremst á því að skólanum var komið á fót með einkaréttarlegum gerningi, meðal annars með atbeina almenns félags. Af lögum nr. 136/1997 mátti ráða að stefnt hefði verið að því að auðvelda einkaaðilum að starfrækja menntastofnanir er veittu æðri menntun. Eftirlit menntamálaráðuneytisins gagnvart skólanum byggðist á þeim almennu valdheimildum er ráðuneytinu væru fengnar til að hafa eftirlit með gæðum allrar háskólakennslu hvort sem hún væri veitt af einkaaðilum eða opinberum stofnunum. Menntamálaráðuneytið hefði ekki afgerandi áhrif á yfirstjórn eða daglegan rekstur skólans þar sem meirihluti stjórnar hans væri kjörinn á aðalfundi félags um Listaháskóla Íslands. Þá kom fram í bréfi umboðsmanns að ekki yrði talið að heimild skólans til að ráða til sín starfsmenn fæli í sér opinbert vald til töku ákvörðunar um réttindi og skyldur manna. Það varð því niðurstaða umboðsmanns að ráðning deildarstjóra myndlistardeildar Listaháskóla Íslands félli ekki undir starfssvið hans samkvæmt 3. gr. laga nr. 85/1997.

18.2. Málskot til æðra stjórnvalds. Ákvörðun framhaldsskóla um brottvísun fanga úr námi verður borin undir menntamálaráðherra.
(Mál nr. 3101/2000)

A, sem var fangi á Litla-Hrauni, kvartaði yfir ákvörðun Fjölbrotaskólans á Suðurlandi að reglubundinni skólavist hans væri lokið á þeirri önn. Ástæða ákvörðunarinnar var niðurstaða úr fíkniefnamælingu á vegum fangelsisins. Í bréfi skólans til A sagði að samkvæmt þeirri niðurstöðu hefði hann gerst brotlegur við skólareglur sem hann hefði „ritað undir“ við upphaf skólagöngunnar. Umboðsmaður tók fram í bréfi sínu til A, dags. 17. nóvember 2000, að það hefði ekki verið ákvörðun yfirvalda fangelsismála að meina honum að sækja nám utan fangelsisins í kjölfar niðurstöðu fíkniefnamælingarinnar. Lyti álitafnið í málinu að því hvort framhaldsskólum væri heimilt á grundvelli laga nr. 80/1996, um framhaldsskóla, og stjórnvaldsfyrirmæla sem sett hefðu verið á grundvelli þeirra laga, að gera kröfu um að nemandi, er aflánaði refsingu í fangelsi, væri almennt óheimilt að neyta vímuefna og að brot á þeim reglum varðaði brottvikningu úr skóla. Væri honum unnt að bera það álitafni og lögmæti brottvikningar hans undir menntamálaráðuneytið. Með vísan til 3. mgr. 6. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, taldi umboðsmaður því ekki skilyrði fyrir því að hann fjallaði frekar um málið að svo stöddu.

18.3. Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.
(Mál nr. 3107/2000)

A kvartaði yfir afgreiðslu úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Í bréfi sínu til A, dags. 22. desember 2000, benti umboðsmaður á að úrskurðarnefnd í váttryggingamálum starfi á grundvelli sérstaks samkomulags viðskiptaráðuneytisins, sem ráðuneytis váttrygginga- og neytendamála, Neytendasamtakanna og Sambands íslenskra tryggingafélaga. Væri ekki kveðið á um hana í lögum. Tók umboðsmaður fram að samningurinn væri í engu grundvallaður á því að ríkinu væri skylt lögum samkvæmt að koma að úrlausn ágreinings af því tagi sem samningurinn tæki til. Þá væri kostnaður af starfi nefndarinnar að meginstefnu til greiddur af tryggingafélögunum. Loks bæri að hafa í huga að skipun tveggja af þremur nefndarmönnum væri í höndum Neytendasamtakanna annars vegar og Sambands íslenskra tryggingafélaga hins vegar. Að þessu virtu var það niðurstaða umboðsmanns að starfsemi úrskurðarnefndarinnar gæti ekki talist til stjórnýslu ríkis eða sveitarfélaga í skilningi 3. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis.

Varðandi það hvort úrskurðarnefndin tæki sem einkaaðili ákvarðanir um rétt eða skyldu manna í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnýslulaga nr. 37/1993, benti umboðsmaður á að úrskurðir nefndarinnar væru ekki bindandi fyrir neytendur eins og þegar um stjórnvaldsákvarðanir væri að ræða. Væru þeir aðeins bindandi fyrir hlutadeigandi váttryggingafélag hefði það ekki tilkynnt neytanda og nefndinni sannanlega innan tveggja vikna frá því að það fékk úrskurð í hendur að það myndi ekki hlíta honum. Taldi umboðsmaður að af þessari aðstöðu leiddi að ekki væri unnt að líta svo á að úrskurðarnefnd í váttryggingamálum tæki ákvörðun um rétt eða skyldu manna í skilningi 3. gr. laga nr. 85/1997.

Niðurstaða umboðsmanns varð því sú að starfssvið umboðsmanns Alþingis eins og því er markað í lögum nr. 85/1997 tæki ekki til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum.

19.0. Stjórn fiskveiða.

19.1.

Svipting veiðileyfis. Stjórnarskrá. Mannréttindasáttmáli Evrópu. (Mál nr. 2519/1998)

A kvartaði yfir úrskurði sjávarútvegsráðuneytisins þar sem staðfest var ákvörðun Fiskistofu um að svipta skip í eigu A veiðileyfi í þrjár vikur vegna brota á lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

Því var aðallega haldið fram af hálfu A að ákvæði laga nr. 57/1996, að því leyti sem þau heimiluðu Fiskistofu að svipta skip veiðileyfi vegna brota á lögnum, stæðust ekki 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu enda væri sú ráðstöfun í eðli sínu refsing. Hefðu því dómstólar einir vald til að kveða upp úr um skilyrði slíkrar ráðstöfunar.

Í bréfi sínu til A, dags. 27. október 2000, rakti umboðsmaður ákvæði laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, og tók fram að það væri almennt ekki á verksviði hans að taka afstöðu til þess hvernig til hefði tekist með löggjöf sem Alþingi hefði sett. Vék hann þó að fyrirmælum 11. gr. laganna í þessu sambandi en tók fram að lögin gerðu ekki ráð fyrir að kvörtun yrði borin fram við umboðsmann á grundvelli ákvæðisins. Hefði hann þó sérstaklega í þeim tilvikum þegar kvörtun beindist að fyrirkomulagi stjórnsýslunnar og álitamálum um réttaröryggi borgaranna í samskiptum við hana kynnt sér efni fyrirbyggjandi kvörtunar til að meta hvort tilefni væri til að taka efni hennar upp að eigin frumkvæði samkvæmt 5. gr. laga nr. 85/1997.

Umboðsmaður lýsti atvikum að baki kvörtunar A og rakti ákvæði laga nr. 57/1996. Tók hann fram að af orðalagi 15. gr. laganna og samanburðarskýringu þess við önnur ákvæði þeirra, einkum 23. og 24. gr., væri ljóst að löggjafinn hefði ekki gert ráð fyrir því að svipting veiðileyfis yrði talin refsing í merkingu 31. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá vék umboðsmaður að þeim eðlismun sem væri á sviptingu opinberra leyfa til að stunda tiltekna atvinnustarfsemi og refsingum eins og fjársektum og fangelsi. Benti hann á að enda þótt svipting opinberra leyfa gæti haft íþyngjandi áhrif á stöðu og jafnvel fjárhagslega afkomu leyfishafa hefði ekki verið á því byggt í íslenskri réttarframkvæmd að slík ráðstöfun ein og sér gæti talist refsing í merkingu 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Þá yrði ekki heldur séð af dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu að svipting opinberra leyfa af hálfu stjórnvalda hefði verið talin refsing í merkingu 1. máls. 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Lagði umboðsmaður í þessu sambandi áherslu á að ákvarðanir stjórnvalda um sviptingu veiðileyfa yrðu bornar undir dómstóla, sbr. upphafsmálslið 20. gr. laga nr. 57/1996.

Það var niðurstaða umboðsmanns að kvörtun A gæfi ekki tilefni til þess að hann nýtti heimild 11. gr. laga nr. 85/1997. Þá gæfi hún að öðru leyti ekki tilefni til þess að hann gerði athugasemdir við úrskurð sjávarútvegsráðuneytisins í málinu.

19.2.

Svipting veiðileyfis. Rannsóknarreglan. Hæfi. Stjórnsýslukæra. Form og efni úrskurða. (Mál nr. 2778/1999)

A kvartaði yfir úrskurði sjávarútvegsráðuneytisins þar sem staðfest var ákvörðun Fiskistofu um að svipta skip í eigu A veiðileyfi í þrjár vikur vegna brota á lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. Taldi A meðal annars að Fiskistofa og

sjávarútvegsráðuneytið hefðu ekki sinnt rannsóknarskyldu stjórnvalda, sbr. 10. gr. stjórn-sýslulaga nr. 37/1993.

Umboðsmaður rakti skyldur stjórnvalda samkvæmt 10. gr. stjórn-sýslulaga. Tók hann fram að í gögnum sem lögð höfðu verið fyrir hann kæmi fram að lögmaður A hefði sent lögregluskýrslur málsins með stjórn-sýslukæru A til sjávarútvegsráðuneytisins. Ekki hefði hins vegar verið vikið einu orði að efni nefndra skýrslna og þýðingu þeirra við úrlausn málsins í afgreiðslu ráðuneytisins. Með hliðsjón af efni lögregluskýrslnanna og annarra atvika málsins taldi umboðsmaður að sjávarútvegsráðuneytið hefði ekki gert fullnægjandi reka að því að rannsaka atvik, upplýsingar og gögn sem lágu fyrir og höfðu verulega þýðingu fyrir úrlausn málsins áður en það afgreiddi stjórn-sýslukærana. Þar sem ráðuneytið fór ekki heldur þá leið að leggja fyrir Fiskistofu að kanna málið frekar með tilliti til þessara atriða og taka nýja ákvörðun að því loknu var það niðurstaða umboðsmanns að málsmeðferð ráðuneytisins hefði ekki verið í samræmi við 10. gr. stjórn-sýslulaga. Um það hvort Fiskistofa hefði átt að óska sérstaklega eftir afhendingu lögregluskýrslnanna áður en hún tók ákvörðun sína benti umboðsmaður á að Fiskistofu og veiðieftirlitsmönnum væri ekki veitt sjálfstæð heimild í lögum nr. 57/1996 eða lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, til að yfirheyra með formlegum hætti þá aðila sem að máli koma. Sökum þessa yrði ekki litið svo á að Fiskistofa ætti að lögum aðgang að gögnum og upplýsingum frá lögreglu þegar mál væri á rannsóknarstigi.

Í kvörtun sinni taldi A að starfsmaður sjávarútvegsráðuneytisins sem undirbjó og ritaði undir úrskurð þess hefði verið vanhæfur þar sem hann væri bróðir aðstoðarfiskistofustjóra. Umboðsmaður rakti af því tilefni hæfisreglur 3. og 4. gr. stjórn-sýslulaga. Tók hann fram að um Fiskistofu giltu lög nr. 36/1992 en í 3. gr. laganna væri gert ráð fyrir að sjávarútvegsráðherra skyldi með reglugerð setja nánari ákvæði um skipulag og starfsemi Fiskistofu. Slík reglugerð hefði þó ekki verið sett. Taldi umboðsmaður að honum væri þannig ekki fært að fullyrða að stjórn-sýsluleg staða aðstoðarfiskistofustjóra gagnvart þeim starfsmanni Fiskistofu sem tók hina kærðu ákvörðun hefði verið þess eðlis að lagasjónarmið um vanhæfi kæmu til skoðunar í málinu.

Loks vék umboðsmaður að skilyrðum 31. gr. stjórn-sýslulaga um form og efni úrskurða í kærumálum. Tók hann sérstaklega fram að ákvæðið væri fortakslaust og því bæri æðra settum stjórnvöldum ávallt að gera úrskurði sína þannig úr garði að gætt væri að þeim reglum um form og efni sem þar kæmu fram. Taldi umboðsmaður að afgreiðsla sjávarútvegsráðuneytisins hefði ekki uppfyllt þessi skilyrði.

Beindi umboðsmaður þeim tilmælum til sjávarútvegsráðuneytisins að mál A yrði tekið til endurskoðunar, kæmi fram ósk þess efnis frá fyrirsvarsmönnum félagsins, og yrði meðferð þess þá hagað í samræmi við þau sjónarmið sem fram kæmu í álitinu.

20.0. Sveitarfélög.

20.1.

Skyldubundin sameining sveitarfélaga. Álitsumleitan. Rannsóknarreglan. Rökstuðningur. (Mál nr. 2634/1998)

A kvartaði yfir málsmeðferð við skyldubundna sameiningu Skógarstrandarhrepps við Dalabyggð. Umboðsmaður ákvað að takmarka umfjöllun sína við það hvernig þeir kostir sem til greina komu voru kannaðir af nefnd er félagsmálaráðuneytið skipaði samkvæmt 107. gr. þágildandi sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 til að gera tillögu til ráðherra um sameiningu Skógarstrandarhrepps við annað eða önnur sveitarfélög.

Umboðsmaður rakti ákvæði 107. gr. þágildandi sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. nú 89. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 um skyldubundna sameiningu sveitarfélaga. Taldi umboðsmaður að með tillögu sameiningarnefndar samkvæmt 2. mgr. 107. gr. sveitarstjórnarlaga hefði verið lagður grunnur að ákvörðun félagsmálaráðuneytisins um sameiningu. Umboðsmaður fjallaði um óskráðar meginreglur stjórnsýsluréttar um lögbundna álitsumleitan og benti á að lögbundinn álitsgjafi þurfi að gæta þess að nauðsynlegar upplýsingar liggi fyrir til þess að unnt sé að fjalla á málefnalegan hátt um úrlausnarefnið í umsögn eða tillögu. Umboðsmaður taldi hins vegar ekki unnt að taka afstöðu til þess hvort sameiningarnefndina hefði skort upplýsingar um atriði sem nauðsynlegt væri að lægju fyrir þegar tekin var afstaða til þess hvaða tillögu nefndin gerði til ráðuneytisins. Þá komst umboðsmaður að þeirri niðurstöðu að framsetning umræddrar tillögu um sameiningu hefði ekki uppfyllt þær kröfur sem gera verður til rökstuðnings þegar um lögbundna álitsumleitan er að ræða. Þó taldi umboðsmaður að ekki væri um slíkan annmarka að ræða að líkur væru á að hann yrði látinn leiða til ógildingar ákvörðunar um sameiningu Skógarstrandarhrepps við Dalabyggð. Beindi umboðsmaður þeim tilmælum til félagsmálaráðuneytisins að það sæi til þess að nefndir sem skipaðar væru á grundvelli lagareglna um skyldubundna sameiningu sveitarfélaga höguðu framvegis störfum sínum í samræmi við þau sjónarmið sem gerð var grein fyrir í áliti hans.

20.2.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Kaupsamningur um hús á snjóflóðahættusvæði. Lögmætisreglan. Skyldubundið mat. Skráning upplýsinga um málsatvik frá umsagnaraðilum. (Mál nr. 2639/1999 og 2710/1999)

A kvartaði yfir ákvörðun sýslumannsins á Ísafirði um að synja beiðni hennar um leyfi til að dvelja í íbúðarhúsi sínu í Hnífsdal frá 1. nóvember 1998 til 30. apríl 1999. Með annarri kvörtun kvartaði A m.a. yfir því að hún hefði verið boðuð til yfirheyrslu hjá lögreglunni á Ísafirði.

A festi kaup á húseign í Hnífsdal af Ísafjarðarbæ árið 1998. Í kaupsamningnum var tekið fram að fasteignin væri á snjóflóðahættusvæði. Þá kom fram í samningnum að umhverfisráðuneytið hefði að fenginni umsögn Væðurstofu Íslands og skipulagsstjóra fallist á tillögu Ísafjarðarbæjar um að nýta þau hús sem ekki yrðu rifin eða flutt af hættusvæði til sumardvalar með því skilyrði að dvöl í þeim væri óheimil á tímabilinu 1. nóvember til 30. apríl ár hvert. Frávik frá þessu, hvort sem væri til rýmkunar eða þrengingar, skyldu í einstökum tilvikum ákveðin af lögreglustjóra eftir aðstæðum

og í samráði við almannavarnanefnd staðarins og Veðurstofu Íslands. Í nóvember 1998 leitaði A eftir undanþágu frá framangreindu dvalarskilyrði kaupsamningsins hjá sýslumanninum á Ísafirði sem jafnframt er lögreglustjóri umdæmisins. Hafnaði sýslumaður beiðni A og tók fram að ekki væru skilyrði til þess að veita slíka undanþágu. Taldi A að sýslumaðurinn hefði ekki gætt að því að rækja með réttum hætti hið skyldubundna mat sem honum væri falið af umhverfissráðherra og tekið hafði verið upp í kaupsamningi hennar og Ísafjarðarbæjar.

Umboðsmaður tók fram að hann hefði ákveðið að fjalla um báðar kvartanir A í einu lagi. Varðandi fyrri kvörtun A benti umboðsmaður á að Ísafjarðarbær hefði orðið eigandi að tilteknum húseignum í Hnífsdal á grundvelli 11. gr. laga nr. 49/1997, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Hefði bærinn leitað eftir samþykki um nýtingu og sölu húseignanna hjá umhverfissráðuneytinu eins og honum var skylt samkvæmt ákvæðinu. Umboðsmaður rakti ákvæði laga nr. 49/1997 og 94/1962, um almannavarnir, varðandi hlutverk og valdheimildir sýslumanna og almannavarnanefnda við framkvæmd forvarnaaðgerða ef hætta þykir á náttúruhamförum. Í ljósi þeirra taldi umboðsmaður að ekki væri tilefni til að gera athugasemdir við það að sýslumanninum hefði í kaupsamningnum verið falið að leggja mat á það, í samráði við almannavarnanefnd bæjarins og Veðurstofu Íslands, hvort skilyrði væru til að gera undantekningu frá banni við dvöl í umræddu húsi. Á hinn bóginn taldi umboðsmaður að þegar virt væri lögbundið hlutverk lögreglustjóra og almannavarnanefndar, með tilliti til valdheimilda umhverfissráðuneytisins að því er varðar nýtingu húsa sem keypt væru á grundvelli laga nr. 49/1997, hefði sýslumanninum borið að líta svo á að honum væri skylt að lögum að leggja efnislegt mat á beiðnir um frávík frá búsetuskilyrðinu í ljósi aðstæðna hverju sinni. Benti umboðsmaður á að af lögmætisreglu stjórnarsýsluréttar leiddi að viðkomandi stjórnvaldi væri óheimilt að afnema eða takmarka verulega hið skyldubundna mat sem því hefði verið fengið með því að leggja til grundvallar afdráttarlausu reglu sem tæki til allra tilvika. Var það niðurstaða umboðsmanns að ákvörðun sýslumannsins á Ísafirði, að hafna beiðni A um undanþágu á dvalarskilyrði í kaupsamningi hennar og Ísafjarðarbæjar, hefði ekki verið byggð á lögmætum grundvelli. Þá gerði umboðsmaður athugasemdir við undirbúning og málsmeðferð sýslumannsins við töku ákvörðunarinnar.

Að því er varðaði síðari kvörtun A tók umboðsmaður fram að það leiddi af lögmætisreglunni að stjórnvald gæti almennt ekki krafist borgarana um upplýsingar í formi opinberrar yfirheyrslu nema til þess stæði skýr lagaheimild. Ljóst var að A lá ekki undir grun um að hafa framið refsivert brot. Taldi umboðsmaður að ekki hefði verið fyrir hendi lagaheimild til þess að láta A sæta opinberri yfirheyrslu, hvorki á grundvelli 1. mgr. 69. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, né ákvæðum laga nr. 49/1997 eða laga nr. 94/1962. Var það því niðurstaða umboðsmanns að sú ákvörðun sýslumanns að láta A sæta opinberri yfirheyrslu hefði ekki haft stoð í lögum. Tók umboðsmaður fram að ef sýslumaður hefði talið nauðsynlegt að afla upplýsinga um dvöl íbúa í húsum á hættusvæðinu í Hnífsdal á grundvelli 10. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, sem var tilefni yfirheyrslunnar yfir A, hefði honum verið fært að óska eftir tilgreindum upplýsingum skriflega eða munnlega frá íbúnum.

Umboðsmaður beindi þeim tilmælum til sýslumannsins á Ísafirði að taka mið af þeim sjónarmiðum sem rakin væru í álitinu kæmi fram ný beiðni um undanþágu frá umræddu dvalarskilyrði frá A. Að lokum tók umboðsmaður fram að ef sýnt þætti að það væri erfiðleikum bundið að framkvæma það fyrirkomulag sem fram kæmi í kaupsamningi A og Ísafjarðarbæjar um húseignina í Hnífsdal væri rétt og eðlilegt að bærstjórn Ísafjarðarbæjar gerði viðeigandi ráðstafanir til þess að ekki yrði tjón á hagsmunum A.

Með bréfi til sýslumannsins á Ísafirði, dags. 1. febrúar 2001, óskaði ég eftir upplýsingum um hvort A hefði leitað til hans á ný og þá hvort einhverjar ákvarðanir hefðu verið teknar af því tilefni. Í svari sýslumannsins, dags. 22. mars 2001, segir meðal annars svo:

„Vegna ummæla yðar um ólögmatan undirbúning skal tekið fram að samskipti áttu sér stað með tölvupósti við alla fulltrúa í Almannavarnanefnd Ísafjarðarbæjar utan einn, sem ræddi við sýslumann á skrifstofu hans. Þetta er að vísu aukaatriði í þessu bréfi nú, en rétt að fram komi engu að síður.

Enn sem fyrr skal ítrekað að sýslumaður bannaði ekki útburð pósts að [X] í Hnífsdal. Athugasemd varðandi yfirheyrslu hjá lögreglu hefur verið tekin til skoðunar og mun verða höfð til hliðsjónar framvegis.

Þá er komið að aðalefni bréfs yðar frá 1. febrúar síðast liðnum. [A] hefur ekki leitað til sýslumanns, sem lögreglustjóra, eða Almannavarnanefndar varðandi búsetu eða dvöl að [X] í Hnífsdal eða önnur málefni.“

21.0. Umhverfismál.

21.1. Starfsleyfi fyrir mengandi atvinnurekstur. Álitsumleitan. Stjórnsýslukæra. Vandaðir stjórnsýsluhættir. Málshraði. (Mál nr. 2215/1997)

A kvartaði yfir ýmsum atriðum er snertu veitingu starfsleyfis fyrir álver Norðuráls hf. á Grundartanga. Kvartaði hann m.a. yfir því að Hollustuvernd ríkisins hefði ekki tekið efnislega afstöðu til þeirra athugasemda sem hann sendi henni. Þá kvartaði hann yfir frávisun sérstakrar úrskurðarnefndar samkvæmt 26. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, á kæru hans á tillögum Hollustuverndar ríkisins. Ennfremur kvartaði hann yfir því að umhverfisráðherra hefði gefið út starfsleyfi enda þótt frestur sem gefinn var til að kæra tillögur Hollustuverndar ríkisins hefði ekki verið runninn út.

Settur umboðsmaður rakti ákvæði 1. og 2. mgr. 72. gr. mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994 er í gildi var þegar starfsleyfi álversins var gefið út. Var þar mælt fyrir um að umhverfisráðherra gæfi út starfsleyfi fyrir starfsemi þar sem krafist væri mats á umhverfisröskun skv. 57. gr. reglugerðarinnar. Í þeim tilvikum er umhverfisráðherra gæfi út starfsleyfi bæri stjórn Hollustuverndar ríkisins að afgreiða starfsleyfistillögur til umhverfisráðherra innan fimm vikna frá því að frestur til að skila inn skriflegum athugasemdum við auglýstar starfsleyfistillögur rynni út. Settur umboðsmaður rakti bréf A til Hollustuverndar ríkisins vegna hinnar auglýstu starfsleyfistillögu en hann stundaði mjólkurbúskap á bújörð í næsta nágrenni við hið fyrirhugaða álver. Þá rakti hann svör stjórnar Hollustuverndar ríkisins við athugasemdum A. Taldi hann að umfjöllun stjórnarinnar hefði ekki verið nægilega vönduð þar sem ekki var fjallað um alla þá þætti athugasemda A sem gátu haft þýðingu fyrir ákvörðun umhverfisráðherra. Vísaði hann þar til þess að í umfjöllun stjórnarinnar var ekkert vikið að mögulegum bótarétti A á hendur ríkissjóði eða kröfum hans um réttarvernd lögmæts atvinnurekstrar á bújörð hans. Þá var í umfjöllun stjórnarinnar ekki fjallað sérstaklega um áhrif álvers á þær bújarðir er væru í næsta nágrenni við álverið og á landsvæði sem samkvæmt skipulagi væri ætlað undir landbúnað. Benti settur umboðsmaður á að úrlausn um mögulegan bótarétt A á hendur hinu opinbera heyrði undir valdsvið dómstóla og var því ekki vikið nánar að honum í álitinu.

Því næst tók settur umboðsmaður til umfjöllunar hvort heimilt hefði verið að kæra tillögur stjórnar Hollustuverndar ríkisins til sérstakrar úrskurðarnefndar samkvæmt 26. gr. laga nr. 81/1988. Rakti hann ákvæði 1. gr., 4. mgr. 16. gr. og 1. mgr. 3. gr. laganna og taldi að ráðherra hefði verið heimilt að mæla svo fyrir í mengunarvarnareglugerð að tillögur stjórnar Hollustuverndar ríkisins og álit hennar á athugasemdum við slíkar tillögur ættu að vera kærnanlegar til úrskurðarnefndarinnar þótt ekki hafi verið skylt að mæla svo fyrir. Þá rakti hann breytingar á ákvæðum 2. mgr. 72. gr. og 65. gr. mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994 frá því hún var sett þar til reglugerð nr. 26/1997, um breytingu á mengunarvarnareglugerð, var sett. Með tilliti til orðalags þeirra ákvæða eins og þau hljóðuðu eftir þá breytingu féllst settur umboðsmaður á að heimilt hafi verið að kæra álit stjórnar Hollustuverndar ríkisins til hinnar sérstöku kærunefndar. Þá dró hann þá ályktun af eðli þess stjórnsýslugernings sem endurskoðun úrskurðarnefndar laut að, þ.e. óbindandi álit, svo og af stöðu ráðherra að íslenskri stjórnskipan, sbr. 13. og 14. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, að líta hafi átt á niðurstöðu hinnar sérstöku úrskurðarnefndar í slíkum málum sem lið í undirbúningi að ákvörðun ráðuneytisins um útgáfu á starfsleyfinu.

Settur umboðsmaður taldi sérstaka ástæðu til athugasemda við þær tíðu breytingar er urðu frá 1994 til 1997 á reglum mengunarvarnareglugerðar um málsmeðferð og kæruheimildir. Þá var á tímabili innra ósamræmi í þessum ákvæðum reglugerðarinnar sem vandskýrt hlaut að vera. Loks komu fram misvísandi skýringar stjórnvalda á því hvaða stöðu niðurstaða stjórnar Hollustuverndar ríkisins um innsendar athugasemdir hefði að lögum og hvort heimilt væri að kæra þá niðurstöðu til hinnar sérstöku kærunefndar. Taldi hann þessa stjórnarfrankvæmd ekki í samræmi við vandaða stjórnarsýsluhætti enda væri hún til þess fallin að draga úr réttaröryggi þeirra sem áttu lögvarðra hagsmuna að gæta og töldu þörf á að tillögur stjórnarinnar yrðu endurskoðaðar. Gaf þetta sérstakt tilefni til að áréttta við umhverfisráðuneytið hversu þýðingarmikið það væri fyrir réttaröryggi borgaranna að réttarreglur væru í senn aðgengilegar, einfaldar og skýrar, og ekki undirorpnar stöðugum breytingum.

Samkvæmt gögnum málsins var það afstaða umhverfisráðuneytisins að frestur til að bera álit stjórnar Hollustuverndar ríkisins undir hina sérstöku úrskurðarnefnd stæði til 7. júní 1997. Þrátt fyrir það gaf ráðuneytið út starfsleyfi til Norðuráls hf. á Grundartanga hinn 26. mars 1997. Til skýringar þessu vísaði ráðuneytið til málshraðareglu 9. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Rakti settur umboðsmaður sjónarmið sem hafa bæri í huga við túlkun á 9. gr. stjórnarsýslulaga. Taldi hann að eins og ákvæði mengunarvarnareglugerðar voru úr garði gerð hafi verið við því að búast að útgáfa á starfsleyfi til reksturs álvers tæki öðru jöfnu langan tíma. Að hans mati voru því engar réttlætanager ástæður fyrir hendi til að ljúka ekki þeirri málsmeðferð sem mælt væri fyrir um í mengunarvarnareglugerð til undirbúnings að útgáfu starfsleyfisins áður en það var gefið út. Með útgáfu þess voru þeir sem hagsmuna áttu að gæta einnig sviptir þeim rétti að fá afgreiðslu stjórnar Hollustuverndar ríkisins á athugasemdum sínum endurskoðaða af hinnar sérstöku úrskurðarnefnd. Þrátt fyrir framangreinda annmarka á málsmeðferð ráðuneytisins taldi settur umboðsmaður fremur litlar líkur á að þeir annmarkar yrðu taldir leiða til ógildingar starfsleyfisins í ljósi hinna veigamiklu hagsmuna starfsleyfishafa, aðkomu hans að málinu og eðlis þeirra annmarka.

Þar sem umhverfisráðherra hafði þegar gefið út starfsleyfi til álversins að Grundartanga, sem umfjöllun úrskurðarnefndarinnar var ætlað að vera undirbúningur að, taldi settur umboðsmaður ekki ástæðu til athugasemda við að úrskurðarnefndin vísaði málinu frá sér eins og málum var þá komið.

21.2. Starfsleyfi fyrir mengandi atvinnurekstur. Álitsumleitan.
Stjórnarsýslukæra. Vandaðir stjórnarsýsluhættir. Málshraði.
(Mál nr. 2299/1997)

Veidifélag Kjósarhrepps kvartaði yfir ýmsum atriðum er snertu veitingu starfsleyfis fyrir álver Norðuráls hf. á Grundartanga. Kvartaði það m.a. yfir misvísandi svörum frá stjórnvöldum um það hvort kæra mætti afgreiðslu stjórnar Hollustuverndar ríkisins á athugasemdum sem veiðifélagið bar fram við tillögur að starfsleyfi álvers á Grundartanga. Þá kvartaði félagið yfir frávisun sérstakrar úrskurðarnefndar samkvæmt 26. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, á kæru félagsins á tillögum Hollustuverndar ríkisins. Ennfremur kvartaði það yfir því að umhverfisráðherra hefði gefið út starfsleyfi enda þótt frestur sem gefinn var til að kæra tillögur Hollustuverndar ríkisins hefði ekki verið runninn út.

Settur umboðsmaður Alþingis rakti ákvæði 1. gr., 4. mgr. 16. gr. og 1. mgr. 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og taldi að ráðherra hefði verið heimilt en ekki skylt að mæla fyrir um það í mengunarvarnareglugerð nr.

48/1994 að tillögur stjórnar Hollustuverndar ríkisins og álit hennar á athugasemdum við slíkar tillögur ættu að vera kærnanlegar til hinnar sérstöku úrskurðarnefndar. Þá rakti hann breytingar á ákvæðum 2. mgr. 72. gr. og 65. gr. mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994 frá því að hún var sett þar til reglugerð nr. 26/1997, um breytingu á mengunarvarnareglugerð, var sett. Með tilliti til orðalags þeirra ákvæða eins og þau hljóðuðu eftir þá breytingu féllst settur umboðsmaður á að heimilt hefði verið að kæra álit stjórnar Hollustuverndar ríkisins til hinnar sérstöku kærunefndar. Þá dró hann þá ályktun af eðli þess stjórnarsýslugernings sem endurskoðun úrskurðarnefndar laut að, þ.e. óbindandi áliti, svo og af stöðu ráðherra að íslenski stjórnskipan, sbr. 13. og 14. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, að líta hefði átt á niðurstöðu hinnar sérstöku úrskurðarnefndar í slíkum málum sem lið í undirbúningi að ákvörðun ráðuneytisins um útgáfu á starfsleyfinu.

Settur umboðsmaður taldi sérstaka ástæðu til athugasemda við þær tíðu breytingar er urðu frá 1994 til 1997 á reglum mengunarvarnareglugerðar um málsmeðferð og kærueheimildir. Þá var á tímabili innra ósamræmi í þessum ákvæðum reglugerðarinnar sem vandskýrt hlaut að vera. Loks komu fram misvísandi skýringar stjórnvalda á því hvaða stöðu niðurstæða stjórnar Hollustuverndar ríkisins um innsendar athugasemdir hefði að lögum og hvort heimilt væri að kæra þá niðurstöðu til hinnar sérstöku kærunefndar. Taldi hann þessa stjórnarframkvæmd ekki vera í samræmi við vandaða stjórnarsýsluhætti enda væri hún til þess fallin að draga úr réttaröryggi þeirra sem áttu lögvarðra hagsmuna að gæta og töldu þörf á að tillögur stjórnarinnar yrðu endurskoðaðar. Gaf þetta sérstakt tilefni til að áréttta við umhverfisráðuneytið hversu þýðingarmikið það væri fyrir réttaröryggi borgaranna að réttarreglur væru í senn aðgengilegar, einfaldar og skýrar, og ekki undirorpnar stöðugum breytingum.

Samkvæmt gögnum málsins var það afstæða umhverfisráðuneytisins að frestur til að bera álit stjórnar Hollustuverndar ríkisins undir hina sérstöku úrskurðarnefnd stæði til 7. júní 1997. Þrátt fyrir það gaf ráðuneytið út starfsleyfi til Norðuráls hf. á Grundartanga hinn 26. mars 1997. Til skýringar þessu vísaði ráðuneytið til málshraðareglu 9. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Rakti settur umboðsmaður sjónarmið sem hafa bæri í huga við túlkun á 9. gr. stjórnarsýslulaga. Taldi hann að eins og ákvæði mengunarvarnareglugerðar voru úr garði gerð hefði verið við því að búast að útgáfa á starfsleyfi til reksturs álvers tæki öðru jöfnu langan tíma. Að hans mati voru því engar réttlætanager ástæður fyrir hendi til að ljúka ekki þeirri málsmeðferð sem mælt var fyrir um í mengunarvarnareglugerð til undirbúnings að útgáfu starfsleyfisins áður en það var gefið út. Með útgáfu þess voru þeir sem hagsmuna áttu að gæta einnig sviptir þeim rétti að fá afgreiðslu stjórnar Hollustuverndar ríkisins á athugasemdum sínum endurskoðaða af hinni sérstöku úrskurðarnefnd. Þrátt fyrir framangreinda annmarka á málsmeðferð ráðuneytisins taldi settur umboðsmaður fremur litlar líkur á að þeir annmarkar yrðu taldir leiða til ógildingar starfsleyfisins í ljósi hinna veigamiklu hagsmuna starfsleyfishafa, aðkomu hans að málinu og eðlis þeirra annmarka.

Þar sem umhverfisráðherra hafði þegar gefið út starfsleyfi til álversins á Grundartanga, sem umfjöllun úrskurðarnefndarinnar var ætlað að vera undirbúningur að, taldi settur umboðsmaður ekki ástæðu til athugasemda við að úrskurðarnefndin vísaði málinu frá sér eins og málum var þá komið.

22.0. Útlendingar.

22.1. Leiðbeiningarskylda. Umboðsmaður aðila stjórnáslumáls. (Mál nr. 2610/1998)

A kvartaði yfir málsmeðferð útlendingaefitirlitsins í tilefni af beiðni hans um aðstoð vegna vegabréfsáritunar og dvalarleyfis fyrir eiginkonu hans sem er af erlendum uppruna.

A sendi útlendingaefitirlitinu fjögur símbref ásamt ljósriti af vegabréfi verðandi eiginkonu sinnar og óskaði eftir aðstoð vegna vegabréfsáritunar og dvalarleyfis fyrir hana. Útlendingaefitirlitið sendi honum símbref til baka sem svar við bréfum hans. Í því kom fram að A hefði ekki lagt fram fullnægjandi umsókn eða önnur gögn til stuðnings beiðninni. Í símbrefinu var hins vegar ekki rakið hvaða gögn A ætti að leggja fram eða hvernig framkvæmd slíkra mála væri að öðru leyti háttáð.

Umboðsmaður tók í upphafi fram að hann væri ósammála útlendingaefitirlitinu um að beiðni A til stofnunarinnar hefði verið óljós. Rakti hann skyldur stjórnvalda samkvæmt 7. gr. stjórnáslulaga nr. 37/1993. Tók hann fram að ef útlendingaefitirlitið hefði talið tilefni símbrefa A óljóst hefði því borið samkvæmt ákvæðinu að fá upplýst frá honum um innihald þeirra með þeim ráðum sem tiltæk voru. Þá taldi umboðsmaður að á útlendingaefitirlitinu hefði að öðru leyti hvílt sú skylda á grundvelli meginreglu 7. gr. stjórnáslulaga að gera A viðvart og veita viðeigandi leiðbeiningar ef það teldi að A hefði ekki skilað inn nauðsynlegum gögnum. Í símbrefi stofnunarinnar til A hefði hins vegar hvorki komið fram hvaða gögn hann hefði þurft að leggja fram til að umsókn hans fengi umfjöllun hjá stofnuninni né hvernig framkvæmd slíkra mála væri háttáð. Þá yrði ekki séð að útlendingaefitirlitið hefði gert reka að því að senda honum umsóknareyðublöð sem stofnunin hefði talið vera forsendu þess að hún gæti tekið málið til meðferðar.

Umboðsmaður vék sérstaklega að því að í símbrefi útlendingaefitirlitsins til A hefði hann aðeins verið spurður um það hvort hann gæti ekki fundið einhvern á Íslandi til að annast málið fyrir hann. Sökum þessa tók umboðsmaður fram að stjórnvöld gætu almennt ekki gert þá kröfu að aðili stjórnáslumáls, sem ekki væri staddur hér á landi meðan á meðferð þess stæði, fengi einhvern sem hér væri staddur til að liðsinna sér við meðferð málsins, a.m.k. ef mögulegt væri að hafa samband við hann með eðlilegri samskiptatækni. Skyldur stjórnvalda að lögum gagnvart aðila máls væru því jafnan þær sömu hvort sem hann væri staddur hér á landi eða í útlöndum á meðan mál hans væri til meðferðar. Þá taldi umboðsmaður rétt að minna á að af eðli þeirra verkefna sem útlendingaefitirlitinu væru falin með lögum væri ljóst að oft gæti komið til þess að aðili máls væri staddur í útlöndum þegar hann óskaði eftir liðsinni stofnunarinnar.

Beindi umboðsmaður þeim tilmælum til útlendingaefitirlitsins og dóms- og kirkjumálaráðuneytisins að afgreiðslu mála á borð við það sem hér hefði verið til umfjöllunar yrði framvegis hagað í samræmi við þau sjónarmið sem rakin væru í álitinu.

I.

Hinn 30. nóvember 1998 leitaði A til mín og kvartaði yfir málsmeðferð útlendingaefitirlitsins í tilefni af beiðni hans um aðstoð vegna vegabréfsáritunar og dvalarleyfis fyrir eiginkonu hans, B.

Ég lauk máli þessu með álitu, dags. 29. desember 2000.

II.

Málavextir eru þeir að í upphafi árs 1998 hélt A til Víetnam. Tilgangur ferðar hans var að sækja verðandi eiginkonu sína B. Þau eru nú gift. Fyrir utanför sína leitaði A til útlendingaeftirlitsins vegna vegabréfsáritunar til handa þáverandi unnustu sinni. Að sögn A var honum tjáð að vandræðalaust yrði að fá slíka áritun.

Með fjórum símbréfum, einu dags. 22. janúar 1998, tveimur dags. 23. s.m. og einu dags. 31. s.m., til útlendingaeftirlitsins óskaði A eftir upplýsingum um hvað liði afgreiðslu stofnunarinnar á vegabréfsáritun unnustu hans. Með símbréfinu 22. janúar 1998 fylgdi ljósrit af vegabréfi hennar. Hinn 2. febrúar 1998 sendi útlendingaeftirlitið A símbréf til Víetnam þar sem hann var enn staddur. Í bréfinu sagði meðal annars svo:

„Þú hefur verið að senda mér símbréf um að ég eigi að hjálpa þér með áritun fyrir konu, sem mér skilst, sé ríkisborgari Víetnam. Ég hef verið að leita [að] umsókn hennar á skrifstofu okkar svo og [einhverjum gögnum] um að við höfum rætt saman áður en þú fórst til Víetnam en ég finn engin hjá okkur.

Ef þú hefur ekki sent Útlendingaeftirlitinu nein gögn varðandi fyrirhugaða giftingu nema þau sem þú ert að senda mér núna frá Víetnam þá er [. . .] þetta ekki sá afgreiðslumáti sem er viðhafður þegar útlendingur er að flytjast til Íslands. Er ekki einhver á Íslandi sem getur aðstoðað þig með þetta mál og sem getur komið á skrifstofu okkar og rætt þetta mál við okkur.

Það eru margar spurningar sem þarf að svara áður en við afgreiðum mál af þessu tagi.“

A sneri sér þá til utanríkisráðuneytisins og með bréfi, dags. 17. apríl 1998, fór ráðuneytið fram á það við útlendingaeftirlitið að eiginkona hans fengi vegabréfsáritun til landsins. Hinn 24. apríl 1998 lagði A fram áritunarbeiðni með símbréfi og var hún veitt 28. apríl s.á.

Hinn 20. október 1998 ritaði A dóms- og kirkjumálaráðuneytinu svohljóðandi bréf vegna málsins:

„Mig langar til að leita til [dóms- og kirkjumálaráðuneytisins] með hjálp í sambandi við mikla ósanngirni sem ég hef orðið fyrir frá útlendingaeftirlitinu.

Í byrjun þessa árs leitaði ég til þeirra áður en ég fór til Viet Nam til að hitta væntanlega konu mína. Ég útskýrði málavöxtu fyrir þeim og þeir lofuðu mér allri aðstoð, varðandi málið.

Með það loford fór ég til Viet Nam og giftist konunni þegar ég var búinn að vera þar í 45–50 daga byrjaði ég að senda þeim símbréf frá Viet Nam sem þeir svöruðu ekki. Þetta voru samtals 8 símbréf. Þar sem ég fékk engin viðbrögð frá þeim bað ég vin minn að fara til þeirra og tala við þá og gerði hann það. Svárið sem hann fékk frá þeim í útlendingaeftirlitinu var á þá leið að þeir hefðu fengið símbréfin, en ég væri bæði ruglaður og geðveikur og því engin ástæða til að svara þeim.

Þegar ég kem svo heim til Íslands eftir að hafa verið þar í þrjá mánuði, mun lengur en ég hafði gert ráð fyrir vegna þess að ég beið eftir svörum frá þeim.

Ég fer til þeirra í Kópavog og spyr af hverju þeir hafi ekki svarað símbréfum mínum. Þá sögðust þeir aldrei hafa fengið neitt. Síðar viðurkenndi yfirmaður þeirra fyrir mér að þeir hefðu fengið þau öll.

Nú er sama mannfyrirlitningin virðist halda áfram ég bið þá um aðstoð og þeir segjast þurfa hugsa málið og samfellt í nokkra mánuði draga þeir mig á veitingu dvalarleyfis fyrir konu mína. Ég var búinn að kaupa flugmiða fyrir konuna hingað sem rann svo út vegna framkomu þeirra.

Ekkert skeði í málinu fyrr en ég fékk alþingismenn og [D] sem þá var hjá utanríkisráðuneytinu til að gera þeim grein fyrir skyldum sínum sem opinberum starfsmönnum.“

Í bréfi útlendingaeftirlitsins, dags. 6. nóvember 1998, í tilefni af kvörtun A til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, kemur meðal annars eftirfarandi fram:

„[. . .] Eins og reynt var að gera honum ljóst var ekki unnt að líta á símbréf þessi sem afgreiðsluhæfar umsóknir um dvalarleyfi hér á landi.

[A] lagði fyrst fram útfyllta umsókn hér hjá UTL í lok apríl og fékk þann 28. apríl útgefna yfirlýsingu um að unnusta hans fengi vegabréfsáritun til Íslands þegar hún hefði fengið útgefið vegabréf. Undirritaður ræddi oftast en einu sinni við [A] í apríl sl. og margbenti honum á að fá einhvern sér til aðstoðar, lögmann, ættingja eða vin sem gæti hjálpað honum.

Ekki liðu nema örfáir dagar frá því að útfyllt umsókn var lögð hér inn þar til hún hafði hlotið afgreiðslu.

Ásökunum um ósanngirni, mannfyrirlitningu svo og öðrum rangfærslum, svo sem afskiptum alþingismanna af máli hans vísa ég til föðurhúsa.“

Með bréfi, dags. 24. nóvember 1998, tilkynnti dóms- og kirkjumálaráðuneytið A að afskiptum ráðuneytisins af máli hans væri lokið.

III.

Í tilefni af kvörtun A ritaði ég dóms- og kirkjumálaráðuneytinu bréf, dags. 14. janúar 1999, og óskaði þess með vísan til 7. og 9. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að ráðuneytið afhenti mér gögn málsins og skýrði viðhorf sitt til kvörtunarinnar og þá sérstaklega af hvaða ástæðu útlendingaeftirlitið svaraði ekki ofangreindum símbréfum hans. Í annan stað var þess óskað að ráðuneytið gerði grein fyrir því hvort og með hvaða hætti útlendingaeftirlitið hefði fullnægt leiðbeiningarskyldu sinni samkvæmt 7. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 í máli þeirra hjóna. Að lokum var óskað eftir að ráðuneytið gerði grein fyrir því hvernig almennt væri háttað svörum og leiðbeiningum til einstaklinga sem sækja um vegabréfsáritun og dvalarleyfi hér á landi. Svar dóms- og kirkjumálaráðuneytisins barst skrifstofu minni með bréfi, dags. 31. maí 1999, og segir þar meðal annars:

„Ráðuneytið hefur aflað afstöðu útlendingaeftirlitsins til fyrirspurna yðar og mun því gera grein fyrir svari þeirra til ráðuneytisins jafnhliða því að svara erindi yðar.

Í bréfi yðar er í fyrsta lagi óskað þess að ráðuneytið sendi yður gögn málsins og skýri viðhorf sitt til kvörtunar [A] og þá sérstaklega af hvaða ástæðu útlendingaeftirlitið svaraði ekki ofangreindum símbréfum hans. Ljósrit gagna málsins eru meðfylgjandi bréfi þessu og er þar á meðal svarbréf útlendingaeftirlitsins til [A], dags. 2. febrúar 1998. Þar er honum kynnt að hvorki hafi umsókn um vegabréfsáritun fyrir B borist útlendingaeftirlitinu né heldur að þar væru fyrirleggjandi gögn um viðræður [A] og starfsmanna útlendingaeftirlitsins um málið. Í bréfinu kemur ennfremur fram að ekki séu skilyrði til þess að afgreiða málið og spurst er fyrir um hvort einhver hér á landi geti annast málið í umboði hans og konunnar. Þá kemur fram í gögnum málsins að 24. apríl 1998 hafi útlendingaeftirlitinu borist bréf [A] ásamt umsókn um vegabréfsáritun þar sem m.a. kemur fram að heimkoma hans og [B] sé áætluð 1. júní s.á. Þann 28. apríl 1998 var [B] veitt vegabréfsáritun með bréfi útlendingaeftirlitsins, dags. s.d.

Í annan stað er þess óskað að ráðuneytið geri grein fyrir því hvort og með hvaða hætti útlendingaeftirlitið hafi fullnægt leiðbeiningarskyldu sinni samkvæmt 7. gr. stjórnáskilulaga nr. 37/1993 í máli þeirra hjóna. Í bréfi útlendingaeftirlitsins til ráðuneytisins, dags. 5. mars sl., kemur fram að ítrekað hafi verið reynt að ræða við [A], en mjög illa hafi gengið að gera honum skiljanlegt hvernig skyldi að málum staðið og hafi hann því ítrekað verið beðinn um að fá einhvern sér til aðstoðar, lögmann, ættingja eða hvern þann sem gæti hjálpað honum í málinu.

Í þessu sambandi vísar ráðuneytið til bréfs þess til útlendingaeftirlitsins, dags. 11. nóvember sl., sem er ritað af tilefni þess að [C], nágranni [A], kvartaði til ráðuneytisins vegna samskipta hans við starfsmenn útlendingaeftirlitsins við öflun vegabréfsáritunar og dvalarleyfis fyrir unga víetnamska konu [D], systur eiginkonu [A], sem hann hafði boðið hingað til lands. Þar beinir ráðuneytið þeim tilmælum til útlendingaeftirlitsins að það setji skriflegar staðlaðar leiðbeiningar um þau skilyrði sem útlendingar þurfa að uppfylla samkvæmt lögum og reglugerðum til þess að fá útgefna vegabréfsáritun og/eða dvalarleyfi og lýsi enn fremur verklagsreglum útlendingaeftirlitsins sem gilda um meðferð þeirra umsókna svo og hvaða gögn leggja þurfi fram. Enn fremur er í bréfi ráðuneytisins bent á að leiðbeiningar þurfi að vera í þýðingu erlends tungumáls þar sem umsækjendur eru erlendir. Þá er tekið fram að ef ljóst er að umsækjandi hafi misskilið réttarreglur, ekki skilað inn nauðsynlegum gögnum, ekki veitt nægjanlegar upplýsingar eða hafi að öðru leyti þörf fyrir leiðbeiningar þá beri útlendingaeftirlitinu skylda til að gera viðkomandi viðvart og veita honum viðeigandi leiðbeiningar auk þess að veita umsækjanda aðstoð, t.d. við að fylla út eyðublöð.

Í þriðja og síðasta lagi er þess óskað í bréfi yðar að ráðuneytið geri grein fyrir því hvernig almennt er háttað svörum og leiðbeiningum til einstaklinga sem sækja um vegabréfsáritun og dvalarleyfi hér á landi. Í bréfi útlendingaeftirlitsins til ráðuneytisins, dags. 5. mars sl., er því lýst orðrétt:

[. . .]

Að lokum tekur ráðuneytið fram að lög um eftirlit með útlendingum nr. 45/1965, sem sett voru í tilefni þess að Ísland gerðist aðili að samningi Norðurlandanna frá 12. júlí 1957 um afnám vegabréfaskoðunar við landamæri Norðurlandanna, eru orðin um margt úrelt og má hið sama segja um reglugerð um eftirlit með útlendingum nr. 148/1965, sbr. rgj. nr. 514/1989. Þá mun breyting á lögum nr. 45/1965 um eftirlit með útlendingum, sbr. lög nr. 22/1999, taka gildi 1. október nk. Breytingin felur það í sér að útlendingaeftirlitið flyst frá ríkislögreglustjóra og ráðherra skipar forstjóra útlendingaeftirlitsins sem skal vera lögfræðingur. Þá hafa lög nr. 45/1965 verið endurskoðuð í heild sinni og samið hefur verið frumvarp til laga um útlendinga sem lagt var fram á Alþingi í vor, en það hefur ekki hlotið endanlega afgreiðslu. Það sendist hjálagt til fróðleiks. Í 8. gr. frumvarpsins er fjallað um vegabréfsáritanir og í III. kafla þess, þ.e. 10.–18. gr., er kveðið á um dvöl og búsetu. Mælt er fyrir um að dómsmálaráðherra geti sett nánari reglur um það efni sem og meðferð umsókna um vegabréfsáritanir. Þá skal þess getið að útlendingaeftirlitið og dómsmálaráðuneytið hafa unnið saman að gerð verklagsreglna um hvaða skilyrði skuli gerð um framfærslu útlendinga við veitingu dvalarleyfa, sbr. minnisblað, dags. 27. janúar 1999, er fylgir hjálagt.“

Í bréfi útlendingaeftirlitsins, dags. 5. mars 1999, sem dóms- og kirkjumálaráðuneytið vísar til, kemur meðal annars fram:

„Svo sem fram kemur í bréfi ráðuneytisins, sendi útlendingaeftirlitið ráðuneytinu svar sitt dags. 6. nóvember vegna kvörtunar [A] til ráðuneytisins. Við það svar er ekki miklu að bæta. Þar kemur fram afstaða útlendingaeftirlitsins til símbréfa þeirra

sem [A] sendi útlendingaeftirlitinu frá Viet Nam vegna unnustu sinnar, og skal hún ítrekuð hér að þau voru ekki talin geta verið grundvöllur fyrir afgreiðslu. Hvað varðar þann hluta kvörtunar hans að honum hafi ekki verið veittar neinar leiðbeiningar við meðferð máls þeirra hjóna áður en þau komu til Íslands og gengu hér í hjónaband, þá vill útlendingaeftirlitið taka fram að ítrekað var reynt að ræða við [A], en mjög illa gekk að gera honum skiljanlegt hvernig skyldi að málum staðið, og var hann því ítrekað beðinn um að verða sér úti um einhvern til aðstoðar, lögmann, ættingja eða hvern þann sem gæti hjálpað honum að annast sín mál.

Hvað varðar það hvernig almennt er háttáð svörum og leiðbeiningum til einstaklinga sem sækja um vegabréfsáritun og dvalarleyfi hér á landi, þá vísast hvað varðar vegabréfsáritanir til 6. til 11. gr. reglugerðar nr. 148/65 um eftirlit með útlendingum. Svo sem fram kemur í 6. gr. reglugerðarinnar, skal útlendingur sem er áritunarskyldur fá vegabréfsáritun (visum) hjá íslenskum sendiherra eða ræðismanni, sem fengið hefur heimild til áritunar.

Þegar útlendingur kemur með vegabréf sitt í íslenskt sendiráð eða ræðisskrifstofu fyllir hann út þar til gert eyðublað, og fær upplýsingar hjá starfsfólki sendiráðs eða ræðisskrifstofu, umsóknin er síðan send útlendingaeftirlitinu til ákvörðunar um afgreiðslu. Nú er það svo að íslensk sendiráð og ræðisskrifstofur fyrirfinnast ekki víða um heiminn, m.a. ekki í Viet Nam. Þegar svo háttar til verða umsækjendur annað hvort að senda vegabréf sín ásamt útfylltu eyðublaði í eitthvert íslenskt sendiráð eða þá til Íslands á skrifstofu útlendingaeftirlitsins. Þegar umsækjandi er fjarri afgreiðslustað, er ljóst að erfitt er um vik að sinna eðlilegri leiðbeiningarskyldu. Ávallt er haft samband við þann aðila hér á landi, sem tengist umsækjanda eða bent er á að geti gefið upplýsingar um umsækjanda. Þetta leiðir til þess að erfitt er um vik að koma leiðbeiningum til – og fá upplýsingar frá útlendingi, sem sækir um áritun eða dvalarleyfi og staddur er í fjarlægu landi þar sem engan fulltrúa íslenskra stjórnvalda er að finna.

Við umsóknir um vegabréfsáritanir og dvalarleyfi eins og hér hefur verið til umfjöllunar og reyndar einnig almennt um slíkar umsóknir hefur of oft komið í ljós að upplýsingar, sem nauðsynlega þyrftu að komast til skila til umsækjanda sem búsettur er í fjarlægu landi, hafa ekki skilað sér til umsækjanda með fullnægjandi hætti þegar eingöngu er byggt á að aðili hér á landi, sem t.d. er að bjóða umsækjanda til sín í heimsókn eða til dvalar, – komi upplýsingum til umsækjanda.

Útlendingaeftirlitið harmar ef nægjanlegar upplýsingar hafa ekki borist til [B] áður en hún kom hingað til lands, en telur aftur á móti að reynt hafi verið að aðstoða og upplýsa [A] um hvernig standa skyldi að umsókn sem þeirri, er hann lagði fram hjá útlendingaeftirlitinu í apríl síðastliðnum fyrir hönd [B].“

Með bréfi, dags. 3. júní 1999, gaf ég A kost á að gera athugasemdir við bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 31. maí 1999, og bárust mér athugasemdir hans með bréfi, dags. 20. júlí 1999. Þar segir meðal annars svo:

„Áður en ég fór til Viet Nam fór ég til útlendingaeftirlitsins og spurði hvort þeir gætu hjálpað mér ef ég skyldi lenda í vandræðum. [Þeir sögðust] geta hjálpað [mér] þegar [að því] kemur. Þessi orð tók ég með mér út til Viet Nam, og þeir gáfu mér engar upplýsingar hvað ég átti að gera eða fylla í pappíra eða í eitthvað annað. Mér finnst skrytið hvað útlendingaeftirlitið fær að koma svona fram við fólk. Ég held að það sé skylda hjá ríkisstarfsmönnum að sýna kurteisi, og ekki kalla fólk allskonar nöfnum, og ég óska að ég fái þetta bætt að fullu.“

Með bréfi, dags. 26. ágúst 1999, óskaði ég eftir því með vísan til 9. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að útlendingaeftirlitið skýrði viðhorf sitt til kvörtunar A. Sérstaklega óskaði ég upplýsinga um af hverju A voru ekki, í tilefni af símbréfum hans, send afrit af nauðsynlegum umsóknareyðublöðum. Einnig að greint yrði frá ástæðum þess að í símbréfi útlendingaeftirlitsins til A frá 2. febrúar sl. væri ekki vikið að því hvaða gögn hann þurfti að útvega til að fá vegabréfsáritun og dvalarleyfi fyrir konu hans. Svar útlendingaeftirlitsins barst mér með bréfi, dags. 27. september 1999, og þar kemur meðal annars fram:

„Þegar símbréf [A] bárust fyrst þann 22. janúar 1998 voru engin gögn og engin áritunarbeiðni fyrirbyggjandi hjá útlendingaeftirlitinu sem vörpuðu ljósi á hvað [A] væri að óska eftir. Þann 23. janúar s.á. berast tvö önnur símbréf sem útskýra ekki enn hvað [A] er að fara fram á. Þann 31. janúar s.á. berst svo enn aftur símbréf sem útskýrir að [A] er að bíða eftir því að áritunarbeiðni hans verði afgreidd og óskar eftir svari um það hvenær hann megi eiga von á afgreiðslu hennar. Á þeim tíma var engin beiðni fyrirbyggjandi og sökum erfiðleika á að sjá fyrir af fyrri símbréfum hvernig gera mætti [A] ljóst að hann þurfti að leggja fram slíka beiðni var sent símbréf til hans þann 2. febrúar 1998 þar sem honum var gerð grein fyrir að engin umsókn væri fyrirbyggjandi, afgreiðsla áritunarbeiðna færi ekki fram á þann hátt sem hann var að óska eftir og var hann inntur eftir því hvort hann gæti fengið aðila á Íslandi til að aðstoða sig við öflun tilskilinna gagna. Það var álit útlendingaeftirlitsins hvað varðar [A] að best og edlilegast væri að hann fengi einhvern sér til aðstoðar hér á landi. Með því telur útlendingaeftirlitið að það hafi sinnt upplýsingaskyldu sinni gagnvart [A]. Það er ekki viðurkenndur afgreiðslumáti hjá útlendingaeftirlitinu að samþykkja áritunareða dvalarleyfisbeiðnir sem ekki eru undirritaðar af viðkomandi útlendingi og er viðtekin regla að krefja umsækjendur um frumgögn. [A] svarar ekki símbréfi útlendingaeftirlitsins og gerist ekkert í málinu fyrir en bréf berst frá utanríkisráðuneytinu þann 17. apríl 1998. Í því bréfi mælir ráðuneytið með því að unnustu [A] verði veitt áritun til Íslands. Það er ekki fyrir en 24. apríl 1998 að [A] leggur fram áritunarbeiðni ásamt bréfi dags. 12. apríl s.á. Þann 28. apríl s.á. er fyrrnefnd áritun veitt og í framhaldi af því fékk unnusta [A] dvalarleyfi í september 1998.“

Með bréfi, dags. 5. október 1999, gaf ég A kost á að gera athugasemdir við bréf útlendingaeftirlitsins og bárust mér athugasemdir hans hinn 31. janúar 2000.

IV.

1.

Kvörtun A lýtur að málsmeðferð útlendingaeftirlitsins vegna beiðni hans um aðstoð í tilefni þess að víetnömsk eiginkona hans hugðist flytjast með honum til Íslands.

2.

Í gögnum málsins er að finna staðhæfingar A um tiltekin málsatvik, meðal annars um að honum hafi verið tjáð áður en hann fór til Víetnam að „vandráðalaust“ yrði fyrir hann að fá vegabréfsáritun fyrir unnustu sína. Réttmæti þessarar fullyrðingar hans verður hins vegar ekki ráðið af gögnum málsins. Sökum þessa tek ég fram að það leiðir af þeim heimildum sem lög nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, veita mér við framkvæmd starfa minna og edlis þeirra að öðru leyti að jafnan er ekki gert ráð fyrir því að umboðsmaður taki efnislega afstöðu til fullyrðinga aðila um sönnunatriði er varða umdeild málsatvik. Á hinn bóginn ber umboðsmanni Alþingis meðal annars að staðreyna hvort hlutaðeigandi stjórnvöld hafa í störfum sínum gætt að meginreglum stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Eins og mál þetta hefur verið lagt fyrir mig hef ég ákveðið að takmarka athugun mína við það hvernig útlendingaeftirlitið rækti leiðbeiningarskyldu sína samkvæmt 7. gr. stjórnssýslulaga í máli A.

3.

Um útgáfu vegabréfsáritana og dvalarleyfa til útlendinga gilda lög nr. 45/1965, um eftirlit með útlendingum. Þá er fjallað um vegabréfsáritanir og dvalarleyfi í I. og III. kafla reglugerðar nr. 148/1965, um eftirlit með útlendingum, sbr. reglugerð nr. 514/1989. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 45/1965 veitir útlendingaeftirlitið þau leyfi sem þarf til landgöngu og dvalar samkvæmt lögnum.

Í kvörtun A til mín og bréfi hans til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 20. október 1998, vegna meðferðar málsins hjá útlendingaeftirlitinu, kemur fram að hann hafi sent stofnuninni átta símbréf eftir að hann var búinn að vera í Víetnam í 45–50 daga. Afrit fjögurra símbréfa A og ljósrit af vegabréfi unnustu hans bárust mér með svarbréfi útlendingaeftirlitsins 5. október 1999. Í bréfi útlendingaeftirlitsins 27. september 1999 til mín kemur fram að þegar símbréf A bárust stofnuninni fyrst 22. janúar 1998 hafi „engin gögn og engin áritunarbeiðni [verið] fyrirleggjandi [. . .] sem [varpað hafi] ljósi á hvað [A] [var] að óska eftir“. Þá segir meðal annars svo í bréfinu:

„Þann 23. janúar s.á. berast tvö önnur símbréf sem útskýra ekki enn hvað [A] er að fara fram á. Þann 31. janúar s.á. berst svo enn aftur símbréf sem útskýrir að [A] er að bíða eftir því að áritunarbeiðni hans verði afgreidd og óskar eftir svari um það hvenær hann megi eiga von á afgreiðslu hennar. Á þeim tíma var engin beiðni fyrirleggjandi og sökum erfiðleika á að sjá fyrir af fyrri símbréfum hvernig gera mætti [A] ljóst að hann þyrfti að leggja fram slíka beiðni var sent símbréf til hans þann 2. febrúar 1998 þar sem honum var gerð grein fyrir að engin umsókn væri fyrirleggjandi, afgreiðsla áritunarbeiðna færi ekki fram á þann hátt sem hann var að óska eftir og var hann inntur eftir því hvort hann gæti fengið aðila á Íslandi til að aðstoða sig við öflun tilskilinna gagna. Það var álit útlendingaeftirlitsins hvað varðar [A] að best og eðlilegast væri að hann fengi einhvern sér til aðstoðar hér á landi. Með því telur útlendingaeftirlitið að það hafi sinnt upplýsingaskyldu sinni gagnvart [A]. Það er ekki viðurkenndur afgreiðslumáti hjá útlendingaeftirlitinu að samþykkja áritunar- eða dvalarleyfisbeiðnir sem ekki eru undirritaðar af viðkomandi útlendingi og er viðtekin regla að krefja umsækjendur um frumgögn.“

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. stjórnssýslulaga skal stjórnvald veita þeim sem til þess leita nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar varðandi þau mál sem snerta starfssvið þess. Í athugasemdum er fylgdu frumvarpi því er varð að stjórnssýslulögum segir meðal annars svo um þetta ákvæði:

„Hægt er að veita upplýsingar bæði skriflega og munnlega. Upplýsingarnar geta verið almennar, t.d. í formi auglýsinga eða sérstakra bæklinga. Ávallt þarf þó að gefa aðilum einstaklingsbundnar leiðbeiningar sé eftir þeim leitað.“ (Alþt. 1992–93, A-deild, bls. 3292.)

Í athugasemdunum kemur ennfremur fram að stjórnvaldi er skylt að veita leiðbeiningar um það hvaða réttarreglur gildi á viðkomandi sviði, hvernig meðferð mála er venjulega hagað, hvaða gögn aðila ber að leggja fram og hversu langan tíma það tekur venjulega að afgreiða mál. Ef fylla þarf út eyðublöð er stjórnvaldi skylt að leiðbeina og aðstoða við það.

Ég get ekki fallist á það með útlendingaeftirlitinu að af símbréfum A hafi verið „óljóst hvað hann óskaði eftir“. Ljóst er að mínu áliti að hann var að leita aðstoðar stofnunarinnar í tilefni þess að hann hugðist leggja fram beiðni um vegabréfsáritun og dvalarleyfi fyrir unnustu sína. Raunar má ráða af upphafi símbréfs útlendingaeftirlitsins 2. febrúar 1998 til A að stofnunin hafi réttilega lagt til grundvallar að um væri að ræða beiðni um aðstoð vegna vegabréfsáritunar til handa víetnamskri unnustu hans. Ég tek þó fram að ef stofnunin taldi símbréf A og tilefni þeirra vera „óljóst“ bar henni samkvæmt 7. gr. stjórn-sýslulaga að fá upplýst frá honum um innihald þeirra með þeim ráðum sem tiltæk voru, s.s. með ritun símbréfs þess efnis eða með því að reyna að ná sambandi við hann símleiðis.

Sú skylda hvíldi að öðru leyti á útlendingaeftirlitinu á grundvelli meginreglu 7. gr. stjórn-sýslulaga að ef það taldi að A hefði ekki veitt fullnægjandi upplýsingar eða ekki skilad inn nauðsynlegum gögnum bar því að gera honum viðvart og veita víðeigandi leiðbeiningar. Í símbréfi stofnunarinnar, dags. 2. febrúar 1998, til A kom hins vegar hvorki fram hvaða gögn þurfti að leggja fram til að umsókn hans fengi umfjöllun stofnunarinnar né hvernig framkvæmd slíkra mála væri háttað. Þá verður ekki séð að útlendingaeftirlitið hafi gert reka að því að senda honum umsóknareyðublöð sem stofnunin taldi vera forsendu þess að hún gæti tekið málið til meðferðar.

Í símbréfi útlendingaeftirlitsins 2. febrúar 1998 til A var aðeins spurt hvort hann gæti ekki fundið einhvern á Íslandi til að annast málið fyrir hann. Sökum þessa tek ég fram að stjórnvöld geta almennt ekki gert þá kröfu að aðili stjórn-sýslumáls, sem ekki er staddur hér á landi meðan á meðferð þess stendur, fái einhvern sem hér er staddur til að liðsinna sér við meðferð málsins, a.m.k. ef mögulegt er að hafa samband við hann með eðlilegri samskiptatækni. Skyldur stjórnvalda að lögum eru því jafnan þær sömu í slíkum tilvikum gagnvart aðila máls hvort sem hann er staddur hér á landi eða í útlöndum á meðan mál hans er til meðferðar. Þá minni ég á að af eðli þeirra verkefna sem útlendingaeftirlitinu eru falin með lögum nr. 45/1965 er ljóst að oft getur komið til þess að aðili máls sé staddur í útlöndum þegar hann óskar eftir liðsinni stofnunarinnar.

Það er samkvæmt framangreindu niðurstaða mín að málsmeðferð útlendingaeftirlitsins í máli A hafi ekki verið í samræmi við 7. gr. stjórn-sýslulaga. Ég tel rétt að minna á að í samskiptum stjórnvalda og borgaranna er mikilvægt að gagnkvæmur skilningur og traust ríki um þau viðfangsefni sem um er að ræða hverju sinni. Ég legg áherslu á að stjórnvöld verða í samræmi við vandaða stjórn-sýsluhætti að sýna lipurð og sveigjanleika og haga málsmeðferð í samræmi við atvik hverju sinni að svo miklu leyti sem hægt er innan ramma þeirra valdheimilda sem fram koma í þeim lögum sem gilda um hlutverk og verkefni viðkomandi stjórnvalds.

Í bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 31. maí 1999, til mín er vikið að tilmælum ráðuneytisins til útlendingaeftirlitsins í tilefni af máli er varðaði umsókn um vegabréfsáritun og dvalarleyfi systur eiginkonu A. Um þetta segir í bréfi ráðuneytisins:

„[Í málinu] beinir ráðuneytið þeim tilmælum til útlendingaeftirlitsins að það setji skriflegar staðlaðar leiðbeiningar um þau skilyrði sem útlendingar þurfa að uppfylla samkvæmt lögum og reglugerðum til þess að fá útgefna vegabréfsáritun og/eða dvalarleyfi og lýsi enn fremur verklagsreglum útlendingaeftirlitsins sem gilda um meðferð þeirra umsókna svo og hvaða gögn leggja þurfi fram. Enn fremur er í bréfi ráðuneytisins bent á að leiðbeiningar þurfi að vera í þýðingu erlends tungumáls þar sem umsækjendur eru erlendir. Þá er tekið fram að ef ljóst er að umsækjandi hafi misskilið réttarreglur, ekki skilað inn nauðsynlegum gögnum, ekki veitt nægjanlegar upplýsingar eða hafi að öðru leyti þörf fyrir leiðbeiningar þá beri útlendingaeftirlitinu skylda til að gera viðkomandi viðvart og veita honum víðeigandi leiðbeiningar auk þess að veita umsækjanda aðstoð, t.d. við að fylla út eyðublöð.“

Í ljósi niðurstöðu minnar hér að framan um að skort hafi á að útlendingaeftirlitið uppfyllti skyldur sínar samkvæmt 7. gr. stjórnisýslulaga í máli A tel ég rétt að áréttta þau sjónarmið sem fram koma í framangreindri tilvitnun úr bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Þá tel ég rétt að beina þeim tilmælum til ráðuneytisins að það sjái til þess að útlendingaeftirlitið framkvæmi tilmæli ráðuneytisins eins og þau koma þar fram.

4.

Í kvörtun A er vísað til þess að málsmeðferð útlendingaeftirlitsins hafi valdið honum og eiginkonu hans fjárhagslegu tjóni. Af þessum sökum tek ég fram að það er ekki hlutverk umboðsmanns Alþingis að lögum að taka afstöðu til þess hvort stjórnvöld hafi við meðferð mála bakað sér bótaskyldu. Sé slíkum kröfum beint til stjórnvalda og þau andmæla þeim verður að koma til úrlausn dómstóla þar sem fram getur farið nauðsynleg sönnunarfærsla og gagnaöflun þannig að mögulegt sé að staðreyna hvort atvik máls eru með þeim hætti að bótaréttur hafi stofnast.

V.

Niðurstaða.

Með vísan til þess sem að framan greinir er það niðurstaða mín að málsmeðferð útlendingaeftirlitsins í máli A og eiginkonu hans B hafi ekki verið í samræmi við 7. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

Eru það því tilmæli mín að útlendingaeftirlitið og dóms- og kirkjumálaráðuneytið, sem fer með yfirstjórn þessara mála, sjái til þess að afgangi mála á borð við það sem hér hefur verið til umfjöllunar verði framvegis hagað í samræmi við þau sjónarmið sem fram koma í þessu álit.

22.2.

Alþjóðasamningur um stöðu flóttamanna. Lögheimili. Leiðbeiningarskylda. (Mál nr. 2848/1999)

A kvartaði yfir synjun dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á umsókn hans um íslenskan ríkisborgararétt. Synjun ráðuneytisins var á því byggð að A, sem hefur stöðu flóttamanns hér á landi, uppfyllti ekki búsetuskilyrði laga um íslenskan ríkisborgararétt.

Umboðsmaður rakti ákvæði laga nr. 100/1952, um íslenskan ríkisborgararétt, eins og þeim var breytt með lögum nr. 62/1998. Samkvæmt 6. gr. laganna veitir Alþingi ríkisborgararétt með lögum. Ákvæði 5. gr. a heimilar dómsmálaráðherra hins vegar að veita umsækjanda íslenskan ríkisborgararétt meðal annars að uppfylltum búsetuskilyrðum. Meginregla laganna er sú að umsækjandi hafi átt lögheimili á Íslandi í sjö ár. Flóttamaður, sem fullnægir skilgreiningu í alþjóðasamningi um stöðu flóttamanna, sem gerður var 28. júlí 1951, skal þó, samkvæmt 6. tölul. 5. gr. a, hafa átt hér lögheimili sem slíkur í fimm ár. Samkvæmt 7. tölul. framangreinds ákvæðis skulu reglur um búsetuskilyrði miðast við lögheimili og samfellda dvöl hér á landi. Heimilt er að víkja frá því skilyrði þótt dvöl umsækjanda hér hafi verið rofin vegna tiltekinna atriða, þar á meðal í þrjú ár vegna náms erlendis.

Í málinu reyndi á hvernig skýra bæri skilyrði laganna um fimm ára lögheimili hér á landi, meðal annars með hliðsjón af framangreindum skýringarreglum 7. tölul. 5. gr. Í málinu lá fyrir að A hafði verið skráður til lögheimilis hér á landi á tilteknu fimm ára tímabili þrátt fyrir samfellda dvöl hans erlendis á þeim tíma. Sú skráning var byggð á ákvæði laga um lögheimili sem heimilar að maki námsmanns erlendis eigi lögheimili á Íslandi.

Umboðsmaður taldi að skýra yrði ákvæði 6. tölul. 5. gr. a um lögheimili svo að tilgreindur lögheimilistími væri ekki uppfylltur nema viðkomandi hefði jafnframt dvalið þann tíma á Íslandi eða undantekningarheimildir 7. tölul. væru að öðrum kosti uppfylltar. Þar sem dvöl A erlendis vegna náms maka á umræddu fimm ára tímabili hefði verið lengri en undantekningarheimild 7. tölul. kvæði á um, yrði að líta svo á að A hefði, þrátt fyrir skráð lögheimili hér á landi, ekki áunnið sér rétt til íslensks ríkisborgararéttar samkvæmt lögnum. Benti hann á að Alþingi væri ekki háð þröngum skilyrðum 5. gr. a þegar það fjallaði um einstök mál á grundvelli 6. gr. laganna.

Þá gerði umboðsmaður grein fyrir ákvæðum alþjóðasamnings um stöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951 um skyldu ríkja gagnvart flóttamönnum og um útgáfu ferðaskilríkja til ferða utan landa þeirra. Taldi umboðsmaður að útgáfa slíks skírteinis hefði ekki áhrif á búsetuskilyrði laga um ríkisborgararétt.

Að lokum taldi umboðsmaður að ráðuneytinu hefði borið að leiðbeina A um möguleika hans til að bera umsókn um ríkisborgararétt undir Alþingi.

IV. UPPLÝSINGAR VEGNA ÁÐUR AFGREIDDRA MÁLA.

Ársskýrsla 1996, bls. 99, 1997, bls. 476 og 1998, bls. 192.

**Starfsleyfi. Afturköllun lögbundinnar stjórnvaldsákvörðunar.
Rannsóknarreglan. EES-samningurinn.
(Mál nr. 1450/1995)**

Í framhaldi af framangreindu álitum og bréfaskiptum mínum við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið barst mér bréf, dags. 14. nóvember 2000, frá lögmanni A. Í bréfinu kemur fram að bótakröfu hafi verið komið á framfæri við ráðuneytið í september 1999 en svar hafi ekki borist.

Ársskýrsla 1998, bls. 162.

**Þjónustugjöld. Eftirlitsgjald með veitingahúsum.
(Mál nr. 2098/1997)**

Í framhaldi af framangreindu álitum og bréfaskiptum mínum við dóms- og kirkjumálaráðuneytið barst mér bréf, dags. 10. júlí 2000, frá ráðuneytinu þar sem gerð var grein fyrir viðbrögðum þess í tilefni af álitinu. Í bréfinu segir meðal annars svo:

„[. . .] tilkynnist yður hér með að með bréfi dags. 3. júlí sl., til [B] hdl., lögmanns [A] ehf., lýsti ráðuneytið sig reiðubúið til viðræðna um grundvöll hugsanlegrar endurgreiðslu. Hefur lögmaðurinn ekki enn haft samband við ráðuneytið vegna þessa.“

Ársskýrsla 1999, bls. 133.

**Uppsögn. Ráðningarsamningur. Andmælaréttur. Leiðbeiningarskylda.
Frestun máls. Stjórnvaldsákvörðun.
(Mál nr. 1767/1996)**

Hinn 14. desember 2000 féll í Héraðsdómi Reykjavíkur dómur í máli A gegn íslenska ríkinu en A hafði höfðað málið í framhaldi af álitum setts umboðsmanns Alþingis. Í niðurstöðu héraðsdóms um uppsögn A segir meðal annars:

„Á fundi rekstrarstjórnar [X] 18. ágúst 1994 var ákveðið að ráða stefnanda til bráðabirgða sem hjúkrunarforstjóra með þeim skilmálum sem hún hafði sett fram og senda umsókn hennar til hjúkrunarráðs og gera stefnanda grein fyrir að fullnaðarráðning gæti ekki farið fram fyrr en fyrir lægi umsókn hjúkrunarráðs. Samkomulag um skilmála stefnanda skyldi gilda til og með 31. júlí 1995. Að fengnu samþykki hjúkrunarráðs var kominn á bindandi samningur um ráðningu stefnanda sem hjúkrunarforstjóra að [X] til 31. júlí 1995. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 3. gr. laga nr. 97/1974 um eftirlit með ráðningu ríkisstarfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana um skyldu til þess að gera skriflega ráðningarsamninga við ríkisstarfsmenn, verður ekki á

Það fallist með stefnanda að skylt hafi verið á þessum tíma að gera við stefnanda ótímabundinn samning. Styðst sú skoðun m.a. við umsókn stefnanda en þar sótti hún um starfið til eins árs og í skilmálum þeim sem stefnandi setti fyrir umsókn sinni stendur að þeir skuli gilda 31. júlí 1995. Verður því við það miðað að stefnandi hafi verið ráðin tímabundið til 31. júlí 1995.

Þessum tímabundna ráðningarsamningi stefnanda við rekstrarnefnd [X] varð ekki sagt upp á gildistíma samningsins þar sem í samningnum voru engin uppsagnar-ákvæði og stefnandi hafði ekki gerst sek um neinar ávirðingar í starfi sínu. Þegar af þeirri ástæðu ber stefnda að greiða stefnanda umsamin laun út samningstímabilið [. . .].

Ljóst þykir að hin ólögmeta uppsögn og það hvernig að henni var staðið hafi valdið stefnanda miska. Fram er komið að stefnandi hafði ekki gerst sek um neinar ávirðingar. Ástæða uppsagnarinnar var að sögn stefnda samstarfsferfiðleikar stefnanda og yfirlæknis meðferðarheimilisins að [X]. Ekkert er fram komið um að samstarfsferfiðleikar þessir hafi frekar verið sök stefnanda en yfirlæknisins. Stefnandi hafði um tíma áður en hún tók við starfi hjúkrunarforstjóra starfað sem almennur hjúkrunarfræðingur á meðferðarheimilinu án þess að komið hafi til samstarfsferfiðleika.

Rekstrarnefndinni bar að gefa stefnanda kost á að tjá sig við nefndina um grundvöll uppsagnarinnar áður en ákvörðun var tekin. Með því að tilkynna stefnanda hálf-tíma fyrir væntanlegan fund, að segja henni upp störfum og samþykkja síðan á fundinum, sem stefnandi treysti sér ekki til að sitja, að segja henni upp, virti rekstrarnefndin hvorki andmælarétt stefnanda skv. 13. gr. stjórnssýslulaga nr. 37/1993 né rétt stefnanda til þess að fá ákvörðuninni eða fundinum frestað sbr. 18. gr. sömu laga.“

Í dómsorði segir meðal annars:

„Stefndi, íslenska ríkið, greiði stefnanda, [A], 1.560.399 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 31. júlí 1995 til greiðsludags [. . .]“

Dómi þessum var ekki áfrýjað til Hæstaréttar.

Ársskýrsla 1999, bls. 121.

Handtaka. Vistun í fangageymslu. Meðalhöfsreglan. Framsending máls. (Mál nr. 2406/1998)

Í framhaldi af framangreindu álit og bréfaskiptum mínum við dóms- og kirkjumála-ráðuneytið barst mér bréf, dags. 22. janúar 2001, frá ráðuneytinu. Þar segir meðal annars svo:

„[. . .] má hér láta þess getið, að ríkislögreglustjóra og ríkissaksóknara var, í tilefni af þessu máli, falið að semja leiðbeiningar til afhendingar einstaklingum sem vilja leggja fram kæru á hendur lögreglumönnum, þar sem gerð yrði grein fyrir hvert beina á slíkum kærnum. Ríkissaksóknari hefur af þessu tilefni gefið út fyrirmæli til allra lög-reglustjóra, dags. 15. janúar 2001, [. . .] um hvernig lögreglu beri að bregðast við kærnu eða kvörtun vegna starfa lögreglumanna. Þar er lögð sérstök áhersla á að lögreglu-maður sem tekur við kærnu eða kvörtun gangi úr skugga um hver vilji kæranda er í

Þessum efnum þannig að mál geti farið í réttan farveg. Ber að upplýsa um það í lög-regluskýrslu hvort þetta hafi verið gert.

Með framangreindum fyrirætlunum hefur ríkissaksóknari lagt ótvíræðar skyldur á lögregluna um að veita leiðbeiningar í málum af þessu tagi. Með þessu er ætlunin að tryggja að hlutaðeigandi fái skýrar leiðbeiningar um hvert þeir eigi að beina kærnum sínum og/eða skaðabótakröfum vegna aðgerða lögreglu skv. XXI. kafla oml.“

Ársskýrsla 1999, bls. 232.

**Holræsagjald. Lögætisreglan. Þjónustugjöld. Stjórnvaldsfyrirmæli.
Undirbúningur að setningu stjórnvaldsfyrirmæla. Staðfesting gjaldskrár.
Jafnræðisregla. Andmælaréttur. Vandaðir stjórnsýsluhættir.
(Mál nr. 2584/1998)**

Í framhaldi af framangreindu álitinu mínu barst mér erindi frá lögmanni A, dags. 8. júní 2000, þar sem fram kemur að Ísafjarðarbær hafi ekki svarað beiðni um endurskoðun á álagningu holræsagjaldsins. Í kjölfar bréfaskipta minna við Ísafjarðarbæ og lögmann bæjarins af þessu tilefni barst mér bréf, dags. 14. desember 2000, frá lögmanni A. Meðfylgjandi bréfinu var bréf til hans frá Ísafjarðarbæ, dags. 1. nóvember 2000. Í því bréfi segir meðal annars:

„Vegna umkvartana umbjóðenda yðar til Umboðsmanns Alþingis og að teknu tilliti til álits hans hefur Ísafjarðarbær ákveðið að rétt sé að endurgreiða skjólstæðingum yðar holræsagjöld vegna árána 1997–2000 sem athugasemdir lutu að. [. .]

